**SIGURÐUR RÚNAR RAGNARSSON**

*Hreppti bronsið*

matur tilboð

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**HAFNARFJÖRÐUR**

*Krúttleg byggð í leyni*

Sérblað um Hafnarfjörð

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Krónikan

ÁSKRIFTATILBOÐ

Frítt út mars!

S. 414 9400 » kronikan.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. mars 2007 — 67. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## FÖSTUDAGUR

### Tveir meistarar



Harpa Þórsdóttir listfræðingur er sýningarstjóri tveggja sýninga í Listasafni Íslands sem geyma verk Jóhanns Briem og Jóns Engilberts.

MENNING 32

### Ævintýri líkast

„Nú er hinum miklu framkvæmdum á hálendinu að ljúka hér og hætt við niðursveiflu í atvinnulífinu. Þá er einmitt rétti tíminn til að ráðast í frekari skattalækkanir," segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

Í DAG 24

### Formaður kallar þjálfara bjána



ÍBV hefur kært formann dómaranefndar HSÍ fyrir framkomu hans við þjálfara kvennaliðs eftir leik ÍBV gegn HK.

ÍÞRÓTTIR 42

### Ásdís Rán í Sirkusviðtali

Þakkar guði fyrir að barnið slapp.




SIRKUS Í MIÐJU BLAÐSINS

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÚRKOMUSAMT** Í dag verður vaxandi suðvestan átt sunnan og austan til, 10-18 m/s eftir hádegi. Allhvöss norðaustan átt verður á Vestfjörðum. Snjókoma eða slydda norðan til og á Vestfjörðum, annars skúrir. Hiti 0-6 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4



**FRUMVARPIÐ ÚTSKÝRT** Geir H. Haarde og Jón Sigurðsson mæla fyrir frumvarpi um breytingu á stjórnarskránni í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Víðtæk gagnrýni á meðferð málsins

**Þjóðareign náttúruauðlinda verður fest í stjórnarskrá hljóti frumvarp formanna stjórnarflokkanna samþykki þingsins. Lagaprófessor segir hugtakið þjóðareign merkingarlaust. Stjórnarandstöðunni ofbýður málsmeðferðin.**

**STJÓRNMÁL** Formenn ríkisstjórnarflokkanna, Geir H. Haarde og Jón Sigurðsson, hafa náð samkomulagi um að flytja þingmannafrumvarp um að sett verði ákvæði í stjórnarskrá um að náttúruauðlindir Íslands verði þjóðareign. Ákvæðið nær til allra náttúruauðlinda Íslands en ekki aðeins til auðlinda sjávar eins og getið er um í stjórnarsáttmála flokkanna frá 2003.

Formenn stjórnarflokkanna kynntu samkomulagið í gær og gerðu grein fyrir frumvarpinu sem þeir munu leggja fram í sínu nafni í dag. Í máli þeirra kom fram að ekki hafi verið gerð tillaga í stjórnarskrárnefnd, sem starfað hefur síðan í byrjun árs 2005, sem fullnægir stefnuyfirlýsingunni um stjórnarskrárbreytinguna. Því hafi formennirnir látið semja sérstakt frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingu stjórnarskrárinnar.

Tilgangurinn með ákvæðinu er að sögn Jóns að staða nýtingarheimilda haldist óbreytt. Fiskveiðiheimildir verði til dæmis ekki háðar beinum eignarrétti heldur haldist sem afturkræfur nýtingarréttur eða afnotaréttur.

Geir lagði áherslu á að ákvæðið raskaði ekki þeim grundvelli sjávarútvegsins sem gilt hafi undanfarin ár. „Þetta hefur táknræna þýðingu, en ekki þá að það breyti núverandi skipan mála, hvorki varðandi það að hægt sé að kippa grundvellinum undan atvinnugreinum, né að atvinnugreinar geti aukið sinn eignarrétt frá því sem nú er. Eignarrétturinn sé óbeinn og verði það áfram."

Spurður hvort eðlilegt hafi verið að vinna svona hratt að framgangi málsins, sérstaklega í ljósi þess að stjórnarskrárbreytingar hafa ætíð verið gerðar með þverpólitískri sátt eftir ítarlegan undirbúning, segir Geir að finna megi að málsmeðferðinni. „Hún er ekki hafin yfir gagnrýni, ég geri mér grein fyrir því. Svo verður að koma í ljós hvort slíkar athugasemdir eru nægilega efnismiklar til að málið stoppi."

Sigurður Líndal, fyrrverandi lagaprófessor, segir tal um þjóðareign marklaust. „Hugtakið þjóðareign er merkingarlaust sem eignarréttarlegt hugtak og því villandi og óheppilegt. Í athugasemdum segir reyndar að með því sé vísað til fullveldisréttar sem íslenska ríkið hefur til þess að setja reglur, þar á meðal um meðferð og nýtingu auðlinda þjóðarinnar. Orðið þjóðareign þykir greinilegra áferðarfallegra og með því er verið að marka gildishlaðna stefnuyfirlýsingu. Þetta segir nákvæmlega ekki neitt nema sjálfsagða hluti." - shá/- mh / sjá síðu 4

**Nýtt ákvæði stjórnarskrárinnar**

Náttúruauðlindir Íslands skulu vera þjóðareign, þó þannig að gætt sé réttinda einstaklinga og lögaðila skv. 72. gr. Ber að nýta þær til hagsbóta þjóðinni, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Ekki skal þetta vera því til fyrirstöðu að einkaaðilum séu veittar heimildir til afnota eða hagnýtingar á þessum auðlindum skv. lögum.

Vill vita hvað er klám og hvað ekki:

## Kærði Bleikt og blátt til lögreglu

**LÖGREGLUMÁL Akureyringur á tvítugsaldri fór með eintak af tímaritinu Bleiku og bláu á lögreglustöð á dögunum og tilkynnti glæp. Áður hafði honum verið tjáð að klám væri bannað en erfitt væri að skilgreina það. Þess vegna væru klámblöð seld í verslunum þrátt fyrir lögin.**

**„Lögreglumaðurinn sem tók á móti mér vissi ekki í hvorn fótinn hann átti að stíga," segir maðurinn, Ólafur Eiríkur Þórðarson. „Ég fæ að vita á mánudaginn hvort eitthvað verður aðhafst í þessu. Ég er ekki á móti klámi, en mér finnst fáránlegt að byggja lög á óskilgreinanlegum hugtökum og vil fá úr þessu skorið."** - sþs



**FORSETAHJÓNIN** „Okkur stendur ekki á sama um Suður-Ameríku," segir Bush. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bush á ferð um S-Ameríku:

## Reynir að bæta ímynd BNA

**WASHINGTON, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti hélt í gær af stað í vikuferð um fimm ríki í Suður-Ameríku. Hann ætlar að bæta ímynd Bandaríkjanna og vinna gegn vaxandi áhrifum vinstri kempunnar Hugo Chavez, forseta Venesúela.

Bush hyggst flytja þann boðskap að lýðræðisfyrirkomulag hafi jafnan í för með sér velferð íbúanna.

„Ferðin er farin til þess að minna fólk á það að okkur stendur ekki á sama," sagði Bush í sjónvarpsviðtali á miðvikudaginn. Hann sagðist ekki áhyggjur af því að margir telji Bandaríkin ekki hafa veitt Suður-Ameríku næga athygli. - gb

LAGER SALA

LAGERSALA SKÍFUNNAR

SKEIFUNNI 17

OPIÐ ALLA DAGA VIKUNNAR

11-19

STÓRI BÓKAMARKAÐURINN

Perlunni 1. – 11. mars

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 10-18

Matreiðslubók íslenska lýðveldisins!

50 stk. á sælkeraverði

~~5.990,-~~ 2.990,-

FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!



Fagleg og lögleg

þjónusta í boði



Fagfólk í Félagi íslenskra snyrtifræðinga er að finna um land allt. Sjá nánar á Meistarinn.is.

Félag íslenskra snyrtifræðinga

## SPURNING DAGSINS



*Sigurbjörn, hefði ekki verið nær að rannsaka úlfaldana?*

„Jú, en það er ljóst að það er mýmargt sem þarf að rannsaka.“

Mýflugur eru rannsakaðar í Tilraunastöðinni að Keldum til að komast að því hvað veldur exemi í íslenskum hrossum á erlendri grund. Sigurbjörn Bárðarson er sigursælasti keppnismaður Íslands í hestaíþróttum og tamningameistari.

Heilbrigðisráðherra kynnir lyfjastefnu háða frumvarpi sem leggja á fram í haust:

# Vill lækka virðisaukaskatt á lyfjum

**HEILBRIGÐISMÁL** Samstarf heilbrigðisstofnana um lyfjakaup er eitt af grundvallaratriðum nýrrar lyfjastefnu ríkisins sem nær til ársins 2012.

Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, kynnti lyfjastefnuna í gær en í henni kemur meðal annars fram að lækka beri virðisaukaskatt á lyfjum í sjö prósent. Stefnan er grundvölluð á frumvarpi til laga sem, að sögn ráðherra, verður líklega lagt fram á Alþingi í haust.

Ein meginforsenda þess að verð á lyfjum geti lækkað er að Landsspítali, Landssamband sjúkrahúsa og Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu efni til samstarfs um útboð og innkaup lyfja. Slíkt samstarf í Danmörku hafi skilað sér í 20 - 30 prósenta lægra lyfjaverði.



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR** Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sagði á fundinum að hennar framtíðarsýn væri að tryggja að allir Íslendingar hefðu aðgang að nauðsynlegum lyfjum óháð efnahagsstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lyfjalög voru sett 1994 en forsendur laganna hafa breyst, meðal annars með fjölgun apóteka, fækkun framleiðslufyrirtækja og hærri lyfjakostnaði. Meginmarkmið nýrrar lyfjastefnu er að stuðla að góðu aðgengi að nauðsynlegum lyfjum og tryggja öryggi og gæði þeirra.

Til að þessi markmið náist segir Siv að auðvelda þurfi innflutning á ódýrum samheitalyfjum. Með litlu framboði þeirra sé notkunin lítil. - ifv

Landssamband eldri borgara:

# Styður ekki einstök framboð

**FÉLAGSMÁL Félög í Landssambandi eldri borgara eru þverpólitísk og styðja ekki framboð einstakra stjórnmálaflokka. Þetta segir Borgþór S. Kjærnested, framkvæmdastjóri sambandsins.**

**„Það gætir misskilnings meðal félagsmanna að félög eldri borgara séu á einhvern hátt á bak við sérstakt framboð aldraðra. Það er ekki svo,“ segir Borgþór. „Öll okkar félög eru óháð og starfa þverpólitískt. Það gildir jafnt um framboð núverandi stjórnmálaflokka og væntanleg sérframboð eins og boðað framboð aldraðra.“** - sþs



**VEIKUR Á ÞINGI** Hjálmar Árnason þingflokksformaður og Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra á þingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Félagsmálaráðherra:

# Aflýsti og fór veikur heim

**ALÞINGI Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra fékk aðsvif í ræðustól á Alþingi í gærmorgun. Magnús bað um hlé, sté til hliðar og hætti við að ljúka ræðunni. Hann fór síðan í ráðherrabílnum á Landspítalann til rannsóknar. Talið er að Magnús hafi fengið sykurfall vegna álags og lítillar næringar.**

**„Ég varð allt í einu hálf máttlaus,“ segir hann.**

**Magnús ætlaði að mæla fyrir jafnréttisáætluninni síðdegis í gær en aflýsti ræðunni vegna veikinda. Hann var á leið heim um fjögurleytið og sagði þá að sér liði ekki vel. Læknar höfðu sagt honum að taka því rólega og hvíla sig.** - ghs

## SAMGÖNGUMÁL

### Viðhald og veður orsökin

Norræna kom ekki til Seyðisfjarðar síðastliðinn þriðjudag því verið var að lagfæra stýribúnað skipsins auk þess sem veður í Norður-Atlantshafi hefur verið slæmt segir Hendrik Ekholm, umboðsmaður Smyril Line í Færeyjum. Ef veður leyfir kemur skipið til Seyðisfjarðar næsta þriðjudag, segir Hendrik.

# Milljónir í að halda aðgengi búða opnu

## Gagnrýni kaupmanna á langan framkvæmdatíma við Hafnarstræti kemur borgaryfirvöldum á óvart. Kaupmenn hafi verið upplýstir og áætlanir staðist.

**VIÐSKIPTI** Það hefur kostað Reykjavíkurborg milljónir króna að halda aðgengi að verslunum í Hafnarstræti opnum meðan á framkvæmdum þar stendur, að sögn Friðgeirs Indriðasonar, verkefnastjóra hjá mannvirkjaskrifstofu borgarinnar.

Verslunareigendur við Hafnarstræti sögðu farir sínar ekki sléttar í Fréttablaðinu í gær. Rammagerðin var sögð hafa tapað milljónum vegna þess að framkvæmdirnar hindruðu aðgengi að versluninni. Eigandi 101 Gæludýrs sagði verslun sína vera farna á hausinn. Eigandi Bæjarins bestu sagði verulega hafa dregið úr viðskiptum.

Friðgeir bendir á að vel auglýstur fundur hafi verið haldinn í Ráðhúsinu með góðum fyrirvara áður en framkvæmdir hófust, þar sem þær hafi verið kynntar lið fyrir lið. Verslunareigendum hefði því átt að vera vel kunnugt um hvað til stóð, því auk fundarins hefði hann sjálfur farið í umrædd fyrirtæki til að ræða við forráðamenn þeirra um fyrirhugað verk vegna mikils umfangs þess.

„Hvað varðar umhverfi Rammagerðarinnar þá höguðum við framkvæmdum þannig að við tókum smáblett í senn, fylltum í hann og hellulögðum að hluta til, síðan næsta blett og svo koll af kolli. Við héldum opnu inn í bakdyrnar hjá þeim allan tímann í fullu samráði við verslunarstjóra fyrirtækisins, sem ég hafði áður sýnt teikningar og farið yfir verkferlið með. Í desember hefur framkvæmdastjóri fyrirtækisins samband við mig og það var í fyrsta skipti sem ég vissi að hann var til. Á fundi með honum og verktakanum óskaði hann eftir því að best væri að við mokuðum okkur í gegnum götuna við bakdyrnar í janúar, sem við samþykktum, þrátt fyrir að sá tími ársins væri óhagstæður til þessara hluta.“

Friðgeir segir sama máli gegna um gæludýraverslunina. Lögð hafi verið áhersla á að vera í góðu sambandi við forráðamann og upplýsa hann um það sem væri að gerast. Aðgengi að hans verslun hafi aldrei verið lokað.

Við Bæjarins bestu hafi borgin látið reisa trégirðingu til að verja fólk sem átti erindi í pylsuvagninn og veita því skjól fyrir framkvæmdunum.

„Þessi gagnrýni kom mér því rosalega á óvart,“ segir Friðgeir. „Við erum ekki búnir að vera lengur við því hvert rými en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir og höfum gert allt sem í okkar valdi stendur til að halda aðgengi að verslununum opnu.“

jss@frettabladid.is



**101 GÆLUDÝR** Benjamín Ólafsson kaupmaður segir viðskiptavini hringja og panta varning, sem hann síðan þurfi að henda til þeirra yfir tréverkið til vinstri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**RAMMAGERÐIN** Aðgengi að aðaldyrum hefur aldrei verið lokað, segir verkefnastjóri mannvirkjaskrifstofu og skilur lítt í gagnrýni kaupmanna.



**PELOSI OG BUSH** Þau tókust í hendur eftir kosningasigur demókrata í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Demókratar í Bandaríkjunum:

# Vilja binda í lög brotthvarf hers

**WASHINGTON, AP** Leiðtogar Demókrataflokksins á Bandaríkjaþingi vilja binda í lög tímasetningu um endanlegt brotthvarf hersins frá Írak.

Nancy Pelosi, forseti fulltrúadeildar þingsins, skýrði frá þessu í gær. Hún sagði að lokafrestur verði settur aftan við lög sem að meginefni veita ríkisstjórn George W. Bush þá hundrað milljarða dala sem hún fór fram á til áframhaldandi stríðsreksturs í Írak og Afganistan.

Í lögunum verður einnig krafa um að brotthvarfi hersins verði flýtt ef ríkisstjórn Íraks stendur ekki við áform um að bæta öryggisástandið í Írak. - gb

Sameining framboða mistókst:

# Öðru framboði aldraðra aflýst

**STJÓRNMÁL Undirbúningshópur áhugafólks um málefni eldri borgara og öryrkja hefur hætt við framboð til Alþingis í vor. Í fréttatilkynningu segir að sú ákvörðun hafi verið tekin eftir að tilraun til að sameina tvö framboð um málefni eldri borgara og öryrkja, hafði mistekist.**

**Hópurinn telur að það geti spillt fyrir hagsmunum eldri borgara ef tveir hópar vinna að framboðum um sama mál. Fundi um framboðið sem halda átti á sunnudaginn hefur verið aflýst.** - sþs


BÍLL DAGSINS

SAAB 9-5 ARC

Nýskr. 01.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 25 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Björgólfur Thor gagnrýndi íslensk stjórnvöld á aðalfundi Straums-Burðaráss:

# Hugleiða flótta frá Íslandi

**VIÐSKIPTI** Stjórnendur Straums-Burðaráss kanna nú möguleikann á því að færa félagið til annars lands. Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Straums-Burðaráss, greindi frá þessu í ræðu sinni á á aðalfundi bankans í gær.

Björgólfur gagnrýndi harðlega reglugerð frá því í febrúar sem þrengir verulega heimild fjármálafyrirtækja til að gera upp í erlendri mynt. „Íslensk stjórnvöld skulda fjármálafyrirtækjum skýringu á því hvers vegna Ísland sé fyrsta lýðræðisríkið á þessari öld til að taka upp gjaldeyrishöft,“ sagði Björgólfur.

Stjórn Straums-Burðaráss ákvað síðla síðasta árs að uppgjörsmynt bankans yrði evra. Á fundinum í gær var samþykkt að stjórnin legði til að heimild fengist til að gefa út hlutafé í sömu mynt.

Mörg íslensk fyrirtæki hafa tekið sömu ákvörðun að undanförnu. Telja þau nauðsynlegt að nota mynt sem erlendir fjárfestar þekkja og treysta. Þá fæli sveiflur í íslensku krónunni þá jafnframt frá.

Í máli Björgólfs kom einnig fram að stjórnendur bankans leita nú nýs nafns á hann. Hið rammíslenska nafn Straumur-Burðarás hafi reynst vel. Það sé hins vegar ólipurt í framburði fyrir útlendinga sem ekki þekkja íslenska sérhljóða. - hhs / sjá síðu 22




**BJÖRGÓLFUR THÓR BJÖRGÓLFSSON** Segir til skoðunar að flytja Straum-Burðarás til útlanda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




*Það er stutt í hús á Spáni*

## ...SÉRSTAKLEGA ÞEGAR ÞÚ ÁTT DRAUMAHÚSNÆÐIÐ Á SPÁNI.

**VELKOMIN! OPIÐ HÚS UM HELGINA**
**KL. 10-16**

**Opið hús laugardag og sunnudag frá 10-16.**
Við bjóðum þér á nýju skrifstofu okkar á Grensásvegi 13, þar sem starfsfólk okkar gefur þér upplýsingar um allt sem varðar fasteignakaup á Spáni. Með okkar hjálp gerirðu drauminn að veruleika.

Við hjá Perla Investments höfum farsællega séð um að gera þennan draum að veruleika fyrir Íslendinga í tíu ár. Íslenskur löggiltur fasteignasali og íslenskt fagfólk leiðir þig áfram áreynslulaust, alla leið. Að eignast hús á Spáni er einfalt og öruggt með Perla Investments.

**Við þjónustum þig á alla lund, við meðal annars:**
- Útvegum þér allt að 100% lán á bestu mögulegu kjörum
- Veitum bankaábyrgðir á greiðslur
- Bjóðum þér upp á kynnisferðir til Spánar
- Sjáum um útleigu á húsnæðinu fyrir þig, auk alhliða fasteignaþjónustu: Viðhald – öryggi – tryggingar

PERLA
INVESTMENTS

Perla Investments | Grensásvegur 13 | 108 Reykjavík | Sími: 545-0300 | Fax: 545-0309 | www.perla.is

**GENGIÐ 08.03.2007**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 66,88 | 67,20 |
| Sterlingspund | 129,42 | 130,04 |
| Evra | 87,95 | 88,45 |
| Dönsk króna | 11,806 | 11,876 |
| Norsk króna | 10,797 | 10,861 |
| Sænsk króna | 9,468 | 9,524 |
| Japanskt jen | 0,5722 | 0,5756 |
| SDR | 100,51 | 101,11 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 120,3236

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Reykjavíkurborg greiðir 92 milljónir fyrir húsnæði Háspennu í Mjóddinni:

# Fá lóð í Starhaga í skaðabætur

**REYKJAVÍK** Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, segir kostnað vegna ákvörðunar meirihluta borgarstjórnar að banna spilasal í Mjóddinni vera töluvert hærri en Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri hefur sagt hann vera. Borgarstjóri sagði í hádegisfréttum ríkisútvarpsins í gær að borgin myndi greiða Háspennu 25 til 30 milljónir í skaðabætur vegna þessa.

Steinunn segir það ekki alveg rétt. „Það stendur til að kaupa húsnæðið í Mjódd þar sem Háspenna hefur verið á 92 milljónir króna. Það sem er líka afar sérstakt í þessu er að Háspenna fær að auki eina bestu lóð í borginni án þess að greiða fyrir. Þá er ég að tala um lóð í Starhaga sem er líklega metin að lágmarki á 30 milljónir króna.“

Steinunn segir lóðina vera einbýlishúsalóð og því geti Háspenna ekki byggt þar spilakassasal. „Ég er gáttuð á þessum vinnubrögðum. Vissulega geta allir verið sammála um að það þurfi að borga Háspennu einhverjar skaðabætur. En það hefði verið eðlilegt að þær yrðu greiddar í formi peninga, ekki með vafasömum lóðaviðskiptum.“

Ekki náðist í Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson borgarstjóra í gær þar sem hann er staddur í Danmörku. **-þsj**



**HÁSPENNA** Fékk ekki að reka spilasal í Mjóddinni. Borgin kaupir í staðinn húsnæði þess þar og lætur auk þess af hendi einbýlishúsalóð í Starhaga að verðmæti um 30 milljónir króna.

Bæjarráð Akureyrar:

## Leyfir bjór í líkamsræktinni

**AKUREYRI** Heilsuræktarstöðin Átak á Akureyri fékk leyfi til að selja léttvín og bjór frá bæjarráði Akureyrarbæjar í gær. Samfélags- og mannréttindaráð bæjarins hafði áður hafnað erindi líkamsræktarstöðvarinnar um vínveitingaleyfi. Bæjarlögmaður vísaði málinu þá til bæjarráðs. Fjórir bæjarfulltrúar stóðu að leyfisveitingunni en einn bæjarráðsmaður var á móti. Hann lagði fram bókun þar sem meðal annars var sagt að vímuefni eins og áfengi ætti ekki heima á stað þar sem fólk á öllum aldri sækti leiðsögn um heilbrigðan lífsstíl. **-kdk**

Heiðmerkurdeilan leyst:

## Byrjum bara á fullri ferð

**UMHVERFISMÁL Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, fagnar því að geta hafið framkvæmdir að nýju í Heiðmörk. „Ég er bara mjög ánægður með það að Reykjavíkurborg uppfyllir samninginn sem þeir skrifuðu undir hérna 15. september. Við byrjum bara á fullri ferð og vonum að þetta leysist allt farsællega og göngum frá þessu svo sómi verði að.“**



**GUNNAR I. BIRGISSON**

**Hann telur skilyrðin sjö, sem sett voru fyrir leyfinu, ekki ýkja ströng, heldur sé „hið besta mál“ að hafa náð samráð við borg og Skógræktarfélagið.**

**Gunnar vonast til að klára vatnslögnina í júní. -kóþ**

SUS um stjórnarskrána:

## Leggjast gegn breytingunni

**STJÓRNMÁL** Samband ungra sjálfstæðismanna leggst eindregið gegn því að sett verði inn ákvæði í stjórnarskrá þar sem kveðið er á um að náttúruauðlindir séu þjóðareign. Skýr einkaeignarréttur að náttúruauðlindum sé hornsteinn skynsamlegrar nýtingar auðlinda í allra þágu. Þetta segir í ályktun sem stjórn sambandsins samþykkti í gærkvöld.

Þar segir einnig að þjóðnýting hafi hvarvetna leitt til sóunar og lakari lífskjara. Skorað er á þingmenn Sjálfstæðisflokksins og þingheim allan að vanda verði til verka við fyrirhugaðar breytingar á stjórnarskránni. **-sþs**

# Brutu samskiptareglur

**Forystumönnum stjórnarandstöðunnar ofbýður hvernig staðið var að frumvarpi um breytingu á stjórnarskránni. Sameiginleg yfirlýsing kynnt í dag.**

**STJÓRNMÁL** Forystumönnum stjórnarandstöðuflokkanna ofbýður hvernig ríkisstjórnarflokkarnir stóðu að gerð frumvarps um breytingu á stjórnarskránni. Þeir telja að samskiptareglur hafi verið brotnar. Sameiginleg yfirlýsing flokkanna verður kynnt í dag.

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, segir að þrátt fyrir að formenn ríkisstjórnarflokkanna vilji drífa málið af þá sé ljóst að stjórnarandstaðan þurfi tíma til að kynna sér frumvarpið. „Annars finnst mér frumvarpið ekkert sérstaklega aðlaðandi þó ég segi ekkert meira um það að svo komnu máli. Við fyrstu sýn segir ákvæðið ekki neitt og segir engu.“ Guðjón segir ekki víst að náist að afgreiða málið fyrir þinglok. „Ríkisstjórnarflokkarnir eru búnir að skoða þetta í mörg ár og ljóst að við þurfum tíma til að velta þessu fyrir okkur áður en við förum í gegnum umræður á þingi.“

Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, segir að stjórnarandstaðan muni koma sameinuð að málinu. „Það er mjög ámælisvert hvernig ríkisstjórnin hefur staðið að frumvarpsgerðinni. Hér hefur setið stjórnarskrárnefnd að störfum í langan tíma án niðurstöðu í þessu máli en síðan er soðið saman frumvarp sem á að keyra í gegn. Aðferðin væri ekki boðleg með venjulegt frumvarp en þegar um sjálfa stjórnarskrána er að tefla er með ólíkindum að leyfa sér svona vinnubrögð.“

„Allar hefðbundnar samskiptareglur varðandi afgreiðslu á stjórnarskrárbreytingum voru brotnar með því að hafa ekkert samráð við stjórnarandstöðuna,“ segir Össur Skarphéðinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar. „Þeir sýndu ekki einu sinni þá lágmarks virðingu að kynna okkur frumvarpið áður en því var varpað út á öldur ljósvakans. Við í stjórnarandstöðunni tökum okkur tíma til að skoða þetta með okkar stjórnskipunarsérfræðingum og komum síðan með sameiginlega yfirlýsingu.“ **svavar@frettabladid.is**



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**



**GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON**



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

# Óljóst hvað við er átt

**Skúli Magnússon, dósent í lögfræði við HÍ, telur vafa leika á hvort heimilt sé að afsala einkaaðilum auðlindum sem falla undir hugtakið þjóðareign.**

**STJÓRNMÁL** Skúli Magnússon, héraðsdómari og dósent í lögfræði við Háskóla Íslands, segir spurningum ósvarað um hvort heimilt sé að afsala einkaaðilum auðlindum sem falla undir hugtakið þjóðareign. „Það sem hefur hugsanlega einhverja efnislega þýðingu er síðasti málsliður ákvæðisins,“ segir Skúli um frumvarpstexta formanna stjórnarflokkanna.



**SKÚLI MAGNÚSSON** Telur nauðsynlegt að skýra ýmis álitamál í frumvarpinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

„Spurningin sem vaknar er hvort það sé hægt að draga þá ályktun af þessum málslið að það sé þá ekki heimilt að afsala einkaaðilum auðlindum sem falla undir hugtakið þjóðareign. Þetta er spurning sem er ekki svarað í frumvarpstextanum eða í athugasemdunum og þarf að huga að eitthvað nánar,“ segir Skúli.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að með hugtakinu þjóðareign sé lögð áhersla á þá „ríku sameiginlegu hagsmuni sem allir Íslendingar hafa af því að nýting auðlinda til lands og sjávar fari fram með skynsamlegum hætti“.

Frumvarpinu er lýst sem almennri stefnumörkun um meðferð og nýtingu náttúruauðlinda. Í stjórnarsáttmálanum frá 2003 er kveðið á um að fest verði í stjórnarskrá ákvæði um að auðlindir sjávar verði sameign íslensku þjóðarinnar. Slíkt ákvæði er að finna í lögum um stjórn fiskveiða. Í athugasemdum með frumvarpinu er sérstaklega tekið fram að við „nánari skoðun“ hafi tilefni þótt til þess að fjalla frekar um allar náttúruauðlindir en ekki einungis auðlindir sjávar. Á þetta lögðu formennirnir áherslu við kynningu málsins í gær.

> „Fyrsta spurningin sem vaknar er hvað þjóðareign sé í skilningi fyrsta málsliðar ákvæðisins. Það þarfnast augljóslega nánari skýringar.
>
> **SKÚLI MAGNÚSSON** HÉRAÐSDÓMARI OG DÓSENT

Skúli segir það augljóslega vafamál hvað sé átt við með þjóðareign í frumvarpinu. „Fyrsta spurningin sem vaknar er hvað þjóðareign sé í skilningi fyrsta málsliðar ákvæðisins. Það þarfnast augljóslega nánari skýringar. Af greinargerðinni verður þó ekki annað ráðið en að ekki sé um að ræða eignarrétt í lagalegum skilningi. Í athugasemdum kemur fram að hugtakið þjóðareign vísi til fullveldisréttar og sameiginlegrar eignar allrar þjóðarinnar á náttúruauðlindum og tekið fram að þetta sé stefnuyfirlýsing sem hrófli ekki við réttindum einkaaðila. Þetta þarfnast frekari skýringar.“ **magnush@frettabladid.is**


**FERMINGARGJÖFIN**

## Ný ensk orðabók
### með hraðvirku uppflettikerfi




**Ný og endurbætt ensk-íslensk/íslensk-ensk orðabók með hraðvirku uppflettikerfi.**

Bókin hefur að geyma 72.000 uppflettiorð og var sérstaklega hugað að fjölgun orða í tengslum við tækni, vísindi, tölvur, viðskipti og ferðalög.

Hún spannar því fjöldamörg svið og nýtist vel hvort sem er á heimili, vinnustað, í skóla eða bara hvar sem er.

Orðabókin er 932 bls. í stóru broti og innbundin í sterkt band.

**Verð aðeins 8.800 kr.**

ORÐABÓKAÚTGÁFAN


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VONT Á LAUGARDAGSKVÖLD**

**Enda þótt finasta veður verði víðast hvar framan af morgundeginum eru horfur á að verulega versni á laugardagskvöld. Mjög kröpp og djúp lægð nálgast landið síðla laugardags með rigningu sunnan til og vestan. Lægðin gengur síðan yfir landið með hvassviðri og á sunnudag eru horfur á norðan stórhríð á Vestfjörðum og stormi sunnan til og austan. Rigning verður syðra.**

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

**Hæg breytileg átt og skúrir. Hiti 3-5 stig.**

*um hádegi »*




*um hádegi »*

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8°C léttskýjað | London | 12°C léttskýjað | Alicante | 20°C heiðskírt | | |
| Þórshöfn | 6°C skúrir | París | 10°C skúrir | Mallorca | 14°C hálfskýjað | | |
| Osló | 4°C rigning | Frankfurt | 11°C léttskýjað | Algarve | 19°C hálfskýjað | | |
| Stokkhólmur | 5°C alskýjað | Friedrichshafen | 5°C alskýjað | Krít | 17°C hálfskýjað | | |
| Gautaborg | 4°C skúrir | Berlín | 11°C hálfskýjað | Las Palmas | 21°C léttskýjað | | |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Danskir dagar







**Tulip** álegg og kæfur
- í úrvali á dönskum dögum




**Royal Greenland** frystivörur
- í miklu úrvali




**Lasagne Bolognese**
- tilbúið í ofninn




**Underground** ís
- 5 bragðtegundir




**Bisca**
- smákökur í úrvali




**Odense** frosnar desertkökur
- Ómótstæðilega góðar



**Urtekram** fair trade vörur
- í miklu úrvali




**Kexmiðjan** möffins
- á danska vísu




**Jolly**
- á dönskum dögum




**Bisca Bites**
- kökubitar, góðir með kaffinu

Gildir til 12. mars eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

## KJÖRKASSINN



*Finnst þér að það eigi að setja aldurstakmörk á notkun ljósabekkja?*

| | |
|---|---|
| Já | 83% |
| Nei | 17% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér eitthvað klámfengið við forsíðu Smáralindarbæklingsins?*

Segðu skoðun þína á visir.is VISIR

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja hefur ekki ákveðið hvort hún nýtir sér forkaupsrétt:

# Reykjanesbær lýsir yfir áhuga

**VIÐSKIPTI** Gunnar Svavarsson, varaformaður stjórnar Hitaveitu Suðurnesja og bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, segir stjórnina ekki hafa tekið afstöðu til þess hvort hún muni gera tilboð í 15,2 prósenta hlut ríkisins í félaginu. Slíkt verði ekki gert fyrr en tilboð annarra aðila liggi fyrir.

Núverandi eigendur og hitaveitan sjálf njóta forkaupsréttar að hlutnum og nú þegar hefur Reykjanesbær, sem er stærsti hluthafinn, lýst yfir áhuga á að nýta sér þann rétt.

Spurður hvort Hafnarfjarðarbær ætli að nýta sér forkaupsrétt sinn segir Gunnar það sama gilda og hjá stjórn hitaveitunnar. „Bæjarráð Hafnarfjarðar hefur fjallað um málið og við höfum tekið sömu afstöðu og stjórn Hitaveitu Suðurnesja, sem er að taka ekki afstöðu til málsins fyrr en tilboð liggja fyrir."

Fjárfestingafélagið Geysir Green Energy er meðal þeirra sem skoða með opnum hug að kaupa hlutinn. „Það getur vel verið að við tökum þátt," segir Ásgeir Margeirsson, forstjóri Geysir Green Energy, en það er félag sem FL Group, Glitnir og VGK-hönnun stofnuðu í byrjun árs til að fjárfesta í verkefnum tengdum sjálfbærri orkuframleiðslu. „Við fylgjumst með ferlinu eins og allir hinir."



ÁSGEIR MARGEIRSSON



GUNNAR SVAVARSSON

Ekki náðist í Árna Sigfússon, bæjarstjóra Reykjanesbæjar, í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

**- þsj / óká**

Ísland.is og island.is

# Þörf á skýrari reglum um lén

**NETSLÓÐIR Fyrirtækið Netvistun ehf. segir að þörf sé á skýrari reglum um úthlutun léna hér á landi, ekki síst eftir að íslenskir bókstafir voru teknir í notkun í lénum árið 2004. .**

**Í tilkynningu frá fyrirtækinu er bent á að forsætisráðuneytið hafi kynnt nýja vefsíðu og vísað í vefslóðina Ísland.is. Það lén eigi forsætisráðuneytið ekki heldur Netvistun. Hins vegar sé lénið island.is í eigu forsætisráðuneytisins.**

**Þennan misskilning segir Netvistun tilkomin vegna óskýrra reglna.**

**- kdk**








**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** Utanríkisráðherra.



**BJÖRN DAGBJARTSSON** Fyrrverandi framkvæmdastjóri ÞSSÍ.



**ÞORSTEINN INGÓLFSSON** Sendiherra og einn höfunda skýrslu um ÞSSÍ.

# Stóryrði Sighvats koma Valgerði á óvart

**Utanríkisráðherra segir tillögur um að fella Þróunarsamvinnustofnun Íslands inn í ráðuneyti einungis umræðugrundvöll og frumvarp verði ekki lagt fram nú. Löngu tímabært segir fyrrverandi framkvæmdastjóri stofnunarinnar.**

**UTANRÍKISMÁL** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra segir að sér komi á óvart viðbrögð Sighvats Björgvinssonar, framkvæmdastjóra Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ), við nýrri skýrslu þar sem lagt er til að stofnunin verði felld inn í utanríkisráðuneytið.

„Ég ætla ekkert að munnhöggvast við Sighvat Björgvinsson í fjölmiðlum. Hann er forstöðumaður undirstofnunar ráðuneytisins og þar að auki sendiherra. Þannig að ég mun bara eiga fund með honum þegar hann kemur heim. En ég get að minnsta kosti sagt að þessi stóru orð sem hann notar koma mér á óvart."

Þar vísar Valgerður í ummæli Sighvats í fjölmiðlum í gær þar sem hann segist ekki hafa vitað að þessar tillögur væru í undirbúningi og fordæmir hann vinnubrögð ráðuneytisins.

Í tilkynningu sem ráðuneytið sendi frá sér í gær er ummælum Sighvats hafnað. Er meðal annars greint frá fundi Þorsteins Ingólfssonar sendiherra, sem stýrði skýrslugerðinni, með Sighvati og stjórnarformanni stofnunarinnar í nóvember. Þorsteinn segist hafa rætt um gerð skýrslunnar við Sighvat í tvígang frá þessum fundi. Í seinna skiptið greindi Þorsteinn Sighvati frá tveimur mögulegum leiðum í skýrslunni og þar hafi önnur verið sú að færa stofnunina undir ráðuneytið.

Björn Dagbjartsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri stofnunarinnar, segir skýrsluna skynsamlega og vel unna og undarlegt sé ef núverandi framkvæmdastjóra hafi dottið í hug að það ættu ekki að verða neinar breytingar. Björn, sem lét af starfi framkvæmdastjóra í lok árs 2000, hafði sjálfur lagt til að stofnunin yrði færð undir ráðuneytið að fordæmi hinna Norðurlandanna. „Það er orðið löngu tímabært að endurskoða lögin. Þau voru gjörsamlega úrelt orðin og hálfvandræði orðin að vinna eftir þeim."

Í tilkynningu ráðuneytisins segir að markmið tillagnanna sé að ná betri heildarsýn á þróunarsamvinnu Íslands og draga úr hættu á tvíverknaði í rekstri og stjórnun.

Valgerður segist leggja skýrsluna fram einungis sem umræðugrundvöll og að hún muni ekki leggja fram frumvarp um slíkar breytingar á þessu þingi. Þá ítrekar hún að starfsöryggi starfsmanna stofnunarinnar yrði ekki stofnað í hættu við að færast inn í ráðuneytið. „Við erum að auka framlög til þróunarsamvinnu og það er frekar líklegt að það þurfi með tíð og tíma að fjölga starfsmönnum."

Ekki náðist í Sighvat Björgvinsson.

**sdg@frettabladid.is**









Sálfræðingur segir mikla vakningu á þeim hættum sem geta stafað af netfíkn:

# Flosna úr námi vegna netfíknar

**SAMFÉLAGSMÁL** „Við höfum þurft að horfa upp á nemendur sem hafa flosnað upp úr námi vegna of mikillar tölvuleikjanotkunar og þessi hegðun virðist vera að færast í vöxt," segir Guðmundur Ólafur Ásmundsson, skólastjóri Kópavogsskóla. Hann er einn þeirra skólastjórnenda sem hafa fengið til sín sálfræðing til að fræða foreldra og börn um net- og tölvuleikjafíkn og leiðir við að koma auga á hættumerki.

„Mikil vakning hefur verið gagnvart þeim hættum sem ungu fólki stafar af net- og tölvuleikjafíkn. Foreldrar sem sofið hafa á verðinum eru farnir að átta sig á alvöru málsins," segir Eyjólfur Örn Jónsson sálfræðingur, sem mikið hefur fjallað um netfíkn.

Eyjólfur segir að stærsti hópur þeirra sem leiti sálfræðihjálpar hjá honum séu ungir menn sem misst hafi stjórn á lífi sínu vegna tölvuleikjanotkunar. Hann segir foreldra og skóla nú að taka við sér og hefur haldið fjölda fyrirlestra að undanförnu í skólum og kynnt foreldrum og unglingum leiðir til bættrar tölvunotkunar.

Eyjólfur ítrekar að raunveruleg hætta stafi af fíkninni. Hann segir sjálfvígshótanir og -tilraunir algengar meðal ungs fólks sem ánetjast sýndarverunni og fleiri úrræði skorti til að koma til móts við þennan vanda, sem sé vaxandi.

**- kdk**



**RAUNVERULEG HÆTTA** Sjálfsvígshótanir og -tilraunir eru algengar meðal ungs fólks sem glímir við net- og tölvuleikjafíkn. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR MYNDASAFNI


ÖRUGG FJÁRFESTING Á ÍSLENSKA HLUTABRÉFAMARKAÐNUM
ICEin 0308
Höfuðstólstryggður hlutabréfareikningur
NÚ Á ÍSLANDI!
Höfuðstólstryggður hlutabréfareikningur. Fjárfestu á íslenska hlutabréfamarkaðnum án fyrirhafnar og með takmarkaðri áhættu. ICEin 0308 fylgir gengi íslenska hlutabréfamarkaðarins, ICEX-15 vísitölunni.
• Lágmarksupphæð er 500.000 kr.
• Innlánið er bundið í eitt ár
• Ávöxtun allt að 25%
• Höfuðstóll er tryggður
• Upphafsgengi ákvarðast í lok dags 19. mars
• Sölutímabil er frá 8. til 19. mars
Kynntu þér málið á kaupthing.is, í þjónustuveri bankans í síma 444 7000 eða komdu við í næsta útibúi.
KAUPÞING
Hugsum lengra
ENNEMM / SÍA / NM26261

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Í hvaða orkufyrirtæki hefur ríkið auglýst eignarhlut sinn til sölu?*

**2.** *Hversu hárri upphæð stálu þrír menn um þrítugt af tveimur tvítugum Bretum aðfaranótt síðastliðins miðvikudags?*

**3.** *Hver hefur, ásamt eiginmanni sínum, sent umboðsmanni barna erindi vegna forsíðunnar á fermingarbæklingi Smáralindar?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 50

Íslendingar láta glepjast af gylliboðum erlendra svikahrappa:

# Tapaði 120 þúsundum á lottói sem hann hafði aldrei spilað í

**LÖGREGLUMÁL** Íslendingur tapaði nýlega 120 þúsund krónum, eftir að honum hafði verið tilkynnt um vinning í spænsku lottói sem hann hafði aldrei spilað í.

Algengt er að fólk láti glepjast af gylliboðum erlendis frá, sem síðan reynast vera frá fjárplokkurum af verstu gerð, segir Grímur Grímsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá embætti Ríkislögreglustjóra. Lögreglan hefur margoft sent frá sér viðvaranir vegna slíkra mála, en engu að síður gengur fólk í gildruna.




**VIÐVARANIR** Lögreglan hefur margoft varað við erlendri svikastarfsemi.

Að sögn Gríms hefur helst borið á þrenns konar svikatilraunum. Þekkt eru svokölluð Nígeríubréf, þar sem menn þykjast vera með arf sem þeir þurfi að koma úr landi og bjóða gylliboð, gegn „smávægilegri“ fjárhagsaðstoð. Einnig eru hlutabréfasvik kunn en í slíkum tilvikum er fólki boðið að kaupa hlutabréf í erlendum fyrirtækjum á hagstæðu verði með loforðum um skjótfenginn gróða.

Hið nýjasta er svo spænska lottóið El Gordo, sem vissulega er til á Spáni, en algerlega óviðkomandi svikahröppunum. Þeir senda tölvupóst til fólks þar sem því er tilkynnt að það hafi verið dregið út sem vinningshafar í lottóinu. Fólki er sagt að það hafi unnið milljónatugi, en þurfi að borga skatta og skyldur erlendis til að fá vinninginn. - jss

Handteknir í höfuðborginni:

# Grunaðir um stuld á tugum sjónvarpstækja

**LÖGREGLUMÁL Tveir rúmlega tvítugir menn voru handteknir í Höfðahverfi í Reykjavík í gærmorgun, grunaðir um að hafa stolið á milli 40 og 50 sjónvarpstækjum úr húsnæði Víkurverks í Kópavogi fyrr í vikunni. Húsbíl var einnig stolið í innbroti í fyrirtækið.**

**Nokkur sjónvarpstæki fundust í bíl tvímenninganna en undarlegt atferli þeirra vakti grunsemdir lögreglu sem stöðvaði för þeirra og fann við það tækin.** - ifv

Bújarðir á Íslandi:

# Eignarhald ekki samþjappað

**LANDBÚNAÐUR „Við fyrstu sýn virðist ekki vera um verulega samþjöppun á eignarhaldi að ræða. Frekar má segja að jarðeigendum sé að fjölga,“ sagði Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, á Búnaðarþingi um helgina.**



HARALDUR BENEDIKTSSON

**Umræður síðustu missera um umfangsmikla samþjöppun í eignarhaldi bújarða var tilefni þess að Bændasamtökin létu gera úttekt á málinu.** - gar

Sigurður Fannar Þórsson var í gær dæmdur í nærri fjögurra ára fangelsi fyrir stórfellt smygl á kókaíni:

# Hótuðu að senda barnaníðing á son hans

**DÓMSMÁL** 27 ára gamall karlmaður, Sigurður Fannar Þórsson, var í gær dæmdur í 44 mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að hafa flutt til landsins tæp þrjú kíló af kókaíni. Sigurður var handtekinn 21. nóvember í fyrra við komuna frá Kaupmannahöfn. Efnin fundust í fölskum botni ferðatösku hans en fíkniefnahundur tollgæslunnar varð þeirra var.

Sigurður játaði fyrir dómi að hafa flutt kókaínið til landsins. Hann sagði innflutninginn hafa verið skipulagðan af mönnum hér á landi sem hann vildi ekki nafngreina af ótta við hefndir gegn honum eða hans nánustu.

Hann kvaðst hafa verið í mikilli kannabisneyslu árin fimm á undan, auk þess sem hann neytti kókaíns annað veifið. Hann hafi skuldað fíkniefnasölum um eina milljón króna.

Í september á síðasta ári ákvað Sigurður að flýja vandræði sín og setjast að í Svíþjóð. Fljótlega fór hann að hafa áhyggjur af að lánadrottnar hans myndu hafa uppi á honum eða gengju að fjölskyldu hans. Því sneri hann aftur til Íslands til að útkljá sín mál. Lánardrottnar hans kröfðust þess að hann færi umrædda ferð og flytti efnin til landsins til að gera upp skuldina.

Þegar hann hafi neitað hafi hann verið barinn, bundinn á höndum og fótum, stungið í farangursrými bifreiðar og látinn dúsa þar yfir nótt. Barsmíðunum var svo fram haldið daginn eftir og hnífur borinn að hálsi hans. Þá var Sigurði tjáð að barnaníðingur yrði sendur á son hans ef hann færi ekki að vilja mannanna.

Í niðurstöðu dómsins segir að Sigurði hefði verið fullljóst að kókaínið hefði verið ætlað til sölu í ágóðaskyni. Dómurinn tók tillit til þess að hann hefði flutt efnin til landsins undir þrýstingi. Þá var til þess tekið að þetta var fyrsta refsibrot hans. thordur@frettabladid.is



**SIGURÐUR FANNAR ÞÓRSSON** Hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan hann var handtekinn í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






Deiliskipulag í Mosfellsbæ:

# Skila skal umhverfisskýrslu

**UMHVERFISMÁL** Skipulagsstofnun hefur tilkynnt Mosfellsbæ að um deiliskipulag tengibrautar í landi Helgafells skuli skila umhverfisskýrslu. Skýrsluna á að vinna áður en tekin verður ákvörðun um legu tengibrautarinnar.

Í yfirlýsingu frá Mosfellsbæ er þessum lyktum fagnað og sagt að undirbúningsvinna skýrslunnar sé nú þegar hafin. Úrskurðurinn verður ekki kærður til umhverfisráðherra.

Varmársamtökin, sem berjast gegn umræddri tengibraut, telja úrskurðinn sýna að deiliskipulagið hafi verið ólögmætt og fagna honum sömuleiðis. - kóþ



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

Palestínskir flóttamenn:

# Framlag Íslands tvöfaldast aftur

**UTANRÍKISMÁL** Framlag Íslands til Flóttamannaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna til Palestínumanna (UNWRA) tvöfaldast milli ára, annað árið í röð.

Íslenska ríkið mun gefa um 200.000 dollara, eða 13,4 milljónir króna. Í fyrra var upphæðin um 50.000 dollarar og í ár um 100.000.

Þetta tilkynnti Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra eftir fund í utanríkismálanefnd í gær. Fundinn sat Karen Koning AbuZayd, framkvæmdastjóri flóttamannaaðstoðarinnar.

Valgerður sagði þessa ákvörðun í samræmi við stefnu sem ríkisstjórnin hefði markað til ársins 2009, að hækka framlög til mannúðarmála frá ári til árs. - kóþ


Heimilið
Börn
Snyrtivörur
Dömur
Herrar
SHISEIDO
Shiseido kynning
9. - 14. mars
Komdu og kynntu þér nýju kremlínuna frá Shiseido
og fáðu glæsilega snyrtitösku ásamt luxusprufum
með kaupum á kremi úr White Lucency línunni.
Tímalaus Lúxus sem gefur fullkominn
ljóma á hvaða aldri sem er.
Shiseido White Lucency
SHISEIDO
White Lucency
SHISEIDO
White Lucency
DEBENHAMS
-FER ÞÉR VEL!



**BJARNAMÆÐGIN** Hinn fimm mánaða gamli húnn Bulan baðaði sig í fyrsta skipti í sviðsljósinu ásamt Marcelu móður sinni í dýragarðinum í San Diego í Bandaríkjunum. NORDICPHOTOS/AFP

Lögregla sökuð um að hafa lekið upplýsingum um húsleit hjá Kaupþingi í Lúxemborg til Morgunblaðsins:

# Leki klárt lögbrot segir verjandi í Baugsmálinu

**BAUGSMÁL** Jakob R. Möller, verjandi Tryggva Jónssonar, eins ákærðu í Baugsmálinu, segir liggja í augum uppi að lögreglan hafi lekið upplýsingum um að verið væri að gera húsleit hjá Kaupþingi í Lúxemborg til Morgunblaðsins. Slíkur leki frá lögreglu sé klárt lögbrot.

Húsleit var gerð hjá Kaupþingi í Lúxemborg 28. apríl 2003 vegna rannsóknar á Baugsmálinu. Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri Kaupþings banka í Lúxemborg, bar vitni í Baugsmálinu í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, og lýsti meðal annars húsleitinni.

Hann sagði hana hafa farið þannig fram að lögregla hafi óskað eftir upplýsingum og bankinn hafi afhent lögreglu gögn. Ekki hafi verið um eiginlega leit lögreglumanna í gögnum bankans að ræða og engin einkennisklædd lögregla hafi verið á staðnum.

Jakob spurði Magnús um morguninn sem lögreglan haldlagði upplýsingar í réttarsalnum í gær. Magnús sagðist hafa verið heima hjá sér skömmu áður en vinnudagurinn hófst þegar hann fékk símtal frá blaðamanni Morgunblaðsins. Það var um 8.30 um morguninn, 6.30 að íslenskum tíma.

Magnús sagði að blaðamaðurinn hefði spurt hann hvort það væri rétt að lögreglan væri að framkvæma húsleit hjá Kaupþingi í Lúxemborg. Hann hafi neitað. Hafi þá blaðamaðurinn hringt aftur og sagst vita af húsleitinni.



**HÚSLEIT** Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri Kaupþings banka í Lúxemborg, vildi ekki gefa upp nafn blaðamanns sem spurði hann um húsleit hjá bankanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Magnús segist þá hafa spurt blaðamanninn hvort honum þætti meiri frétt, að verið væri að gera húsleit, eða að blaðamaðurinn viti af leitinni á þessum tímapunkti, þegar aðeins íslenskir embættismenn og lykilstarfsmenn Kaupþings í Lúxemborg vissu af henni. Því hafi blaðamaðurinn svarað þannig að menn í íslensku samfélagi hefðu mikla hagsmuni af þessu máli, en tilgreindi ekki nánar hverjir það væru. **- bj**

Læknar í Colorado ráðþrota:

# Vaknaði úr dái í þrjá daga

**COLORADO, AP Kona sem var í dái í sex ár á sjúkrahúsi í Bandaríkjunum komst til meðvitundar í þrjá daga fyrir nokkru. Fyrstu orð konunnar, Christu Lilly, voru: „Ég hef það gott.“**

**Lilly gat borðað með fjölskyldu sinni og kvaðst ánægð að geta hitt tólf ára dóttur sína og þrjú barnabörn.**

**Árið 2000 féll Lilly í dá eftir hjarta- og heilablóðfall en síðan þá hefur hún komist til meðvitundar fjórum sinnum í stuttan tíma. Læknar geta ekki útskýrt orsakirnar en telja miklar líkur á að hún muni komast aftur til meðvitundar.** **- hlh**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Bílvelta á Suðurlandsvegi

Dráttarbíll valt á Suðurlandsvegi við Lögberg rétt fyrir klukkan fjögur aðfaranótt fimmtudagsins. Ökumann dráttarbílsins sakaði ekki. Tafir urðu á umferð um veginn til klukkan tæplega átta þegar lögregla og slökkvilið náðu að fjarlægja bílinn af veginum. Ekki er vitað um orsakir óhappsins.

### Valt við Akrafjall í hálku

Jeppi valt á Akrafjallsvegi við Litlu-Fellsöxl um klukkan tíu í gærmorgun. Enginn slasaðist. Hálka á veginum olli því að bíllinn fór af veginum. Bifreiðin, sem er af gerðinni Nissan Patrol, var gjörónýt og fjarlægð með kranabíl.

## ORÐRÉTT



*„Ég vildi bara segja frá þessari mjög sérstöku upplifun.“*
Magnús Gunnarsson skýrði yfirheyrslu hjá lögreglu í Lúxemborg samkvæmt beiðni íslenskra löggæsluyfirvalda. Spurningarnar hefðu verið þýddar af íslensku á ensku, og úr ensku á þýsku fyrir þýskumælandi lögreglumenn. Spurningar þeirra hafi svo verið þýddar fyrir hann á ensku, og svörum hans snarað yfir á þýsku.



*„Það er ekki verið að tala sama tungumálið hérna svo það er engin leið að skilja hvað er verið að tala um.“*
Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, botnaði lítið í spurningum sækjandans til Magnúsar Gunnarssonar.



*„Ég man ekki hvort við fórum í siglingu eða hvort við fengum okkur bara drykk um borð í bátnum.“*
Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings banka, sagði frá einni af þremur ferðum sínum í skemmtibátinn Thee Viking í Flórída.



*„Þetta var ekki eftirminnileg ferð sem sagt?“*
Sigurði Tómasi Magnússyni, settum ríkissaksóknara, þótti Sigurður muna fremur lítið eftir heimsóknum í bátinn Thee Viking.



*„Deilir þú tónlistarsmekk með Tryggva Jónssyni?“*
Jakob R. Möller, verjandi Tryggva Jónssonar, spurði Hreiðar Má Sigurðsson um geisladiska sem Tryggvi sagðist hafa spilað á bátnum Thee Viking.



*„Var þetta enn eitt skjalið sem fannst óvænt í hádeginu? [...] Þetta er hrein hryðjuverkastarfsemi sem hér á sér stað.“*
Gestur Jónsson, verjanda Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, var ekki par hrifinn þegar saksóknari lagði fram nýja tölvupósta eftir hádegishlé sem saksóknarinn sagði benda til þess að stjórnarformaður Kaupþings banka hafi skýrt réttinum rangt frá þegar hann bar vitni fyrir hádegi.



*„Þetta getur ekki þjónað öðrum tilgangi en að vinna eitthvert fjölmiðlastríð sem saksóknari virðist í.“*
Jakobi R. Möller var ekki heldur skemmt yfir tölvupóstunum sem sækjandi lagði fram, og sagði sækjandann kominn út á hálan ís.



*„Ég fer nú bráðum að gefast upp á að spyrja þig.“*
Sigurði Tómasi Magnússyni, settum ríkissaksóknara, þótti ganga fremur erfiðlega að fá svör frá Helga Þ. Bergs, starfsmanni Kaupþings í London.



**SKEMMTIBÁTUR** Sigurður Einarsson (til hægri) ræddi við lögmenn ákærðu, þá Jakob R. Möller og Gest Jónsson, áður en hann bar vitni í Baugsmálinu í gær og sagði meðal annars frá heimsóknum á skemmtibátinn Thee Viking. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Framburður dreginn í efa

**Saksóknari sagði tölvupósta benda til þess að stjórnarformaður Kaupþings banka hefði sagt ósatt fyrir dómi. Saksóknari er í fjölmiðlastríði segir verjandi.**

**BAUGSMÁL** Tölvupóstar sem lagðir voru fram í Baugsmálinu í gær ollu talsverðu uppnámi, en saksóknari sagði þá benda til þess að stjórnarformaður Kaupþings banka hafi ekki sagt satt þegar hann bar vitni í málinu um morguninn.

Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings banka, var meðal annars spurður um stefnu sem hann fékk um að mæta sem vitni fyrir dóm í Bandaríkjunum vegna málaferla milli Baugs og Nordica, félags Jóns Geralds Sullenbergers. Sagðist hann hafa fengið stefnuna en ekki sinnt henni og ekki rætt það sérstaklega við neinn.

Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í Baugsmálinu, óskaði eftir hádegishlé eftir því að fá að leggja fram tölvupóstssamskipti milli Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, eins ákærðu í málinu, Kristínar Jóhannesdóttur, systur hans, og Hreiðars Más Sigurðssonar, forstjóra Kaupþings banka. Hann sagði að ekki verði betur séð af póstunum en að Hreiðar Már hafi ásamt Sigurði Einarssyni fundað með lögmanni í Bandaríkjunum um vitnastefnuna.

Sigurður Tómas sagði að svo virtist samkvæmt þessum tölvupóstum að Sigurður Einarsson hafi sagt ósatt um vitnastefnuna, og rétt væri að leggja póstana fram til að hægt væri að spyrja Hreiðar Má um málið þegar hann kæmi fyrir dóminn síðar um daginn. Nauðsynlegt væri að fjalla um þetta mál til að dómarar geti metið trúverðugleika vitnisins.

Verjendur Jóns Ásgeirs og Tryggva Jónssonar mótmæltu því að póstarnir yrðu lagðir fram. Jakob R. Möller, verjandi Tryggva, benti á að póstarnir hafi hvorki verið bornir undir Jón Ásgeir eða Kristínu, og að saksóknari væri kominn á hálan ís þegar hann ásakaði stjórnarformanninn um að segja ósatt. Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs, sagði algerlega ómögulegt að sjá hvernig þetta tengdist því sem ákært sé fyrir í málinu.

„Þetta getur ekki þjónað öðrum tilgangi en að vinna eitthvert fjölmiðlastríð sem saksóknari virðist í,“ sagði Jakob, en því mótmælti Sigurður Tómas harðlega. Eftir að dómþingi hafði verið slitið skýrði Jakob þessi ummæli sín í samtali við Fréttablaðið. Hann benti á að áður en póstarnir voru lagðir fram hafi saksóknari óskað eftir því að Hreiðar Már viki úr salnum og augljóslega hefði hann átt að fara fram á að fjölmiðlafólk yfirgæfi salinn líka.

Arngrímur Ísberg, dómsformaður í Baugsmálinu féllst ekki á að póstarnir yrðu lagðir fram. Hann sagðist í sjálfu sér ekki sjá tilganginn við slíkt, og enn fremur væru póstarnir á ensku, og ekki byggt á þeim fyrir dómi nema þeim yrði snúið yfir á íslensku.

Hreiðar Már var spurður um þennan fund með lögmanni í Bandaríkjunum þegar hann kom fyrir réttinn. Hann sagði að sig minnti að hann einn hefði átt fund með lögmanninum fyrir hönd Sigurðar Einarssonar, en gat þó ekki útilokað að Sigurður hefði setið fundinn. **brjann@frettabladid.is**

## BAUGSMÁLIÐ Í DAG

Vitnaleiðslur halda áfram í dag og meðal þeirra sem koma munu fyrir dóminn verða tveir starfsmenn Baugs: Íris B. Ansnes og Lárus Óskarsson.




Flott hugmynd að fermingargjöf

**Silva 8x20**

*Vandaður sjónauki í vasann.*
*Stækkar 8 sinnum.*

**3.990 kr.**

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS




KRÓNAN
fyrst og fremst

... í verðsamkeppni

# Tilboð á burstum!

15% AFSLÁTTUR*

Vikan hygiene system

**BAKKABURSTI**
Tilvalinn til þrifa á bökkum og öðrum ílátum.



**BURSTI Í KVERKAR**
Hentar vel til að þrifa undir borð og tæki



**TANKBURSTI**
Nær að þrífa vel í hornum án þess að rispa, frábær t.d til að þrífa heitu pottana.



**HANDSKRÚBBUR**
Fer mjög vel í hendi og tilvalinn til að þrífa vinnuborð ofl.



* Tilboð gildir til 30. mars eða á meðan birgðir endast.

Suðurlandsbraut 26
Reykjavík
Sími: 510 0000

Miðási 7
Egilsstöðum
Sími: 470 0000

Brekkustíg 39
Njarðvík
Sími: 420 0000

Grundargötu 61
Grundarfirði
Sími: 430 0000

BESTA
www.besta.is


# Þingið vill að kosið verði í lávarðadeild

**Mikil tímamót verða í sögu breskrar stjórnskipunar ef tillögur um róttækar breytingar á lávarðadeildinni ná fram að ganga.**

**LONDON, AP** Þingmenn í neðri deild breska þingsins samþykktu á miðvikudag tillögu um róttækar breytingar á lávarðadeildinni. Kosið verður til deildarinnar en nú er ýmist skipað í sætin eða þau erfast.

Lávarðadeildin hefur ekki löggjafarvald en getur haft áhrif á frumvörp og frestað gildistöku þeirra um ákveðinn tíma.

„Neðri deildin hefur höggvið á hnútinn og niðurstaðan hefur mikil áhrif á þingið,“ sagði Jack Straw, innanríkisráðherra Bretlands, eftir samþykkt neðri deildarinnar.

Greidd voru atkvæði um ýmsar útfærslur á framtíðarfyrirkomulagi lávarðadeildarinnar. Tillaga um að allir þingmenn lávarðadeildarinnar verði kosnir almennri kosningu hlaut flest atkvæði, 337 á móti 224.

Með slíkri breytingu yrði lávarðadeildin mönnuð með hliðstæðum hætti og öldungadeildin í Bandaríkjunum og efri þingdeildir í til dæmis Ástralíu, Japan og Brasilíu.

Tillaga um að 80 prósent lávarða verði kjörnir en 20 prósent skipaðir af stjórnvöldum, hlaut einnig meirihluta atkvæða í neðri deildinni. Sú útfærsla myndi að líkindum tryggja að biskupar ensku kirkjunnar fengju áfram örugg sæti í deildinni.

Tony Blair forsætisráðherra og líklegur eftirmaður hans á leiðtogastóli Verkamannaflokksins, Gordon Brown fjármálaráðherra, greiddu báðir atkvæði með tillögu um að skiptingin milli kjörinna og skipaðra lávarða yrði til helminga.

Þeir sem vildu ganga lengst í breytingunum segja að hvergi á byggðu bóli, að undanskildu Afríkuríkinu Lesótó, hafi verið blönduð efri þingdeild, skipuð bæði kjörnum og skipuðum þingmönnum löggjafarvald.

Fyrir sex árum fékk Blair því framgengt að erfðasætum í deildinni var fækkað úr 600 í 92, en árið 2003 hafnaði þingið tillögum hans um frekari breytingar.

Breytingar á lávarðadeildinni eru pólitískt hitamál í Bretlandi, meðal annars vegna ásakana um að Verkamannaflokkurinn hafi veitt fjársterku fólki sæti í deildinni gegn vænu framlagi í flokkssjóði.

Frumvarp um nýskipan lávarðadeildarinnar verður ekki fullbúið fyrr en í október og verður þá lagt fram í báðum deildum.

**- gb/sdg**



**LÁVARÐADEILDIN** Hefur verið sjálfstæð eining í um sjöhundruð ár. Vald hennar var takmarkað árið 1911 eftir deilu við forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


ASKJA




# Ný fyrirmynd í flutningum

í fjölmörgum útfærslum

Nýr Mercedes-Benz Sprinter setur nýjan gæðastaðal fyrir sendibíla. Hann er rúmbetri og öruggari en nokkru sinni fyrr og í farþegarými tekur öll hönnun mið af því að ökumanninum líði sem best á langri keyrslu. Sprinter er framleiddur í fjölmörgum útfærslum, m.a. sérstökum sendibíla-, pallbíla-, fólksflutninga- og leigubílaútfærslum.

Þá er hægt að fá Sprinter með föstum palli og sturtu, bæði með einföldu eða tvöföldu húsi. Og eins og með aðrar gerðir af Mercedes-Benz bifreiðum gefst kostur á að fá sérsniðið eintak af Sprinter eftir þörfum hvers og eins. Komdu og gerðu þína sérpöntun á nýjum Sprinter.

Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is · ASKJA - Atvinnubílar · Skútahrauni 2a · 220 Hafnarfirði · Sími 590 2100.

Fjársvik í Tryggingastofnun:

## Yfirheyrslur standa enn

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóraembættisins á fjárdrætti fyrrum starfsmanns hjá Tryggingastofnun, sem upp komst í fyrrasumar, stendur enn yfir. Helgi Magnús Gunnarsson saksóknari segir yfirheyrslum ekki lokið. Nú sé verið að yfirheyra fólk frekar um einstök atriði.

„Það á eftir að stilla málinu upp, raða saman efnisatriðum og búa til heildarmynd. Þetta tekur meiri tíma eftir því sem pappírinn er meiri en þetta er allt að koma,“ segir Helgi Magnús og telur ekkert hægt að segja um ákærur fyrr en niðurstaðan liggur fyrir. - ghs

Kjör Indónesa hjá Va Tech á Kárahnjúkum til athugunar:

# Launin talin um 80 þúsund

**VINNUMARKAÐUR** Grunur leikur á að um þrjátíu manna hópur manna frá Indónesíu, sem starfar hjá þýska verktakafyrirtækinu Va Tech á Kárahnjúkum, fái ekki greitt samkvæmt virkjunarsamningi. Oddur Friðriksson, aðaltrúnaðarmaður á Kárahnjúkum, staðfestir að málið sé til skoðunar. Bréfaskipti hafa átt sér stað undanförnu vegna málsins og býst Oddur við að það skýrist í næstu viku.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins leikur grunur á að Va Tech hafi aðeins greitt Indónesunum um þúsund til 1.200 dollara á mánuði undanfarið ár sem þeir hafa starfað á Kárahnjúkum. Það gera um 67 til 80 þúsund krónur miðað við gengi í gær. Mennirnir ættu að vera á mun hærra kaupi ef þetta reynist rétt. Athugun verkalýðshreyfingarinnar snýst nú um að kanna hvað þeir hafi í raun fengið greitt.

Hjörtur Nielsen er útibússtjóri Va Tech á Íslandi. Hann segir að Indónesarnir fái borgað yfir lágmarkslaunum samkvæmt virkjanasamningi og þeir fái greitt af Va Tech í Þýskalandi. Farið verði yfir þetta með aðaltrúnaðarmanni á Kárahnjúkum í næstu viku. Hjörtur kveðst ekki hafa hugmynd um hvers vegna málið hafi komið upp. - ghs



**BRÉFASKIPTI** Oddur Friðriksson aðaltrúnaðarmaður hefur átt í bréfaskiptum við útibússtjóra Va Tech á Íslandi vegna launa Indónesa á Kárahnjúkum.

Borgaryfirvöld San Francisco:

## Vilja banna plastpoka

**SAN FRANCISCO AP** Borgaryfirvöld í San Francisco í Bandaríkjunum hafa lagt fram tillögu um að banna stærri matvöruverslunum að gefa viðskiptavinum sínum plastpoka fyrir vörur sínar.

Plastpokarnir eru sagðir eyða olíu, valda sóðaskap á götum og spilla dýralífi. Er aðgerðin liður í herför borgaryfirvalda til að mæta hlýnun jarðar.

Gerð verður sú krafa að verslanir bjóði viðskiptavinum poka sem hægt sé að endurvinna. Verslanirnar mega búast við sjö til 35 þúsund króna sektum ef ekki er farið að settum reglum. - hlh

Heiðraður fyrir sjónvernd:

## Forsetinn fær orðu frá Lions

**FÉLAGSMÁL** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, hlaut á dögunum heiðursorðu Alþjóða Lionshreyfingarinnar. Orðuna fær forsetinn fyrir einstakt framlag sitt í þágu hreyfingarinnar en hann er verndari sjónverndarátaks á Íslandi, Sjón fyrir alla.



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON** Hlaut heiðursorðu Lions á dögunum..

Átakið Sjón fyrir alla er hluti af heimsátaki hreyfingarinnar til að vinna gegn blindu, einkum í fátækum löndum. Orðan er einungis ætluð þjóðhöfðingjum og þjóðarleiðtogum og í ár hafa forseti Kína og Tony Blair, forsætisráðherra Breta, einnig hlotið orðuna. - hlh

Verkalýðsfélagið Hlíf:

## Getur ekki sótt mál gegn Alcan

**VINNUMARKAÐUR** **Verkalýðsfélagið Hlíf finnur ekki forsendur í ráðningarsamningi Markúsar Kjartanssonar, fyrrum starfsmanns Alcan, til að krefjast starfslokasamnings af fyrirtækinu. Í fyrra sagði Alcan Markúsi upp störfum eftir 32 ára feril.**

**Eftir að ASÍ samþykkti að beita sér í þágu þriggja annarra starfsmanna Alcan í byrjun janúar, leitaði Alcan sátta og samdi um starfslok. Markús taldi sig í sömu aðstæðum.**

**Kolbeinn Gunnarsson, formaður Hlífar, segir starfsmennina þrjá alla hafa náð 65 ára aldri við uppsögn, en Markús hafi verið sextugur. Því hafi hann ekki sama rétt og hinir.** - kóþ

Sænska leyniþjónustan:

## Fær að fylgjast með tölvupósti

**STOKKHÓLMUR, AP** Sænska stjórnin hyggst veita leyniþjónustu landsins heimild til að fylgjast með tölvupóstsamskiptum og símtölum bæði innanlands og til útlanda án þess að þurfa að leita dómsúrskurðar í hvert sinn.



**MIKAEL ODENBERG** Varnarmálaráðherra Svíþjóðar.

Víða í ríkjum Evrópu hafa heimildir leyniþjónustustofnana til að fylgjast með símtölum og tölvupósti verið rýmkaðar í því skyni að torvelda hryðjuverkamönnum starfsemi sína.

Þessar heimildir, sem sænska stjórnin kynnti, ganga þó lengra en áður hefur þekkst og hafa vakið áhyggjur mannréttindasamtaka. - gb





BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Kjúklingaveisla og fínus
1200g
pitsutilboð
598 KR.
2+1 FRESCHETTUR
FRESCHETTA
PIZZA R
2 teg.
SALAME
3x400g
Limited Edition
3 FOR 2
1 PIZZA GRATIS
FOR FREE
KF SALAT
98 KR.
350g
Kartöflu salat
Hrá salat
6 x2 lítrar
499 KR.
PEPSI MAX
Kippu tilboð!
40% afsláttur
við kassann
FERSKAR KJÖTVÖRUR
TILBOÐ
Svínakótelettur
kílóverð nú:
839 KR.
Merkt verð 1398KR.
Svínahnakki úrbeinaður
kílóverð nú:
898 KR.
Merkt verð 1498KR.
Ferskar svínakótelettur og úrb. svínahnakkasneiðar
Bónus býður betur!
Apelsinjuice
Orange juice
Framställd av koncentrat
Made of concentrate
EURO SHOPPER
59 KR.
heill lítri
Apple juice
Tropisk nektar
Tropical nectar
Framställd av koncentrat
Made with concentrated fruit juices and purées
1 liter • 1 litre
Heimilisbrauð
69 KR.
375g
HEIMILISBRAUÐ
Nettóþyngd: 385 g
PEPSI
DARE FOR MORE
2L
12 lítrar



tu helgartilboð í Bónus!
Nýtt og enn betra bragð!
250g
179 KR
Bónusfeti
BÓNUS Feti
Ferskar bringur
Bringur kílóverð nú:
1445 KR.
Merkt verð 2408KR.
40% afsláttur við kassann
Ferskir bitar
Vængir kílóverð nú:
179 KR.
Merkt verð 300KR.
Kjúklingaleggir kílóverð nú:
363 KR.
Merkt verð 605KR.
Holta-kjúklingur
Einiberjakryddað lúxus lambalæri
Einiberja lambalæri
40% afsláttur við kassann
EINIBERJA LAMBALÆRI kílóverð nú:
1069 KR.
Merkt verð 1781KR.
Ferskur kryddaður kjúklingur
Ferskur kryddaður Bónuskjúklingur
Ferskur kjúklingur kílóverð nú:
479 KR.
Merkt verð 799KR.
40% afsláttur við kassann
www.bonus.is
BÓNUS

## „ORÐRÉTT“

*Eftirlíking?*

**„Framsóknarmenn taka þessi mál nú upp á sína arma og allt í fínu með það. Það er hins vegar góð latína að geta heimilda þegar menn fá lánað frá öðrum.“**

SKÚLI HELGASON, FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMFYLKINGARINNAR, SAKAR FRAMSÓKNARFLOKKINN UM STULD.

Fréttablaðið 8. mars

*Baráttudagur kvenna*

**„Auðvitað hafa ýmsar breytingar orðið á högum kvenna. Jafnvel svo mjög að sumir halda að misrétti gegn konum heyri fortíðinni til.“**

MARÍA S. GUNNARSDÓTTIR SEGIR BARÁTTUNNI FYRIR JAFNRÉTTI KYNJANNA EKKI LOKIÐ.

Morgunblaðið 8. mars

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÖRLYGUR KRISTFINNSSON, SAFNSTJÓRI SÍLDARMINJASAFNSINS

## *Sumarið undirbúið á Sigló*



„Það er allt gott að frétta hjá okkur hérna á safninu og nóg að gera,“ segir Örlygur Kristfinnsson, safnstjóri Síldarminjasafnsins, sem kom móður í símann þegar blaðamaður sló á þráðinn. „Hér er bara allt á fullu, við erum að vinna í bátahúsinu sem Hákon Noregsprins vígði hjá okkur árið 2004. Þar er verið að koma fyrir sýningarbúnaði og hljóðkerfi alveg upp við loft sem er ansi snúið því lofthæðin er mikil. Við erum líka að mála lofið sem ég hugsa að sé nánast jafn erfitt og að mála himininn yfir síldarbryggjum Siglufjarðar í gamla daga,“ segir Örlygur og bætir því við að þótt safnið sé ekki opið yfir vetrartímann sé nú mikill annatími enda verið að undirbúa háannatímann í sumar. „Við opnum 1. júní en yfir veturinn er alltaf hægt að banka upp á eða hringja og þá tökum við á móti fólki. Við liggjum alls ekki í dvala á veturna enda eru næg verkefni sem ekki er hægt að leysa af hendi á sumrin þegar safnið er opið.“

Síldarsafnið á Siglufirði hefur laðað til sín fjölmarga ferðamenn og Örlygur á von á að þeim fjölgi enn frekar þegar Héðinsfjarðargöngin verða tilbúin eftir tvö ár. „Göngin koma til með að opna nýja þjóðleið. Margir ferðamenn veigra sér við að keyra hingað núna. Þegar göngin verða tilbúin verður auðvelt að keyra þennan hring hérna um Tröllaskagann og njóta í senn fallegrar náttúru og öflugs menningarlífs,“ segir Örlygur.

## SAUMAVÉLIN

### HUGMYND FRÁ DA VINCI

■ Uppruna saumavélarinnar má rekja aftur til 16. aldar þegar Leonardo da Vinci gerði tilraunir með vél sem gæti saumað saman flíkur. Ýmsir gerðu tilraunir með sambærilegar hugmyndir en sá fyrsti sem fann upp nothæfa saumavél var franski klæðskerinn B. Thimonnier. Hann fékk einkaleyfi um 1830 á saumavél úr tré. Saumavélar urðu að almenningseign um aldamótin 1900.



## SJÓNARHÓLL

**NIÐURRIF UNGDÓMSHÚSSINS**

### *Ekki fyrir neinum*



**LOGI ARNARSON**
Nemi

„Þetta fólk verður að fá að vera einhvers staðar og ég held að Ungdómshúsið hafi verið fínn staður fyrir það. Þar var það ekki fyrir neinum,“ segir Logi Arnarson, nemi í Kaupmannahöfn, um lætin á Norðurbrú undanfarna daga og niðurrif Ungdómshússins. „Ég bý þarna rétt hjá og hef aldrei orðið var við nein læti í kringum húsið fyrr en núna þegar átti að fara að rífa það. Þá allt í einu gat ég ekki hjólað heim til mín því það voru bara eldar á götunum og brjáluð læti. Ég flutti hingað beint úr rólegheitunum á Akureyri og fannst ég bara vera lentur í Írak,“ segir Logi. „Nú er verið að rífa húsið. Það var kristilegur söfnuður sem keypti húsið og ætlar sér að byggja upp nýja félagsmiðstöð. Ég veit ekki hvort þetta fólk fær þar inni. Ég las einhvers staðar að nýja húsið ætti að vera öllum opið bara ef menn höguðu sér vel og ég er ekki viss um að fólkið sem bjó í Ungdómshúsinu hagi sér vel eftir allt þetta.“

# Enskan er tæki til að kynna margvíslega menningu heimsins

**Skoski þingmaðurinn Brian Monteith vill að Íslendingar taki þátt í ESU-samtökunum, sem vinna að menningar- og menntasamskiptum um allan heim. Markmiðið er að stuðla að betri samskiptum og vináttu milli menningarheima.**

English Speaking Union, sem er félagsskapur enskumælandi manna, hyggst nú stofna útibú á Íslandi. Þau starfa í fimmtíu löndum um víða veröld, allt frá Ástralíu til Argentínu.

ESU-samtökin voru stofnuð eftir lok fyrri heimsstyrjaldar, árið 1918, til að stuðla að bættum og nánari samskiptum meðal enskumælandi manna.

Í upphafi snerist starfið um samskipti meðal fólks með ensku að móðurmáli, en nú talar stór hluti félaga ensku sem annað eða þriðja mál. Meðal frægra félaga má nefna fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, Winston Churchill, en hann var stjórnarmaður ESU.

Skoski þingmaðurinn Brian Monteith er aðalhvatamaður þess að hér verði starfrækt útibú frá ESU. Hann heimsækir nú Ísland í þriðja skipti. Fyrst kom hann hingað á ráðstefnu þegar hann var námsmaður árið 1981 en í fyrra kom hann aftur sem þingmaður í opinberri heimsókn. Þá ákvað hann að koma að ári, með það í huga að stofna útibú frá ESU. Því er hann hér í félagi við John Dye, stjórnarmann í skosku útibúi ESU. Sjálfur er Brian heiðursforseti samtakanna.

„Í fyrra hitti ég forseta ykkar og þingforseta og þegar ég komst að því að hér var ekki ESU-útibú einsetti ég mér að koma aftur til að hitta Íslendinga að máli, sem gætu haft hug á að styrkja stofnun þess.“

Brian tekur skýrt fram að starfsemi samtakanna snúist ekki um að breiða út enska tungu eða engilsaxneska menningu. „Þetta snýst um að nota ensku sem sameiginlegt tungumál, sem tæki til að kynna margvíslega menningu heimsins. Við hvetjum til samvinnu milli skóla. Þannig gæti grunnskóli í Tékklandi gerst systurskóli annars skóla í öðru landi. Nemendurnir hittast svo og kynna land sitt.“

Starfsvettvangur ESU er víður, til dæmis er alþjóðleg keppni í ræðumennsku og önnur bókmenntakeppni reglulega haldin.

Styrkir eru veittir til nemenda sem vilja læra í öðru landi eða kynna sína menningu þar. „Stundum er líka menningarstyrkur veittur. Styrkþegi fer þá til einhvers lands og kynnir sér menningu þess. Hann heldur síðan sýningu þegar hann kemur til baka. Íslendingur gæti til dæmis sótt um að fara til Írlands til að rannsaka tengsl Íra og Íslendinga fyrr á öldum. Hann biður þá um ákveðinn styrk í afmarkað verkefni. Styrkirnir hafa verið allt upp í þúsundir dollara,“ sagði Brian að lokum. **klemens@frettabladid.is**



**SKOSK SENDINEFND VIÐ HALLGRÍMSKIRKJU** John Dye, stjórnarmaður ESU-samtakanna er hér vinstra megin við Brian Monteith, þingmann og heiðursforseta samtakanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





**Sérblöð um fermingar fylgja Fréttablaðinu, 17. mars, 22. mars og 31. mars.**



Um 160.000 lesendur

**Umfjöllun í fermingarblaði:**
- Skreytingar • Gjafirnar
- Fermingarfötin • Matur
- Ljósmyndarar • Hárgreiðsla
- Viðtöl við fermingarbörn
-og margt fleira

Allar nánari upplýsingar veitir Ruth Bergsdóttir í síma 550-5876 eða 694-4103. Netfang: ruth@365.is

**Blaðinu er dreift með Fréttablaðinu í 105.000 eintökum um allt land.**

FRÉTTABLAÐIÐ
– stærsti fjölmiðillinn!


# Stefna á Hvannadalshnúk

Fyrir fjórum árum setti Pósturinn af stað heilsuátak fyrir starfsmenn sína undir nafninu Heilsupósturinn. Markmiðið var að stuðla að vellíðan starfsmanna og árangurinn hefur ekki látið á sér standa. Starfsmenn eru orðnir svo sprækir að stór hópur þeirra er á leið á Hvannadalshnúk í vor.

„Það hafa fjölmargir starfsmenn tekið upp nýjan lífsstíl í tengslum við þetta átak,“ segir Arndís Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi hjá Póstinum. Á dreifingarstöðvum Póstsins er starfsmönnum boðið upp á fitumælingu þrisvar á ári og auk þess er boðið upp á alls kyns fræðslu og hreyfingu. Arndís segir að stór hópur starfsmanna taki þátt í heilsupóstinum og stemningin sé virkilega góð.

„Við höfum verið með misjafnar áherslur hverju sinni en í vetur einbeitum okkur að gönguferðum og fjallgöngum. Við höfum farið í fjölmargar gönguferðir og stefnum á Hvannadalshnúk 19. maí,“ segir Arndís og bætir því við að nú þegar hafi rúmlega 100 starfsmenn og makar þeirra skráð sig í ferðina.

„Það er góður andi í hópnum og mikill hugur í mönnum. Þeir sem ekki treysta sér á hnjúkinn hafa margir sett sér önnur markmið eins og að komast á Esjuna eða Helgafellið. Það geta því allir verið með,“ segir Arndís og bætir því við að Heilsupósturinn einskorðist ekki við starfsstöðvar Póstsins á höfuðborgarsvæðinu.

Starfsmenn úti á landi séu líka að undirbúa sig fyrir Hvannadalshnúk. „Heilsupósturinn hefur fest sig í sessi og er kominn til að vera,“ segir Arndís.



**GENGIÐ Á MÓSKARÐSHNÚKA** Í febrúar gengu meðlimir í Heilsupóstinum á Móskarðshnúka til þess að æfa sig fyrir Hvannadalshnúk. Kapparnir Ingþór Bjarnason og Haraldur Örn Ólafsson leiddu hópinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR EINKASAFNI

*Eldhús*

# *Rýmum fyrir nýjum innréttingum!*

**60% afsláttur** *afsláttur af sýningareldhúsum*



Hvíttuð eik, spónlagt



60% afsláttur

Spónlagt kirsuberja



50% afsláttur

Hvítt lakkað



50% afsláttur

Natural birki, spónlagt



60% afsláttur

Kirsuber color, gegn heil



60% afsláttur

Gegnheil eik

tvis køkkener

Glæsilegar eldhúsinnréttingar frá einum stærsta og virtasta framleiðanda Danmerkur, TVIS-Kökkener as sem stofnsett var 1952.



60% afsláttur

Gegnheilt birki

## FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ!

INNRÉTTINGAR & TÆKI

www.i-t.is - *fyrir þitt heimili*

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15** | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

## Svona erum við

> Fjöldi gistinótta á gististöðum í janúar




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** FLÓTTAMANNAAÐSTOÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA TIL PALESTÍNUMANNA (UNWRA)

# Sextíu ára gömul neyðaraðstoð

Tilkynnt var í gær að íslenska ríkið myndi tvöfalda fjárframlag Íslendinga til Flóttamannaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna til Palestínumanna (UNWRA).

Verður framlagið um 13,4 milljónir á næsta ári. Einnig fara tvær milljónir í hannyrðaverkefni fyrir flóttakonur á svæðinu, en eitt sérkenna UNWRA er áhersla á atvinnusköpun.

**Hvað er UNWRA?**

UNWRA var stofnað með ályktun Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna 8. desember árið 1949. Stofnunin starfar á Gazaströnd, Vesturbakkanum, í Jórdaníu, Sýrlandi og Líbanon.

Gróflega séð er UNWRA velferðarkerfi þessara flóttamanna og sér þeim meðal annars fyrir grunnmenntun og heilbrigðisþjónustu. Einnig stuðlar UNWRA að atvinnusköpun, sem fyrr segir, og lánar fé til smáfyrirtækja og bágstaddra. Einnig veitir stofnunin neyðaraðstoð, þegar þörf krefur.



**Hvert er umfang starfseminnar?**

Starfsmenn UNWRA eru 23.000 talsins, flestir þeirra palestínskir flóttamenn. Að auki fær fólk í neyð tímabundna vinnu til að sjá fyrir fjölskyldum sínum. Starfsmennirnir eru flestir kennarar, læknar, hjúkrunarfræðingar eða í ýmiss konar samfélagsþjónustu. Þeir þjóna rúmlega fjórum milljónum flóttamanna.

Allir palestínskir flóttamenn sem bjuggu í Palestínu árin 1946 til 1948 og misstu bæði vinnu sína og heimili, njóta aðstoðarinnar. Þetta á við bæði um það fólk sem býr í flóttamannabúðum en einnig fólkið sem býr utan þeirra. Í flóttamannabúðum búa alls 1,3 milljónir Palestínumanna.

**Hvers vegna sinnir UNWRA atvinnusköpun?**

Það er til marks um hversu alvarleg átökin um landsvæði Palestínu eru, að ekki er tjaldað til einnar nætur. Lausn vandans er hvergi í sjónmáli og palestínskir flóttamenn hafa verið í margar kynslóðir landflótta. Því er brýn þörf fyrir atvinnu meðal fólksins.

**SPURT & SVARAÐ**
SYKURFALL



ATLI ÁRNASON
Yfirlæknir Heilsugæslunnar í Grafarvogi.

## *Best að fá sér sykur*

Talið er að Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra hafi fengið sykurfall þegar hann fékk aðsvif í ræðustól á Alþingi í gær. Atli Árnason er yfirlæknir Heilsugæslunnar í Grafarvogi

**Hvað er sykurfall?**

„Sykurfall er lækkun á blóðsykri niður fyrir það sem eðlilegt er talið og nauðsynlegt er, sérstaklega fyrir viðkvæmustu líffærin sem þurfa mest á sykri að halda sér til viðhalds, aðallega heilinn. Þetta getur komið við langvarandi föstu og álag og er algengt hjá sykursýkissjúklingum sem gleyma að borða eftir töku sykursýkislyfja. Ef langt er síðan viðkomandi hefur borðað er möguleiki á því að sykur fari niður fyrir það sem viðkomandi þarf að hafa í blóðsykur."

**Hvernig lýsir þetta sér?**

Áhrifin geta verið margvísleg. Fólk fær yfirliðatilfinningu, titring og jafnvel óraunveruleikatilfinningu þegar því líður illa. Stundum finnst fólki eins og það sé að fara að líða yfir það. Margir verða skelkaðir og vilja ekki leggjast út af en best er að leggjast út af með hátt undir fótum og fá sykur."

**Er þetta algengt?**

„Þetta er ekkert óalgengt en það er misjafnt. Börn eru mjög næm fyrir þessu."

# Tugmilljóna tjón vegna mótmæla

**Hundruð manna hafa verið handteknir undanfarna viku vegna mótmæla við rýmingu Ungdómshússins á Norðurbrú í Kaupmannahöfn. Tjón vegna skemmdarverka er talið nema yfir 150 milljónum króna og verslunareigendur á Norðurbrú hafa tapað milljónum í töpuðum viðskiptum. Fyrri íbúar hússins krefjast þess að yfirvöld færi þeim nýtt hús en borgarstjóri þvertekur fyrir það.**



**ÁTÖK Á GÖTUM KAUPMANNAHAFNAR** Danskir lögreglumenn búnir öryggishjálmum og mótmælendur takast á eftir að Ungdómshúsið var rýmt. NORDICPHOTOS/AFP

Aðgerðir lögreglu vegna rýmingar Ungdómshússins á Norðurbrú í Kaupmannahöfn og mótmælanna í kjölfarið hafa verið einar þær mestu í sögu lögreglunnar í Danmörku. Lögreglan hefur áður verið með mikinn viðbúnað en aldrei áður í jafn langan tíma og nú.

Tilkynnt var í gær að fangelsi Kaupmannahafnar séu að fyllast og einungis sé pláss fyrir hundrað manns þar til viðbótar að því er fréttavefur Politiken greindi frá.

Um 750 manns hafa verið handteknir frá því að mótmælin hófust og þar af sitja tæplega 200 í gæsluvarðhaldi. Margir þeirra sem sitja í gæsluvarðhaldi er ungt fólk sem hefur ekki komist í kast við lögin áður.

**Óeirðaástand skapaðist**

Eftir að lögregla hafði rýmt Ungdómshúsið að morgni 1. mars hófust strax mótmæli fyrir utan og brutust út átök á milli mótmælenda og lögreglu. Stuttu síðar hófust mótmæli í Kristjaníu þar sem vegatálmar voru reistir og bensínsprengjum kastað. Var talið að tilgangurinn væri að draga athygli lögreglunnar frá átökunum við Ungdómshúsið.

Dagana á eftir héldu mótmælaaðgerðir áfram og barst mótmælendum liðsauki erlendis frá. Einnig var efnt til mótmæla í Svíþjóð, Noregi og Ítalíu. Þegar frá leið urðu mótmælin friðsamari.

**Dýrkeypt mótmæli**

Áætlaður kostnaður yfirvalda vegna mótmælanna er yfir 150 milljónir króna. Stærsti kostnaðarliðurinn er laun lögreglumanna og mun sá kostnaður einn vera um 70 milljónir króna. Þar fyrir utan er um að ræða hótelreikninga og uppihald liðsauka lögreglumanna sem barst lögreglunni í Kaupmannahöfn annars staðar frá. Kostnaður við hreinsun eftir mótmælin er talinn verða nálægt 20 milljónum króna meðal annars vegna þess að malbika þarf suma götukafla eftir stóra götubruna.

Vegna mótmælanna hafa viðskiptavinir verslana haldið sig frá Norðurbrú og hafa verslanir verið að tapa tíu til tólf milljónum á dag að sögn Johnny Beyer, formanns samtaka verslunareigenda á Norðurbrú. Telur hann að allt að fjórtán daga taki fyrir verslun að komast í samt lag frá því að óróa vegna mótmælanna ljúki.

Ljóst er að mikill kostnaður fellur á tryggingafélög sem þurfa að bæta bíleigendum tjón en kveikt var í fjölda bíla í mótmælunum. Einnig voru rúður brotnar, kveikt í ruslatunnum, reiðhjólum og fleira.

**Nýtt ungdómshús**

Fyrrum íbúar Ungdómshússins krefjast þess að yfirvöld útvegi þeim nýtt ungdómshús og kallar hópurinn sig Ungdómshús núna! Talsmaður hópsins, Sune Andersen, segir að stjórnmálamenn hafi valið að reka þau nauðug viljug á götuna og því muni hópurinn halda til á götum úti þangað til borgin verði við kröfum þeirra.

Borgarstjóri Kaupmannahafnar, Ritt Bjerregaard, segir að fyrri íbúum Ungdómshússins verði undir engum kringumstæðum gefið nýtt hús og segir það góðsögn að húsið hafi verið gefið ungmennunum skilyrðislaust. Bjerregaard segir sjálfsagt að ungmennin fái hús einhvers staðar í borginni ef einkaaðili er tilbúinn að fjármagna húskaupin. „Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að hægt sé að fallast á slíka lausn – en ég væri til í að sjá þá sem telja það góða hugmynd að búa í næsta nágrenni við það ofbeldi sem gengið hefur á."



**UNGDÓMSHÚSIÐ SYRGT** Margir lögðu blómsveiga og blómvendi í grennd við Jagtvej 69 þar sem Ungdómshúsið var. NORDICPHOTOS/AFP

## SAGA UNGDÓMSHÚSSINS

Ungdómshúsið var reist árið 1890 sem alþýðuhús. Verkalýðshreyfingin starfaði í húsinu sem var í senn vettvangur verkalýðsbaráttunnar og samkomuhús.

Húsið hafði staðið ónotað í nokkra áratugi þegar ungmenni lögðu það undir sig árið 1980 og neituðu að færa sig þaðan. Tveimur árum síðar ákváðu borgaryfirvöld að leyfa ungmennunum að halda til í húsinu. Ýmiss konar menningarstarfsemi hefur farið fram þar á borð við tónleikahald og kaffihúsarekstur.

Árið 1996 varð bruni í húsinu og ekki var gert við húsið eftir það. Undirskriftasöfnun fór af stað meðal íbúa Norðurbrúar í kjölfarið um að húsinu yrði lokað.

Fjórum árum síðar, árið 2000, keypti trúfélagið Faderhuset það. Síðan þá hefur lögregla reynt að koma ungmennunum út úr húsinu án árangurs þangað til 1. mars síðastliðinn þegar sérsveitarmenn og lögregla rýmdu húsið í skipulagðri aðgerð sem gekk hratt fyrir sig.

Niðurrifi Ungdómshússins lauk í fyrradag.



FRÉTTASKÝRING
SIGRÍÐUR D. GUÐMUNDSD.
sdg@frettabladid.is

"Frumbyggjar Kópavogs"

Við erum fædd um miðbik síðustu aldar, óðum drulluna fyrir daga malbiksins og héngum í sjoppunni á Hálsinum. Presley, Bítlarnir og Stones voru á toppnum og Ríó aðal skólabandið.

**Við ætlum að hittast í Félagsheimili Kópavogs föstudaginn 23.mars n.k.**

Húsið opnar kl. 21 --- Inngangur kr. 1.000,-

Allur ágóði rennur til UMHYGGJU styrktarfélags langveikra barna.

vísir www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR



LEGACY
SUBARU
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Elsku Linda mín.
Komdu heim...
og skilaðu bílnum!
2 DAGA REYNSLUAKSTUR SUBARU LEGACY*
SYMMETRICAL AWD
Það er algengt að fólk ánetjist Subaru, enda eiga öryggið, þægindin og aksturseiginleikarnir sér enga hliðstæðu. Þess vegna lánum við þér bílinn í allt að 48 klst. þegar þú kemur í reynsluakstur. Aktu í vinnuna, skutlaðu krökkunum í skólann, verslaðu og heillaðu þína nánustu. Upplifðu Subaru við þínar aðstæður. – Passaðu bara að gleyma ekki að skila honum.
Pantaðu 2 daga reynsluakstur í síma 525 8088
GLITNIR
FJÁRMÖGNUN
* SJÁ SKILMÁLA Á WWW.SUBARU.IS ** Bílasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði og sérkjör hjá Glitni
Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is
Opið: Mán. - fös. kl. 9:00 - 18:00. Lau. 12:00 - 16:00.
Sedan verð frá 2.490.000,- Bílasam. Glitnirs** 30.243,-
Wagon verð frá 2.640.000,- Bílasam. Glitnirs** 32.049,-

# MARS TILBOÐ

## Ferðatölvur í miklu úrvali • Enginn afgreiðslufrestur




### ACER 5633 B

- Intel Core 2 Duo T5500, 1,66GHz
- 2GB DDR2 533MHz minni
- 120GB ATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4" WXGA CrystalBrite skjár
- 128MB GeForce Go 7300 TC256
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

**129.900**

EV10 **12.990** Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði




### ACER 5633

- Intel Core 2 Duo T5500, 1.66GHz
- 1GB DDR2 533MHz minni
- 120GB ATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4" WXGA CrystalBrite skjár
- 128MB Intel GMA950 skjákort
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

**109.900**

EV10 **10.990** ÁMÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði




### ACER 5102

- AMD T64 Dual Core X2 TL50
- 1GB DDR2 533MHz minni
- 120GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4" WXGA CrystalBrite skjár
- 256MB Radeon Xpress 1100
- 5 í 1 minniskortalesari
- Windows VISTA Home Premium

**96.900**

EV10 **9.690** Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði




### ACER 9302

- AMD T64 Dual Core X2 TL50
- 1GB DDR2 533MHz minni
- 80GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17" WXGA CrystalBrite skjár
- 128MB GeForce Go 6100
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

**99.900**

EV10 **9.990** Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði




### SONY VAIO C2SH

- Intel Core 2 Duo T5500, 1.66GHz
- 1GB DDR2 533MHz minni
- 120GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 13,3" WXGA X-BLACK skjár
- 128MB Intel GMA950 skjákort
- Ótrúlega létt aðeins 2.3KG
- Windows VISTA Home Premium

**149.900**

EV10 **14.990** Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði




### ACER 5611

- Intel Core Duo T2050, 1.66GHz
- 1GB DDR2 533MHz minni
- 80GB ATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4" WXGA CrystalBrite skjár
- 128MB Intel GMA950 skjákort
- 5 í 1 minniskortalesari
- Windows VISTA Home Premium

**89.900**

EV10 **8.990** Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði




### ACER 5101

- AMD Turion64 - MK36 2.0GHz
- 1GB DDR2 533MHz minni
- 120GB ATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4" WXGA CrystalBrite skjár
- 128MB Radeon Xpress 1100
- 5 í 1 minniskortalesari
- Windows VISTA Home Premium

**82.900**

EV10 **8.290** Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði




### ACER 3693

- Intel Celeron M430, 1.7GHz
- 1GB DDR2 533MHz minni
- 80GB ATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4" WXGA CrystalBrite skjár
- 128MB Intel GMA950 skjákort
- 5 í 1 minniskortalesari
- Windows VISTA Basic

**76.900**

EV10 **7.690** Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði

Birt með fyrirvara um breytingar og villur




# ACER 5684 FERÐATÖLVA Á ÓTRÚLEGU TILBOÐSVERÐI

**Intel Core 2 Duo**
Core 2 Duo er með tvo örgjörva fyrir enn meiri afköst ef unnið er í mörgum forritum í einu

**CRYSTALBRITE**
Einn besti ferðatölvuskjárinn í dag, ótrúleg skerpa og litadýpt ásamt 16ms hraða

**256MB Go7600**
Eitt öflugasta og besta skjákortið í alla leiki í dag með sjálfstætt 256MB minni

**VEFMYNDAVÉL**
1.3MP innbyggð í skjá með 225° snúningsmöguleika og VOIP tækni fyrir mynd yfir net

**VISTA PREMIUM**
Tölvutek eru einna fyrstir á Íslandi með VISTA í breiðri línu af Acer fartölvum

**NÝJASTA TÆKNIN**
Öflugasta VISTA ferðavélin með Core 2 Duo örgjörva, risa harðdisk, ofur öflugt skjákort, BlueTooth ofl. ofl.

- Intel Core 2 Duo T5600 1.83GHz örgörvi
- 2GB DDR2 533MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400RPM harðdiskur
- 8xDVD +- RW DL skrifari með Slot rauf
- 15.4" WXGA CrystalBrite 16ms skjár
- 256MB GeForce Go7600 skjákort
- 54Mbps þráðlaust net og Gigabit netkort
- 5in1 kortalesari fyrir flest minniskort
- 1.3MP vefmyndavél innbyggð í skjá
- Windows VISTA Home Premium

**149.900**

EVIO **14.990**
Engir vextir í 10 mánuði

# TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

**OPNUNARTÍMAR**
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

EV - Vaxtalaus tilboð eru jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við upphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.611 **+1,60%** **Fjöldi viðskipta:** 693 **Velta:** 9.999 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Kaupþing** | +2,36% | **Atlantic Petrol.** | -1,70% |
| **FL Group** | +1,99% | **Marel** | -0,67% |
| **Actavis** | +1,58% | **Nýherji** | -0,62% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,64 -0,55% ... Actavis 70,60 +1,58% ... Alfesca 4,86 +0,62% ... Atlantic Petroleum 607,50 -1,70% ... Atorka 6,71 -0,30% ... Bakkavör 64,20 +0,94% ... Eimskipafélagið 36,50 +0,28% ... FL Group 30,80 +1,99% ... Glitnir 27,60 +1,47% ... Kaupþing 1.043,00 +2,36% ... Landsbankinn 33,10 +0,30% ... Marel 74,50 --0,67% ... Mosaic Fashions 16,50 +0,00% ... Straumur-Burðarás 21,10 +1,44% ... Össur 127,50 1,19%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Hillir undir viðræðulok**
Viðræður standa enn milli stjórna VBS fjárfestingarbanka og fjárfestingafélagsins FSP en þær hófust um miðjan febrúar. Jón Þórisson, framkvæmdastjóri VBS, býst við að niðurstöður liggi fyrir öðru hvorum megin við helgina og er frekar bjartsýnn þótt ekkert liggi enn fyrir í þeim efnum. FSP, sem er í eigu flestra sparisjóðanna og Icebank, á um 36 prósent hlutafjár í VBS. Hagnaður VBS nam 192 milljónum króna í fyrra en ætla má að hagnaður FSP hafi verið um 550 milljónir króna.




**Skattar ræddir í Danaveldi**
A.P. Møller-Mærsk, Carlsberg og Danisco, eru meðal danskra stórfyrirtækja sem ekki borga neinn fyrirtækjaskatt í Danmörku, hefur Berlingske Tidende eftir Kristian Jensen, ráðherra skattamála, í svari til danska þingsins. Fjögur fyrirtæki meðal 20 stærstu í Kaupmannahafnarkauphöllinni eru ekki sögð hafa borgað krónu í fyrirtækjaskatt árið 2005. Fimm önnur á sama lista eru samtals sögð hafa borgað 300 milljónir danskra króna, eða 3,5 milljarða íslenskra króna. Ellefu fyrirtækin sem eftir standa borguðu hins vegar 9,5 milljarða danskra króna í skatt, eða 112 milljarða íslenskra. Carlsberg skýrir þetta með miklum tekjum í útlöndum og þar sé skatturinn líka greiddur, auk þess sem mikið sé fjárfest utan Danmerkur.

## MARKAÐSPUNKTAR

Seðlabanki Evrópu hækkaði stýrivexti sína í gær um 25 punkta. Vextir á evrusvæðinu eru nú 3,75 prósent og hafa ekki verið hærri í fimm ár. Danski seðlabankinn fylgdi fordæmi þess evrópska, enda danska krónan tengd við evruna.

Seðlabanki Englands hélt sínum stýrivöxtum óbreyttum, en vextir þar í landi eru 5,25 prósent.

Actavis hf. hefur gert samning við Kaupþing banka hf. um viðskiptavakt á útgefnum hlutabréfum félagsins og er tilgangurinn að efla viðskipti með bréf félagsins.

# Gætu aukið eigið fé um 150 milljarða

### Fjárfestingargeta Kaupþings færi í 300-400 milljarða.

Stjórn Kaupþings leggur það til við aðalfund í lok næstu viku að henni verði heimilað að hækka hlutafé um fimmtung, það er 150 milljónir nýrra hluta.

Jafnframt er lagt til að hluthafar falli frá forkaupsrétti sínum en stjórn hafi þó heimild til að selja nýja hlutaféð, að hluta eða öllu leyti, til einstakra hluthafa.

Jónas Gauti Friðþjófsson, sérfræðingur hjá Greiningu Glitnis, segir að þessi tillaga komi honum ekki á óvart, enda hafi bankinn yfirlýst markmið um ytri vöxt. „150 milljón hlutir gæfu þeim 150 milljarða króna miðað við gengið 1.000 krónur á hlut. Síðan eykst svigrúm við töku víkjandi lána. Eiginfjárstaða bankans er nokkuð rúm ennþá þannig að við gætum verið að tala um 300-400 milljarða innkaupagetu að gefnum þessum forsendum.“

Hlutabréf í Kaupþingi hækkuðu um 2,45 prósent í gær og var lokagengið 1.044 krónur á hlut.

- eþa

# Horft fram hjá lækkandi vaxtamun í þjóðfélagsumræðunni

### SPRON fengi 4 milljarða í vexti ef hlutabréf yrðu seld og fjárhæðin lögð inn í SÍ.

Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri SPRON, sagði á aðalfundi sparisjóðsins sem haldinn var í gær, að vaxtamunur sparisjóðsins hefði verið 1,6 prósent á síðasta ári samanborið við 2,4 prósent árið 2005. Vaxtamunur hafi verið enn meiri þegar litið er lengra aftur í tímann. „Þetta eru staðreyndir málsins. Vaxtamunur á Íslandi hefur farið lækkandi undanfarin ár og það er með ólíkindum að öðru skuli blákalt haldið fram í þjóðfélagsumræðunni.“

Þá minntist Guðmundur á að rekstrartekjur, til dæmis af hlutabréfum, hefðu vaxið hratt hjá SPRON og skipti nú sköpum hvað afkomu sjóðsins snerti. Rekstrartekjur SPRON af hlutabréfum námu 11,8 milljörðum króna í fyrra en hagnaður eftir skatta rúmum níu milljörðum króna.




**GOTT ÁR AÐ BAKI** Ávöxtun stofnfjáreigenda í Spron var afar góð síðastliðið ár. Í máli Guðmundar Haukssonar sparisjóðsstjóra kom fram að vaxtamunur inn- og útlána hefði verið 1,6 prósent í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Í þessu sambandi er nauðsynlegt að hafa í huga að fjárfestingar okkar í hlutabréfum nema um 30 milljörðum í lok síðasta árs og að þær skila ekki vaxtatekjum. Ef við seldum þessi hlutabréf og settum andvirði þeirra inn á reikning í Seðlabanka fengjum við liðlega fjóra milljarða í vaxtatekjur á ári miðað við núverandi vaxtastig.“

Í ræðu Hildar Petersen, stjórnarformanns SPRON, kom fram að áhugi fjárfesta á stofnfjárbréfum hefur stóraukist. Stofnfjáreigendum fjölgaði um 45 prósent í fyrra og voru 1.191 í árslok.

„Gengi stofnfjárbréfa hefur líka verið fjárfestum mjög hagfellt því það vill svo til að það hefur endurspeglað arðsemi SPRON og hækkaði um 57 prósent á síðasta ári, sem er langt umfram 16 prósenta hækkun Úrvalsvísitölunnar í Kauphöllinni. Það gagnkvæma traust sem ríkt hefur milli stofnfjáreigenda og stjórnenda SPRON hefur verið lykillinn að þeim ævintýralega vexti og arðsemi sem síðastliðin tvö ár hafa skilað hjá SPRON,“ sagði Hildur.


# Aðalfundur Icelandic Group hf.

## 23. mars 2007

**Aðalfundur Icelandic Group hf. verður haldinn föstudaginn 23. mars 2007 á Nordica Hótel að Suðurlandsbraut 2 og hefst fundurinn kl. 16.00.**

**Á dagskrá fundarins verða:**

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur félagsins lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnar félagsins.
5. Stjórnarkjör.
6. Kjör endurskoðenda.
7. Tillaga um starfskjarastefnu.
8. Tillögur um nýjar samþykktir þar sem helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:
   a. Ákvæði í 4. gr. um rafræna þátttöku í hluthafafundum og rafræna hluthafafundi.
   b. Ákvæði í grein 4.13 um að á dagskrá aðalfundar verði tillögur um starfskjarastefnu.
   c. Ákvæði í 5. gr. um upplýsingar um framboðstilkynningu þeirra sem gefa kost á sér til stjórnarsetu.
   d. Ákvæði um lengd boðunartíma í grein 4.17 breytt á þann veg að boðunartími er styttur úr tveimur vikum hið skemmsta í eina viku hið skemmsta.
   e. Breyting á skilmálum í 15. gr. um heimild félagsins til lántöku með sérstökum skilyrðum.

   Að öðru leyti er einungis um að ræða endurröðun greina og breytingar á orðalagi samþykkta.
9. Önnur mál.

**Hluthöfum er sérstaklega bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér.**

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund. Ennfremur verður hægt að nálgast þær á vefsíðu félagsins *www.icelandic.is* eða á aðalskrifstofu félagsins frá sama tíma.

**Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á aðalfundardaginn frá kl. 14.00 á fundarstað Nordica Hótel.**

*Reykjavík 8. mars 2007.*
*Stjórn Icelandic Group hf.*

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

ICELANDIC GROUP


# Straumur-Burðarás hugsanlega úr landi

Straumur-Burðarás verður hugsanlega færður til Bretlands eða Írlands. Þetta kom fram í ræðu Björgólfs Thors Björgólfssonar, stjórnarformanns Straums-Burðaráss, á aðalfundi bankans í gær.

Nýleg reglugerð sem þrengir verulega heimild fjármálafyrirtækja til að gera upp í erlendri mynt er ástæðan fyrir þessum hugmyndum. Stjórn Straums-Burðaráss ákvað síðla síðasta árs að uppgjörsmynt bankans yrði evra. Björgólfur sagði ljóst að íslensk fjármálafyrirtæki, sem hafi um helming tekna sinna af starfsemi sinni erlendis, geti ekki unað því að þrengt verði að kostum þeirra með sértækum aðgerðum hér á landi.

Í máli Björgólfs kom einnig fram að stjórnendur félagsins leita nú nýs nafns á félagið. Hið rammíslenska nafn Straumur-Burðarás hafi reynst vel. Það sé hins vegar ólipurt í framburði fyrir útlendinga sem ekki þekkja íslenska sérhljóða.



**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON** Stjórnarformaður Straums-Burðaráss á aðalfundi bankans í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Á fundinum var tillaga stjórnar um að heimild fengist til að gefa út hlutafé í sömu mynt samþykkt. Það var sjálfkjörið í stjórn bankans. Björgólfur fagnaði sérstaklega komu bandaríska fjárfestisins James Leitner í stjórnina. Félag hans á að nafnvirði hundrað milljónir króna í Straumi-Burðarási.

- hhs

# Nýr valkostur

## verslun fyrir bygginga- og framkvæmdaaðila



4.310 kr.

kastarar



12.320 kr.

áltrappa



frá 690 kr./m²

plastparket

borvél



Porsche

29.900 kr.

verkfæra-kassi



1.390 kr.

sturtuhaus



2.490 kr.



flísar

Gegnheilar/frostþolnar

2.790 kr./m²

skiptilyklar



frá 973 kr.

Verð er birt með fyrirvara um prentvillur.

Opnunartími: Mán. – fös. kl. 8-18.

MEST / Malarhöfða 10, Reykjavík
Norðlingabraut 12, Norðlingaholti, Reykjavík
Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði / Hringhellu 2, Hafnarfirði
Hrísmýri 8, Selfossi / Leiruvogi 2, Reyðarfirði
Sími 4 400 400 / Fax 4 400 401 / mest@mest.is / www.mest.is

Komdu við í verslun MEST í Norðlingaholti.



mest

– allt til bygginga

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Enn er langt í land í jafnréttisbaráttunni.

## Fleiri herskáa femínista

JÓN KALDAL SKRIFAR

Áttundi mars er alþjóðlegur baráttudagur kvenna, 19. júní er helgaður kvenréttindum og þann 24. október er „kvennafrídagsins“ minnst. Getur verið að þörf sé á öllum þessum sérstökum dögum til að hamra á auknum rétti kvenna, rétt eins og þær séu minnihlutahópur? Konur eru jú, um helmingur mannkyns.

Hið sorglega svar er já, það er þörf og hún er brýn.

Íslenskar konur eru sem betur fer komnar lengra í jafnréttisátt en kynsystur þeirra í ýmsum fjarlægum löndum. En þegar litið er yfir sviðið er ójafnréttið í íslensku samfélagi að mörgu leyti sláandi.

Dæmin eru mörg. Eitt nærtækt er hversu hefðbundin kvennastörf eru illa metin. Umönnun sjúkra og aldraðra, kennsla og gæsla barna eru meðal starfa sem konur hafa sinnt í gegnum tíðina. Þetta eru grundvallarverkefni sem ekkert samfélag fær þrifist án, en þó eru þetta þau störf sem samfélag okkar metur hvað minnst. Að minnsta kosti ef eitthvað er að marka þá launataxta sem þessum stéttum er boðið upp á.

Og staða kvenna er veik víðar. Þær eru í minnihluta á Alþingi, í sveitarstjórnum og við stjórnunarstörf í einkafyrirtækjum. Það er lítið mál að hafa þennan lista mun lengri.

Ekki líta fjölmiðlar til dæmis vel út þegar þeir eru skoðaðir með jafnréttisgleraugunum. Rannsóknir hafa ítrekað sýnt að miklu oftar er rætt við karla en konur í flestum, ef ekki öllum, efnisflokkum allra miðla.

Ábyrgð okkar fjölmiðlafólks er mikil. Það hefur lengi verið viðkvæðið í blaðamannastétt að mun erfiðara sé að fá konur til að tjá sig en karla þegar leitað er til þeirra. Það er sitthvað til í því. Meginskýringin er eflaust sú að konur eru ekki jafn hvatvísar og karlar, sem sumir hverjir eru tilbúnir að mæta og ræða hlutina jafnvel þótt þeir hafi takmarkaða þekkingu á umræðuefninu. En þetta er engin afsökun. Konur eiga auðvitað ekki að gjalda þess að vera varkárari, við getum líka sagt klárari, en karlarnir í þessum efnum.

Það stendur upp á fjölmiðlafólk að lagfæra þennan skort á jafnvægi kynjanna. Vel getur verið að það kosti tímabundið meiri vinnu að fjölga kvenviðmælendum. En það er hins vegar nokkuð víst að þegar kvenfyrirmyndunum fjölgar verður sú vinna sjálfkrafa auðveldari.

Ákveðinn hópur femínista spratt á dögunum fram á sviðið með háværum mótmælum gegn komu útlendra framleiðenda fullorðinsefnis, sem sumir kalla klám. Þetta eru herskáar konur sem tala tæpitungulaust. Þær eru hressileg viðbót í íslenskan umræðukúltúr.

Vissulega truflar sitthvað í fasi þeirra, til dæmis hin bjargfasta efaleysi um að þær hafi rétt fyrir sér en aðrir rangt, en um leið er ekki fram hjá því komist að slík sannfæring kemur hreyfingu á málin. Og það er jákvætt því það er margt sem þarf að laga.

Áfram stelpur!

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sturlaðar samgöngur

Auglýsingar stjórnmálaflokka eru farnar af stað og áhugavert að fylgjast með þeim áherslum sem þar eru dregnar fram. Í fréttablaðinu Feyki á Norðurlandi vestra birtist orðaleikurinn „Burt með sturlaðar samgöngur“. Setningin kemur frá Samfylkingunni sem lofar í sömu auglýsingu gjaldfrjálsum ferðum í Hvalfjarðargöng. Ekki er vitað hvort norðanmenn stökkva hæð sína í loft upp af gleði þótt lofað sé fríum ferðum í göng sem staðsett eru í öðrum landshluta en því má velta fyrir sér hvort Sturla Böðvarsson sé sturlaður af reiði vegna þessarar auglýsingar.



### Nýjungar Framsóknar

Í aðdraganda síðustu kosninga brosti Halldór Ásgrímsson sínu breiðasta í auglýsingum fyrir Framsóknarflokkinn og þótti það mikil nýjung. Því er enn ósvarað hvort framsóknarmenn hyggi á nýjungar nú en lesendur eru beðnir um að giska á hvaða leiðtogi Framsóknarflokksins lét eftirfarandi ummæli falla og hvenær. „Við framsóknarmenn setjum manngildi ofar auðgildi og við viljum efla íslenska þjóðmenningu. Við viljum setja þjóðlega félagshyggju og samvinnuhugsjónir í öndvegi. Við stefnum að framför landsins alls, allra byggða og þjóðarinnar allrar.“ Vísbendingarnar: Það var ekki Jónas frá Hriflu sem þetta sagði og ræðan var haldin eftir 1950.



### Enn að Baugsmálinu

Nú virðist vera að draga til tíðinda í Baugsmálinu. Hingað til hefur mesta spennan verið um hvernig bindi Jakob Möller, verjandi Tryggva Jónssonar, ber en glöggir fréttaunnendur hafa bent á að hann hafi ekki mætt til leiks með sama bindið í gegnum öll réttarhöldin. Líkur eru á að fólk fari að hlusta eftir því sem sagt er.



karen@frettabladid.is

# Ævintýri líkast



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

Í DAG | Skattar

*Nú er hinum miklu framkvæmdum á hálendinu að ljúka hér og hætt við niðursveiflu í atvinnulífinu. Þá er einmitt rétti tíminn til að ráðast í frekari skattalækkanir.*

Árið 1991, þegar tekjuskattur á fyrirtæki var 45%, skilaði hann tveimur milljörðum króna í ríkissjóð. Árið 2007, þegar skatturinn er kominn niður í 18%, er gert ráð fyrir, að hann skili 34 milljörðum króna í ríkissjóð. Þetta er ævintýri líkast, eflaust einhver best heppnaða skattalækkun sögunnar. Þetta er skýrt dæmi um hinn svokallaða Lafferboga, sem bandaríski hagfræðingurinn Arthur Laffer rissaði í desember 1974 upp á munnþurrku í veitingahúsi í Washington-borg. Laffer-boginn er líkastur liggjandi hálfhring og sýnir, hvernig skatttekjur (í $) rísa með auknni skattheimtu (í %), uns kemur að ákveðnum takmörkum, en eftir það falla skatttekjurnar, jafnvel þótt skattheimtan sé aukin. 100% skattheimta skilar ekki krónu í ríkissjóð fremur en 0% skattheimta.

Ronald Reagan Bandaríkjaforseti tók hugmyndina að baki Laffer-boganum upp, þegar hann beitti sér fyrir stórfelldum skattalækkunum: Skatttekjur ríkisins geta aukist, þótt skattheimtan minnki, vegna þess að skattalækkanir örva fólk og fyrirtæki til dáða. Andstæðingar Reagans kölluðu þetta „voodoo“-hagfræði, en þetta er forn speki. Jón Þorláksson fjármálaráðherra sagði á Alþingi 1925: „Það er almenn regla, viðurkennd af sérfræðingum í skattamálum í meira en 100 ár, að takmörk eru fyrir því, hve mikið má hækka einstaka skatta; þegar komið er að þessu takmarki, leiðir frekari hækkun ekki til aukningar á skatttekjum, heldur til lækkunar á þeim.“ Og öfugt: Þegar komið er fram yfir þau takmörk, sem Jón Þorláksson talaði um, leiðir lækkun skattanna til aukningar á skatttekjum.

Nú er hinum miklu framkvæmdum á hálendinu að ljúka hér og hætt við niðursveiflu í atvinnulífinu. Þá er einmitt rétti tíminn til að ráðast í frekari skattalækkanir. Ef tekjuskattur á fyrirtæki er lækkaður niður í 10%, þá verður hann jafnlágur og í ýmsum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, en lægri en á Írlandi, þar sem hann er 12,5%. Írar hafa náð góðum árangri í að laða til sín fjármagn og fyrirtæki. Við ættum að geta gert enn betur. Eins og reynsla okkar sýnir, þarf minni skattheimta ekki að hafa í för með sér lægri skatttekjur, heldur jafnvel hærri. Fyrirtæki munu sjá sér hag í að setjast að hér frekar en í löndum Evrópusambandsins, þar sem þrengt er að þeim á ýmsan veg.

Jafnframt þarf að lækka tekjuskatt á atvinnutekjur til jafns við fjármagnstekjur. Nú greiða menn 35,78% skatt af atvinnutekjum, en ekki 10% af fjármagnstekjum, heldur 26,2% í raun. Þetta sést á einföldu dæmi. Maður á fyrirtæki, sem græðir 1 millj. kr. Fyrirtækið greiðir því 180 þús. kr. í tekjuskatt. Eigandinn hirðir eftir það arð, 820 þús. kr. Af honum verður hann að inna af höndum 82 þús. kr. í fjármagnstekjuskatt. Samtals hefur hann því greitt í tekjuskatt 262 þús. kr. eða 26,2% af heildartekjunum. Ef fjármagnstekjuskattur og tekjuskattur á fyrirtæki eru hvorir tveggja 10%, þá ætti tekjuskattur á einstaklinga að vera 19%, eins og sést á sama dæmi. Maður á fyrirtæki, sem græðir 1 millj. kr. Fyrirtækið greiðir 100 þús. kr. í tekjuskatt. Eigandinn hirðir eftir það arð, 900 þús. kr. Af því verður hann að inna af höndum 90 þús. kr. í fjármagnstekjuskatt. Samtals greiðir hann því í tekjuskatt 190 þús. kr. eða 19% af heildartekjum.

Um leið og tekjuskattur á fyrirtæki yrði lækkaður í 10% og á einstaklinga í 19%, þyrfti að fella niður skattgreiðslur af söluhagnaði af hlutabréfum og verðbréfum, eins og Geir H. Haarde forsætisráðherra hefur bent á. Þetta eru í raun ekki tekjur, heldur innlausn eigna. Fyrirtæki hafa getað frestað skattgreiðslum af þessu endalaust, en ef þau vilja það ekki, þá hafa þau flust til útlanda, sem er óæskilegt. Það er betra, að fjármagnseigendur séu á Íslandi og greiði hér lága skatta en að þeir komi sér fyrir í öðrum löndum og greiði hér enga skatta. Íslenska ævintýrið heldur áfram, ef við víkjum ekki af íslensku leiðinni, sem felst í lækkun skatta og aukinni verðmætasköpun.

# 126 ár að vinna upp í morgunverk bankastjóra

UMRÆÐAN

Misskipting



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Á fyrstu áratugum síðustu aldar tíðkaðist það fyrirkomulag á bátum og skipum að háseti fengi einn hlut, skipstjóri þrjá en stýrimaður, vélstjóri og kokkur voru þar á milli. Með öðrum orðum; tekjumunurinn var einn á móti þremur.

Ég veit ekki hvað sjómenn síðustu aldar hefðu sagt ef þeir hefðu heyrt um tekjuskiptinguna hjá íslenskum fjármálastofnunum nú um stundir. Til dæmis hjá Glitni. Þar átti einn forstjórinn viðskipti við sjálfan sig eina morgunstund fyrir fáeinum dögum. Þau viðskipti gáfu honum rúmar 380 milljónir í vasann. Morgunstund gefur gull í mund var einhvern tímann sagt.

Ekki veit ég nákvæmlega hvað almennir starfsmenn Glitnis fá í sinn hlut fyrir sín störf en hitt veit ég að það tæki einstakling með 250 þúsund króna mánaðartekjur 126 ár að vinna sér inn þessa upphæð. Þetta eru náttúrulega smámunir ef haft er í huga að viðkomandi forstjóri og hans nánustu félagar eiga rúma sex milljarða eignarhlut í sama fyrirtæki. Ég átti samtal við bankastjóra í öðrum banka fyrir fáeinum dögum. Ég spurði hvort það væri rétt að einn aðaleigandi þess banka hefði hagnast um milljarð á mánuði frá því ríkisstjórnin einkavæddi bankann og færði honum hann fyrir fáeinum árum. Viðmælandi minn sagði að þetta væri rangt. Upphæðin væri talsvert hærri.

Fjölmiðlar – með undantekningum þó – láta sér fátt um þessa þróun finnast þótt manna á milli sé þetta mikið rætt. En fáir láta sér lengur koma til hugar að gera samanburð á milli launaþróunar ofurlaunamannsins annars vegar og verkamannsins hins vegar. Getur verið að það sé vegna þess að menn telji aðstæður þeirra svo gjörólíkar, að þeir séu hreinlega ekki af sama heimi?

Ef svo er þá erum við komin ansi langt frá hlutaskiptum fyrri tíðar. Við erum þá ekki lengur á sama bátnum, ein þjóð í einu landi, heldur tvær óskyldar þjóðir.

Íslenskt þjóðfélag hefur tekið miklum breytingum á hálfum öðrum áratug. Þegar ég kemst svo að orði minnir ein ágæt vinkona mín mig jafnan á, að þjóðfélagið hafi ekki breyst af sjálfu sér – því hafi verið breytt. Það séu gerendur þar á bak við.

Hyldjúp gjá á milli þjóðfélagshópa er birtingarmynd þessara breytinga. Skyldu þeir stjórnmálaflokkar sem eru valdir að því að sundra samfélaginu vera ánægðir með morgunverk sín?

*Höfundur er alþingismaður.*

# 1. FLOKKS FERMINGARGJAFIR






## CASIO DSP HRISTIVÖRN

SUPER LIFE BATTERY

EXILIM ZOOM

**Casio EXZ60**
Örsmá Digital MYNDAVÉL með 6 milljóna punkta upplausn, BESTSHOT, 2,5" LCD skjá, 3x Opitcal Zoom og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, Anti Shake DSP hristivörn, hreyfimyndatöku með hljóði, 8.3Mb minni og rauf fyrir SD kort. **Rafhlaða endist í 180 myndir.**

ÖRÞUNN STAFRÆN VÉL

**TILBOÐ 19.995**

FULLT VERÐ **29.995**



**Philips MC145**
8w MIKRÓSAMSTÆÐA með geislaspilara, segulbandi og FM útvarpi með stöðvaminnum, Dynamic Bass Boost, 2-way hátölurum, heyrnartólstengi og fjarstýringu.

**PHILIPS** Spilar CD-R/RW

**TILBOÐ 9.995**

FULLT VERÐ **11.995**



DVD VIDEO — DIVX VIDEO

**Philips MCD295**
2x30w HLJÓMTÆKJASAMSTÆÐA með fjölkerfa DVD SPILARA, Dolby Digital, Digital Sound Control og Dynamic Bass Boost, útvarpi með stöðvaminnum, kassettutæki, SVHS og CVBS tengi, Aux inn- og útgangur, Digital Coaxal og Subwoofer útgangur og fjarstýringu.

**PHILIPS** Spilar DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX – CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG

MEÐ DVD SPILARA

**TILBOÐ 23.995**

FULLT VERÐ **27.995**



**PHILIPS** DVD VIDEO

**Philips PET706**
Glæsilegur fjölkerfa DVD FERÐASPILARI með 7" LCD breiðtjaldsskjá, hristivörn, Dolby Digital, AV inn/út og 2 heyrnartólstengjum,Digital Coaxal útgangi, hleðslurafhlöðu, spenni fyrir 110-240V - 50/60Hz, tengi í bíl og fjarstýringu.

DVD FERÐASPILARI

Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD – CD, CD-R/RW, MP3, JPEG

**VERÐ 24.995**

FRÁBÆRT VERÐ



**PHILIPS** DIVX VIDEO

Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0/Ultra – Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG

**Philips HTS3115**
HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DivX DVD SPILARA, 500w (4x75w og 2x100w RMS) Digital magnara, Video Upscaling í 720p/1080i, 2 framhátölurum á gólf, miðja, 2 litlir bakhátalarar og Bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með stöðvaminnum, SCART (með RGB) og HDMI tengi, Aux inn og fjarstýringu.

**TILBOÐ 34.995**

FULLT VERÐ **39.995**




SJÓNVARP OG TÖLVUSKJÁR

12V og 220V

**Enox LTV7315HD**
15" LCD SJÓNVARP með 1024x768 punkta upplausn, Progressive Scan, 500:1 skerpu, 12V og 220V, 12w Nicam Stereó hljóðkerfi, Scart, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fFjarstýringu.

**VERÐ 34.995**

FRÁBÆRT VERÐ



**PHILIPS**

**Philips HP4642**
Vandað SLÉTTUJÁRN með keramik húð og Professional styling temperature. Hitnar á 30 sek. 6 hitastillingar.

**TILBOÐ 4.995**

FULLT VERÐ **5.995**

**PHILIPS**

**Philips HQ6710**
**PHILISHAVE** Cool Skin Basic **RAKVÉL** með NIVEA geli fyrir mýkri rakstur, Cool skin hnífum, bartskera og 45 mín. hleðslu. Vatnsheld - má nota í sturtu.

COOL SKIN

**TILBOÐ 9.995**

FULLT VERÐ **14.995**



**Heimilistæki**
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT www.ht.is

**REYKJAVÍK** SÆTÚNI 8 SÍMI 569 1500 | **AKUREYRI** GLERÁRGÖTU 36 460 3380 | **SELFOSS** EYRARVEGI 21 480 3700

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

# Er Framsókn korktappinn í hafinu?

**UMRÆÐAN**
Framsókn

Það fer ekki hjá því að maður velti fyrir sér hvort hægt sé að segja hvað sem er í stjórnmálaumræðunni, án þess að það hafi nokkra þýðingu. Í ræðu Jóns Sigurðssonar, formanns Framsóknarflokksins, á föstudag sagði hann stjórnarandstöðuna ætla að efna til eyðsluveislu á kostnað almennings og hún stefndi að því að rústa ríkissjóð á mettíma. Engin rök voru færð fram fyrir þessari fullyrðingu. Það er Framsóknarflokkurinn sem lofar nú milljónatugum og hundruðum á báðar hendur, ekki Samfylkingin. Jón Sigurðsson er of merkilegur maður til að færa stjórnmálaumræðuna niður á þetta plan.


ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Mesta athygli vekur samt falsettudúett Sivjar Friðleifsdóttur og Jóns. Siv setti fram hótun í garð samstarfsflokksins um stjórnarslit ef ekki yrði sett ákvæði um þjóðareign á auðlindum í stjórnarskrá. Jón hefur síðan verið óþreytandi að halda því fram að Siv hafi sagt eitthvað allt annað en hún sagði. Siv sagði að „ef að við náum ekki að klára það, að þá geti það haft áhrif á þetta ágæta stjórnarsamstarf, að það geti trosnað verulega þannig að við ef til vill sjáum hér þá einhvers konar minni hlutastjórn eða starfsstjórn fram að kosningum“. Þessi orð eru hótun um stjórnarslit en ekki lýsing á alvöru málsins eða áhyggjum af málinu eða lýsing á einurð framsóknarmanna, eins og Jón Sigurðsson sagði í Silfri Egils á sunnudag.

*Þessi orð eru hótun um stjórnarslit en ekki lýsing á alvöru málsins eða áhyggjum af málinu eða lýsing á einurð framsóknarmanna, eins og Jón Sigurðsson sagði í Silfri Egils á sunnudag.*

Það er Framsóknarflokknum til minnkunar að spila út stórum yfirlýsingum og vera svo kominn á harðahlaup frá þeim hálfum sólarhring seinna. Þetta flokksþing bendir til að nú eigi að vinna kosningar út á lýðskrum og yfirboð. Skyndilega á að snúa til baka með framkvæmd þjóðlendulaga, þótt flokkurinn hafi haft til þess öll tækifæri árum saman. Síðan er daðrað við afnám verðtryggingar, sem allir vita að verður ekki hrint í framkvæmd á meðan við notumst við krónuna.

Einu sinni vann Framsókn kosningar út á að vera kletturinn í hafinu, táknmynd stöðugleika, raunsæis og yfirvegunar. Þetta flokksþing bendir til að Framsókn ætli sér það hlutskipti að verða korktappinn í hafinu.

*Höfundur er lögfræðingur og skipar 4. sætið á lista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.*

# Öskutunnan Ísland

**UMRÆAÐN**
Stækkun í Straumsvík

Ég bý í Hafnarfirði – ennþá. Ég hélt satt að segja þegar ég flutti hingað að ég væri að velja fallegt umhverfi hjá góðu fólki sem bæri fyrst og fremst virðingu fyrir umhverfi sínu. Það hefur alltaf verið eitthvað skemmtilega þorpslegt við Hafnarfjörð og fólkið þar einstaklega hlýlegt og vingjarnlegt.

Umræðan í fjölmiðlum síðustu daga hefur gert mig uggandi um skynsemi Hafnfirðinga. Ef peningaaðilar fá hér að ráða í framtíðinni þá mun Hafnarfjörður verða höfuðstaður öskutunnunnar Íslands, landsins sem mengar mest í heimi og landsins þar sem fáfræði og peningagræðgi er ofar öllu öðru. Samtök sem nefna sig „Hagur Hafnarfjarðar“ fara mikinn um þessar mundir og þar er eytt milljónum króna í auglýsingaherferðir þar sem Hafnfirðingar eru hvattir til að kjósa á þann veg að hið óhugnanlega álver fái að breiða úr sér eins og skrímsli um allan Hafnarfjörð – annars missi starfsmenn álversins vinnuna sína. Hvernig dettur nokkrum manni í hug að bera síkt bull á borð fyrir hugsandi fólk? Skoðið heimasíðu álversins. Það mun enginn missa vinnuna næstu 20 árin þó álverið stækki ekki en það munu fjölmargir missa heilsuna ef af þessari stækkun verður. Mín heilsa er í húfi og ykkar líka – og þið skammsýnu peningagráðu Íslendingar sem viljið eyðileggja náttúru Íslands með stóriðjumengun, þið eruð að drepa afkomendur ykkar! Stækkun álversins í Straumsvík þýðir að mengunin eykst um það magn sem nemur eitrinu frá öllum bílaflota Íslandinga á einu ári.

*Framgangur bæjaryfirvalda er með eindæmum þessa dagana. Það er leyndarmál hvað Bæjarstjóranum í Hafnarfirði finnst um stækkun álversins í Straumsvík!*


MARGRÉT KRISTINSDÓTTIR

Ég studdi Samfylkinguna þegar ég flutti í þennan fallega bæ – einfaldlega vegna þess að Ingibjörg Sólrún er yfirburðamanneskja á allan hátt og ég batt miklar vonir við þau samtök. Samfylkingin í Hafnarfirði hefur svo gjörsamlega skotið þessa fylkingu í kaf með heimskulegum aðgerðum undanfarin ár. Hvernig datt þessum stjórnmálamönnum í hug í fyrsta lagi að selja álverinu landið þar sem viðbótarálverið á að rísa án þess að bera það undir Hafnfirðinga? Framgangur bæjaryfirvalda er með eindæmum þessa dagana, hver pótintátinn á fætur öðrum lýsir því yfir að enginn megi vita hvað þeir ætli að kjósa núna í lok mars. Það er leyndarmál hvað Bæjarstjóranum í Hafnarfirði finnst um stækkun álversins í Straumsvík!

Nú spyr ég: halda menn að það sé einhver tilviljun að fylgið hrynur af Samfylkingunni og að Vinstri Grænir eru miklu stærri stjórmálaflokkur í dag heldur en Samfylkingin?

Það er öskutunnustefna Samfylkingarinnar í umhverfismálum sem er búin að eyðileggja þann flokk. Ég bið Ingibjörgu Sólrúnu vinsamlegast um að hætta í þessum vonda félagsskap og ganga til liðs við stjórnmálaafl sem hefur á stefnuskrá sinni að vernda náttúru Íslands. Að lokum frábið ég mér að það sé reynt að troða inn í mig samviskubiti yfir að gera þá sem vinna í álverinu í Straumsvík atvinnulausa. Það er lygi og það vita það allir. Álverið stórgræðir á því að fá hér á Íslandi nánast ókeypis raforku til að menga heiminn og það verður hér starfandi næstu áratugi – án þess að það stækki - hvort sem okkur líkar betur eða verr. Svo bendi ég þeim á, sem eru fyrst og fremst að hugsa um peninga, að það eru einungis 1 – 2% af tekjum Hafnarfjarðarbæjar sem koma frá álverinu. Farið hefur fé betra.

*Höfundur er fyrrum stuðningsaðili Samfylkingarinnar.*

# *Hugmyndafræðin skynseminni yfirsterkari*

**UMRÆÐAN**
Sjávarútvegur

Það er ætíð áhyggjuefni þegar stjórnmálamenn fylgja einhverri hugmyndafræði í blindni burtséð frá því hvað bitur reynsla og skynsemi segir. Síðasta öld geymir því miður alltof mörg dæmi um mikla stjórnmálaleiðtoga sem leiddu þjóðir í hörmungar og fjötra vegna einstefnulegs hugmyndafræðilegs rétttrúnaðar.

Heilu samfélögin voru undirlögð og látin snúast í kringum rétttrúnaðinn, hvort sem það voru listir eða vísindi þeirra tíma. Gott dæmi um undirspil vafasamra vísinda og einstrengingslegrar hugmyndafræði er hvernig líffræðikenningar sovéska líffræðingsins Trofim Lysenko óðu uppi í samfélagi kommúnista og rústuðu lífsafkomu bænda.

Illugi Gunnarsson, frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins, birti grein á sunnudaginn var, 4. mars, þar sem skýrt kemur fram sú skoðun að séreignarréttur á nýtingu náttúruauðlinda og þar með talið fiskistofna sé einhver grunnforsenda þess að vel takist að nýta fiskveiðiauðlindina með heildarhagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi.

Þessu er slegið fram og einungis vitnað í einhverja hugmyndafræði en ekki neina reynslu íslensku þjóðarinnar sem hefur búið við meint draumakerfi Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks þar sem aðgangur að auðlindinni hefur verið leigður og seldur eins og um hverja aðra séreign væri að ræða.

Það er auðvitað ekki tilviljun að Illugi Gunnarsson sem fylgir hugmyndafræðilegri stefnu í blindni nefnir ekki nein dæmi fullyrðingum sínum til stuðnings þar sem reynsla Íslendinga af draumakerfinu er mjög bitur.

*Það er gríðarlega mikilvægt að snúa sem fyrst af þeirri leið sem stjórnarflokkarnir hafa farið í nýtingu og afhendingu auðlinda og eigna Íslendinga.*

Það hefur ekkert gengið með meinta uppbyggingu þorskstofnsins sem hvílir á mjög vafasamri líffræði svo ekki sé meira sagt.

Þorskveiðin nú er helmingi minni en fyrir daga kvótakerfisins en samt sem áður vill helsti ráðgjafi ríkisstjórnarinnar og sérfræðingur Hafró meina að óbreytt stefna gæti aukið líkur á að þorskstofninn við Ísland dæi út. Ég þarf vart að taka það fram að ég er langt frá því að vera sammála þessu mati.

Stærstu og öflugustu fyrirtækin, s.s. Grandi, eru metin verðmætari ef þau eru brotin upp og seld í bútum þrátt fyrir að hafa farið í gegnum ótal sameiningar og meinta hagræðingu.


SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

Á síðasta áratug hafa skuldir útvegsins þrefaldast, og nálgast nú óðfluga 300 milljarða. Skuldaaukningin er ekki tilkomin vegna fjárfestinga í greininni heldur hafa milljarðar runnið út úr sjávarútveginum í stríðum straumi bæði vegna sölu og leigu aflaheimilda. Sú upphæð sem runnið hefur út úr greininni svarar til a.m.k. tveggja Kárahnjúkastíflna. Þetta gerist á sama tíma og tekjur greinarinnar hafa nánast staðið í stað í krónum talið.

Sjávarútvegurinn er nú veikari en áður þar sem fyrirtækin eru skuldug og kemur það berlega fram í kjörum sjómanna, og fiskvinnslufólks sömuleiðis því að engir kjarasamningar gilda um sjómenn sem sækja sjó á minnstu bátunum.

Einna verst er þó að kerfið kemur nánast algerlega í veg fyrir nýliðun í sjávarútvegi og getur það seint talist vænlegt fyrir framþróun atvinnuvegar að honum berist ekki nýtt og ferskt blóð.

Íslenska kvótakerfið er misheppnuð tilraun sem komið hefur verið á á grundvelli hag- og hugmyndafræði sem Illugi Gunnarsson kynnti í áðurnefndri grein. Það gengur mögulega upp ef horft er á það eingöngu út frá lagatæknilegum og stjórnsýslulegum sjónarhóli en er að sama skapi algerlega misheppnað stjórntæki til þess að stýra fiskveiðum á ólíkum veiðisvæðum. Það verður ekki meira af fiski á Vestfjarðamiðum þó svo að handfæraveiðum verði hætt í Eyjafirði eða á Austfjörðum um aldur og ævi. Kerfið særir einnig réttlætiskennd Íslendinga og hefur kippt fótunum undan sjávarbyggðum landsins hringinn í kringum landið.

Hugmyndafræðin um að einhver einkaeign náttúruauðlinda þjóða sé frumforsenda fyrir hagkvæmri nýtingu er mögulega barnaleg óskhyggja og ýkjur. Norðmönnum hefur gengið afskaplega vel að nýta olíuauð þjóðarinnar til þess að byggja upp norskt samfélag og ekki veit ég til þess að Norðmönnum hafi dottið í hug að gefa olíulindirnar til þess að þær nýttust sem best en eflaust hefði Illugi farið þannig að í blindri trú á sínar kennisetningar.

Það er gríðarlega mikilvægt að snúa sem fyrst af þeirri leið sem stjórnarflokkarnir hafa farið í nýtingu og afhendingu auðlinda og eigna Íslendinga. Til þess er Frjálslynda flokknum best treystandi en hann hefur verið í fararbroddi skynsamlegrar og ábyrgrar stefnu í fiskveiðistjórn sem tryggir hag almennings en ekki sérhagsmuna.

*Höfundur er alþingismaður.*




## ALLT HITT
[ MATUR - TILBOÐ ]

**Skólavörur** eru nú á hálfvirði í Office 1 Superstore í Skeifunni 17. Það gildir að sjálfsögðu um skólatöskur, pennaveski, stílabækur og ritföng sem teljast til brýnna nauðsynja í skólanum.



**Franskt** góðmeti verður kynnt, ásamt öðru í verslunum við Laugaveg og Skólavörðustíg í tilefni af frönskum dögum 8. til 18. mars. Þeir eru liður í hátíðinni Pourquoi Pas? Dæmigerður franskur sveitamatur verður framreiddur á Hótel Holti dagana 14. til 17. mars og smökkun á ólífuolíu verður í Ostabúðinni við Skólavörðustíg miðvikudaginn 14.

**Sigurstjarnan** í Fákafeni er með rýmingarsölu og ekkert er þar undir 60% afslætti. Púðar, lampar, ekta pelsar og partíkjólar eru meðal þess sem þar er á boðstólum.

## GÓÐAN DAG!
**Í dag er föstudagurinn 9. mars, 68. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.09 | 13.38 | 19.10 |
| Akureyri | 7.56 | 13.23 | 18.52 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími 550 5000
Auglýsingasími Allt 550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is





Sigurður Rúnar nostrar við saltfiskréttinn sem er í ætt við þann sem íslenska liðið eldaði í heimsmeistarakeppninni.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Hrepptu bronsið

***Íslendingar náðu þriðja sæti í samanlögðum greinum í heimsmeistarakeppni ungkokka sem haldin var nýlega í Glasgow. Sigurður Rúnar Ragnarsson á Vox var í liðinu og hér fá lesendur Fréttablaðsins smjörþefinn af því sem þar var gert.***

„Ég skal búa til saltfiskrétt í ætt við þann sem við elduðum í keppninni,“ segir Sigurður Rúnar glaðlega þegar hann er rukkaður um smá sýnikennslu í Fréttablaðið. Hann er í æfingu því ein af þrautunum sem lagðar voru fyrir keppendur á heimsmeistaramótinu var einmitt sýnikennsla þar sem hver þátttakandi bjó til einn rétt á hálftíma. Íslendingar fengu silfur fyrir sína frammistöðu þar. Enn betri var árangurinn í þriggja rétta hádegismatnum því fyrir hann fengu þeir gull. „Við vorum með saltfisk- og humarrétt í forrétt, lambið okkar góða í aðalrétt og skyr og rabarbara í eftirrétt. Fórum með hálft tonn af mat með okkur út,“ lýsir Sigurður Rúnar. Hann segir dómarana hafa hrósað sérstaklega bragðgæðum íslenska matarins og verið undrandi á góðu gengi liðsins í sinni fyrstu keppni. „Félag ungkokka var stofnað hér á síðasta ári og því höfum við ekki tekið þátt áður. Við vorum fjögur í liðinu, Rúnar Þór Larsen á Hótel Sögu, Ari Freyr Valdimarsson á Thorvaldsen, Vigdís Ylfa Hreinsdóttir á Argentínu og ég. Berglind Ósk Loftsdóttir á Hótel Geysi var aðstoðarmaður og Hrefna Rósa Sætran þjálfari. Við stefndum að góðum árangri og gekk vonum framar. Skutum meðal annars Þýskalandi og Skotlandi aftur fyrir okkur,“ segir Sigurður Rúnar og snýr sér að matreiðslunni. Uppskriftin hans er á bls. 3.

*gun@frettabladid.is*

## Bollar á hálfvirði

Í VERSLUNINNI AF HJARTANS LIST Í BRAUTARHOLTI 22 FÁST TVEIR PAKKAR AF BOLLUM Á VERÐI EINS.

Mokkabollar í miklu úrvali eru nú á hálfvirði í versluninni Af hjartans list í Brautarholti 22. Þeir eru í sex stykkja pökkum og tveir slíkir pakkar kosta nú 990 krónur. Einnig fást skrúf, pakkar með fjórum stærri bollum, á sömu kjörum. „Við erum að rýma fyrir nýjum vörum og því seljum við bollana svona ódýrt núna í nokkra daga, er skýring Katrínar Gísladóttur kaupkonu. Bollarnir eru í alls konar litum og með ólíkum munstrum, auk þess sem lagið er með ýmsu móti.



Sumar undirskálarnar eru ferkantaðar eins og hér sést.




Lambafile

Hafðu það ljúft um helgina

GALLERÍ KJÖT

Opið virka daga frá kl 10 -19 Laugardaga frá kl 11 -17 Grensásvegi 48 gallerikjot.is

**Beint frá býli** Verkefnið stuðlar að framleiðslu matvæla á sveitabýlum og milliliðalausri sölu þeirra til neytenda. Sjá www.beintfrabyli.is

Sérfræðingar í saltfiski

Ekta fiskur – Sælgæti úr sjónum

Sími: 466 1016
ektafiskur@emax.is

Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.

Fyrir verslanir:

Til suðu:
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollaraþunnildi

Til steikingar:
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur

Fyrir veitingahús – hótel – mötuneyti:
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl

Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:
ýsuhnakka
rækjur
þorskhnakka
steinbítskinnar og bita






Myrra Leifsdóttir Hagberg segir að möndlukakan sé yndisleg með rjóma.

# Dýrlegar kökur fyrir helgina

***Kökur eru alltaf dásamlegar hvort sem þær eiga að freista í sunnudagskaffi fyrir tvo eða gera góða veislu betri. Við fórum á stúfana og fengum að skyggnast í uppskriftabækur bakarameistara víða um bæ sem bjóða upp á kökur fyrir hvern smekk.***



Lífræna möndlutertan á uppruna sinn í Ananda Marga-bakaríinu í Kaupmannahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Lífræn möndlukaka

Þessi kaka með karamellubráð er upprunalega frá Ananda Marga-bakaríinu í Kaupmannahöfn, en er nú krúndjásn Kaffi Hljómalindar, lífræns kaffihúss á Laugavegi 21. Bakari Hljómalindar, Elísabet Beck Svavarsdóttir, notar aðeins lífrænt hráefni og þar er kakan engin undantekning.

**BOTN**
**200 g spelthveiti**
**130 g hrásykur**
**50 g olía**
**¾ tsk. af lyftidufti**
**¾ tsk. matarsódi**
**½ tsk. salt**
**Smá vanilla (stöng eða dropar)**
**50 g grófmalaðar möndlur**
**1½ lífræn ab mjólk**

**KARMELLUBRÁÐ**
**75 g grófmalaðar möndlur**
**85 g smjör**
**75 g sykur**
**½ lítri rjómi**
**Smá vanilla**

**Aðferð:**
Ab-mjólk, sykur, olía og vanilla hrært saman með písk þar til blandan er orðin jöfn. Þurrefni sett út í og rétt jafnað. Deiginu er hellt í hringlaga form bakað við 175 gráður í um það bil 30 mínútur.
Á meðan beðið er, er karamellubráðin búin til. Smjör, möndlur, sykur og rjómi og vanilla látið malla saman í potti í nokkrar mínútur, smurt yfir kökuna eftir hálftíma bakstur. Síðan fer kakan aftur í ofninn í 20 mínútur þar til karamellan er orðin gyllt og stökk.

## Súkkulaðihjúpuð Baileys-kaka

Hafliði Ragnarsson hefur galdrað fram súkkulaðihúðaðan Baileys frómas frá Mosfellsbakarí sem lætur engan ósvikinn við kaffiboðið á sunnudögum. Mosfellsbakarí er til húsa að Háleitisbraut 58-60 og að Urðarholti 2 í Mosfellsbæ.

**BAILEYS FRÓMAS FYLLING**
**500 g rjómi**
**2 stk. egg**
**70 g sykur**
**50 g Baileys**
**4 blöð matarlím**
**Smá súkkulaðispænir**

**BOTN**
**Stór hvítur eða brúnn botn klofinn í tvennt eða tveir þunnir**
**Pera**
**Marengs til að mylja yfir.**
**Ganache hjúpur**
**100 g rjómi**
**200 g dökkt súkkulaði**



Mosfellsbakarí býður upp á margar dásamlegar kökur sem eru góðar með sunnudagskaffinu.

**Aðferð:**
Baileys frómas
Leggið matarlímið í bleyti í köldu vatni. Léttþeytið rjómann, þeytið egg og sykur saman í annarri skál. Bræðið matarlímið með smá hluta af Baileysinu og kælið svo með restinni. Hellið varlega saman við eggjahræruna. Blandið öllu saman við léttþeyttan rjómann og setjið súkkulaðispæninn yfir.

**Hjúpur**
Hitið rjómann að suðu og hellið yfir saxað súkkulaðið í tveim til þrem skömmtum og hrærið vel út frá miðju til að blandan skilji sig ekki.
Í þessa köku má nota hvíta eða brúna botna en best er að þeir séu þunnir. Tildæmis má kljúfa einn botn, hafa einn hluta neðst og annan í miðjunni. Gott að setja smá sultu á neðri botninn og perur þar ofan á og mylja smá marengs yfir. Síðan er frómasinu hellt í kökuform og látin stífna. Þessi kaka er góð annaðhvort skreytt með rjóma eða með súkkulaðiganache utan um eins og myndin sýnir. Þá er best að frysta kökuna fyrst og hella svo ganache hjúpnum ofan á meðan kakan er enn þá í forminu. Leyfið hjúpnum að leka niður með hliðunum.



Hafliði Ragnarson er löngu landsþekktur fyrir sínar dásamlegu kökur hjá Mosfellsbakarí. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Saltfiskur með sultu úr reyktum tómötum, kúrenum, eggi og beikoni.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Saltfiskréttur Sigurðar Rúnars

*Steiktur saltfiskur með reyktri tómatsultu, kúrenumauki og hægelduðu eggi, toppað með beikoni.*

**Saltfiskur**
Hægt er að kaupa fiskinn útvatnaðan í flestum verslunum. Hann er marineraður í kryddjurtum í um það bil eina klukkustund. Svo er hann steiktur á roðhliðinni þar til hann er gullinbrúnn og lokið við að elda hann í ofni við 70 gráður í um 5 til 8 mínútur.

**Kúrenumauk:**
200 g kúrenur eða rúsínur eru soðnar í örlitlu sérríi og látnar standa í um eina klukkustund. Þegar þær eru útþandar er um 50 g af ristuðum furuhnetum blandað saman við ásamt skvettu af brennivíni eða ákavíti. Allt sett saman í matvinnsluvél. (Brennivínið er til að fá örlítinn kúmenkeim í maukið).

**Tómatmauk**
- 10 stk. tómatar
- 1 dl sykur
- 1 dl hvítvín
- 1 tímíangrein
- 2 shallot-laukar
- 1 hvítlauksrif
- Salt og pipar

Tómatar eru snöggsoðnir og hýðið tekið af þeim. Svo eru þeir reyktir t.d. í grillinu úti á svölum (hægt er að fá sag til að reykja við í flestum veiðibúðum). Þá er innvolsið tekið úr þeim og lagt í sigti (til að geyma safann úr tómötunum sem er mjög góður til að nota í súpur og sósur). Kjötið af tómötunum er svo sett í pott með restinni af hráefninu og soðið þar til það er orðið eins og sulta. Þá er tímíangreinin tekin úr og sultan sett í matvinnsluvél. Smakkað til með salti og pipar.

**Hægsoðið egg**
Látið vatn í pott og setjið pottinn í ofn við 65-70°C. Þegar vatnið er orðið jafn heitt og ofninn setjið þá eggin út í og bakið í um 1 1/2 klst. Opnið þá eggin varlega og takið mest af hvítunni af með fingrunum. Kryddið með stökksteiktu beikoni, salti og pipar. Eggið á að vera eins konar sósa á diskinum.

Fullkomnið réttinn með góðri ólífuolíu og ekki skemmir fyrir að vera með gott stökkt hvítlauksbrauð með. Mmmm.

Þessi réttur er mjög einfaldur og góður. Tilvalinn í forrétt þegar gesti ber að garði eða í matarboðum.



**Til hnífs og skeiðar**
GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

# Túnfiskklattar með ferskri sölsu og lárperumauki



Nú með hverri vikunni sem líður verða helgarmorgnarnir bjartari og betri. Sólin og vorþeyrinn draga okkur út. Ég mæli með þessum túnfiskklöttum eftir morgungönguna, hlaupið eða sundið. Með rjúkandi kaffibolla og dagblað við höndina. Ahh...

- 1 dós túnfiskur
- 3 egg
- 3 vorlaukar
- 1/2 lítil paprika
- 1/2 rautt chili
- börkur af 1/2 sítrónu
- salt og pipar
- 1 dós salsa
- 6 konfekttómatar
- ferskur kóríander
- 1 lárpera
- safi úr 1/2 súraldini (lime)
- Maldon salt

**1.** Hrærið eggin með gaffli. Sigtið allt vatn frá túnfiskinum og blandið fiskinum vel saman við eggin. Saxið tvo vorlauka, papriku og chili mjög fínt og setjið saman við eggjablönduna ásamt rifnum berki af hálfri sítrónu. Saltið og piprið.

**2.** Hitið pönnu og setjið olíu á hana þegar hún er orðin heit. Steikið klattana í olíunni, hver klatti er um 1 msk af eggjablöndu. Steikið við miðlungshita í 1-2 mínútur á hvorri hlið. Takið af pönnunni og þerrið á eldúspappír.

**3.** Útbúið ferska sölsu með því að blanda ferskum niðurskornum tómötum, söxuðum vorlauk og hökkuðum ferskum kóríander saman við sölsuna úr krukkunni.

**4.** Útbúið lárperumauk með því að stappa lárperukjötið saman við safa úr 1/2 súraldini og saltið með góðri klípu af Maldon salti út á.

Þessi skammtur er ríflegur fyrir tvo. Gott er að hafa dálítið af grænu salati með.

# Vítamín við flugþreytu

VÍTAMÍN ERU TIL MARGS NYTSAMLEG.



Þeir sem fljúga mikið milli landa og tímabelta, kannast við þau vandamál sem fylgja röskun á líkamsklukkunni. Til þess að hjálpa kerfinu að vega upp á móti þessu er gott að taka eftirfarandi vítamín: B-stress fyrir og eftir hádegi (best að taka það fyrst um borð í vélinni.) GB-vítamín og E-vítamín tvisvar á dag. B1 og B6 vítamín eru einnig góð við ferðaveiki en áhrifaríkust ef þau eru tekin fyrirfram. Heimild: Ný og betri bætiefnabiblía





Kaffið frá Te & Kaffi

Te & Kaffi býður nú þrjár gæðablöndur í hagkvæmum 400 g umbúðum. Þú finnur kaffi við þitt hæfi frá Te & Kaffi í verslunum um land allt.

stundin - bragðið - stemningin



Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

Hrein lífræn jógúrt!




Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd **án sykurs**.
Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.
Bio•Bú
Biobu ehf. • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is



SÓMABAKKAR
PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING*
*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr.
SÓMI
Nánari upplýsingar á **somi.is**




Nýtt kaffi
Eþíópía er kaffi sem hefur ávæning af ávöxtum, vori og villtum blómum og vekur hina andlegu sól úr vetrardvala. Kaffi sem er barmafullt af birtu.
Kaffitár
- leggur heiminn að vörum þér

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR




Pítsubakstur er frábær leið fyrir fjölskylduna til að dunda sér saman í eldhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

# Föstudagar eru pítsudagar

***Heimatilbúnar pítsur eru alltaf aðeins betri á bragðið, sérstaklega ef hollustan er höfð í huga við val á hráefni. Föstudagar eru tilvaldir pítsudagar þar sem fjölskyldan kemur saman og allir fá að velja sitt uppáhaldsálegg.***

**HOLLAR SMÁPÍTSUR**
**Hráefni:**
**250 g speltmjöl (má blanda til helminga gróft og fínt)**
**1 msk vínsteinslyftiduft**
**2 dl vatn**
**1 msk. kókosfeiti**
**1 msk. salt (til dæmis Herbamare)**
**1 tsk. ferskt pítsukrydd (til dæmis óreganó)**

**AÐFERÐ:**
Kókosfeitin á að vera mjúk og við stofuhita. Vatni er síðan blandað í feitina. Speltinu er bætt út í feitina smátt og smátt, ásamt salti og kryddi.
Hnoðið vel þangað til allt er vel blandað saman. Deigið á að vera létt og aðeins blautt en má þó ekki vera klesst.
Fletjið deigið út og setjið í ofnskúffu á bökunarpappír. Svolítil kókosfeiti eða olía á pappírinn kemur í veg fyrir að botninn festist við hann. Síðan er hægt að skera deigið í smærri einingar svo allir geti fengið eigin pítsu, sem er sérstaklega vinsælt hjá yngri kynslóðinni.
Bakið við 150° C í um það bil 15 mínútur, takið úr ofninum, setjið pítsusósu og áleggið á og bakið pítsuna áfram.

**HEIMATILBÚIN PÍTSUSÓSA:**
**Hráefni:**
**5 tómatar (gjarnan lífrænt ræktaðir)**
**1 msk. tómatmauk**
**2-4 hvítlauksrif**
**1/4 rauður laukur**
**1 msk. balsam edik**
**2 msk. ólífuolía (helst extra virgin)**
**salt og pipar eftir smekk (til dæmis Herbamare)**
**fersk basilika**

**AÐFERÐ:**
Tínið laufin af basilikunni og setjið í matvinnsluvél ásamt hinu hráefninu. Maukið í nokkrar sekúndur, svo sósan verði svolítið gróf. Þeir sem vilja fínni blöndu láta vélina vinna lengur.

**TILLÖGUR AÐ ÁLEGGI:**
Hráefni:
Ostur er nauðsynlegur á góða pítsu og fer ýmist undir áleggið eða ofan á, eftir smekk.
Skinka, gráðostur og sveppir.
Túnfiskur, ólífur og laukur.
Pepperoni, hakk, ananas, laukur og sveppir.
Skinka, þistilhjörtu, laukur og sveppir.
Tómatar, paprika og maís.

**AÐFERÐ:**
Pítsusósan fer fyrst á botninn. Skiljið eftir tvo sentimetra við brúnina. Álegg að eigin vali fer síðan á pítsuna og osturinn ýmist undir eða yfir áleggið.
Pítsan er síðan bökuð áfram við 220° C í um það bil 15-18 mínútur þar til hún er gullin og stökk.
Það getur verið gott að pensla brúnina með hvítlauksolíu þegar hún kemur úr ofninum og margir nota dressingu með pítsunni úr sýrðum rjóma eða kokkteilsósu eða smella jafnvel frönskum ofan á pítsuna.
Verði ykkur að góðu.



Notið ímyndunaraflið þegar áleggið er valið á pítsurnar.





**55%** Krónan kórónar afsláttinn þessa viku með tilboðum á Delon Baby lotion og Delon Baby Wash í 425 ml umbúðum, sem lækka úr 129 krónum í 59 krónur.

**NÓATÚN** — Tilboðin gilda til 11. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Kindainnanlærisvöðvi | 1.698 | 2.249 | 1.698 | 25 |
| Kindasnitsel | 998 | 1.689 | 998 | 40 |
| Kindagúllas | 898 | 1.589 | 898 | 45 |
| Kindafille | 1.998 | 2.339 | 1.998 | 15 |
| Þykkvabæjar plokkfiskur 600 g | 468 | 712 | 780 | 35 |
| Þykkvabæjar kartöflugratín 600 g | 262 | 374 | 437 | 30 |
| Hatting speltbrauð 8 stk. | 399 | 459 | 50 | 15 |
| Frigodan brokkólíblanda 750 g | 399 | 440 | 532 | 10 |
| VS lífrænt speltpasta 284 g | 319 | 375 | 1.123 | 15 |
| Enrico's lífræn pastasósa tómat/basil 738 g | 239 | 281 | 324 | 15 |

**BÓNUS** — Tilboðin gilda til 11. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Egils pilsner 500 ml | 39 | 49 | 39 | 20 |
| Egils appelsín 500 ml | 39 | 69 | 39 | 45 |
| Bónus ferskur heill kjúklingur kryddaður | 479 | 719 | 479 | 35 |
| K.f lambalæri einiberjakryddað | 1.069 | 1.604 | 1.069 | 35 |
| Myllu heimilsbrauð 375 g | 69 | 98 | 69 | 30 |
| Bónus fetaostur 250 g | 179 | 229 | 179 | 20 |
| Chicago örbylgjupizzur 4 stk. | 398 | 672 | 398 | 40 |
| Freschetta pizzur 3*400 g | 599 | 799 | 599 | 25 |
| K.F hrásalat 350 g | 98 | 159 | 98 | 40 |
| K.F kartöflusalat 350 g | 98 | 159 | | 40 |

**KRÓNAN** — Tilboðin gilda til 11. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Grísasnitsel | 877 | 1.594 | 877 | 45 |
| Nautahakk | 787 | 1,124 | 787 | 30 |
| McCain franskar Superfries Quick 900 g | 299 | 374 | 332 | 20 |
| Hatting brauð Filonino/Panino 420 g | 299 | 374 | 712 | 20 |
| Skyr.is 7 tegundir 6 fyrir 4 170 g | 40 | 61 | 235 | 35 |
| Delon Baby lotion 425 ml | 59 | 129 | 139 | 55 |
| Delon Baby Wash 425 ml | 59 | 129 | 139 | 55 |
| Best Bite snakk 4 tegundir 175 g | 199 | 234 | 1.137 | 15 |
| Truly Unique vöfflur original 390 g | 229 | 281 | 587 | 20 |

**FJARÐARKAUP** — ekki bara verð! — Tilboðin gilda til 10. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Svínabógur úr kjötborði | 498 | 600 | 498 | 15 |
| Svínalundir úr kjötborði | 1.498 | 1.878 | 1.498 | 20 |
| Nauta innralæri úr kjötborði | 2.198 | 2.818 | 2.198 | 20 |
| Nauta-ribeye úr kjötborði 2.398 | 2.818 | 2.398 | 15 | |
| Ali partískinka | 1.416 | 1.888 | 1.416 | 25 |
| Ali léttreyktar grísakótilettur | 1.255 | 1.673 | 1.255 | 25 |
| Kjúklingabringur frá Matfugli | 1.760 | 2.513 | 1.760 | 30 |
| FK ís vanillu og súkkulaði 1 l | 125 | 206 | 125 | 40 |

**HAGKAUP** — Skemmtilegast að versla — Tilboðin gilda til 11. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Nautalundir íslenskar úr kjötborði | 2.998 | 3.753 | 2.998 | 20 |
| Lambainnralæri úr kjötborði | 1.998 | 3.095 | 1.998 | 35 |
| Svínarifjasteik | 562 | 699 | 562 | 20 |
| Hamborgarhryggur m/beini | 957 | 1.594 | 957 | 40 |
| Underground vanilluís 810 ml | 600 | 750 | 740 | 20 |
| Underground karamelluís 810 ml | 600 | 750 | 740 | 20 |
| Underground jarðarberjaís 850ml | 600 | 750 | 740 | 20 |

**Þín verslun** — Tilboðin gilda til 14. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Bayonneskinka | 1.075 | 1.344 | 1.075 | 20 |
| Skinka 165 g | 227 | 284 | 1.375 | 20 |
| Haust hafrakex 250 g | 125 | 149 | 500 | 15 |
| Nescafé Red Cup 12x100 g | 250 | 309 | 2.500 | 20 |
| Nescafé Gull 6x200 g | 624 | 719 | 3.120 | 15 |
| Nescafé Gull 12x100 g | 345 | 399 | 3.450 | 15 |
| Nescafé Café Latte 12x144 g | 249 | 336 | 1.729 | 25 |
| Hunts Sp. sósa Cheese& Garlic 751 g | 153 | 215 | 203 | 30 |
| Hunts Sp. sósa Garlic & Onion 751 g | 153 | 215 | 203 | 30 |
| Hunts Sp. sósa Ital. saucage 751 g | 153 | 215 | 203 | 30 |
| Hunts Sp. sósa Four cheese 751 g | 153 | 215 | 203 | 30 |



Soffía fer allra sinna ferða á Hondunni og segist jafnvel geta búið í bílnum, svo góður sé hann. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Andsetin af kántrídraug

***Soffía Sigríður Karlsdóttir söngkona er afskaplega hrifin af Honda Jazz-bíl sínum og segir hann ómissandi í allt snattið sem fylgir því að kynna sig sem söngkonu.***

Soffía er þessa dagana að kynna plötu sína, Wild Horses, og sönghóp sinn Divas of Ice and Fire. Slíkri kynningu fylgja heilmikil ferðalög og þess vegna er nauðsynlegt að vera á góðum bíl. „Í þessum bransa er maður stöðugt á ferðinni að kynna sig. Nú er ég líka farin af stað með sönghóp ásamt systur minni Guðrúnu Árnýju og Þórunni Clausen. Við syngjum við flest tækifæri, veislum, afmælum og slíku, og það þýðir að ég er enn meira á ferðinni. Þá er er nauðsynlegt að eiga góðan bíl,“ segir Soffía. „Ég fékk mér Honda Jazz í fyrra og ég er svo ánægð með hann að ég gæti búið í honum.“

Bíllinn er sem sagt bestu kaup Soffíu. Það er ánægjuleg tilbreyting frá sögum um bíldruslur sem kosta eigendur fúlgur fjár án þess að skila svo miklu sem einni ánægjustund.

Verstu kaup Soffíu eru af allt öðrum toga og annarri stærðargráðu. „Það er án efa kjóll sem ég keypti í ónefndri tískuverslun,“ segir Soffía. „Ég veit ekki hvað ég var að hugsa, en ég hef aldrei notað kjólinn og mun aldrei nota hann.“ Kjóllinn er köflóttur og sniðið minnir á eitthvað sem fengið var að láni úr búningasafni sjónvarpsþáttarins Húsið á sléttunni. „Hann er hræðilegur og ég veit ekki af hverju ég keypti hann, ég hlýt að hafa verið andsetin af einhverjum kántrídraug. Það vantar bara svuntu og sleif til að fullkomna villta vesturs-búninginn,“ segir Soffía. „Hann var sem betur fer ekki dýr en það breytir því ekki að hann er hrikalega ljótur.“

*tryggvi@frettabladid.is*

# Á rúmið

***Sængurföt eru seld með góðum afslætti í Tékk Kristal í Kringlunni.***

Rúmfatnaður úr bómull, silkidamaski og satíni er seldur nú á tilboðsverði í Tékk Kristal í Kringlunni. Úr mörgu er að velja, bæði einlitu og marglitu og verðið er álíka fjölbreytt og gerðirnar eða frá 2.000 upp í 11.000 krónur. Sem dæmi um lækkun má nefna sett sem áður kostaði 4.790 og er nú á 2.200. Af öðrum settum er gefinn 1.000 króna afsláttur og enn öðrum 2.000 króna afsláttur.



Sængurföt í Tékk Kristal.





# Afsláttur af skólavöru

***Útsala í Office 1 í Skeifunni.***

Nú er helmingsafsláttur veittur af skólavöru í Office 1. Gildir þetta tilboð eingöngu um verslun Office 1 í Skeifunni 17. Verslunin er opin alla virka daga frá kl. 11.00 til 19.00, fimmtudaga frá kl. 11.00 til 21.00, laugardaga frá kl. 11.00 til 18.00 og sunnudaga frá kl. 13.00 til 18.00. Nánari upplýsingar um Office 1 eru á vefsetrinu www.office1.is og í síma 550-4140.

SKAUTAHÖLLIN REYKJAVÍK
Allir á skauta
Skautaholl.is
Opið frá kl. 13 00 allar helgar







[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

# INGVAR HELGASON
# NOTAÐIR BÍLAR




ALLT AÐ 100% LÁN!

Mikið úrval af notuðum bílum á ótrúlegu verði. Líttu við og gerðu góð kaup.

Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 | Keflavík Sími 421 8808 | Akureyri Sími 464 7940 | www.ih.is


SL379 Nissan Almera Comfort nýskr.02/03 bs. Ek.67.þús.km. Verð.1.050.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


YZ285 Volkswagen Polo nýskr.03/99 bs. Ek.125.þús.km. Verð.470.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


SB832 Volkswagen Touran nýskr.11/04 ssk. Ek.38.þús.km. Verð.2.060.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


UM046 Hyundai Getz nýskr.03/05 bs. Ek.16.þús.km. Verð.1.170.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


VN266 Nissan Almera Visia nýskr.06/03 bs. Ek.60.þús.km. Verð.1.060.000.Tilboð.860.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


TV125 Opel Astra 1.6GL nýskr.10/03 bs. Ek.56.þús.km. Verð.1.220.000.Tilboð.1.070.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


RO819 Nissan Pathfinder SE nýskr.12/05 ssk. Ek.24.þús.km. Verð.4.490.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


TO698 Nissan Patrol Elegance 33" nýskr.11/05 ssk. Ek.17.þús.km. Verð.4.940.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


LK217 Opel Astra 1.6GL nýskr.10/03 ssk. Ek.47.þús.km. Verð.1.080.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


RF155 Nissan Patrol Elegance 35" nýskr.04/05 ssk. Ek.58.þús.km. Verð.4.660.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


ZG900 Nissan Terrano Sport nýskr.06/02 bs. Ek.112.þús.km. Verð.1.520.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


OL404 Nissan Pathfinder SE nýskr.03/06 ssk. Ek.6.þús.km. Verð.4.390.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


IM956 Nissan Micra Visia nýskr.01/04 bs. Ek.71.þús.km. Verð.1.130.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


MG198 Subaru Impreza GX nýskr.07/05 bs. Ek.36.þús.km. Verð.1.650.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


OL699 Nissan Pathfinder LE 32" nýskr.11/05 ssk. Ek.22.þús.km. Verð.4.680.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


EM861 Opel Vectra Elegance nýskr.08/06 bs. Ek.3.þús.km. Verð.2.060.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


OI216 Nissan Double Cab E nýskr.09/04 bs. Ek.47.þús.km. Verð.2.290.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


RX669 Opel Corsa Comfort nýskr.06/02 bs. Ek.82.þús.km. Verð.690.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


JE048 Isuzu Trooper 3.0 35" nýskr.03/01 ssk. Ek.147.þús.km. Verð.1.780.000. Tilboð.1.480.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


NO901 Hyundai Santa Fe nýskr.07/03 ssk. Ek.86.þús.km. Verð.2.130.000.Tilboð.1.590.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


RA291 Daewoo Musso 32" nýskr.10/00 bs. Ek.108.þús.km. Verð.1.180.000. Tilboð.680.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


ZY878 Subaru Impreza GL nýskr.04/99 ssk. Ek.160.þús.km. Verð.680.000. Tilboð.380.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


NZ509 Renault Megane nýskr.08/03 bs. Ek.35.þús.km. Verð.1.270.000.Tilboð.940.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


MZ540 Opel Astra 1.6GL nýskr.09/02 bs. Ek.81.þús.km. Verð.980.000. Tilboð.770.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


DK260 Subaru Legacy Wagon nýskr.10/02 ssk. Ek.138.þús.km. Verð.1.130.000.Tilboð.850.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


PU069 Opel Combo C Van nýskr.07/03 bs. Ek.39.þús.km. Verð.960.000.Tilboð.580.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


TF437 Nissan Patrol Luxury nýskr.10/04 ssk. Ek.78.þús.km. Verð.3.570.000. Tilboð.3.270.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


DO803 Daewoo Musso nýskr.06/00 ssk. Ek.107.þús.km. Verð.1.380.000. Tilboð.880.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


NB910 Chevrolet Trailblazer LT nýskr.09/04 ssk. Ek.48.þús.km. Verð.3.380.000.Tilboð.2.980.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


MY388 Opel Zafira Comfort nýskr.08/03 ssk. Ek.81.þús.km. Verð.1.480.000. Tilboð.1.080.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


LX805 Nissan Micra Visia nýskr.06/05 bs. Ek.8.þús.km. Verð.1.380.000.Tilboð.1.090.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


PM823 Opel Zafira Comfort nýskr.05/00 bs. Ek.99.þús.km. Verð.870.000.Tilboð.580.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


DN355 Nissan Primera Acenta nýskr.06/03 ssk.ek.58.þús.km. Verð.1.470.000.Tilboð.1.180.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


KO126 Opel Zafira Comfort nýskr.09/03 bs. Ek.61.þús.km. Verð.1.440.000.Tilboð.1.170.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


JD874 Opel Astra 1.6GL nýskr.03/02 bs. Ek.67.þús.km. Verð.930.000. Tilboð.640.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020


OZ788 Peugeot 307 nýskr.10/03 bs. Ek.37.þús.km. Verð.1.490.000. Tilboð.1.080.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020

**Ingvar Helgason**
**Sævarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 525 8000**
**Opið Mán 10 - 18.**
**Þri - Fös 09 - 18. Lau 12 - 16.**
**www.ih.is**

**Ingvar Helgason**
**Sævarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 525 8000**
**Opið Mán 10 - 18.**
**Þri - Fös 09 - 18. Lau 12 - 16.**
**www.ih.is**

**Ingvar Helgason**
**Sævarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 525 8000**
**Opið Mán 10 - 18.**
**Þri - Fös 09 - 18. Lau 12 - 16.**
**www.ih.is**

**Ingvar Helgason**
**Sævarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 525 8000**
**Opið Mán 10 - 18.**
**Þri - Fös 09 - 18. Lau 12 - 16.**
**www.ih.is**

**Ingvar Helgason**
**Sævarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 525 8000**
**Opið Mán 10 - 18.**
**Þri - Fös 09 - 18. Lau 12 - 16.**
**www.ih.is**

**Ingvar Helgason**
**Sævarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 525 8000**
**Opið Mán 10 - 18.**
**Þri - Fös 09 - 18. Lau 12 - 16.**
**www.ih.is**

# sirkus

9. mars 2007



Ásdís Rán Gunnarsdóttir lenti í hörðum árekstri eftir sjö mánaða meðgöngu

# „ÉG ÞAKKA GUÐI FYRIR AÐ BARNIÐ SLAPP“

VIÐTAL BLS. 8

SIRKUSMYND/VALLI FÖRÐUN/ELÍN REYNIS



## Birgitta Haukdal

Fékk bónorð og trúlofunarhring í París.

Bls. 2



## Strokleður eða smokkur

Þórdís Bachmann lenti í neyðarlegu atviki þegar hún var í námi í Bandaríkjunum. Hún deilir vandræðalegasta augnabliki lífs síns með lesendum Sirkuss.

Bls. 10




# fréttir

## Heyrst hefur

### Eimskip tekur upp með Eiði Smára

Búið er að taka upp auglýsingar fyrir **Eimskip** sem skarta **Eiði Smára Guðjohnsen** í aðalhlutverki. Voru auglýsingarnar teknar í Barcelona og átti hópurinn sem stóð að gerð auglýsinganna erfitt með að trúa vinsældum Eiðs Smára í borginni. Þurfti oft að gera hlé á tökum vegna ágangs æstra aðdáenda sem vildu láta taka mynd af sér með goðinu eða fá eiginhandaráritun. Þessar auglýsingar eru hluti af samstarfssamningi Eiðs Smára og Eimskips en auk þess styrkir Eimskip Umhyggju og Neistann með fjárframlagi fyrir hvert mark sem Eiður Smári skorar fyrir Barcelona.



### Eggert sextugur

Þrátt fyrir dapurt gengi West Ham að undanförnu gat **Eggert Magnússon**, stjórnarformaður félagsins, lyft sér upp á dögunum. Hann varð sextugur 20. febrúar síðastliðinn og hélt upp á afmæli sitt með pompi og prakt í London. Ekki var margmennt í veislunni en afar góðmennt. Meðal gesta voru **Björgólfur Guðmundsson**, aðaleigandi West Ham og vinur Eggerts, Geir Þorsteinsson, núverandi formaður KSÍ og hægri hönd Eggerts hjá KSÍ undanfarin ár, og **Sigurjón Þ. Árnason** og **Halldór Kristjánsson**, bankastjórar Landsbankans, en við þá átti Eggert gæfuríkt samstarf sem formaður KSÍ.







SÖNGKONAN ÁSTSÆLA BIRGITTA HAUKDAL Á LEIÐ UPP AÐ ALTARINU

# Fékk bónorð og trúlofunarhring í París

„Jú, það er rétt. Ég trúlofaði mig fyrir skömmu," segir söngkonan Birgitta Haukdal þegar hún er spurð hvort orðrómurinn um að hún sé að fara að gifta sig sé réttur. Birgitta vill ekki ræða þetta mál frekar. Hún segist vilja halda fjölskyldunni fyrir utan kastljós fjölmiðlanna.

Unnusti Birgittu, laganeminn Benedikt Einarsson, bauð henni í óvissuferð yfir helgi fyrir þremur vikum eins og fram kom í Sirkus og sagðist Birgitta þá vera að deyja úr spenningi. Varla hefur gleðin verið minni þegar ljóst var að ferðinni var heitið til hinnar rómantísku Parísar. Til að toppa allt kraup Benedikt síðan á kné og bað hennar í borginni þar sem rómantíkin svífur yfir vötnunum allan sólarhringinn.

Birgitta, sem verður 28 ára í júlí, og hinn 26 ára gamli Benedikt hafa verið saman frá því snemma árs 2004 en þau kynntust þegar þau léku saman í söngleiknum Grease. Birgitta lék aðalhlutverkið ásamt Jónsa en Benedikt var einn af dönsurunum. Þau búa saman í fallegri 108 fermetra íbúð á Skólavörðustíg og hafa gert það nánast frá því að sambandið byrjaði.

Ekki fékkst staðfest hvort hin nýtrúlofuðu skötuhjú hygðust blása til brúðkaups strax í sumar en það verður væntanlega í flottari kantinum. Það verður líka að teljast harla ólíklegt að Birgitta gifti sig í heimabæ sínum Húsavík þar sem foreldrar hennar, Brynjar Víkingsson og Anna Haukdal Jónsdóttir, eru fluttir þaðan og búa nú í Kópavogi. Frekar má búast við því að skötuhjúin verði pússuð saman í Garðabæ, uppeldisstað Benedikts, enda eru foreldrar hans, Einar Sveinsson og Birna Hrólfsdóttir, í hópi helstu góðborgara bæjarfélagsins.

*oskar@frettabladid.is*



**NÝTRÚLOFUÐ** Eftir rúmlega þriggja ára samband skellti **Benedikt** sér á skeljarnar í sjálfri París og það **Birgittu**. Hún sagði að sjálfsögðu já.

**RÓMANTÍK OG AFTUR RÓMANTÍK** Það er hvergi betra að biðja konu um hönd hennar en í París.

Til fermingargjafa



Úrval af fallegum og vönduðum rúmfatnaði

Fatabúðin
Skólavörðustíg 21
Sími 551 4050 • Reykjavík

# Seldi lóð og teikningar fyrir um 70 milljónir

„Ég vil ekkert tjá mig um þetta mál," segir fatakaupmaðurinn og athafnakonan Íris Björk Jónsdóttir en hún seldi í vikunni lóðina að Sunnuflöt 48 í Garðabæ og teikningar að stórglæsilegu 600 fermetra húsi sem áætlað er að muni rísa á lóðinni fyrir um 70 milljónir eftir því sem heimildir Sirkus komast næst. Kaupandinn er fasteignasalinn fyrrverandi Arnar Sölvason en hann hefur hagnast vel á fasteignaviðskiptum á undanförnum árum. Arnar býr nú ásamt konu og þremur börnum í tæplega 400 fermetra einbýlishúsi í Ásbúð í Garðabænum.

Íris Björk keypti einbýlishús sem stóð við Sunnuflöt 48 í mars á síðasta ári fyrir um 50 milljónir króna. Hún gerði sér reyndar lítið fyrir og reif nær allt húsið, lét arkitektastofuna GASSA teikna stórglæsilegt hús og hefur nú selt lóðina og teikningarnar fyrir 70 milljónir. Íris Björk býr sjálf í fallegu einbýlishúsi við Tjarnarflöt í Garðabæ.

Arnar mun ætla að halda sig sig við þær teikningar sem liggja fyrir og byggja hið gríðarstóra hús. Heimildir Sirkuss herma að kostnaðurinn við að byggja það sé ekki undir 150 milljónum og því má áætla að endanlegt verð muni ekki vera undir 220 milljónum. Húsið er eins og áður sagði afar glæsilegt og mun rammgerður múrveggur standa í kringum húsið þannig að forvitnir vegfarendur geti ekki kíkt á herlegheitin. Ekki náðist í Arnar Sölvason en eiginkona hans, Hildur Gunnlaugsdóttir, sagði þau ekki vilja tjá sig um málið. Fyrst reyndi hún að þræta fyrir að Arnar hefði keypt Sunnuflöt 48 en sagði svo: „Við nennum ekki að taka þátt í svona gríni."




**STÓRGLÆSILEGT HÚS** Eins og sjá má á þessari mynd er húsið, sem rísa mun við Sunnuflöt, stórglæsilegt í alla staði.



**70 MILLUR FYRIR LÓÐ OG TEIKNINGU** **Íris Björk** virðist hafa gert góð kaup þegar hún keypti húsið við Sunnuflöt 48 á sínum tíma.



Láttu drauminn rætast
frábær fermingartilboð á
rúmum & svefnsófum
TILBOÐ. 129.000
Karolin tungusvefnsófi
TILBOÐ. 110.000
Karolin 3ja sæta svefnsófi
FERMINGARTILBOÐ
Doris 120 x 200cm
verð. 39.900.- áður 61.800.-
FERMINGARTILBOÐ
Suprima
90x200cm v/33.280.- áður 41.600.-
120x200cm v/ 42.400.- áður 53.000.-
140x200cm v/ 49.360.- áður 61.700.-
TILBOÐ. 76.200.-
Nobil poka 80x200cm
Rafmagnsrúm verð áður 101.600
FERMINGARTILBOÐ
5 svæða pokagormadýna og botn
Electa 120x200 v/ 59.980 áður 67.300
www.toscana.is
HÚSGAGNAVERSLUN
TOSCANA
SMIÐJUVEGI 2, KOP S:587 6090
HÚSGÖGNIN FÁST EINNIG Í HÚSGAGNAVAL, HÖFN S: 478 2535
Opið virka daga 10 til 18
laugadaga 11 til 16

# fréttir



## Heyrst hefur

### Ekki spennandi fyrir 20 árum



Það má vera ljóst ef lesið er viðtal blaðsins Birtíngs á Akranesi við **Ellý**, dómara í X-Factor þáttunum, frá árinu 2004 að lokasenan í síðasta X-Factor þætti hefði ekki verið mjög spennandi fyrir 20 árum. Ellý átti í miklum erfiðleikum á föstudagskvöldið með að velja á milli hins þeldökka **Alans** og Hara frá Hveragerði, en ákvað að lokum að senda Alan heim. Í viðtalinu við Birtíng segir hún að pönkhljómsveit hennar Q4U hafi verið rasistahljómsveit fyrir 20 árum. Þá hefði varla verið spurning hvern hún hefði sent heim, en í ljósi þess að hún er ekki rasisti lengur eins og fram kemur í viðtalinu lét hún hæfileikana ráða hvor varð fyrir valinu á föstudagskvöldið.



### Dýrasta myndband frá upphafi



**Sylvía Nótt** er nýkomin frá Mexíkó þar sem hún var við tökur á nýjasta myndbandi sínu við lagið Thank You Baby. Haft er á orði að myndbandið sé það dýrasta sem íslenskir tónlistarmenn hafi gert enda engu til sparað. Það voru Gaukur Úlfarsson og **Börkur Sigþórsson** sem leikstýrðu myndbandinu en Börkur hefur getið sér gott orð í myndbandabransanum að undaförnu og meðal annars unnið myndbönd fyrir Supergrass og Richard Ashcroft, fyrrverandi söngvara The Verve, í London.



### 75 millur fyrir parhús

Eins og Sirkus greindi frá fyrir skömmu þá hefur **Atli Eðvaldsson**, fyrrverandi landsliðsþjálfari í knattspyrnu, keypt sér fallega þakíbúð á Laugaveginum. Í framhaldi af því setti hann nýlegt parhús sitt á Lindarbraut á Seltjarnarnesi í sölu. Það hús er 179 fermetrar að meðtöldum um 30 fermetra bílskúr og vill Atli fá 75 milljónir fyrir húsið, sem er hið huggulegasta. Heldur þykir þó fermetrinn vera dýr því hann kostar tæpar 419 þúsund krónur.







Útsölustaðir MAX FACTOR
HAGKAUP – Smáralind, LYF og HEILSA – Kringlunni, LYF og HEILSA Austurveri, LYF og HEILSA – Gjánni, Kóp., LYF og HEILSA Glæsibær, LYF og HEILSA - Fjarðarkaup, Hf., RIMA Apótek – Grafavogi, LYFJAVAL/ Bílaapótekið – Hæðarsmára, Snyrtivöruverslunin NANA – Hólagarði, ÁRBÆJAR Apótek, GAREKS Apótek. Landið: LYF og HEILSA – Hrísalundi, Akureyri, KS – Sauðárkróki, TÖFF - Húsavík


## 100% SÖLUAUKNING Á RANGE ROVER-JEPPUM Á MILLI ÁRA



**LANGBESTUR** Það segja flestir að Range Rover-jepparnir séu flottustu bílarnir.

# „ÞESSI BÍLL ER EINS OG HUGUR MANNS“

„Þessi bíll er einfaldlega eins og hugur manns og ég varð í raun ástfangin af honum um leið og ég settist inn í hann í fyrsta sinn,“ segir söngkonan Sigríður Beinteinsdóttir en hún er ein fjölmargra eiganda Range Rover-jeppa sem keyra stoltir og glaðir eftir götum borgarinnar um þessar mundir.

Range Rover-jepparnir hafa slegið í gegn á Íslandi. Þótt bílarnir kosti á við að minnsta kosti sex venjulega fólksbíla rjúka þeir út sem aldrei fyrr. Samkvæmt tölum frá B&L, sem er umboðsaðili Range Rover á Íslandi, voru nýskráningar rétt tæplega 100 prósentum fleiri á síðasta ári en árið 2005. Alls seldi umboðið 51 bíl árið 2005 en 101 í fyrra. Range Rover-bifreiðarnar kosta frá 7,3 milljónum upp í 16,2 milljónir hjá umboðinu. Það sem vekur mesta athygli er að dýrustu bílarnir seljast best. Annars vegar er það Range Rover Sport Supercharger, sem kostar 11,2 milljónir og er dýrasti bíllinn í Sport-flokknum, og síðan stærri Range Rover Supercharger, sem kostar fullbúinn 16,2 milljónir.

Það má kannski segja að Karl Óskarsson, sölustjóri BMW og Land Rover hjá B&L, sé ekki hlutlaus í aðdáun sinni á Range Rover-bílnum en hann segir þá vera í sérflokki. „Þetta er einfaldlega yfirburðabíll í sínum flokki. Ég segi það ekki sem sölumaður heldur er þetta staðreynd. Þetta er þægilegasti bíll sem til er og stóri bíllinn er einstakur í sinni röð. Það eru nú ekki bara auðmenn sem kaupa þessa bíla heldur menn með góðar tekjur sem vilja aka á því besta. Þegar fólk hefur kynnst þessum bílum vill það ekkert annað,“ segir Karl og dregur hvergi undan.

Fjölmargir virðast vera á sama máli og Karl því flestir af ríkustu mönnum Íslands eru með einn eða tvo Range Rovera til reiðar. Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs og stjórnarformaður 365 sem á meðal annars Fréttablaðið, á að minnsta kosti einn slíkan og ekur helst ekki öðrum bílum þótt hann eigi fjölmargar aðrar glæsikerrur. Félagar hans í stjórn 365, Pálmi Haraldsson, Þorsteinn M. Jónsson, Magnús Ármann, sem reyndar á tvo, og Árni Hauksson, aka allir um á Range Rover. Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans, keyrir um bæinn á svörtum Range og athafnamaðurinn Eiríkur Sigurðsson, oft kenndur við 10/11, er með tvo Range Rover-bíla á hlaðinu heima hjá sér. Hannes Smárason, forstjóri FL Group og aðaleigandi félagsins, ekur einnig um á Range Rover sem og Ingibjörg Pálmadóttir, unnusta Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Þá á fatadrottningin Svava Johansen einnig slíkan bíl.

Látum Range Rover-eigandann Sigríði Beinteinsdóttur eiga lokaorðið: „Þetta er ótrúlega þægilegur bíll. Hann er kraftmikill en samt lipur og svo er hann bara svo mikill töffari.“ *oskar@frettabladid.is*



**Í TÍSKUNNI** Svava Johansen hefur löngum verið talin tískudrottning Íslands og hún ekur að sjálfsögðu um á Range Rover.

**TOPPBÍLL FYRIR TOPPMANN** Björgólfur Guðmundsson ekur um á dýrstu gerðinni af Range Rover og tekur sig afar vel út.

**TÖFFARI** Sigga Beinteins er búin að eiga Range Rover í ár og er alsæl með hann.



**SAMSTÍGA PAR** Jón Ásgeir Jóhannesson og Ingibjörg Pálmadóttir eiga bæði Range Rover.

**KRAFTMIKILL** Það má kannski til sanns vegar færa að Range Rover sé ein af fáum bílategundum sem getur haldið í við Hannes Smárason.



明星
SILVIA NIGHT
SUPERSTAR
Nú getur þú fengið ATLAS kreditkort hjá öllum bönkum og sparisjóðum
Er í boði
ATLAS
5.000 kr. MasterCard ferðaávísun við stofnun korts. SMS með upplýsingum um stöðu og notkun kortsins. ATLAS fríðindahópur á atlaskort.is. Víðtækar ferðatryggingar og neyðarþjónusta á ferðalögum erlendis. Nánari upplýsingar á atlaskort.is og í síma 550 1500.
FARÐU ALLA LEIÐ
KAUPÞING
GLITNIR
Landsbankinn
spron
SPARISJÓÐURINN
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# partí

## Hverjir voru hvar



Agnieszka Monika Baranowska, unnusta Barða í Bang Gang, hélt upp á 34 ára afmæli sitt á 101 Hótel á föstudaginn. Með henni þar voru blaðamaðurinn Anna Margrét Björnsson, ljósmyndarinn **Silja Magg** og Helena verslunarstjóri í Spúútnik.



Barði var sjálfur á Boston með söngkonunni Emilie Simon. Auk þess var söngvarinn **Daníel Ágúst Haraldsson** á svæðinu sem og Elsa María Blöndal, verslunarstjóri Trilogiu.



**Karl Pétur Jónsson**, tengdasonur forsetans, var hrókur alls fagnaðar í einu horni Ölstofunnar á laugardagskvöldið en Guðrún Tinna, eiginkona hans, var heima enda aðeins liðnir rúmir tveir mánuðir frá því hún fæddi yndislega dóttur í heiminn.



Athafnamaðurinn **Friðrik Weisshappel** tók sér frí frá landvinningum í Danmörku og skemmti sér á 101 Hótel á laugardagskvöldið. Hann hélt síðan norður til Akureyrar á sunnudaginn til að hitta föður sinn. Guðmundur Arnarsson, síðasti ritstjóri hins sáluga tímarits Bleikt og blátt, var í góðum gír á barnum.



Mikið stuð var á Skagfirðingakvöldinu á Players. Sjónvarpsstjarnan og skemmtikrafturinn **Auðunn Blöndal** heilsaði upp á gamla félaga af Króknum og söngvarinn Sverrir Bergmann, sem einnig er ættaður af Króknum, lét sig að sjálfsögðu ekki vanta. Loks rak **Eyjólfur Sverrisson**, landsliðsþjálfari í knattspyrnu, inn nefið en stoppaði þó stutt.





**ROSALEGUR KRAFTUR** „Það er rosalegur kraftur í Hara og gaman að fylgjast með þeim," segir Þorvaldur Bjarni. SIRKUSMYND/SIGURJÓN RAGNAR

# HARA OG JÓGVAN SIGURSTRANGLEGUST

„Ég horfi á X-factor með dóttur minni og hef gaman af," segir Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson tónlistarmaður. Eins og allir muna var Þorvaldur Bjarni einn af dómurunum í Idolinu á sínum tíma og þekkir því svona þætti. „Áherslurnar eru öðruvísi í X-factor og þar liggur meira á dómurunum. Mér finnst skemmtilegt að leyfa fólkið að syngja í hópum og eins að allur aldur sé leyfður. Aldurstakmark í svona keppni er alveg út í hött," segir Þorvaldur.

Aðspurður hvaða þátttakendur séu þeir sigurstranglegustu að hans mati segir hann systurnar frá Hveragerði afar sterkar. „Það er rosalegur kraftur í Hara og það er svo gaman að fylgjast með þeim og það er augljóst hvað þær hafa gaman af þessu. Eins finnst mér hinn færeyski Jógvan góður. Hann er bæði sjarmerandi og með þrusurödd," segir Þorvaldur og bætir við að hann sakni hins norðlenska Sigga. „Það hefði verið gaman að hafa Sigga lengur inni. Hann er góður söngvari og skemmtilegur karakter."

Þorvaldur segist ekki sakna þess alvarlega að sitja í dómarasætinu. „Mér finnst gaman að sitja í stofunni heima og fylgjast með en það sem kemur mér mest á óvart er hvað mikið maður lifir sig inn í þetta. Þegar ég var dómari furðaði ég mig á því þegar fólk stoppaði mig úti á götu og talaði um hversu vondur Bubbi væri við keppendur. Nú stend ég sjálfan mig að því að öskra á sjónvarpið svo þetta hefur verið mjög lærdómsríkt fyrir mig," segir Þorvaldur hlæjandi og bætir við að svona þættir séu mikil fjölskylduskemmtun. „Það var virkilega gaman að taka þátt í þessu enda mikill fjölskylduþáttur og það er notalegt að finna þjóðarsamhuginn í kringum þetta."

*indiana@frettabladid.is*



**ÖSKRAR Á SJÓNVARPIÐ** Þorvaldur Bjarni segir það hafa verið lærdómsríkt að vera áhorfandi en ekki dómari í þetta skiptið.



**SJARMERANDI** Þorvaldi Bjarna finnst hinn færeyski Jógvan vera bæði sjarmerandi og með þrusurödd. SIRKUSMYND/SIGURJÓN RAGNAR

# Snæfríður Sól vonar að mamma komi með út

„Ég bjóst alls ekki við að vinna svo þetta kom ánægjulega á óvart," segir Snæfríður Sól Snorradóttir, sem valin var Hawaiian Tropic-stelpan á Nasa á laugardaginn. Snæfríður Sól er 18 ára úr Kópavoginum og er á félagsfræðibraut í Borgarholtsskóla. Hún mun keppa í stóru keppninni í Las Vegas í maí og hlakkar mikið til. „Þetta er pínu stressandi en vonandi gaman. Ég vona að stelpan sem sigraði í fyrra komist með mér út eða þá mamma," segir Snæfríður og bætir við að Hawaiian Tropic-keppnin sé mitt á milli fegurðarsamkeppni og fitness-keppni. „Ég hafði ekkert æft fyrr en ég ákvað að taka þátt í þessari keppni en tók verulega á því mánuðina fyrir keppnina. Ég borðaði engan sykur og ekkert hveiti og mætti í ræktina," segir hún og bætir við að keppnin hafi dregið hana áfram í holla lífsstílnum. „Ég gat gleymt því að fá mér franskar og sat oft hundfúl og nagaði sellerístilk þegar kærastinn minn fékk sér pitsu. Það borgaði sig hins vegar."

Helga Dýrfinna Magnúsdóttir, 23 ára úr Kópavogi, lenti í öðru sæti og Móeiður Sif Skúladóttir, 19 ára Keflavíkurmær, hreppti þriðja sætið.

*indiana@frettabladid.is*



**GLÆSILEGUR HÓPUR** Hann var föngulegur hópurinn sem tók þátt í Hawaian Tropic-keppninni á NASA á laugardaginn.



**ÞRJÁR EFSTU** Snæfríður Sól ásamt þeim Helgu Dýrfinnu Magnúsdóttur, sem lenti í öðru sæti, og Móeiði Skúladóttur sem hafnaði í þriðja sæti.



**FÓRNAÐI SÉR FYRIR KEPPNINA** Snæfríður Sól þurfti að færa fórnir og nagaði meðal annars sellerístilka meðan kærasti hennar fékk sér pitsu.

# Þín ákvörðun, þín leið, þitt Nicorette



- Mjúkt að innan
- Stökkt yfirborð
- Frískandi bragð
- Gómsæt blanda af ávöxtum og myntu
- Bragð sem kemur á óvart




KORTER.IS

# 25%

afsláttur af Fruitmint

www.nicorette.is

Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.** Handhafi markaðsleyfis: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.

# VONAST TIL AÐ FÁ STELPU

## ÁSDÍS RÁN GUNNARSDÓTTIR Á VON Á SÍNU ÞRIÐJA BARNI OG SEGIST ALDREI HAFA VERIÐ JAFN TILBÚIN AÐ VERÐA MÓÐIR.

„Ég vona að ég fái stelpu þar sem ég á tvo stráka fyrir," segir Ásdís Rán Gunnarsdóttir, sem rekur fyrirsætuskrifstofuna Icemodels. Ásdís er komin rúma sjö mánuði á leið með sitt þriðja barn. Ásdís eignaðist sitt fyrsta barn aðeins sautján ára gömul en hún og eiginmaður hennar, knattspyrnumaðurinn og fyrrverandi Herra Ísland Garðar Gunnlaugsson, eiga saman eins og hálfs árs dreng. „Við höfðum ekki planað að eignast annað barn strax. Þetta kom alveg óvart," segir Ásdís og bætir brosandi við að fyrst hún sé að leggja þetta á sig væri skemmtilegt að fá stelpu í hópinn. „Okkur langar í stelpu en þriðji prinsinn yrði líka velkominn. Þá förum við að ná upp í fótboltalið," segir hún hlæjandi.

**viðtal**

### Sáttari í dag

Ásdís segir mikinn mun á að vera ófrísk í dag þegar hún er 27 ára eða fyrir tíu árum. „Ég finn hversu tilbúnari ég er andlega þegar ég er komin á þennan aldur. Ég er mun sáttari og mun geta boðið barninu upp á meira og betra uppeldi. Hins vegar fannst mér líkamlega auðveldara að vera ófrísk 17 ára. Þá lét ég meðgönguna ekkert stoppa mig auk þess sem líkaminn var fljótur að jafna sig eftir barnsburðinn. Í dag er ég þreyttari og finn fyrir að vera ófrísk. Ég get samt ekki kvartað enda hefur tíminn flogið áfram þar sem ég hef haft mikið að gera."

### Fæðir í Svíþjóð

Garðar er á samningi hjá knattspyrnuliðinu IFK Norrköping í Svíþjóð en Ásdís hefur haft annan fótinn þar í landi upp á síðkastið. Hún ætlar að eiga barnið í Svíþjóð og segist kvíða fyrir fæðingunni. „Mér finnst ekki spennandi tilhugsun að eiga barnið fjarri fjölskyldunni en Garðar tekur að sjálfsögðu ekki annað í mál. Hann vill vera viðstaddur og þar sem deildin úti verður byrjuð þegar barnið kemur í heiminn kemur ekkert annað til greina."



**SÆT SAMAN** Ásdís Rán og Garðar Gunnlaugsson eiga nú von á sínu öðru barni saman. Fyrir á hún tíu ára son.

### Fékk heilahristing í bílslysi

Ásdís upplifði heldur óskemmtilega lífsreynslu í síðustu viku þegar hún lenti í hörðum árekstri í umferðinni í Reykjavík. Hún man lítið eftir deginum þar sem hún fékk slæman heilahristing og missti meðvitund og varð að gista á sjúkrahúsi í þrjá daga. Garðari brá eðlilega mikið þegar honum voru færðar fréttirnar til Svíþjóðar. „Þetta var hrikaleg lífsreynsla en ég þakka guði fyrir að barnið hafi sloppið. Ég hef fengið smávegis hríðir eftir slysið og læknarnir segja möguleika á að fæðingin geti farið af stað og fylgjast því vel með mér. Þegar ég rankaði við mér á sjúkrahúsinu vissi ég hvorki hver ég var né að ég væri ófrísk. Garðar greyið fékk áfall og hefur ekki enn jafnað sig," segir hún en Ásdís átti pantað flug til Svíþjóðar daginn eftir slysið. „Læknarnir vilja fylgjast með mér og því hef ég ekki enn komist út. Hann fékk ekki að tala við mig fyrr en um kvöldið og vill aldrei þurfa að upplifa annað eins," segir Ásdís, sem slapp óbrotin en með skrámur auk þess sem hún fékk hnykk á bakið og hálsinn.

### Með áhuga á fegurð

Það er alltaf nóg að gera hjá Ásdísi Rán og þrátt fyrir fyrirmæli lækna um að taka því rólega fékk hún leyfi til að yfirgefa sjúkrahúsið tímabundið til að mæta á Hawaiian Tropic-fyrirsætukeppnina sem fyrirtæki hennar stóð fyrir. „Þetta var hræðileg tímasetning til að lenda í árekstri því ég átti bókaða fundi allan daginn og keppnin var um kvöldið. Ég sé sjálf um allt þegar kemur að vinnunni og hafði í rauninni engan til að koma í minn stað. Ég er hins vegar heppin að eiga frábæra mömmu og systur sem redduðu málunum. Í rauninni skil ég ekki hvernig þær fóru að því en keppnin gekk vel fyrir sig," segir hún og brosir.

Spurð hvort hún myndi hvetja sína dóttur í fyrirsætubransann segist hún nokkuð viss um að ef um dóttur verði að ræða þá muni hún feta þá slóð. „Mér finnst það að minnsta kosti líklegt þar sem báðir foreldrar hennar hafa þennan áhuga. Hins vegar ætla ég ekki að stýra henni eitt eða neitt. Ég myndi frekar vilja að áhugi hennar færi yfir í lögfræði eða í skurðlækningar en að hún smitist af þessari fegurðarbólu sem foreldrar hennar hafa. Þetta getur verið erfiður bisness ef stelpur hafa ekki bein í nefinu."

### Eltir drauma

Um framtíðina segir Ásdís margt óráðið. Garðar sé aðeins 23 ára og því sé knattspyrnuferli hans langt í frá lokið. Hún segist til í að fylgja honum um heiminn en að hún verði aldrei 100 prósent húsmóðir. „Við erum gift og ég fylgi honum en ég hef líka mínum skyldum að gegna. Best væri að við fengum bæði að elta okkar drauma og ég er tilbúin að ferðast mikið til að hugsa um fyrirtækið mitt. Svo getur vel verið að maður eldist upp úr þessum fegurðarbransa og fari í eitthvað alvarlegra. Hins vegar þarf maður að eiga peninga til að byrja í braskinu svo það bíður betri tíma."

### Fyrirtækið er fjórða barnið

Ásdís hefur verið innan fyrirsætubransans frá því hún steig sjálf sín fyrstu skref sem fyrirsæta sem unglingur. Að verða ófrísk aðeins 17 ára setti heldur betur strik í reikninginn en áhuginn á bransanum hvarf ekki. Ásdís ákvað að einbeita sér að því að láta drauma annarra ungra stelpna rætast með því að stofna fyrirsætuskrifstofu. „Þessi bransi er mitt líf og fyrirtækið er fjórða barnið mitt," segir hún og stoltið leynir sér ekki. „Hins vegar verður maður aldrei ríkur af því að reka fyrirsætuskrifstofu á Íslandi og því er ég aðeins farin að líta í kringum mig og undirbúa útrás. Íslensk fegurð vekur athygli erlendis og ég vil reyna að opna fleiri dyr fyrir íslenskar fyrirsætur. Þær eru í háum klassa, rétt eins og íslensku hestarnir og fiskurinn," segir hún brosandi og bætir við að áhugi hennar liggi í Ameríku frekar en í Evrópu. „Sjálf hef ég unnið sem fyrirsæta af og til en þar sem ég átti barn gat ég ekki tekið öllum þeim tilboðum sem mér bárust. Ég gat ekki bara stokkið upp í flugvél þar sem ég hafði skyldum að gegna. Fyrirsætustörfin voru alltaf draumur en ég tók þá ákvörðun að eiga barnið og hef aldrei séð eftir því," segir hún og bætir við að hún hafi ávallt átt sér stóra drauma. „Ég ætla mér stóra hluti og oftast rætast þessir draumar mínir."




**ÞRIÐJA BARNIÐ** Ásdís Rán á fyrir tvo stráka og vonast til að fá stelpu í þetta skiptið.

SIRKUSMYND/VALLI
FÖRÐUN/ELÍN REYNIS

### Lífið er besti skólinn

Ásdís var ekki orðin tvítug þegar hún stofnaði sitt fyrsta fyrirtæki og hefur síðan verið sinn eiginn herra. Hún segist vel að sér í viðskiptum og að henni hafi alltaf gengið vel að læra það sem hún hafi virkilegan áhuga á. „Ég er fullfær í flestu sem kemur að fyrirtækinu mínu, sama hvort það eru markaðsmálin, bókhaldið eða lagalega hliðin. Ég lærði viðskiptafræði í Viðskiptaskólanum en lífið sjálft og vinnan hefur að mestu undirbúa mig. Að sjálfsögðu hef ég gengið í gegnum erfiði tímabil en ég hef lært mikið. Þetta hefur verið streð og í byrjun höfðu ekki margir trú á þessari litlu ljóshærðu stelpu sem ætlaði sér stóra hluti. Ég hef hins vegar gaman af þessu en draumurinn er að gera eitthvað enn meira."

*indiana@frettabladid.is*

O&K þjónusta

**Þjónustuaðili:**

Langendorf Fiat MSB New Holland NPK
Daewoo IR Montabert DEUTZ Kobelco

VélRás ehf.

Sérhæfð þjónusta við rafkerfi og glussakerfi

RAUÐHELLA 16 · 220 HAFNARFIRÐI · SÍMI 555 6670 · FAX 555 6671 · velras@velras.is

Slöngur og fittings á lager.

Smurþjónusta fyrir stóra bíla og vinnuvélar.

Setjum á og útvegum yfirbreiðslur á vagna.


# hafnarfjörður

FÖSTUDAGUR 9. MARS 2007








Ingvar segir marga þjóðþekkta einstaklinga hafa stundað nám í Flensborg.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fyrsti kennaraskóli Íslands

**Flensborgarskóli í Hafnarfirði á 125 ára afmæli 1. júní næstkomandi og af því tilefni verður ýmislegt gert. Ingvar Viktorsson kennari er í afmælisnefnd skólans.**

Flensborgarskóli, sem nú er framhaldsskóli, var upphaflega stofnaður árið 1882 og var þá gagnfræðaskóli. „Skólinn hefur tekið miklum breytingum með árunum og er mjög merkilegur skóli fyrir margra hluta sakir. Meðal annars vegna þess að hann var fyrsti kennaraskóli landsins en árið 1892 var sett af stað kennaradeild í skólanum sem starfaði til 1907 þegar samþykkt var á Alþingi að stofnaður yrði sérstakur kennaraskóli,“ segir Ingvar.

Margir þjóðþekktir einstaklingar hafa gengið í Flensborgarskóla og segir Ingvar að fjöldi listamanna sé í hópi eldri nemenda. „Það er til dæmis gaman að geta þess að eini skólinn sem Jóhannes Kjarval gekk í á ævinni var Flensborg og á afmælinu ætlum við því meðal annars að setja upp sérstakt Kjarvalshorn,“ segir hann.

Aðrir fyrrverandi nemendur skólans verða líka sýnilegir á afmælinu og er afmælisnefndin þessa dagana að setja sig í samband við fyrrverandi oddvita hans. „Eftir að Flensborg varð framhaldsskóli hafa formenn nemendafélagsins verið kallaðir oddvitar og við ætlum að reyna að fá sem flesta þeirra hingað á afmælinu til að rifja upp gamlar minningar og þess háttar,“ segir Ingvar og bætir við að þeir oddvitar sem hann hefur ekki náð í megi gjarnan hafa samband við hann.

Núverandi nemendur skólans munu einnig taka virkan þátt í hátíðahöldunum. „Hafnarfjarðarbær hefur gefið grænt ljós á það að nemendur skólans fái að einhverju leyti að hafa umsjón með Hamrinum og setja þar upp skilti, leiðbeiningar, sögu Hamarsins og bæjarins og þess háttar.“

Afmælisnefndin hefur svo tekið þá ákvörðun að gefa út 125 ára sögu skólans í tilefni af afmælinu. „Sú saga á að vera tilbúin á 130 ára afmælinu og við höfum þegar ráðið söguritara sem er Björn Pétursson sagnfræðingur,“ segir Ingvar.

Hápunktur hátíðahaldanna í sumar verður hins vegar að öllum líkindum stúdentahátíð sem haldin verður föstudaginn 1. júní á sjálfan afmælisdaginn. „Við ætlum svo að reyna að skapa hefð fyrir svona hátíð árlega því það vill þannig til að Flensborg verður 125 ára í sumar en Hafnarfjörður verður 100 ára 1. júní 2008. 1. júní er því stór dagur í sögu Hafnarfjarðar.“ *emilia@frettabladid.is*

# Alltaf bjartir dagar

**Byggðin í Hafnarfirði þenst út og íbúum fjölgaði þar um 1.300 á síðasta ári. Það er langt umfram landsmeðaltal.**



Lúðvík Geirsson bæjarstjóri með kranaskóginn á Norðurbakkanum í baksýn.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Það eru alltaf bjartir dagar í Hafnarfirði, allt árið um kring, mikill framkvæmdahugur og uppgangur. Hafnfirðingum fjölgaði um 1.300 á síðasta ári. Það er meira en við höfum séð um margra áratuga skeið. Sami skriður er enn á þessu ári, ég heyri það á verktökum og fasteignasölum,“ segir Lúðvík Geirsson bæjarstjóri kampakátur þegar hann er spurður um gang mála í bænum.

„Við byggjum ekki bara íbúðarhúsnæði heldur er líka mikil uppbygging í atvinnuhúsnæði,“ heldur hann áfram. „Við erum búin að úthluta á skömmum tíma um 200 hekturum undir atvinnulóðir. Aðallega á iðnaðarsvæðinu sunnan við Krýsuvíkurveg, í svokölluðu Hellahrauni. Eftirspurnin er svo mikil. Á milli nýja Krýsuvíkurvegarins og íbúðarhverfisins á Völlunum erum við svo að byggja svæði fyrir verslunarhúsnæði og smærri þjónustuiðnað.“

-Nýju íbúðarsvæðin. Hvar eru þau helst?

„Það er verið að byggja íbúðir á fjórum stöðum. Í Áslandi 3 sem er fyrir ofan Kaldárselsveginn, brekkuhlíðarnar í Ásfjallinu sem snúa í norður og austur. Beint á móti Setberginu. Þar var verið að hleypa fólki inn á fyrir nokkrum vikum síðan og það er mjög eftirsóttur staður enda gott útsýni þarna ofan af fjallinu. Svo er byggt á Kaldárselssvæðinu. Þar eru menn komnir inn í dalinn sem menn kalla ýmsum nöfnum, Steinadal, Fagradal og Seldal. Hann er bak við Ásfjallið. Síðan er verið að byggja 300 íbúðir á Hvaleyrarholtinu og 15 byggingarkranar eru nú á Norðurbakkanum svo þar er byggt af kappi og eftirspurnin er mikil.“

Minntur á að nú styttist í kosningar um álverið segir Lúðvík: „Já, það er búið að dreifa plaggi í öll hús með upplýsingum um það mál. Síðan eru þrír fundir upp úr 20. þessa mánaðar og þeim verður varpað inn á netið okkar. Við höfum gert það með alla bæjarstjórnarfundi í samvinnu við fjölmiðladeildina í Flensborg. Hinn 29. er svo umræðu- og kappræðufundur um málið sem verður í beinni útsendingu á Stöð 2.“

Nú berst talið að því sem kom Hafnarfirði inn á kortið upphaflega. Það er að segja sjávarútveginum.

„Það hefur dregið úr sjávarútvegi hér frá því sem áður var,“ viðurkennir bæjarstjórinn. „En þó er hér öflugur fiskmarkaður og það er mikið um landanir inn á hann, þó að fiskvinnsla sé minni en áður. En fragtsiglingar eru að aukast og Atlantsskip eru að flytja frá Kópavogi hingað í Hafnarfjörð í apríl. Fyrirtækið er að leggja lokahönd á nýja aðstöðu hér í Hvaleyrarhöfninni.“

En skipasmíðakvíarnar? Eru þær ekki hjá ykkur enn?

„Jú, nú liggur fyrir samkomulag um að minni kvíin fari fyrir sumarbyrjun út í ytri höfnina. Það hefur verið baráttumál. Við erum á lokasnúningi að undirbúa það. Sú stærri er þar. Grímseyjarferjan hefur verið þar í smíði í vetur. Það verkefni var boðið út vítt og breitt um Evrópu.“ *-gun*

# Fyrirhuguð stækkun álvers kynnt

Hafnfirðingar standa frammi fyrir erfiðu vali þegar kosið verður um stækkun álvers 31. mars næstkomandi. Hafnarfjarðarbær stendur af þeim sökum fyrir kynningarfundum vegna atkvæðagreiðslu um deiliskipulag vegna fyrirhugaðrar stækkunar álvers Alcan í Straumsvík.

Fyrsti fundurinn var haldinn í gær. Fóru fulltrúar bæjarins og skipulagsaðila yfir deiliskipulagstillöguna og svöruðu spurningum um hana. Þá var einnig kynnt fyrirkomulag atkvæðagreiðslunnar sjálfrar.



Atkvæðagreiðsla um stækkun álvers í Straumsvík fer fram 31. mars.

Þriðjudaginn 20 mars verða síðan kynnt umhverfis- og mengunarmál í Hafnarborg klukkan 20.00, daginn eftir verður farið yfir skipulag og framtíð byggðar í Bæjarbíói og 22. mars verða rædd samfélags- og efnahagsmál á sama stað.

Hinn 29. mars verður opinn fundur í Hafnarborg klukkan 19.00. Á fundinum munu fulltrúar ólíkra sjónarmiða, sem varða fyrirhugaða stækkun álversins, koma þeim á framfæri.

Fundirnir eru öllum opnir svo lengi sem húsrúm leyfir en þeim verður varpað út á Vefveitunni á www.hafnarfjordur.is og geta bæjarbúar nálgast upptökur af fundunum á sömu slóð.




DYNAMO REYKJAVIK
Nú hefur myndast nýr meðbyr í persónulegri fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki
BYR
SPARISJÓÐUR
BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is



Sváfnir Hreiðarsson, rekstrarstjóri hins nýja æfingasvæðis, stendur við hlið Ágústs við æfingaskýlið sem verður tekið í notkun bráðlega.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Stórafmæli fagnað með nýju æfingasvæði

**Golfklúbburinn Keilir hefur að undanförnu byggt upp nýja æfingaaðstöðu á Hvaleyrinni.**

Golfklúbburinn Keilir stendur á tímamótum, verður fjörutíu ára í vor. Ekki er amalegt að ganga inn í afmælisárið með jafn glæsilegum hætti og Keilismenn munu gera en þeir taka nú í mánuðinum í notkun æfingaaðstöðu sem hefur verið í byggingu í um ár.

„Þetta er æfingaskýli með 22 básum sem verður opnað bráðlega. Svo erum við nýbúnir að taka í notkun innanhússaðstöðu á 530 fermetra gólffleti,“ segir Ágúst Húbertsson, framkvæmdastjóri golfklúbbsins. Í húsinu er búið að opna pútt- og vippaðstöðu en kaffistofa var opnuð uppi á lofti um daginn. „Þarna höfum við skapað mjög góða aðstöðu fyrir æfingar og eina af þeim fullkomnustu á landinu í dag,“ segir Ágúst en innanhússaðstaðan er í uppgerðu húsi gömlu Hvalalaugarinnar sem var eitt sinn í eigu Sædýrasafnsins. Út frá húsinu gengur æfingaskýlið sem er geysimikið mannvirki en inni í þeirri þyrpingu er einnig útiæfingasvæði.

„Það eru um fimm ár síðan menn fóru að hreyfa við þessu dæmi við bæjaryfirvöld og Íþróttabandalag Hafnarfjarðar,“ útskýrir Ágúst, sem telur bæinn hafa stutt dyggilega við bakið á uppbyggingu golfíþróttarinnar líkt og hann styður öll önnur íþróttafélög. „Hafnarfjarðarbær borgar til dæmis áttatíu prósent af kostnaði við uppbygginguna hins nýja æfingasvæðis okkar en framkvæmdirnar kosta á annað hundrað milljónir króna,“ segir Ágúst.

Golfíþróttinni hefur sannarlega vaxið fiskur um hrygg undanfarin ár og telur Ágúst mikla þörf fyrir fleiri golfvelli á höfuðborgarsvæðinu enda hafa nú í fyrsta sinn myndast biðlistar fólks sem vill gerast félagar í Keili. Ekki er þó fyrirhugað að bæta við eða breyta golfvelli Keilis stórvægilega á næstu árum. Hins vegar bendir Ágúst á metnaðarfullt verkefni sem nú er í fullum gangi í vörn Hvaleyrarinnar. „Landbrot á Hvaleyrinni hefur verið mikið og síðan í desember hefur stórgrýti verið keyrt í kringum alla eyrina til að fyrirbyggja það,“ segir Ágúst en við þessar framkvæmdir skapast einnig gönguleiðir í kringum svæðið svo fólk getur notið náttúrunnar á Hvaleyri þótt það eigi engar golfkylfurnar.



Vörn Hvaleyrarinnar er Keilismönnum hugleikin enda stendur yfir metnaðarfullt verkefni Hafnarfjarðarbæjar og Hafnarfjarðarhafnar til að stöðva landbrot.



Hér geta menn æft púttið án þess að veður og vindar trufli. Ágúst í glæsilegri æfingaaðstöðu Keilis.


Allt fyrir ferminguna!

Fermingarboðskort aðeins 499.- 10 stk

Servíettur með áprentun • Sálmabækur með áprentun
Borðskraut • Fermingarvasaklútar
Fermingarhanskar • Kerti • Gestabækur

Til gjafa: Snyrtitöskur, skartgripaskrín, myndavélar, sjónaukar, hnattlíkön, ferðatöskur, glæsileg pennasett á tilboði og bækur

Glæsilegasta úrvalið þótt víða væri leitað

Bókabúð Böðvars hf
Reykjavíkurvegi 66 - Sími 565 1630

# Svona erum við!

ENNEMM / SÍA



Hlutverk okkar er að framleiða hágæða ál með hámarks-arðsemi í samræmi við óskir viðskiptavina og með þeim hætti að umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismál séu höfð í fyrirrúmi.

Gildi okkar eru heiðarleiki, ábyrgð, traust og samvinna.

Lykillinn að árangri er hæft, áhugasamt og jákvætt starfsfólk sem skapar öruggan og eftirsóknarverðan vinnustað. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, endurgjöf á frammistöðu og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.

ALCAN

– Hugvit, tækniþekking og samfélagsleg ábyrgð í 40 ár

alcan.is

# Tómstundaiðja og lífsstíll

**Í hesthúsahverfi Sörla í Hafnarfirði er mikið líf á veturna. Þar sameinast fjölskyldur í áhugamáli sínu.**

Ásgeir Margeirsson stundar hestamennsku ásamt fjölskyldu sinni í hestamannafélaginu Sörla. Hann hefur haft brennandi áhuga á hestamennsku allt frá því hann var í sveit sem drengur í Kjarnholtum í Biskupstungum. „Hestamennskan er ólæknandi baktería,“ segir Ásgeir sem staddur er í Slóveníu þegar tal næst af honum. Hann vinnur þar að útflutningi á orkuþekkingu Íslendinga.

Ásgeir er fæddur og uppalinn Keflvíkingur en flutti sig og hesta sína til Hafnarfjarðar árið 1989 og er orðinn rótgróinn félagi í Sörla. Á þessum tæpu tuttugu árum hefur hann séð ótrúlegar breytingar á öllu er við kemur hestamennsku

„Ein af fyrstu og stærstu breytingunum varð þegar Reiðskemman var byggð fyrir um tíu árum,“ segir Ásgeir en nokkrum árum síðar var gert samkomulag milli hestamanna, Hafnarfjarðarbæjar og Skógræktarfélagsins um að byggja nýtt hesthúsahverfi og leggja nýjar reiðgötur. „Það voru einnig mikil tímamót,“ segir Ásgeir sem byggði hesthús á Sörlaskeiði, annarri af tveimur nýjum götum. Þar er hann ásamt konu sinni og tveimur af þremur sonum með átta til níu hesta á húsi á veturna. „Hestamennskan okkar hefur vaxið jafnt og þétt og nú er þetta orðin bara býsna alvarleg tómstundaiðja, já eða lífsstíll,“ segir Ásgeir, sem líkar vel umhverfi Sörla. „Þetta er utan við byggðina en samt stutt að fara, hér eru frábærar reiðleiðir, hraun, skógrækt og fallegt um að litast. Hins vegar finnst mér vanta sumarbeit fyrir hesta og því mætti efla enn meira samstarfið sem verið hefur milli hestamanna, bæjarins og skógræktarfólks til að flétta saman beitarland, skjólbelti og skógrækt,“ segir Ásgeir ákveðinn og bætir við. „Hér eru mikil og góð mannvirki og það eina sem vantar er möguleiki á að geta nýtt svæðið betur á sumrin.“



Ásgeir í hesthúsi sínu við Sörlaskeið með rauðskjótta og blesótta fjölskylduhestinn Galsa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Umhverfi Sörla er fallegt, þar eru góðar reiðleiðir og stutt til fjalla.


Full búð af nýjum vörum







SKUNKFUNK - LEE- WRANGLER
SARA KEIR DESIGN- ZENTO SKART & TÖSKUR
REPEAT DK. - VIA-VAI SKÓR VÆNTANLEGIR

ALLT FYRIR LÍKAMANN OG ANDLIT ÚR DAUÐAHAFINU

OROBLU - ERMAR- LEGGINGS - HAUSKÚPUKLÚTAR - ARAFAT SLÆÐUR OG MARGT FLEIRA

BRAZILIAN TAN BRÚNKUKREM






LOVE LINE KREMIN
- MAXIM SVITASTOPPARINN SEM ER AÐ SLÁ Í GEGN Á ÍSLANDI

Respekt mens women · Respekt women · Respekt mens

Respekt tískuvara
Firði, 2. hæð • Sími 533 3931



TACO BELL
KFC
Taco Bell
og nýr
og endurbættur
KFC
Taco Bell og nýr og endurbættur KFC
hefur opnað í Hafnarfirði.
Meira úrval og enn betri aðstaða.
Kíktu á Taco Bell og KFC í Hafnarfirði.
PIPAR • SÍA • 70463
TACO BELL
KFC



Boðið er upp á mikið úrval af nýmöluðu kaffi og kaffibaunum. Hér fyllir Karólína Smáradóttir poka af ilmandi kaffi.



Baileys-ostakaka með rjóma úr smiðju tertubakarans Ingibjargar.

# Vinsæl Baileys-ostakaka

Ingibjörg Lydia Yngvadóttir hefur bakað indælis tertur á Súfistanum í Hafnarfirði í tíu ár. „Við byrjuðum mjög smátt í upphafi en þetta hefur undið upp á sig og í dag erum við með mikið úrval af kökum, mat og kaffi,“ segir Ingibjörg en Súfistinn er sannarlega orðinn fastur punktur í bæjarlífi Hafnarfjarðar þar sem menn geta sest inn og rætt landsins gagn og nauðsynjar yfir ilmandi kaffibolla úr nýmöluðu kaffi og tertu.

Allt kaffið á Súfistanum er sérinnflutt af eigandanum, Birgi Finnbogasyni, og brennt hér heima.

Ingibjörg segir fólk spá orðið meira í kaffið sem það lætur inn fyrir varir sínar. „Það er orðin miklu meiri kaffimenning hérna en áður.“

Ingibjörg skellti í eina Baileysostaköku fyrir lesendur Fréttablaðsins. „Þessi þykir alveg einstaklega góð og enginn er með þessa köku nema við,“ segir Ingibjörg, sem hefur þróað kökuna í nokkurn tíma.

„Ég bragðbætti hana með Baileys og setti mitt mark á hana,“ segir Ingibjörg, sem hefur gaman af að prófa sig áfram með kökurnar sínar. „Það er skemmtilegt að vera með eitthvað öðruvísi en aðrir.“

## uppskrift

**BAILEYS-OSTAKAKA**

1 pakki hafrakex
150 g heslihnetur vel hakkaðar
60 g brætt smjör
1 msk. kakó
1 msk. sykur
1,5 dl rjómi

Öllu blandað saman í skál. Sett í lausbotna springform, 28 cm í þvermál.

Kexblöndunni þjappað vel saman í formið.

**RJÓMAOSTAHRÆRA**

600 g hreinn rjómaostur
170 g flórsykur
2 tsk. vanilludropar
2-3 msk. sítrónusafi
2-3 dl Baileys
7-8 blöð matarlím
½ l rjómi

Leggið matarlímið í bleyti í kalt vatn. Hrærið saman rjómaosti og flórsykri, bætið vanilludropum og sítrónudropum í. Kreistið vatnið af matarlíminu og setjið í skál ásamt Baileys-inu. Matarlímið og vínið hitað saman í örbylgjuofni í 1-2 mínútur eða þar til límið er bráðnað.

Matarlímsblöndunni er blandað saman við ostablönduna, allt hrært saman, að síðustu er léttþeyttur rjóminn settur út í hræruna og blandað saman með sleif og hrærunni hellt yfir botninn. Kakan látin stífna vel í kæli í klukkustund.

**HJÚPUR**

200 g suðusúkkulaði
70 g sýrður rjómi

Saxið niður súkkulaðið og setjið í pott ásamt sýrða rjómanum , hitið við vægan hita og hrærið vel í á meðan, kælið lítillega og hellið svo yfir kökuna. Sett inn í frysti svo hægt sé að taka hana úr forminu.



Ingibjörg gæðir sér á Baileys-ostaköku með rjóma og sýpur á cappuccino. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS



**● VILDARKORT FYRIR ELDRI BORGARA**

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, afhenti fyrstu vildarkortin fyrir eldri borgara, 67 ára og eldri, síðastliðinn mánudag. Við framvísun kortanna fæst ókeypis aðgangur í sund og í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar fást strætómiðar afhentir. Þá veitir kortið niðurgreiðslu hjá tómstundafélögum í Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar auk þess að niðurgreitt er hjá líkamsræktarstöðvum í bænum.

Kortin verða send heim til þeirra sem eru 67 ára og eldri.



Fólki gefst kostur á að skoða álverið í marsmánuði.

# Álver býður í heimsókn

Í aðdraganda atkvæðagreiðslunnar um stækkun álversins í Straumsvík verður boðið upp á reglulegar skoðunarferðir í álverið þar sem gestum gefst kostur á að kynna sér starfsemi þess.

Skoðunarferðirnar verða á fimmtudögum kl. 17.00 og á laugardögum kl. 14.00 allan marsmánuð. Hægt er að skrá sig á straumsvik.is, í upplýsingamiðstöðinni í Firði eða í síma 555-4260. Upplýsingamiðstöðin verður opin á virkum dögum frá kl. 14.00 til 18.00 og á laugardögum frá 11.00 til 16.00 þar til kosningin um nýtt deiliskipulag í Hafnarfirði hefur farið fram.










Nordsjö




SérEfni ehf.

Sérefni ehf er nýr endursöluaðili á Nordsjö inni- og útimálningu. Nordsjö gæða málningin er búin að vera á markaði á Íslandi í hálfa öld með frábærum árangri.

Leitið ráða á staðnum hjá efnaverkfræðingi, málara og ráðgjafa með 30 ára reynslu. Gæði, þekking og reynsla tryggir rétta lausn við málun. Allar tegundir af málningarefnum og verkfærum.

Opið frá 0800-1800 alla daga og á laugardögum frá 10-14.

International

Lágmúli 7, bakhús. Sími 517 0404




Antonía Hevesi tónlistarmaður fyrir utan Hafnarborg. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Leynigestur í apríl

Antonía Hevesi hljóðfæraleikari hefur reynst Hafnfirðingum betri en engin. Hún kom þangað árið 2001 og hefur laðað fjölda fólks á hádegistónleika í Hafnarborg sem listrænn stjórnandi þeirra.

„Hádegistónleikarnir eru mánaðarlega frá september fram í maí. Þeir standa í rúman hálftíma og það er ókeypis inn þannig að Hafnarborg á heiðurinn að öllu saman,“ segir Antonía brosandi. Hún kveðst yfirleitt afar ánægð með aðsóknina. „Á síðustu þremur tónleikum hafa verið tæplega 200 manns en ef það er stór jarðarför í Hafnarfirði á sama tíma eða slæmt veður finn ég fyrir því. Þannig er það bara í svona bæ.“

Antonía er fædd í Ungverjalandi og menntaði sig í tónlist í Búdapest og síðar í Austurríki. Hún flutti til Íslands 1992 og bjó í mörg ár á Siglufirði. Nú starfar hún sem orgel- og píanóundirleikari við Íslensku óperuna. En hvernig kom það til að hún fór að skipta sér af tónlistarlífinu í Firðinum? „Þegar ég flutti hingað frá Siglufirði þá var menningarhátíðin Bjartir dagar framundan. Ég sá auglýst eftir atriðum og sótti um þrenna hádegistónleika í Hafnarborg og þeir voru vel sóttir. Í framhaldi af því var ákveðið að prófa hvort Hafnfirðingar hefðu áhuga á að mæta á svoleiðis tónleika einu sinni í mánuði.“

Antonía kveðst reyna að fá vinsæla tónlistarmenn til að koma fram. „Mikill meirihluti þeirra sem hafa haldið hádegistónleika eru söngvarar. Það er svo mikill áhugi fyrir þeim enda æðislegir söngvarar í þessu landi. Þar sem ég vinn í Íslensku óperunni þekki ég fullt af þeim. Stundum tekst mér að veiða einhverja sem eru að gera það gott erlendis ef þeir koma til landsins á annað borð og svo hafa líka hljóðfæraleikarar komist að.“

Mikil leynd hvílir yfir apríltónleikunum. „Það er leynigestur í apríl. Það hefur aldrei verið áður. Mjög spennandi,“ segir Antonía kankvís. Þegar haft er á orði að hún hafi tvímælalaust falleg áhrif á bæjarbraginn segir hún. „Það vona ég. Ég skemmti mér að minnsta kosti stórvel og er glöð að sjá hversu mikill áhugi er fyrir þessum viðburðum. Stundum kemur sérstök rúta frá elliheimilum og stundum skólabekkur eða leikskólabörn. Svo á ég 50-60 fasta kúnna sem koma á hverja tónleika. Ég vona bara að ég fái að halda þessu áfram lengi enn og er þakklát fyrir Hafnarborg.“ -gun




Gæði glersins skipta öllu máli

Með notkun **Suncool™ HP** gæðaglers frá Glerborg er auðvelt að halda kjörhita innandyra og hitaútstreymið er lítið.

argus - 06-0185

GLERBORG

Dalshrauni 5 | 220 Hafnarfirði | Sími 555 3333 | www.glerborg.is




**● LEIKSKÓLINN STEKKJAÁS** efnir til samkeppni um einkennistákn eða lógó leikskólans. Grunnhugmyndin er fáni skólans og þeir litir sem í honum eru en frjálst er hvernig þetta verður útfært. Samkeppnin er öllum opin. Frestur til að skila inn tillögum að einkennistákni skólans er til 1. apríl og er hægt að senda þær inn jafnt í tölvupósti sem löturpósti. Ef engin tillaga nær hylli dómnefndar áskilur hún sér rétt til að hafna öllum.




**Fermingargjöf frá okkur:**
Við gefum 5.000 kr.
upp í fermingarrúm.

RÚM

*Svífi þú inn í svefninn*



**Úrval fylgihluta:**
Rúmteppi, púðar, pífur, sængurverasett, dýnuhlífar, náttborð og fleira.



**Eftir þínu höfði:**
RB-rúmin og gaflar eru sérsmíðuð eftir þínum óskum. Þú ræður lengd, breidd, hæð, fótum og lit á gafli og botni.

RB-rúm er í heimssamtökunum ISPA, sem eru gæðsamtök fyrirtækja sem sérhæfa sig í framleiðslu og hönnun springdýna.

**Opið alla virka daga frá 8 –18 og á laugardögum frá kl. 10–14.**
RB-rúm Dalshrauni 8 220 Hafnarfirði Sími 555 0397 rbrum@rbrum.is www.rbrum.is

RÚM
Stofnað 1943



Stór salur er í leikskólanum og börnin geta því hreyft sig eins og þau vilja. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Stöðugt er verið að bæta inn nýjungum í hreyfiþjálfun á Víðivöllum.

# Fyrsti leikskólinn í bænum

**Hreyfing og hollir lífshættir eru hafðir í hávegum í leikskólanum Víðivöllum.**

Leikskólinn Víðivellir í Hafnarfirði fagnaði nýlega 30 ára afmæli sínu. Víðivellir er fyrsti leikskólinn sem var opnaður í Hafnarfirði á vegum bæjarins. Hann hóf starfsemi sína 28. febrúar 1977 og var þá fjögurra deilda leikskóli. Ein deild skólans var frá upphafi sérdeild fyrir fötluð börn sem þjónaði öllu Reykjanesi en hún var lögð niður árið 1992. Árið 2002 var leikskólinn síðan stækkaður og fimmta deildin opnuð í húsi sem tilheyrði áður gæsluvelli við hlið leikskólans.

Mikil áhersla er lögð á hreyfingu og heilbrigðan lífsstíl á Víðivöllum. Hreyfingaraðstaða er mjög góð, stór salur er í húsnæðinu og leikskólalóðin er ein sú stærsta á landinu. Leikskólinn hefur síðan í haust verið forystuskóli í Hafnarfirði í verkefni sem heitir Hreyfing og hollir lífshættir og stendur yfir í fimm ár. Á meðan á verkefninu stendur fær leikskólinn sérstakan styrk frá Hafnarfjarðarbæ og því hefur verið bætt inn nýjungum í hreyfiþjálfun auk þess sem til stendur að móta ákveðna stefnu í matarmálum skólans með áherslu á að draga úr neyslu á sykri, salti og unnum matvörum og auka hlut grænmetis, ávaxta og baunarétta.



Í leikskólanum Víðivöllum er mikil áhersla lögð á hreyfingu.

Í leikskólanum eru 116 börn, allt frá sex mánaða upp í sex ára, og er þeim sinnt af alúð af 36 starfsmönnum leikskólans. Leikskólastjóri er Guðrún Svava Guðmundsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri Árdís Grétarsdóttir.

-eö




VERTU MEÐ...
VERTU DÚNDUR!
Góa
Lakkrís dúndur
Góa
Stofnað 1968
hausverk / SÍA / 5971



Litríkar götur sem þessar eru sjaldséðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Krúttleg byggð í leyni

**Göturnar Kjóahraun og Fálkahraun liggja í leyni milli húsa. Þar virðist tíminn standa í stað.**

Þeir sem ekki þekkja staðhætti í Hafnarfirðinum eiga eflaust erfitt með að rata inn í Kjóahraun og Fálkahraun. Göturnar liggja eins og í leyni í miðri byggð og líta dálítíð út eins og sviðsmynd fyrir kvikmynd eða sjónvarpsþáttinn Aðþrengdar eiginkonur. Húsin eru glaðleg í gulum, rauðum og bláum litum með kvistum og hvítum gluggum, og garðar girtir af með hvítu handriði. Krúttlegt yfirbragð húsanna er í andstöðu við úfið hraunið sem umvefur þau og undirstrikar ævintýrabrag byggðarinnar. Erfitt er fyrir aðkomufólk að rata inn í hverfið og við fyrstu tilraun gæti maður trúað því að það sé ekki þarna. Allt í einu birtist það og sker sig algerlega úr. Vilhelm Gunnarsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, rataði inn í þetta fallega og ævintýralega hverfi og fangaði stemninguna.




Vottur um vinalegt yfirbragð götunnar.



Fuglahúsið fellur vel að stíl húsanna.



Sérstaklega fallegt hús sem býður mann velkominn.



Húsin rísa upp úr hrauninu og getur maður rétt ímyndað sér að hægt sé að fela sig undir þeim.

# Fimmtudagar eru langir dagar…

…í Hafnarborg
Opið kl. 11-21

…á Bókasafninu
Opið kl. 9-21

…á Byggðasafninu
Opið kl. 11-21




FABRIKAN

Nú er opið lengur á fimmtudögum á Bókasafninu, Byggðasafni Hafnarfjarðar og Hafnarborg.
Fimmtudagar eru því sannkallaðir safnadagar. Við mælum með heimsókn!

**Viðhaldsfríar**

# ÞAKRENNUR

*Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfrírri“ klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfríar“ þakrennur.*

*Rennurnar frá Grövik Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna.*

*Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.*

*Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.*

**Hágæða**

**Varmaskiptasamstæður**
**loftræstistokkar og tengistykki**



## HAGBLIKK ehf.

*Smiðjuvegi 4C*
*Box 281 202 Kópavogur*
*Sími 587 2202 Fax 587 2203*
*hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is*

Augl. Þórhildar 1460.24

# MAX

*Fróbær tækjakaup*

## Landsins mesta úrval raftækja á lágMAXverði

**139.999 kr.**

Fullt verð ~~169.999~~



**32 tommur** — **10stk**

**Samsung LE32S71**
- 32" LCD veggsjónvarp
- HD Ready
- DNIe stafræn myndvinnsla
- Upplausn: 1366 x 768
- Mynd í mynd (1 tuner)
- HDMI, Component, SCART x 2, PC (D-sub) og S-video
- Game mode

**99.999 kr.**

Fullt verð ~~129.999~~



**HP Compaq Nx6325**
- AMD Sempron 3500+ Mobile
- Processor 1,8GHz
- 15` XGA 1024x768 skjár
- 512MB DDR RAM SMART minni
- 80GB 5400rpm harður diskur
- DVD+/-RW (DVD skrifari) drif
- ATI Mobility Radeon Xpress 1150 m/allt að 128MB video RAM skjákort
- Netkort: 10/100/1000 mbit netstýring
- 802.11b/g WLAN (Þráðlaust netkort)
- Bíómetrískur fingrafaralesari
- 56K mótald
- Windows XP Professional

**49.899 kr.** Fullt verð ~~54.999~~



**Philips DVDR3460H**
- Fjölkerfa DVD spilari með upptöku
- 250GB harður diskur - allt að 400 tíma upptaka
- Beint á DVD af harða disknum með einum takka
- 6 tíma uppt. (DVD+R/RW og DVD-R/RW) á DVD
- FlexTime - gerir hlé á útsendingu
- Dolby Digital
- i-Link (DV, Firewire, IEEE1394)
- 2 Scart, SVHS og RCA AV inn/út
- Optical og Coaxial tengi

Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX 3.x/4.x/5.x/6.0 og CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG

**34.899 kr.**



**JBL RadialBlk**
- Hátalarar með 2x15w og 1x30w magnara
- Passar fyrir iPod, MP3, geislaspilara og fleira
- 4 Odyssey hátalarar - 1 djúptóna Neodynium
- Snertitakkar til að hækka og lækka
- 3.5mm jack tengi
- Fjarstýring

iPod fylgir ekki með!

**14.999 kr.**

Fullt verð ~~16.999~~



**JBL SPYRO**
2.1 multimedia hátalarakerfi
Fyrir tölvur, MP3, CD spilara ofl.
2 litlir hátalarar og bassabox
2x6w og 1x24w magnari
Snertitakkar - hækka og lækka
3.5mm jack tengi

**28.999 kr.**

Fullt verð ~~34.999~~

**SONY DSCW50**
- Stafræn myndavél
- 6 milljón punkta uppl.
- 2,5" LCD skjár
- 3x Optical
- 6x Digital zoom
- Carl Zeiss linsa
- Hreyfimyndataka
- 32MB minni innbyggt



**19.989 kr.**

Fullt verð ~~24.999~~



**Apple IPOD NANO 2GBS**
- 2GB iPod Nano MP3 spilari - Silfur
- 1.5" LCD litaskjár (176x132 pixlar)
- Allt að 500 lög eða 25.000 myndir
- Endist í 14 tíma á einni hleðslu
- Þyngd aðeins 43gr

**19.499 kr.**



**Philips SPE3040CC**
- Flakkari með 400GB hörðum diski
- Háhraða USB 2.0 tenging
- Hágæða og sterkbyggt álhús
- Styður Windows 2000/XP

**Fást einnig með 200 eða 500GB diski**

**14.999 kr.**

Fullt verð ~~19.999~~



**Sarotech Abigs DivX**
- 3.5" sjónvarpsflakkari
- Með USB
- Tengist beint í sjónvarp

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

**Við erum beint á móti IKEA**

MAX RAFTÆKI

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

Tilboð gilda til 5. mars eða meðan birgðir endast.

# flottir svefn-sófar



Sly Svefnsófi
140x200
kr. 87.500



Super Soft svefnsófi
140x200
kr. 88.600

LÍNAN
HÚSGÖGN
SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 553 7100 • www.linan.is



Split back svefnsófi 115x200
kr. 73.500









Skull Svefnsófi
120x200
kr. 69.800

FLESTIR GETA SEM BETUR FER BROSAÐ YFIR VANDRÆÐALEGUM MINNINGUM. SIRKUS LEITAÐI TIL ÞRIGGJA ÞJÓÐÞEKKTRA EINSTAKLINGA OG FORVITNAÐIST UM STAÐ OG STUND ÞEGAR ÞAU ÓSKUÐU ÞESS AÐ HVERFA OFAN Í JÖRÐINA.

# Þá óskaði ég þess að jörðin gleypti mig



Hörður Magnússon íþróttafréttamaður: „Þetta var rosalega kjánalegt og ég blóðroðnaði og skammaðist mín svakalega fyrir að hafa ekki kveikt á gríninu.“

## Gabbaður í flugvél

„Ég fór í fótboltaferð með FH til Belgíu árið 1985. Á flugvellinum á leiðinni heim var ég gabbaður all svakalega. Fararstjórarnir og strákarnir í liðinu settu upp heljarinnar leikrit til að gabba mig og spurðu mig reglulega hvort ég væri ekki kominn með flugmiðann minn sem ég var ekki. Ég var aðeins 19 ára og frekar blautur á milli eyrnanna og var ekkert að kippa mér upp við miðaleysið þótt allir hinir væru komnir með sinn miða. Þegar við komumst inn í vélina var ég beðinn um að setjast á gólfið en flugvélin var troðfull af Íslendingum. Flugfreyjurnar báðu mig svo að setjast í flugfreyjusæti á meðan á flugtakinu stóð sem ég gerði. Þegar vélin var komin á loft kom ein flugfreyjan til mín og benti mér á sætið mitt og öll vélin sprakk af hlátri um leið og mér var vísað í sætið. Ég hef fengið að heyra þessa sögu mjög oft síðan og það hefur mikið verið hlegið og gert grín að þessu. Þetta var rosalega kjánalegt og ég blóðroðnaði og skammaðist mín svakalega fyrir að hafa ekki kveikt á gríninu.“

Hörður Magnússon íþróttafréttamaður



Dagný Jónsdóttir alþingiskona: „Við hlógum hins vegar bara að þessu eftir að búið var að skipta um stöð svo þetta reddaðist.“

## Stillti á klámstöð í stað frétta

„Þegar ég var eitt sinn að vinna fyrir Framsóknarflokkinn við flokksþing sátum við nokkrir starfsmenn í einu herbergi á hótelinu og horfðum á fréttir af flokksþinginu í sjónvarpinu. Þetta voru ég og þrír karlmenn sem sátum á rúmstokknum og horfðum á sjónvarpið. Þegar fréttirnar af þinginu hófust ætlaði einn úr hópnum að hækka í fréttunum og um leið var bankað á hurðina og inn kom þjónn frá hótelinu með kvöldmat handa okkur. Ekki gekk betur að hækka í fréttunum en svo að sá sem hækkaði ýtti á vitlausan takka og stillti tækið á klámstöð um leið og þjónninn kom inn um dyrnar. Þetta var frekar vandræðalegt og ég veit ekki hvað þjónninn hefur haldið. Allt í gangi á skjánum og við eins og kleinur. Við hlógum hins vegar bara að þessu eftir að búið var að skipta um stöð svo þetta reddaðist.“

Dagný Jónsdóttir alþingiskona



Þórdís Elva Þorvaldsdóttir leikkona: „Svona getur það komið manni í koll að nota bresku barnaskólaenskuna sína í Ameríku.“

## You mean an eraser

„Ég lærði leiklist í Ameríku þar sem ég bjó á heimavist. Dag einn, stuttu eftir að ég flutti út, sat ég í lestrarherbergi heimavistarinnar og var að fylla í eyðurnar í skólabók þegar ég skrifaði einhverja vitleysu. Það var enginn í lestrarherberginu nema ég og annar strákur sem ég þekkti ekki neitt. Ég leit upp og bað þennan strák um að vinsamlega lána mér strokleður. Strákurinn brást mjög undarlega við þessari bón minni og horfði á mig eins og ég væri eitthvað verri. Mér fannst þetta svolítið skrítið því ég bjóst ekki við að Ameríkanar væru nískir á eitthvað jafn sjálfsagt og örstutt lán á strokleðri. Með ankannalegum svip sagði hann mér að hann ætti strokleður, en hann væri ekki með það á sér. Ég horfði grunsemdaraugum á pennaveskið hans sem lá opið á borðinu á milli okkar. „Hvar geymirðu þá strokleðrin þín?“ spurði ég og hann svaraði mér að hann geymdi þau uppi á herbergi í heimavistinni. „Skrítið,“ sagði ég og hélt áfram að stara tortryggnum augum á pennaveskið hans, „því á Íslandi, þaðan sem ég er, förum við ekki í skólann öðruvísi en að vera með strokleður meðferðis.“ Þetta fannst stráknum alveg hreint stórundarlegt og krafðist útskýringa á þessu. Ég hálfpartinn hreytti út úr mér að strokleður væru álitið sjálfsagt hjálpartæki í menntakerfi Íslendinga. Þetta fannst stráknum ennþá undarlegra og hummaði mikið yfir þessu. Mér var farið að leiðast þetta þref og spurði hvort hann gæti mögulega náð í strokleður upp á herbergi. Ég undirstrikaði vandlega að ég myndi bara þurfa að nota það í örskamma stund og svo fengi hann það strax tilbaka, loforð. Strákurinn var mjög fljótur að segja að ég mætti bara eiga strokleðrið, hann þyrfti alls ekki að fá það aftur. Það fóru að renna á mig tvær grímur. Hvað var með þennan gæja? Fyrst virtist hann mjög íhaldssamur á strokleðrið sitt og svo í næstu andrá vildi hann bara gefa mér það eins og ekkert væri sjálfsagðara. Hann stóð upp og gekk út úr herberginu, undarlegri á svip en nokkru sinni fyrr. Í dyragættinni sneri hann sér við og spurði mig hvort ég væri með einhverjar sérstakar óskir um lykt eða lit. Fyrst skildi ég ekkert hvað hann átti við, en svo kviknaði á ljósaperunni þegar ég mundi eftir strokleðri sem ég fékk í skóinn þegar ég var lítil, en það leit út eins og vatnsmelóna og þegar maður strokaði út með því gaus upp vatnsmelónulykt. Ég hafði líka kynni af lélegum svörtum, þurrum strokleðrum sem skildu eftir sig grátt ský á blaðsíðunni. „Nei, nei,“ sagði ég við strákinn, „bara hvernig sem er, nema kannski þessi svörtu, þau skilja alltaf eftir sig svoddan leiðindasubb.“ Strákurinn kinkaði kolli og fór.

Stuttu seinna kom hann aftur, rjóður í vöngum, og rétti mér smokk. Venjulegan, lyktarlausan, staðlaðan smokk. „Hvað ertu að gera!“ æpti ég upp yfir mig. „You asked for a rubber!“ sagði hann, alveg miður sín, greyið. „No, that´s a condom!“ sagði ég. Svo líkti ég með handahreyfingum eftir strokleðri og þá lýstist upp andlitið á honum og hann sagði: „Aaahh, you mean an eraser!“ Svona getur það komið manni í koll að nota bresku barnaskólaenskuna sína í Ameríku.“

Þórdís Elva Þorvaldsdóttir leikkona

invent

# HP - þegar gæðin skipta máli



## HP Pavilion dv6095ea fartölva

AMD Turion 64 X2 örgjörvi (1,8GHz)
15" WXGA 1280x800 Brightview, breiðtjaldsskjár
2048MB DDR 667MHz RAM vinnsluminni
100GB SATA harður diskur
DVD+/-RW DVD skrifari
NVIDIA GeForce Go 7200 skjárkort með 128MB minni
Innbyggð vefmyndavél
Minniskortalesari: 5 í 1
Fjarstýring og infrarautt tengi
Þyngd: 2,99kg
2ja ára ábyrgð

**Verð kr. 149.900**



## HP Photosmart C3180 fjölnotatæki

Prentaðu, skannaðu, fjölfaldaðu
4800x1200dpi upplausn
Prentar á jaðar pappírs

**Verð kr. 12.900**



## HP Photosmart E427 stafræn myndavél

6,4MP upplausn
2" LCD skjár
HP Precision linsa með 5x stafrænum aðdrætti
16MB innbyggt minni

**Verð kr. 14.900**

HP vörur fást hjá viðurkenndum sölu- og þjónustuaðilum um allt land

**Opin kerfi hafa opnað verslun í höfuðstöðvum sínum að Höfðabakka 9 - komdu og njóttu þjónustu færustu sérfræðinga á sínu sviði**

OPIN KERFI
Sími 570 1000 • www.ok.is

## Hollywood Hanna

Ókei, Ray Liotta er einn af þessum ljótu, kynþokkafullu gaurum. Hann er ekki andlitsfríður en það er eitthvað við hann—bíddu, já hann er leikari.



EINS OG HANN VAR Ray Liotta eins og við þekkjum hann best.

Hann hefur alltaf haft frekar slæma húð en guð minn góður hvað kom fyrir kappann. Eitt sinn voru þetta bara ör eftir unglingabólur en núna er Ray Liotta bara orðinn furðulegur. Augun hans eru að hverfa, húðin er eins og einhvers konar plast. Er kappinn búinn að óverdósa af bótoxi, eða hvað? Ray Liotta, nei, nei, nei. Það er ekkert sexí við þetta.



Í DAG Hvað er þetta? Ray Liotta úr plasti. Hvað kom fyrir kappann?

## Hvenær mun barnið fæðast?



BUMBULÍNA Tori Spelling er búin að vera ófrísk í átta ár að það virðist.

Hvað er Tori Spelling búin að vera ófrísk lengi? Heila eilífð? Og alltaf er hún að sýna okkur bumbuna sína. Farðu núna að eignast þetta barn, Tori. Við erum orðin þreytt á þessu.

# Upp og niður hjá Janet

Já, þó að allir virðist vera fullkomnir í Hollywood eru flestir það ekki. Janet Jackson tókst á ótrúlegan hátt að missa fleiri, fleiri kíló á aðeins nokkrum mánuðum og kom pían sterk tilbaka og alveg sérstaklega æsandi. Það er samt gaman fyrir okkur hin að sjá að meira að segja Janet er ófullkomin. Takið eftir brjóstunum á henni. Annað virðist töluvert hærra uppi en hitt. Takk fyrir Janet að vera ekki fullkomin.



EITT HÆRRA EN ANNAÐ Það er eitthvað skrýtið við brjóstin á Janet Jackson!

# Konungsfjölskylda í Undralandi

Allt í einu er Katie Price, betur þekkt sem Jordan, orðin svo fjölskylduvæn að hún er hætt að sýna okkur brjóstaskoruna. Jordan, Peter Andre og fjölskyldan fengu að hitta drottninguna á dögunum. Vá, hversu furðuleg er þessi sjón? Nýja konungsfjölskyldan í Undralandi.



VIRÐULEG FAMILÍA Jordan og Peter Andre ásamt sonum sínum tveimur. Aumingja Harvey litli er enn í hjólastól eftir slys í baðkarinu í desember.



DROTTNINGIN HITTIR DROTTNINGARNAR Elísabet drottning hittir Jordan og drottningarnar hennar.

HOLLWOODLEIKARAR GETA LÍKA VERIÐ GÓÐIR PABBAR

# Jack og Brad eru flottir pabbar

Brad Pitt hefur fríkkað svo mikið við að eignast fjölskyldu að hann hefði ekki getað beðið um betra. Hver bráðnar ekki yfir þessum myndum af kappanum með dóttur sinni Shiloh? Guð minn góður hvað hún er falleg! Það kemur svo sem engum á óvart þar sem báðir foreldrarnir eru guðdómlegir. En það er eitthvað svo ótrúlega sætt við þessa stund sem Brad og Shiloh eiga saman. Brad er orðinn heitur aftur - svaka heitur.

Jack Black er sjarmerandi á allt öðrum nótum en Brad Pitt. Hann er fáránlega fyndinn og hann tekur sig vel út með litla stráknum sínum á flugvellinum í Los Angeles. Sá litli heitir Samuel Jason. Það ætti að vera mjög líflegt á þessu heimili og Samuel litli á eftir að eiga mjög skemmtilega barnæsku.



FYNDINN GAUR Það er örugglega ekki slæmt að eiga Jack Black sem pabba.



FALLEG STUND Feðginin hafa það gott saman í New Orleans.







EUROITALIA MONZA MI ITALY
VERSACE
BRIGHT CRYSTAL
VERSACE

# helgin

## Við mælum með



„Ég mæli ótrúlega mikið með My-Smoothy sem eru 100% hreinir ávaxtasafar án allra aukaefna og sykurs. MySmoothy fæst í Hagkaup og 10-11 og kemur í 250 ml fernum. Þetta er hin fullkomna millimáltíð."

**Arnar Grant líkamsræktarkóngur**



„Ég mæli eindregið með veitingastaðnum Silfri sem ég hannaði sjálfur. Þetta er glæsilegur veitingastaður í hjarta borgarinnar. Ég mæli einnig með veitingastaðnum Við Tjörnina og svo ítalska rauðvíninu Masi sem klikkar ekki á föstudagskvöldum með pizzunni."

**Andrés Þór Björnsson fyrrum Herra Ísland**



„Ég mæli með sýningu Íslenska dansflokksins Í okkar nafni. Hún var allt í senn falleg, fyndin og flott með dansara á heimsmælikvarða. Ég rakst á Þórólf Árnason fyrrverandi borgarstjóra og konuna hans í hléinu og þau sögðust vera í gleðivímu, sýningin væri svo góð."

**Sirrý Hallgrímsdóttir framkvæmdarstjóri**



„Ég mæli með Sushi train í Iðuhúsinu en þar er mjög gott að setjast niður og fá sér nokkra bita. Einnig frábært til að taka með, hollur og góður skyndibiti. Það er líka mjög notalegt að fara á Súfistann og fá sér kaffi og fletta í gegnum flott hönnunarblöð."

**Þórunn Högnadóttir sjónvarpskona**

sirkus

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm.
**Ritstjórn** Óskar Hrafn Þorvaldsson oskar@frettabladid.is,
Indíana Ása Hreinsdóttir, indiana@frettabladid.is **Útlitshönnun** Kristin Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is,
**Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000
**Sölustjóri** Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is

## Hvað á að gera um helgina?



„Á föstudaginn er X-Factor og pitsa en á laugardeginum munum við eitthvað dúllast fram eftir á náttfötunum. Svo ætlum við í húsdýragarðinn ef veðrið leyfir en annars í heimsókn til mömmu. Um kvöldið spilum við og borðum yfir okkur af nammi og snakki."

**Íris Kristinsdóttir söngkona**



„Ég er að spila á Cafe Viktor á föstudagskvöldið með Matta Papa sem verður mega stuð. Á laugardag ætla ég að sjá frumsýninguna á söngleiknum Ást sem Vesturport er að setja upp og á sunnudaginn ætla ég að fara á hestbak og slaka á með fjölskyldunni."

**Sigurjón Brink söngvari**



„Á föstudaginn ætla ég að liggja með tásurnar upp í loft yfir góðri mynd og kúra við sófann. Laugardagurinn byrjar snemma en um kvöldið ætla ég að hitta vini mína á Domo. Við ætlum að fá okkur gott að borða og nokkur glös þar sem Dóri vinur minn á afmæli. Svo verð ég auk þess að vinna á FM."

**Kristín Ruth Jónsdóttir útvarpskona**

„Í kvöld er kósíkvöld þar sem sonur minn Móses ræður ríkjum. Þá horfum við á bíómynd og borðum snakk, popp og nammi. Á morgun verð ég að vinna og ætla á listasýningu. Um kvöldið er svo veislumáltíð en ég reikna með rólegu kvöldi."

**Guðlaug Halldórsdóttir eigandi 3 hæða**

### FYRIR



**FYRIR DETOX-IÐ „Ég fékk mér hjólastól á flugvellinum á leiðinni út en gleymdi stafnum mínum á hótelherberginu á leiðinni heim, svo mikil var ferðin á mér," segir Vilborg en myndin var tekin af henni áður en hún fór út.**

### EFTIR



**Í DAG Vilborgu líður mun betur eftir tveggja vikna námskeiðið í Póllandi.**

### VILBORG TRAUSTADÓTTIR FÓR Á DETOX-NÁMSKEIÐ JÓNÍNU BEN Í PÓLLANDI

# 8,5 KG FUKU Á TVEIMUR VIKUM

„Ég er miklu hressari og léttist um 8,5 kg á þessum tveimur vikum," segir Vilborg Traustadóttir, 50 ára MS-sjúklingur sem fór á detox-námskeið Jónínu Benediktsdóttur í Póllandi í janúar. „Námskeiðið byggist upp á hreinsun með grænmeti og ávöxtum auk þess sem við fengum fræðslu, nudd og hreyfingu að vild," segir Vilborg og bætir við að hún hafi reynt margt í baráttu sinni við aukakílóin en hingað til hafi ekkert gengið. „Ég var forvitin um þessi námskeið og ákvað að skella mér og sé ekki eftir því í dag. Ég hef verið hölt í nokkur ár vegna sjúkdómsins og reiknaði ekki með að jafna mig á heltinni en í dag líður mér miklu betur. Ég fékk mér hjólastól á flugvellinum á leiðinni út en gleymdi stafnum mínum á hótelherberginu á leiðinni heim, svo mikil var ferðin á mér," segir Vilborg brosandi og bætir við að stór hluti af af þessum 8,5 kg sem hún hafi misst hafi verið bjúgur.

### ÞARNA FUKU KÍLÓIN ÁN ÞESS AÐ ÉG FYNDI FYRIR ÞVÍ OG ÉG VAR ALDREI SVÖNG.

Námskeiðin úti í Póllandi hafa legið undir mikilli gagnrýni aðallega vegna stólpípuhreinsana. Vilborg segir stólpípuhreinsun aðeins hluta af stærra prógrammi og að stólpípan sé val hvers og eins líkt og allt annað á námskeiðinu. „Læknirinn okkar hélt fyrirlestur um stólpípuna og ég held að hann hafi náð að sannfæra flest okkar en samkvæmt honum safnast flest eiturefnin neðst í ristilinn og nást ekki út nema með stólpípunni."

Vilborg segir að allir í hópnum hennar hafi verið ánægðir með dvölina í Póllandi og að flestir hafi verið að léttast um allt frá fjórum og upp í níu kíló. „Ég mæli með þessari aðferð fyrir alla. Mín reynsla var mjög góð og ég er öll miklu léttari," segir Vilborg og bætir við að opinn hugur og jákvæðni hafi líklega hjálpað henni við að ná þessum góða árangri. „Ég hef reynt margt, hef bæði farið á Reykjalund og í Hveragerði en hef aldrei náð svona góðum árangri auk þess sem ég hef alltaf farið strax í gamla farið. Þarna fuku kílóin án þess að ég fyndi fyrir því og ég var aldrei svöng. Ég er mjög ánægð með þennan árangur og ætla aftur út haust og mun vonandi ná af mér öðrum 8,5 kg," segir Vilborg brosandi að lokum.

*indiana@frettabladid.is*

# Býður upp á bandaríska nýlist

„Ég vildi flytja inn þessa list því mér fannst nýlistina vanta í flóruna hérna heima," segir Ingibjörg Helga Valsdóttir, sem rekur verslunina Innlist í Ármúlanum sem selur samtímalist frá Bandaríkjunum. Ingibjörg bjó í Arizona í tuttugu ár áður en hún flutti heim aftur en hún er innanhússarkitekt. „Ég þurfti oft að velja listaverk inn í fyrirtækin sem ég innréttaði og kom mér þannig upp tengslum við góða listamenn," segir hún og bætir við að Íslendingar hafi tekið vel við nýlistinni. „Íslendingar eru hrifnir af nýjungum og sumir íslenskir listamenn hafa orðið svo hrifnir að þeir vildu helst fá listamennina hingað til lands til að halda námskeið." Ingibjörg segist hrifin af íslenskri list en að hún hafi ákveðið að halda sig við þá erlendu í versluninni sinni enda sé hér úrval af galleríum sem bjóða upp á verk eftir Íslendinga. „Hugmyndin vaknaði eiginlega þegar ég flutti heim og fólk sá allt safnið mitt af listaverkum. Hins vegar bý ég á tveimur stöðum og hef mikið af íslenskri list á heimilinu mínu úti í Arizona og það er aldrei að vita nema ég opni verslun þar og bjóði einungis upp á íslenska list."

*indiana@frettabladid.is*



**BANDARÍST SKAL ÞAÐ VERA Ingibjörg Helga Valsdóttir eigandi Innlistar og Sigrún Kristjánsdóttir lífga upp á listaflóru landsins.**



KAWAI
PIANOS
Hjá okkur færðu faglega þjónustu, byggða á þekkingu og áralangri reynslu.
KAWAI
DIGITAL
TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn
Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími: 552 1185 • www.tonastodin.is


Vor 2007
maïa
kvenföthúsbúnaðurtónlistbækurbarnafötfylgihlutirundirföt
laugavegur 86-94, sími 552 6066

## Sendibílar



VW Caddy sendibíll á rauðum númerum Árgerð 5/2000. Ekinn 93.000 km. Skoðaður og í fínu standi. Aðeins farinn að láta á sjá en virkar fínt. Verð 290.000 kr. Upplýsingar 821-5522



Ford Escort sendibíll á rauðum númerum. Árgerð 4/1999. Ekinn 74.000. Skoðaður og í fínu standi. Aðeins farinn að láta á sjá en virkar fínt. Verð 150.000 kr. Upplýsingar 821-5522

## Hópferðabílar



M. Bens 1117 árg. '84, ek. ca 580 þ.,í ágætu ástandi, upplagt efni í húsbíl. Gott verð. s. 898 8835.

## Húsbílar




## Mótorhjól



Yamaha FJR 1300 2005 til sölu virkilega fallegt hjól, ekið 10þús. Verð 1.450þús. Uppl. í s. 896 6691.



Honda Shadow ACE 750, '03, svartar pípur, hybercharger, og fl. verð 740þ. Eða tilboð Binni s. 695 0007.



Yamaha R6 2004 árg ekið 3 þkm. er með Yoshimura RS-3 kút og Power Commander III tölva, verð 890.000 kr. Uppl. í s. 899 4681.

Til sölu Yamaha V-Max árg. '04. Ek. 3900. Eins og nýtt. Ýmsir aukahlutir. Verð 1.050þ. Uppl. í s. 663 5901.

## Fjórhjól

Sexhjól polaris sportmann 500 6x6 árg 2005 ek. 1500km Verð 800 þús með vask. uppl í s 8940632

## Vélsleðar

Ski-Doo MXZ800 '01 til sölu. Verð kr. 460þ. Sk. á ód. sleða kemur til gr. 861 4401 eða gul@itn.is

## Hjólhýsi




Hjólhýsi LMC 500RBD '06, lítið notað, mikið af aukahlutum. Uppl. í s. 899 4501.

## Fellihýsi




## Vinnuvélar




Smurolíur, vökvakerfisolía, koppafeiti og frostlögur. 50 % lengri endingartími. Nánari upplýsingar hjá sölumönnum. Vélaborg, Krókhálsi 5F, Rvk., 414 8600, Njarðarnesi 2, Akureyri, 464 8600.



**Vinnuskúr**

Fullbúinn 40 feta gámur m/klósetti, geymslu og skrifstofu til sölu. Verð 1.700 þús. Einnig til sölu 40 feta stálgámur. Verð 200 þús. S. 893 7320.

## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**

Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.




## Bátar




**Suzuki utanborðsmótorar**

Suzuki utanborðsmótorar í miklu úrvali. Frábær verð. Suzuki Umboðið ehf. S. 565 1725 www.suzuki.is



**vatnasport.is**

Erum enn að taka pantanir á sérsmíðuðum bátum frá Campion. www.vatnasport.is Sími 822 4060.

**Kvóti-Kvóti Kvóti!**

Önnumst sölu á öllum aflaheimildum & kvóta. Alhliða þjónusta fyrir þig. Opið alla daga milli kl 13 & 17 Áratuga reynsla. Kvótakaup ehf. S. 520 6500, gsm 693 6600, www.kvotakaup.is

## Bílaþjónusta




## Hjólbarðar

Til sölu 12" breiðar 6 gata jeppafelgur á 35" dekkjum, hálfslitin. Verð 35-40 þús. S. 692 9804.

## Varahlutir

**Bílapartasalan Ás**

Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, Nissan, Toyota. Dráttarbílaþjónusta, viðgerðir og sala á bílum. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Hedd Dráttabílaþjónusta & Bílapartar.**

Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freelander og fl. Opið mán.-föst. 9-18. Iðndalur 10. 190 Vogum. S 557 7551.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Partar s. 565 3323**

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Daewoo. Kaupum bíla

Partar VTS . Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15. Sími 421 8090.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**

Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalshraun 20. Sendum frítt á flutning.

**Bílapartar ehf S. 587 7659.**

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.

www.bilapartar.is

bilapartar@bilapartar.is

**Partasalan Sími 557 7740**

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Varahlutir í Sunny árg. '93, Legacy '95, Accent '95. S. 896 8568.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Felliveggir - Öryggishlið - Sólhýsahurðir. Addco Ehf. S. 586 9010 addco@addco.is Auðbrekku 2, 200 Kóp.






**Útrýmingarsala - síðasta útkall**

Ekkert undir 60% afslætti í versluninni. Verið velkomin. Opið laugardag 11-16. Sigurstjarnan, s. 588 4545. Fákafeni (bláu húsin).







Til sölu 20 feta gámur. Verð 165 þús. m. vsk. Uppl. í s. 899 2844.

Til sölu vel með farið sófasett. Selst ódýrt. Uppl. í s. 898 8636.

Notaðir hlutir . M.a. Barna-baðborð-kerra-bílstóll,þvottavél,frystiskápur ofl. Uppl síma 891-7001

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Óskast keypt

Veitingahús!! Vantar allt til veitingarekstrurs skoðum allt, nánar uppl. 6607750

## Hljóðfæri



Gítarar á frábærum verðum! Rafmagnsgítarpakkar frá 19.990 www.mojomusic.is

Höfum opnað verslun að Kársnesbraut 114, með nýjar og notaðar harmonikur og öllum fylgihlutum. Visa/euro raðgreiðslur http://www.harmonikan.is

S. 690 2020 & 564 2030.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Tölvur

**Ódýrar tölvuviðgerðir**

Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. Magnús s. 695 2095.

## Vélar og verkfæri

Óska eftir öllum tækjum og tólum til réttinga og bílamálunar t.d sprautuklefa, bekk, loftverkfæri, grindur og fl. Uppl. í síma 698 4342.

## Til bygginga




DOKAR, tengi, uppsláttarefni 1x6" og 2x4" óskast keypt. Uppl. í gsm 865 0046.

## Verslun




# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar




Öll almenn ræstingarþjónusta fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Sími 862 6778 & 868 5599. hreingerningar.is




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

**Hreint tilboð**

Alhliða þrif - Teppahreinsanir,- Þrif á gluggum, veggjum, gólfi og lofti. Gerum föst verðtilboð. S. 696 2217.

## Ræstingar

Tökum að okkur þrif í heimhúsum, stigagöngum og sumarbústöðum. S. 893 0571.

60 fm. íbúð á svæði 105 til leigu, fullbúin húsg. og tækjum. Nýuppgerð, glæsileg eign. 110þ. á mán. Laus 1. apr. Uppl. í s. 660 7626.

3 herb. íb. til leigu, í nágrenni Rvk. 20mín keyrsla til Rvk. S. 869 5212.

## Húsnæði óskast

Hjón um 50 og unglingsdóttur vantar gott húsn.helst í Kóp.100+með góðu geymsluplássi - frá apríl-maí og í ca 2ár. Traust og áreiðanlegt fólk. Jökull 8677716

Lítil fjölsk. óskar eftir 3 herb. íbúð á svæði 170. Langtímaleiga. Greiðslugeta 100 þús. s. 848 8857.

Óskum eftir 2-3 herb. íbúð. Erum reglusöm, skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 893 9275.

## Fasteignir

**Spánn - fyrir þig!**
Viltu eignast heimili í sólinni? Kynning á Grand Hótel 18. mars kl. 14, http://www.lalunahus.com

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu ca. 40 fm lager eða geymsluhúsnæði í kjallara á svæði 104. Sími 690 0442.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

## Bílskúr

**! Bílskúr !**
Er að leita að bílskúr til leigu á Reykjavíkursv., Hfj. ofl. kemur til greina. Allar uppl. í s. 659 8032, Jón.

Vantar bílskúr til að geyma búslóð í, helst í hverfi 104 eða 105. Uppl í s. 844 1446

## Gisting

Herbergi til leigu með eldhúsaðstöðu og salerni,pokoj do wynajecia z dostepem do kuchni i lazienki.í síma 8469424,8458096

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Kökuhornið**
**Óskum eftir að ráða hressan og duglegan starfskraft í verslun okkar að Bæjarlind 1-3.**
**Uppl. í síma 897 0702, Sirrý & 861 4545 Guðni.**

**Veitingahúsið Lækjarbrekka**
**Veitingahúsið Lækjarbrekka getur bætt við sig starfsfólki í sal, kvöld og helgar vinna.**
**Uppl. á staðnum milli kl. 14-17 alla daga eða í síma 551 4430.**

**Helgarstarfsfólk óskast**
Bæjar Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskröftum í afgreiðslu um helgar. Umsóknareyðublöð á staðnum & í s. 555 0480, Sigurður.

**Vantar þig vinnu?**
Okkur vantar hresst fólk í sal og uppvask. Kvöld og helgarvinna. Umsóknir liggja frammi í Skipholti 19. Upplýsingar gefur Haukur í s. 660 1143 & 552 2111.

**Veitingahús í Kópavogi**
**Íslenskumælandi starfsfólk óskast. Æskilegur aldur 30+.**
**Upplýsingar í síma 897 4433.**

**Störf í boði.**
**Óskum eftir mönnum í sögun, borun og brot. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Reglusamir og stundvísir menn aðeins.**
**Upplýsingar í síma 567 7570.**

B5, Bar/Bistro, óskar eftir duglegu, hressu og ábyrgu fólki á kvöldin og um helgar. Umsóknir sendist á sololi@simnet.is

**Bakaríið Hagamel 67**
**Óskar eftir að ráða hresst og duglegt starfsfólk til afgreiðslustarfa. Um er að ræða vaktavinnu, 75-100%. Vinnutími eftir frekara samkomulagi.**
**Nánari uppl. veita Anna Rósa í s. 869 3320 og Steinar í s. 863 8009.**

**Okkur vantar hressan, jákvæðan og þjónustulundan starfsmann til þjónustustarfa.**
**Fullt starf í boði. Aðeins íslensku-mælandi umsækjendur koma til greina. Lágmarksaldur er 20 ára.**
**Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is eða s. 893 2323.**

**Hurðir og Gluggar ehf.**
**Óska eftir laghentum starfsmanni á trésmíðaverkstæði.**
**Hurðir og Gluggar ehf.**
**Upplýsingar í síma 663 7480.**

**Atvinna.**
**Fyrirtæki á stór Reykjarvíkursvæðinu óskar eftir að ráða smiði og menn vana smíðavinnu. Góð laun í boði.**
**Upplýsingar í síma 661 0117, Rúnar.**

**Hjólbarðaþjónustan Lágmúla 9.**
**Óskum eftir að ráða laghentan starfsmann á þjónustuverkstæði okkar í Lágmúla 9.**
**Upplýsingar í síma 899 2844, eftir kl. 16.**

**Súfistinn bókakaffi Reykjavík í húsnæði Máls & Menningar**
**Laust er til umsóknar 100% starf við afgreiðslu og þjónustu. Umsóknareyðublöð á staðnum og á sufistinn.is Uppl. um starfið gefur Silja í s. 659 9509.**

**Nonnabiti.**
**Rótgróinn veitingastaður í miðborginni óskar eftir jákvæðu og stundvísu fólki í hlutastarf & fullt starf, vaktavinna. Sveigjanlegar vaktir, líflegt starfsumhverfi og góð laun í boði fyrir rétta aðila.**
**Upplýsingar í síma 846 3500.**

**Aktu Taktu**
**Aktu Taktu Skúlagötu og Aktu Taktu Garðabæ leitar eftir rösku og heiðarlegu starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Vaktavinna í boði. Skemmtilegt starf á skemmtilegum vinnustað.**
**Atvinnuumsóknir á www.aktutaktu.is.**

**Kvöld og helgarvinna**
**Óskum eftir fólki í vaktavinnu, breytilegar vaktir á Subway Hringbraut v/umferðarmiðstöðina. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Lifandi og skemmtilegur vinnustaður. Hægt er að sækja um á subway.is eða á staðnum. Aldurstakmark 16 ár.**
**Nánari upplýsingar veitir Magga í gsm 696 7064.**

Starfskraftur eldri en 20 ára óskast í 50% starf á sólbaðsstofu í Hafnarfirði. Um er að ræða dagvinnu frá 13-17 virka daga. Uppl. og umsóknareyðublöð á staðnum. Stjörnusól Fjarðargötu 17. S. 555 7272.

Vantar starfsmann í gallerí okkar í Lækjargötu. Vinnutími eftir samkomulagi, miklir tekjumöguleikar. Uppl. í síma 698 7807 og 691 3436.

**Dekkjaverkstæði / smurstöð**
**Nesdekk óskar eftir að ráða starfsmann á dekkjaverkstæði og/eða smurstöð. Við leitum að duglegum starfsmanni með grunnþekkingu á bílum. Umsækjendur þurfa að geta byrjað sem fyrst.**
**Upplýsingar gefur Jón s. 825-2215. Nesdekk, Suðurströnd 4, Seltjarnarnesi**

Óskum eftir vönu beitningarfólk til starfa strax í Grindavík og á Skagaströnd, húsnæði í boði. Uppl í sima 897 8609 / 551 3900.

Vantar helgarfólk/skólafólk (15 ára og eldri) í verslanir Bónus á Smiðjuvegi Kópavogi og í Holtagarða. Áhugasamir sæki um í verslununum eða á bonus.is

Vélstjóra og stýrimann vantar á 130 tonna netabát. Uppl í s. 849 6337.

Óska eftir starfsmanni í eldhús í kvöld og helgarvinnu. Uppl. í s. 617 8602.

Vanir starfsmenn í snyrtingu óskast. Nánari upplýsingar í síma 567 7040 eða 899 3199. Íslenskt sjávarfang, Bakkabraut 2, Kópavogi.

KOKKANEMI Apótek bar grill óskar að ráða kokkanema sem allra fyrst Upplýsingar veitir Guðvarður í síma 8928583. eða apotek@veitingar.is Kjörið tækifæri að læra góða matreiðslu á skemmtilegum stað

SUSHI SUSHI Veitingastaðurinn Maru Aðalstræti 12 óskar ráða starfsfólk í eldhús með þekkingu á SUSHI matreiðslu Upplýsingar veitir Guðvarður í síma 89 28583 eða maru@maru.is

SUSHI SUSHI Maru restaurant bar take away Aðalstræti 12 want to hire kitchen staff witch have knowledge of SUSHI. information in tel 89 28583 or maru@maru.is

**Barinn**
Fólk óskast í eldhús og sal á hressasta barinn í bænum. S. 690 9996.

**Ráðskona óskast**
Einstæður faðir með 2 börn óskar eftir ráðskonu í sveit. Uppl í s.865 5613

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa.Helga gefur frekari upplýsingar í síma:699-5423 eða netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is

Garðvélar ehf óska eftir mönnum í vinnu við lóðaframkvæmdir í sumar. Reynsla af hellulögnum er æskileg, ekki skilyrði. Uppl. veitir Hörður í s. 895 0570.

**Bakarí-Bístró Ármúla**
Óskum eftir starfskrafti í almennt veitinga- og afgreiðslustarf, 20 ára og eldri, bílpróf kostur. Uppl í s. 898 1779.

**Aukavinna - Hlutastarf - Sendibíll**
Starfsmaður óskast frá ca. 4:00-7:30 að morgni u.þ.b. 3x í viku. Eldra skírteini eða meirapróf æskilegt. S. 867 6611.

## Atvinna óskast

Maður um fimmtugt óskar eftir starfi. Sími 848 5071.

Tvítugur maður óskar eftir byggingavinnu, getur byrjað strax. Hafið samband í síma 821 5157.

23 ára kvk frá Brasilíu leitar af vinnu, hefur tekið 2 Ísl Náms, hörkudugleg með öll tilskilin leyfi. sími 8439977

Hraustur 22 ára maður óskar eftir aukavinnu um helgar í dyravörslu eða e.h sambærilegu, sv... vinna væri ákjósanleg en ekki skilyrði. Uppl. í s.8662655

## Viðskiptatækifæri

Tökum að okkur almenn þrif í heimahúsum, stigagöngum og i fyrirtækjum. Vönduð vinnubrögð og vanar manneskjur. Darija sími 590 2887, e. kl. 14, 898 9684.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



Hæ allir. Er búinn að skipta um stofu. Er núna á Supernova í Pósthússtr. S. 511 1552. Kv. Skjöldur.

AA-fundur karlar, á föstudagskvöldum kl. 19.30, Seljavegi 2, Reykjavík. Sími 848 9931. www.aa.is

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

## Einkamál

TANTRA
Erotísk verslun
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS



Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um nýjar og breyttar deiliskipulagsáætlanir í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að nýjum og breyttum deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

## Úlfarsárdalur.

Tillaga að breytingu á skilmálum í deiliskipulagi fyrir Úlfarsárdal, hverfi fjögur.
Tillagan gerir ráð fyrir m.a. að heimilt verði að byggingar nái lítillega út fyrir byggingareit þar sem aðstæður eru hagstæðar. Skipulagsráð getur heimilað að byggingarhlutar nái lítillega út fyrir byggingareiti hvort heldur sem er yfir bundna eða opna byggingalínu þó aldrei meira en sem nemur 12% af heildarbyggingamagni hverrar lóðar.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Kjalarnes, Fitjar.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir jörðina Fitjar á Kjalarnesi.
Tillagan gerir ráð fyrir að byggð verði brú yfir Leirvogsá við land Fitja á Álfsnesi. Brúin er ætluð gangandi, hjólandi og ríðandi vegfarendum Gerð brúar og leiðir að henni skulu útfærðar í fullu samráði við viðkomandi landeigendur og stjórnvöld í Reykjavík og Mosfellsbæ.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Njálsgötureitur 1.

Tillaga að deiliskipulagi fyrir reit 1.190.0, Njálsgötureit, sem afmarkast af Frakkastíg, Grettisgötu, Vitastíg og Njálsgötu.
Tillagan gerir ráð fyrir að á reitnum verði áfram íbúðarsvæði og að reiturinn haldi áfram einkennum sínum með fjölda stakstæðra húsa en jafnframt gefa húseigendum kost á að stækka hús sín innan marka deiliskipulags. Heimilt er að lagfæra og gera minniháttar breytingar á húsum, s.s. setja svalir, kvisti og skyggni án þess að koma þurfi til breytingar á deiliskipulagi enda séu breytingar í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar, þróunaráætlunar miðborgar Reykjavíkur og meðfylgjandi greinargerðar og skilmála
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Njálsgötureitur 3.

Tillaga að deiliskipulagi fyrir reit 1.190.3, Njálsgötureit, sem afmarkast af Barónsstíg, Bergþórugötu, Vitastíg og Njálsgötu.
Tillagan gerir ráð fyrir að á reitnum verði stuðlað að hæfilegri uppbyggingu og endurnýjun á reitnum en um leið að hlúa að því sem fyrir er þannig að uppbygging geti gerst á forsendum þeirrar byggðar sem þar stendur. Heimilt er að lagfæra og gera minniháttar breytingar á húsum, s.s. setja svalir, kvisti og skyggni án þess að koma þurfi til breytingar á deiliskipulagi enda séu breytingar í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar, þróunaráætlunar miðborgar Reykjavíkur og meðfylgjandi greinargerðar og skilmála
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 9. mars 2007 til og með 25. apríl 2007. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 25. apríl 2007.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 9. mars 2007
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

## Auglýsing um skipulag Hafnarfjarðarbær

### Tillaga að breyttu deiliskipulagi á Norðurbakka við Vesturgötu 32 í Hafnarfirði.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 20. febrúar 2007, að auglýsa til kynningar tillögu að breyttu deiliskipulagi á Norðurbakka við Vesturgötu 32, skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Breytingin felst m.a. í að sleppistæði við Vesturgötu 32 er fært norðar í götuna og byggingar á lóð sem voru byggðar eftir 1918 verða rifnar.

Deiliskipulagið verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá 5. mars 2007 – 2. apríl 2007. Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 16. apríl 2007. Þeir sem ekki gera athugasemd við breytinguna teljast samþykkir henni.

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar.

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

## Aðalfundur Internet á Íslandi hf

verður haldinn föstudaginn 16. mars 2007 kl. 15:30
í Tæknigarði, Dunhaga 5, 107 Reykjavík.

**Dagskrá**
1. Skýrsla stjórnar.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um arðgreiðslur.
4. Kosning stjórnar.
5. Kosning endurskoðanda.
6. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna.
7. Önnur mál.

Stjórnin

BÍLABLAÐIÐ ALLA LAUGARDAGA.
ÞAÐ BER ÁRANGUR!
Allar smáauglýsingar fara einnig frítt í viku inn á visir.is
Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
smáauglýsingar sem allir sjá.

# Smiðir

## Kraftafl ehf auglýsir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu

Upplýsingar í síma 840 1616

10-11 ...þegar þér hentar

## FULLT STARF OG HLUTASTÖRF

10-11 óskar eftir duglegu og jákvæðu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu.Við óskum eftir starfsfólki í stöður vaktstjóra og þurfa umsækjendur að vera 20 ára. Einnig eru lausar stöður almennra starfsmanna og þurfa umsækjendur að vera 18 ára á árinu. Hjá okkur er andinn góður, félagslíf er virkt og taka starfsmenn verslana vel á móti nýliðum. Við bjóðum upp á margskonar vaktir, sem geta hentað með skóla, eða annari vinnu. Um er að ræða dagvaktir, kvöldvaktir og næturvaktir. Umsækjendum er bent á að hægt er að sækja um beint í verslunum okkar eða þá að senda inn umsókn á netinu.

Umsóknum er hægt að skila á vefnum
**www.10-11.is**

## FASTEIGNIR

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
*- heilshugar um þinn hag -*

**Suðurlandsbraut 50**
**Bláu húsin v/Faxafen**
**husid@husid.is**
**Sími 513 4300**

| | |
|---|---|
| Vilhjálmur Bjarnason | lögg. fast.sali |
| Helgi H. Jónsson | lögg. fast.sali |
| Guðný Guðmundsdóttir | sölumaður |
| Gunnar Magnússon | sölumaður |
| Hrafnhildur Helgadóttir | sölumaður |
| Kolbeinn Sigurðsson | sölumaður |
| Kristinn Erlendsson | sölumaður |
| Ólafur H. Haraldsson | sölumaður |
| Ólafur M. Sævarsson | sölumaður |
| Vilborg G. Hansen | sölumaður |
| Heimir H. Eðvarðsson | sölumaður |
| Sigrún Þorvarðardóttir | sölumaður |
| Vignir Daðason | sölumaður |
| Yngvi Laxdal | sölumaður |
| Rannveig Sveinsdóttir | móttaka |
| Erla R. Guðmundsdóttir | bókari |
| Ómar Haraldsson | tölvuumsjón/frágangur |
| Ingvaldur Mar Ingvaldsson | framkv.stjóri |

Frum

Höfum ávallt nóg úrval eigna á skrá
**www.husid.is**

**Nýbyggingar — Hraunbær - Hveragerði**



Falleg raðhús í byggingu, 143,3 fm að stærð og þar af 25 fm í innbyggðum bílskúr í Hveragerði. Eignin skiptist í : Anddyri, hol, 2 herbergi, baðherbergi, stofa, eldhús, þvottahús, geymsla og bílskúr. Húsin skilast fullbúin að utan og tilbúin án gólfefna að innan með grófjafnaðri lóð. Verð 26,8 fyrir endahús og 25,9 fyrir miðjuhús

**2 herbergja — Laugarnesvegur - Rvk.**



Sérstök og skemmtileg 2 herbergja íbúð á tveimur hæðum með sérinngangi á báðum hæðum í fyrrum verslunarhúsnæði við Laugarnesveg efri hæð 48,1 fm og neðri hæð 39,1 fm alls 87,2 fm. Fjögurra metra lofthæð á efri hæð. Stutt í alla þjónustu. Flott eign á góðum stað. Verð 19,9 millj.

**Rað- og parhús — Fellahvarf - Kóp.**



Fallegt raðhús á mjög góðum útsýnisstað við Elliðavatn. Húsið er 183 fm á tveim hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsið er vel skipulagt með 5-6 herbergjum og stórum svölum með fallegu útsýni. Gólfefni eru parket og flísar, baðherbergi eru tvö og eldhús rúmgott.

Verð 49,5 millj.

**Sumarhús — Gröf í Bláskógarbyggð**



Höfum fengið í sölu Árbæ, sem er vandað og fallegt 53,7 fm sumarhús með 18 fm millilofti og gömlum 7,2 fm geymsluskúr og nýju c.a. 10 fm húsi. Bústaðurinn er á 5,000 fm eignarlóð á fallegum stað í skógi vöxnum trjálund rétt við litla á og snýr eignin sérlega vel með tilliti til kvöldsólar. Nýlegur og flottur fimm manna heitur pottur á sérbyggðum palli og einnig er veiðiréttur í Grafará og kvíslum hennar sem liggja við lóðarmörkin. Stutt er í alla þjónustu á Laugarvatni. Verð 15,8 millj.

**3ja herbergja — Álfatún - Fossvogsdalur**



Góð 3 herbergja íbúð á efstu hæð með fallegt útsýni. Mjög barnvæn staður, stutt í leikskóla, snælandsskóla, íþróttasvæði HK og útivistarsvæðið Fossvogsdalinn. Gólfefni eru parket og flísar, vandaðar innréttingar bæði í eldhúsi og á baðherbergi. Vel þess virði að skoða. Verð 23,8 millj.

**2ja herbergja — Bergstaðarstræti - Rvk.**



Höfum fengið til sölu tvær 2 herbergja 28 fm, samþykktar íbúðir á 1 hæð í þessu fallega húsi á þessum frábæra stað í hjarta borgarinnar, íbúðirnar henta vel til útleigu, fyrir fólk utan af landi eða sem fyrstu kaup og eru íbúðirnar vel skipulagðar. Áhvílandi er á hvorri íbúð um 8,5 m. samtals um 17 m. og verðið er 9,8 m. samtals 19,6 m. Íbúðirnar seljast saman eða sitt í hvoru lagi.

## Reykjavellir 801 Selfoss



**Fokhelt heilsárshús á eignarlóð: 5.250.000 kr.**

46 fm heilsárshús með bjálkaklæðningu á steyptri plötu. Hiti er í gólfi, búið að taka inn heitt og kalt vatn. Í gluggum er tvöfalt gler. Burðarvirki þaks eru úr timbri. Þakklæðning með stölluðu járni. Lóðir ca 5000 fm um 1 km sunnan við Reykholt í Biskupstungum. Stutt er í þjónustu; banki, sundlaug, veitingastaður, verslun og gólfvellir. Teikningar eru á skrifstofu. Hægt að fá hús lengra komið.

**OPIÐ: Mánudaga til föstudaga kl. 9:00 - 17:00 — www.husid.is**

# BÓKIN Á NÁTTBORÐINU

## *Sérviskulegar sögur*

Ég er alltaf með margar bækur í takinu í einu og sumar svolítið sérviskulegar. Síðustu nótt var ég að lesa athyglisverða bók sem heitir Ævisaga Guðmundar Þorbergssonar Oddssonar. Fann hana á bókasafni. Guðmundur ólst upp í Loðmundarfirði en flutti til Vesturheims og tók sér ættarnafnið Oddsson. Bókin er skemmtileg þjóðlífslýsing frá 19. öld, tekin saman af honum sjálfum og prentuð í Winnipeg árið 1929.

Svo er ég líka að lesa bók sem ég eignaðist nýlega, Sögu Vestmannaeyja 1. bindi eftir Sigfús M. Johnsen. Það er óskaplega falleg bók og líka skemmtileg. Ég les hana kannski ekki frá orði til orðs en í henni er til dæmis feitur þjóðsagnakafli sem ég hef gaman af.



Mannlíf í fortíð og nútíð er meðal þess sem Bjarni Harðarson, bóksali og kaffihússeigandi á Selfossi, hefur áhuga á.

# TOPP 5: CLINT EASTWOOD

Fáir eiga jafn langan og farsælan kvikmyndaferil að baki og Clint Eastwood (f. 1930). Hann byrjaði að leika um miðjan sjötta áratug síðustu aldar og varð snemma ímynd harðjaxlsins, sem þögli kúrekinn í spagettívestrum Sergio Leone. Kvikmyndirnar um Dirty Harry, sem urðu forskrift annarra löggumynda, festu hann í sessi sem einn helsta töffara 8. áratugarins. Eftir slappt gengi í upphafi þess 9. náði Eastwood sér aftur á strik þegar hann gerði myndina Bird (1988). Síðan þá hefur hann öðlast virðingarsess í Hollywood sem einlægur og vandvirkur kvikmyndagerðarmaður.

**1. Unforgiven (1991).** Kúreki kominn á eftirlaun frelsar íbúa lítils bæjar úr heljargreipum spillts fógeta. Uppgjör Eastwoods við kúrekaímyndina sem gerði hann upphaflega frægan, sópaði til sín kvikmyndaverðlaunum um heim allan og vakti aukna athygli á leikstjórnarhæfileikum stjörnunnar.

**2. Mystic River (2003).** Örlögin leiða saman á ný þrjá menn sem deila saman skuggalegri fortíð. Þegar hér var komið sögu hafði Eastwood getið sér góðs orstírs fyrir leikstjórn og átti því ekki í erfiðleikum með að smala saman einvalaliði leikara í þessa frábæru, spennuþrungnu dramamynd.

**3. The Bridges of Madison County (1995).** Veraldarvanur ljósmyndari og lífsleið húsmóðir eiga stutt ástarævintýri. Margir töldu að Eastwood stæði stórleikkonunni Meryl Streep ekki snúning, en það neistar af þeim í aðalhlutverkunum.

**4. Million Dollar Baby (2004).** Gamall þjálfari hjálpar ungri stúlku að rísa til metorða í hnefaleikum. Drungaleg saga með sterkum vísunum í ævintýrið um Öskubusku, fer aðeins út af sporinu í lokin með daðri við tilfinningaklám. Góður samleikur Eastwoods og Hilary Swank stendur upp úr.

**5. Letters from Iwo Jima (2006).** Átök Bandaríkjamanna og Japana á Iwo Jima í seinni heimsstyrjöldinni, frá sjónarhóli hinna síðarnefndu. Myndin er í flesta staði betri en forverinn Flags of Our Fathers og hlaut fjórar Óskarsverðlaunatilnefningar í mars.



Clint Eastwood var staddur hérlendis við tökur á tveimur nýjustu myndum sínum Flags of Our Fathers og Letters from Iwo Jima (2006).

## VISSIR ÞÚ ...

... að alls fórst 81 manns þegar eldingu sló niður í Boeing 707-farþegaþotu yfir Elkton, Maryland, í Bandaríkjunum 8. desember 1963?

... að elsti organisti í heimi var hin breska Florence Gunner sem var organisti Far Forest-kirkjunnar í 83 ár eða þangað til hún var 94 ára? Hún lék yfirleitt í sunnudagsguðsþjónustum og eins var hún til taks fyrir brúðkaup og jarðarfarir.

... að ljósið ferðast 18 miljónir km á aðeins einni mínútu?

... að versti kólerufaraldur sem vitað er um varð þegar rúm hálf miljón Suður-Ameríkumanna sýktist af kóleru árið 1991? Frá þessu er greint í skýrslu WHO um smitsjúkdóma árið 1999.

... að flathöfða pokamúsin (Planigale ingrami) er smæsta pokadýr veraldar þar sem hún er einungis 5 cm löng?

... að Kyrrahafið er stærsta úthaf veraldar en í því eru 49,5 prósent sjávarins? Flatarmál þess er 166.241.700 km² og meðaldýpið í því er 3.940 m.

... að hin breska Edna China bjó til stærstu vélknúnu innkaupakerru sögunnar í tilefni heimsmetadags Guinness 9. nóvember 2005? Hún er 3 m löng, 3,5 m á hæð og 1,8 m breið. Gripurinn var til sýnis í Asda-versluninni í Watford á Bretlandi.

... að bændur um allan heim framleiða 8,3 miljónir tonn af korni, grænmeti og kjöti, á aðeins einum sólarhring?

... að Bretinn Menjit Singj státar af því að vera með sterkustu lungu í heimi? Honum tókst að blása 1 kg veðurathugunarbelg af hefðbundinni gerð upp svo hann varð 2,44 m í þvermál á 42 mínútum. Metið setti hann í Rushley Pavillion Centre, Leicester í Bretlandi 16. september 1998.

... að vegna framfara í læknavísindum hefur bólusótt sem árlega lagði tvær milljónir jarðarbúa í gröfina fram á 7. áratug 20. aldar nú verið útrýmt?



# Getur þú kallað þig umhverfissinna?

**UMRÆÐAN**
Umhverfisvernd


GUÐLAUGUR SVERRISSON

Ætla má af umræðunni um þessar mundir að til þess að geta talist umhverfissinni þurfi menn helst að vera á móti tilteknum framkvæmdum eða ganga um og mótmæla á götum úti. Eflaust gerir það gagn fyrir umhverfið í óskilgreindri framtíð. En þú, lesandi góður, sem telur þig umhverfissinna, getur lagt þitt af mörkum strax í dag. Það gerir þú með því að flokka úrgang sem fellur til á heimili þínu og vinnustað og koma honum á söfnunarstöð sveitarfélagsins, fengið þér þar til gerða endurvinnslutunnu eða losað þig við hann með aðstoð fyrirtækja er sérhæfa sig í meðhöndlun úrgangs.

Með setningu laga um úrvinnslugjald nr. 162/2002 var Úrvinnslusjóði falið að hafa umsjón með álögðu úrvinnslugjaldi á tilgreinda vöruflokka og ráðstafa því. Úrvinnslugjaldinu er ætlað að standa undir söfnun, flutningi, flokkun, endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eða viðeigandi förgun hans. Úrvinnslusjóður semur við verktaka um framkvæmdina.

Úrvinnslugjaldið var lagt á í samvinnu stjórnvalda og samtaka atvinnulífsins. Framleiðendur vara og innflytjendur taka á sig framleiðendaábyrgð með greiðslu úrvinnslugjaldsins. Úrvinnslugjaldið uppfyllir einnig mengunarbótaregluna, sem segir að sá borgi sem mengar. Úrvinnslugjaldið er hagrænn hvati til að auka verðgildi flokkaðs úrgangs, þannig að það verði eftirsótt að endurnýta og endurvinna hann. Nú þegar er lagt úrvinnslugjald á spilliefni, bíla, hjólbarða, umbúðir úr pappa, pappír og plasti, heyrúlluplast og á rafhlöður. Hægt er að koma úrgangi frá öllum þessum flokkum til söfnunarstöðva sveitarfélaga þaðan sem hann er sendur áfram til endurnýtingar eða endurvinnslu hjá viðurkenndum ráðstöfunaraðilum.

Nú stendur Úrvinnslusjóður ásamt samstarfsaðilum sínum, Olís, Efnamóttökunni, Gámaþjónustunni og Hringrás, fyrir sérstöku átaki sem ætlað er að auka innsöfnun á rafhlöðum. Stór hluti rafhlaðna er hættulaus umhverfinu en afgangurinn er rafhlöður sem innihalda spilliefni, s.s. blý, kadmíum, nikkel og lithíum. Ógjörningur er fyrir almenning að þekkja þessar rafhlöður frá þeim umhverfisvænu, þar sem þær líta eins út. Því er best að safna saman öllum rafhlöðum sem til falla á heimilinu eða vinnustaðnum og koma þeim á næstu bensínstöð eða söfnunarstöð sveitarfélagsins. Þaðan er rafhlöðunum komið áfram til Efnamóttökunnar eða Hringrásar sem búa yfir þekkingu á því hvaða rafhlöður innihalda spilliefni og hverjar ekki. Rafhlöðum sem innihalda spilliefni er komið til Danmerkur í sérhæfða brennslu, en þær sem eru hættulausar eru urðaðar á þar til gerðum urðunarstað á starfssvæði Sorpu í Álfsnesi.

Það er því ekkert að vanbúnaði að gerast virkur umhverfissinni og byrja að flokka úrganginn og koma honum til úrvinnslu. Þú getur byrjað strax í dag!

*Höfundur er verkefnastjóri hjá Úrvinnslusjóði.*

SÖLUSÝNING
TJARNABAKKI 4 - 8 REYKJANESBÆ
LAUGARDAG OG SUNNUDAG MILLI 11 OG 15
FULLBÚNAR SÉRHÆÐIR!



Þetta fylgir hverri íbúð:
- Óvenju stórar og glæsilegar innréttingar.
- Vandað eikarparket og flísar á gólfum.
- Glæsilegt hornbaðkar.
- Þvottavél og þurrkari.
- AEG bakarofn og keramik helluborð með snertirofum.
- AEG eyju- eða veggháfur.
- AEG uppþvottavél og ísskápur.

Hægt að fá fullbúinn bílskúr með íbúðum. 2,5 millj.
Afhending fljótlega!

Sérlega fallegar sérhæðir með sérinngangi í vönduðum 2ja hæða húsum.

Íbúðirnar eru mjög rúmgóðar 97 fm – 130 fm, 3ja og 4ra herbergja og skilast fullfrágengnar með vönduðum gólfefnum.

Húsin liggja stutt frá Reykjanesbraut sem verið er að tvöfalda og því verður þægilegt að aka til Reykjavíkur á stuttum tíma.

VERÐ 18,4 millj. – 23,9 millj.





FULLBÚIN SÝNINGARÍBÚÐ Á STAÐNUM!

SÖLUAÐILAR:

STUÐLABERG FASTEIGNASALA

Sölufulltrúar verða á staðnum með nánari upplýsingar.

AEG mubla

Akkurat FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000
Halla Unnur Helgadóttir, löggiltur fasteignasali



**BOBBY FISCHER ER 64 ÁRA Í DAG**

*„Ég tefli af drengskap og til sigurs. Ef ég tapa tek ég lyfin mín.“*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 9. MARS 1945

## *Tókýó sprengd í tætlur*

Á þessum degi árið 1945 lögðu bandarískar herflugvélar áleiðis til Tókýó til að varpa þar rúmlega tvö þúsund tonnum af íkveikjusprengjum. 26 ferkílómetrar í Tókýó stóðu í ljósum logum og talið er að 80 til 130 þúsund japanskra borgara hafi týnt lífinu í einu mesta eldhafi allra tíma.

Sprengjuárásin var heimiluð fyrr um daginn og beindist að úthverfinu Shitamachi, þar sem um 750 þúsund manns bjuggu. Flest húsin voru úr tré og eldmatur nægur. „Þetta verður stærsta flugeldasýning sem þeir hafa séð,“ var haft eftir Curtis LeMay hershöfðingja sem skipulagði árásina. Opinbert markmið árásarinnar var að útrýma hergagnaverksmiðjum.



**B-29 SPRENGJUFLUGVÉL**

Síðdegis hinn 9. mars lögðu 334 B-29 sprengjuflugvélar af stað frá eyjunum Saipan og Tinian áleiðis til Tókýó. Þær komu á áfangastað á miðnætti og vörpuðu sprengjunum úr 500 feta hæð. Bálkösturinn dreifðist út með vindum og íbúar Tókýó háðu vonlausan bardaga við eldhafið. Bandarískir flugmenn greindu sumir frá því seinna að fnykurinn af brennandi holdi hefði teygt sig upp í háloftin og þeir hefðu þurft að setja á sig súrefnisgrímur til að koma í veg fyrir að kasta upp. „Sumida-áin rann svört þennan dag, full af kolsvörtum líkum,“ sagði japanskur læknir sem lifði árásina af.

Árásin stóð í rúmlega þrjár klukkustundir. Tæplega 250 bandarískir hermenn létu lífið og þótti það viðunandi fórnarkostnaður.

## MERKISATBURÐIR

**1685** Góuþrælsveðrið. 132 menn farast á sjó við strendur Íslands og sex verða úti.

**1839** Prússnesk stjórnvöld takmarka vinnuviku barna við 51 klukkustund.

**1841** Hæstiréttur Bandaríkjanna úrskurðar að Afríkumenn sem voru settir í þrælahald en gerðu uppreisn á skipinu Amistad séu frjálsir menn.

**1913** Fyrsta skáldsaga Virginiu Woolf kemur út.

**1917** Mexíkóski uppreisnarforinginn Pancho Villa ræðst inn í Bandaríkin.

**1950** Fyrstu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

**1961** Séra Friðrik Friðriksson æskulýðsleiðtogi andast.

**ALDARAFMÆLI:** ÍÞRÓTTAFÉLAG REYKJAVÍKUR FAGNAR

# Samheldni og stolt

Mikið verður um dýrðir í Breiðholtinu um helgina þegar Íþróttafélag Reykjavíkur, ÍR, fagnar aldarafmæli sínu með pomp og prakt. Hörður Heiðar Guðbjörnsson, framkvæmdastjóri félagsins, hvetur núverandi og framtíðar ÍR-inga til þess að fjölmenna og samfagna á þessum miklu tímamótum.

Hörður Heiðar hefur sinnt framkvæmdastjórastöðunni frá því í haust en gekk til liðs við ÍR fyrir fjórum árum. Hann segist strax hafa fundið fyrir samheldni í félaginu og segir stemmninguna þar afar heimilislega þrátt fyrir að félagið sé með stærstu íþróttafélögum landsins. „Hér var mjög vel tekið á móti mér,“ segir hann og kveðst orðinn gallharður ÍR-ingur þó ekki sé hann innfæddur.

Innan félagsins eru nú æfðar níu íþróttagreinar en iðkendur eru á annað þúsund. Grasrótarstarfið í yngstu flokkunum er afar mikilvægt en Hörður tekur undir að félagið hafi löngum reynst afbragðs uppeldisstöð fyrir afreksfólk.

„Eins og gefur að skilja hafa fjölmargir frábærir íþróttamenn komið og starfað hjá ÍR,“ segir Hörður og nefnir frjálsíþróttafólkið Vilhjálm Einarsson, Völu Flosadóttur, Þórdísi Gísladóttur og þann frægasta, sem þar á bæ er enn fyrst og síðast kenndur við ÍR - knattspyrnukappann Eið Smára Guðjohnsen. „Við erum mjög stolt af okkar fólki,“ segir Hörður og áréttar að allar deildir félagsins vinni frábært starf.

Hörður vonast til þess að vegur félagsins aukist enn á komandi árum og bendir á að með bættum húsnæðiskosti muni samheldnin aukast. Starfið hafi verið dreift á undanförnum árum þar sem keiluæfingar fari til að mynda fram í Öskjuhlíð og frjálsíþróttaæfingar í Laugardal. „Á næstunni verður ráðist í byggingu íþróttamannvirkis hér á ÍR-svæðinu sem mun stuðla að því að ÍR verði enn stærra, betra og samheldnara félag,“ segir framkvæmdastjórinn bjartsýnn. „Að undanförnu hafa líka fjölmargir komið til starfa hjá félaginu sem munu hleypa í það enn meira lífi.“



**BJARTSÝNN Á FRAMTÍÐINA** Hörður Heiðar Guðbjörnsson, framkvæmdastjóri ÍR, hvetur alla til að mæta og samfagna á aldarafmæli félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Um helgina verður fjölskylduhátíð í íþróttahúsi Seljaskóla og afmælishátíð fyrir átján ára og eldri í Austurbergi á laugardagskvöldið.

Á sunnudeginum, á afmælisdaginn sjálfan, verður opið hús og fjölbreytt dagskrá í ÍR-heimilinu þar sem öllum er boðið að þiggja kaffi og léttar veitingar. Þá verður einnig afhent afmælisrit ÍR en það skráði Ágúst Ásgeirsson. Ritið er veglegt og skreytt fjölda mynda en þar geta áhugasamir kynnt sér ríkulega sögu félagsins og forkólfa þess.

**kristrun@frettabladid.is**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Torfi B. Tómasson**
stórkaupmaður, Tjarnarbóli 10, Seltjarnarnesi,

andaðist á Landspítalanum Hringbraut þriðjudaginn 6. mars. Útförin verður frá Hallgrímskirkju miðvikudaginn 14. mars kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Félag nýrnasjúkra.

**Anna Ingvarsdóttir**
**Sigríður María Torfadóttir** **Arinbjörn V. Clausen**
**Tómas Torfason** **Karen Bjarnhéðinsdóttir**
**Anna Marsý, Rakel, Jens Pétur, Torfi**
**Ásthildur Tómasdóttir Gunnarsson**



*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir og amma,*

**Guðlaug Ásta Magnúsdóttir**
Seilugranda 4, Reykjavík,

sem lést á heimili sínu laugardaginn 3. mars, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju mánudaginn 12. mars kl. 11.00.

**Þórey Aspelund** **Lúðvík Baldursson**
**Kristín Aspelund** **Hákon Aspelund**
**Sædís Halldórsdóttir** **Pétur Bauer**
**Berglind Gestsdóttir** **Víðir Pétursson**
**og barnabörn.**



*Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður og bróður,*

**Bjarna Kristins Ingólfssonar**
Aðalgötu 7, Ólafsfirði.

**Bára Sæmundsdóttir**
**Sæbjörg Anna Bjarnadóttir**
**Rafn, Hilmar, Elva og fjölskyldur.**



*Þökkum af hlýhug auðsýnda samúð vegna andláts og útfarar móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ásthildar Ólafsdóttur**
hárgreiðslumeistara, Vogatungu 67, Kópavogi.

Sérstaklega viljum við þakka hjúkrunarþjónustunni Karitas, Félagsþjónustu Kópavogsbæjar, Krabbameinsdeild LSH og Líknardeild LSH í Kópavogi fyrir einstaka umönnun og alúð við hina látnu.

**Helga Jakobs** **Björn Antonsson**
**Ásthildur Björnsdóttir** **Birgir Gunnarsson**
**Auðbjörg Björnsdóttir** **Gísli Kort Kristófersson**
**Árný Björk, Ásta Rakel og Björn Kort.**

Auglýsingar sendist á auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5000.



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Elva Hólm Þorleifsdóttir**
Bragavöllum 3, Keflavík,

lést á Sentara Leigh Hospital, Virginia Beach, Bandaríkjunum, þriðjudaginn 6. mars. Útförin auglýst síðar.

**Þyrí Magnúsdóttir, Jóhann Maríusson,**
**Ella S. Magnúsdóttir Wanros, John B. Wanros,**
**Þorsteinn Magnússon, Magnea Inga Magnúsdóttir,**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Snjólaug Elín Hermannsdóttir**

varð bráðkvödd á heimili sínu á La Marina, Spáni, hinn 3. mars sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Halldór Guðni Pálmarsson**
**Logi Hermann Halldórsson** **Þórhanna Þórðardóttir**
**Jóhann Halldórsson** **Karen Christina Halldórsson**
**Halldór Pálmar Halldórsson** **Helga Guðrún Bjarnadóttir**
**Herdís Halldórsdóttir** **Ingvar Georg Georgsson**
**og barnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þuríður Ingibjörg Stefánsdóttir**
áður til heimilis í Skipasundi 52,

sem andaðist á Hrafnistu í Reykjavík miðvikudaginn 28. febrúar verður jarðsungin frá Áskirkju mánudaginn 12. mars kl. 15.00.

**Þorgerður S. Guðmundsdóttir** **Jón F. Steindórsson**
**Guðrún Guðmundsdóttir** **Ásmundur Stefánsson**
**Guðmundur Ingi Georgsson** **Kristbjörg Steingrímsdóttir**
**Hrafnhildur Hanna Þorgeirðardóttir** **Jóhann Einarsson**
**Steindór Jónsson**
**Gyða Ásmundsdóttir** **Matthías Ásgeirsson**
**Stefán Ásmundsson** **Margrét Stefánsdóttir**
**barnabarnabörn.**

*Elskulegur eiginmaður minn,*

**Böðvar Bjarkan**
Reykjavík,

lést miðvikudaginn 7. mars. Útför verður auglýst síðar.

**Bera Kristjánsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

# Frábært verð
## á húsgögnum
### borðstofuhúsgögn, sófasett, rúm og margt fleira



GOTT VERÐ 204.000kr

**Bycast sófasett** 3+1+1 Nice



GOTT VERÐ 144.000kr

**Bycast hornsófi** 2+h+2 Roma

## Við sérsmíðum fyrir þig

Sérsmíðaðir sófar, hornsófar og stakir stólar. Þú velur áklæði, stærð og gerð og við smíðum fyrir þig.

AFSLÁTTUR 40%



COLCHON DUPEN

**40% AFSLÁTTUR AF IMPERIAL RÚMUM**

| Rúmstærð | Verð nú | Verð áður | ÞÚ SPARAR |
|---|---|---|---|
| 120X200 | 49.600kr | ~~82.680kr~~ | 33.080kr |
| 150X200 | 58.900kr | ~~98.280kr~~ | 39.380kr |
| 180X200 | 71.900kr | ~~119.880kr~~ | 47.980kr |

**Imperial rúm**

TILBOÐ 111.800kr
Listaverð 149.000,-

ÞÚ SPARAR 37.200kr

ÞÚ SPARAR 21.200kr

TILBOÐ 63.700kr
Listaverð 84.900,-



**Hægindasófi** 2322 **Hægindastóll** 2322

Úrval af gæða rúmum frá Dupen, borðstofuhúsgögnum, sófum o.fl. Komdu og líttu við í húsgagnadeild Hagkaupa í Smáralind eða á Akureyri





| | |
|---|---|
| **Skápur** m/gleri | 59.990kr |
| **Skápur** án glers | 59.990kr |
| **Skennkur** | 69.990kr |
| **Borðstofuborð** | 59.990kr |

| | |
|---|---|
| **Borðstofuborð** | 59.990kr |
| **Borðstofustólar** | 14.900kr |
| **Skápur** m/gleri | 69.900kr |
| **Spegill** | 19.900kr |
| **Skennkur** | 84.900kr |

Gildir til 15. mars eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla




## STUÐ MILLI STRÍÐA: Líf mitt sem kjötæta

FREYR GÍGJA GUNNARSSON TEFLIR Á TÆPASTA VAÐ



Ég hef átt í stríði við samstarfsmenn mína og vini. Þeim þykir ég of feitur. Aukakílóin of mörg og að lifnaðarhættir mínir séu með því versta sem þeir þekki. Þegar ég tali til að mynda um salat og brauð eigi ég ekki við um grænmeti heldur rækjur maríneraðar í majónes. Kjúklingur djúpsteiktur á ameríska vísu er líka með því besta sem ég fæ en mér hefur ósjaldan verið skipað að hætta þessu áti á aumingjans fiðurfénaðinum. „Veistu hvað er í þessu?“ spurði einn sjálfskipaður bjargvættur minn. „Já, og það sem meira er, ég er ánægður yfir því að innbyrða þetta.“ Skömmu síðar lá umræddur í bælinu og sárvorkenndi sjálfum sér vegna einhverrar flensu sem hann hafði bitið í sig. „Þú veist að kjúklingurinn heldur mér við hestaheilsu,“ bætti ég við og glotti eins og víkingur sem loksins hafði hitt naglann á höfuðið.

Margir í mínu nánasta umhverfi virðast hreinlega ekki geta fest svefn yfir þessum kílóum sem þó hafa aðeins hægt á sér hvað vigtina varðar. Alveg hreint með ólíkindum hvað sumir geta velt sér upp úr líkamsvexti annars fólks. En kannski er þetta besta dæmið um þá útlitsdýrkun og heilsuræktartrú sem á þessu landi ríkir. Fáir velta því fyrir sér hvernig grönnu og velútlítandi fólki líður enda hamingjusamt með alla þessa vöðva.

Fátt veitir mér meiri gleði en góð máltíð. Og velti ég þá lítið fyrir mér hvort þarna hafi einhver eiturefni verið innbyrð á mettíma. Enda ráðast hamingjufrumurnar með skipulögðum hætti á þau og ráða niðurlögum þeirra. „Ætlar þú ekkert að fara að hreyfa þig?“ er ég stundum spurður þegar vinina ber að garði. „Jú, ég fer í golf bráðum og svo kannski rölti ég út í búð og fæ mér sjeik,“ svara ég á móti. Og brosi mínu breiðasta á meðan einhver í eldhúsinu reynir að narta í grænmetisbuff og sólskinssósu frá lífrænt ræktuðu fyrirtæki. Hann eyðir sínum degi í að pirra sig yfir garnagaulinu enda varð hálf óæta buffið eftir á disknum og sósan bragðlausa lenti í ruslinu.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






**524** kr/kg. áður 749 kr/kg.
Íslandsfugl kjúklingur




**468** kr/pk.
Humar 500 gr.




**1.284** kr/kg. áður 1.605 kr/kg.
Holta kjúklingastrimlar - eldaðir




**1.085** kr/kg. áður 1.356 kr/kg.
Holta kjúklinganuggets




**789** kr/kg. áður 986 kr/kg.
Holta kjúklingabollur




**399** kr/pk.
Goða pylsur



**562** kr/kg. áður 999 kr/kg.
Smálúðuflök



**562** kr/kg. áður 656 kr/kg.
Línuveidd ýsa - roðlaus og beinlaus



**98** kr/kg. áður 148 kr/kg.
Ferskur ananas



**39** kr/kg. áður 74 kr/kg.
Fersk kókoshneta

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 9. mars til 11. mars eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

**Kl. 12.00**
*Dr. Ármann Jakobsson, fræðimaður og kennari, flytur erindi í fyrirlestraröðinni Listir, menning og fötlun á vegum Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum. Erindið ber yfirskriftina Hver er hræddur við handalausa manninn? Fyrirlesturinn verður í Norræna húsinu og er öllum opinn.*

# menning
menning@frettabladid.is

## Gler- og ljósmyndir Drafnar

Myndlistarkonan Dröfn Guðmundsdóttir opnar á morgun sýningu á glerverkum og ljósmyndainnsetningu í Grafíksafni Íslands – sal íslenskrar grafíkur í Hafnarhúsinu, hafnarmegin. Ljósmyndirnar eru teknar á ferðum hennar með erlenda ferðamenn um Ísland undanfarin ár, en Dröfn starfar sem leiðsögumaður á sumrin og vinnur að list sinni á veturna. Dröfn útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1993. Glerið hefur verið viðfangsefni hennar fyrst og fremst, en hún hefur einnig nýtt sér önnur efni: í desember var opnað hótel við Þingholtsstræti í Reykjavík og þar var henni falið að vinna glerverk á nærri 50 fm vegg í anddyri og er partur af verkinu foss sem rennur niður vegginn. Dröfn hefur tekið þátt í fjölda samsýninga bæði hérlendis sem erlendis. Hún hefur einnig haldið nokkrar einkasýningar. Nýútskrifuð gerðist hún þátttakandi í galleríinu Hjá þeim sem var til húsa á Skólavörðustígnum og síðar stofnaði hún Listakot á Laugaveginum með níu öðrum listakonum. Árið 2000 flutti hún vinnustofu sína að Fálkagötu 30b og hefur rekið hana þar síðan undir nafninu Íslensk list. Sýningin stendur sem fyrr segir frá 10.-25. mars og er opin fimmtudaga til sunnudaga frá kl. 16-18.


**MYNDLIST** Ein mynda Drafnar á sýningunni í sal Íslenskrar grafíkur, Vertu velkominn.

### > Ekki missa af...

tónleikum helgarinnar. Í kvöld leikur ítalski píanóleikarinn **Domenico Codispoti** í **Salnum** í Kópavogi.

Á morgun er komið að fjölskyldutónleikum **Sinfóníuhljómsveitar Íslands** undir stjórn **Bernharðs Wilkinson.**

En á sunnudagskvöld fagnar **Kammermúsíkklúbburinn** 50 ára starfsafmæli með tónleikum **Erlings Blöndal Bengtsonar, Ninu Kavatradze** og **Einars Jóhannessonar** í Bústaðakirkju.

## Jóhann Briem


JÓHANN BRIEM

Jóhann Briem (1907-1991) stundaði listnám hjá Jóni Jónssyni málara, bróður Ásgríms Jónssonar, Eyjólfi Eyfells og Ríkarði Jónssyni, myndhöggvara í Reykjavík. Hann fór síðan til Þýskalands 1929 en þangað sóttu margir Íslendingar í listnám á þessum árum. Erlendur gjaldeyrir var eftirsóttur þar í landi og komust menn af á litlu. Jóhann var í Dresden til 1934 og kvæntist þar fyrri konu sinni. Hann stundaði nám við Akademie Simonson-Castelli hjá Woldemar Winkler og síðan við Staatliche Kunstakademie hjá Max Feldbauer og Ferdinand Dorsch. „Hann þróaði með sér ljóðrænan expressjónisma þar sem saman fór heitur litaskali, einföld myndbygging og voðkennd pensilsskrift í myndum sem oft sýndu dýr og fólk úti í náttúrunni,“ segir í umsögn Listasafnsins. Þegar heim var komið tók Jóhann að kenna myndlist, fyrst við einkaskóla sem hann rak ásamt Finni Jónssyni á árunum 1934-40. Jóhann var um árabil jafnframt teiknikennari við Gagnfræðaskóla Reykjavíkur, síðar Gagnfræðaskóla Vesturbæjar auk Laugarnesskóla. Hann vann einnig bókaskreytingar þar sem þjóðsögur og ævintýri voru honum hugleikin viðfangsefni.

Jóhann sótti sér myndefni í íslenska sveitamenningu og mannlíf; má skipta myndefni hans í afmarkaða flokka svo sem sveitalíf, dýramyndir, ævintýri og sögur, auk mynda frá fjarlægum stöðum og mynda sem sýna mannverur andspænis náttúrunni en hann samdi ferðabækur um ferðalög sín til fjarlægra staða. Þegar um 1936 hafði hann náð að skapa sér heilsteyptan og persónulegan stíl með efnismiklum samræmdum litum, þar sem liturinn ræður fremur en teikningin. Litirnir verða með tímanum sterkir og form aðgreind með áherslu á flatarkennd litanna. Í sterkum mann- og dýralífsmyndum höfðar hann til upplifunar áhorfandans; einmana verur standa andspænis náttúrunni.

Jóhann kom sér upp aðstöðu á æskuheimili sínu, Stóra-Núpi í Árnessýslu, og vinnustofu í Ásaskóla. Hann vék aldrei frá hlutbundinni tjáningu. Staðfesta, einlægni og alvara einkenndu allan feril listamannsins og skópu honum nokkra sérstöðu í ölduróti tímans.

Yfirlitssýning á verkum Jóhanns var síðast haldin í Listasafni Íslands árið 1977 á sjötugsafmæli málarans. Rit honum helguð hafa komið út tvö: Er ekki vonum seinna að efnt er til stórsýningar á verkum hans en í ár eru hundrað ár frá fæðingu hans. Sýningunni nú er ætlað að varpa ljósi á það hvernig liturinn öðlast með tímanum nýja og margbreytilega merkingu í verkum málarans. Um 50 olíumálverk og 12 vatnslitamyndir eru á sýningunni.




# Tveir stórir saman

**Tvær sýningar líta dagsins ljós í dag í sölum Listasafns Íslands: tveir íslenskir listmálarar sem voru fyrirferðarmiklir í íslensku listalífi á fjórða og fimmta áratug aldarinnar eru í brennidepli í yfirferð safnsins um myndlist liðinnar aldar: Jón Engilberts og Jóhann Briem.**


**JÓN ENGILBERTS** Sól yfir Íslandi frá 1967, olía/oil, 207 x 335 cm. Myndin tilheyrir þeim hópi verka sem sýndi áhrif frá Cobra á myndhugsun Jóns

Þeir Listasafnsmenn líta á þessar sýningar á verkum Jóns og Jóhanns sem brú milli sýningarinnar Frelsun litarins/Regard fauve, þar sem verk franskra expressjónista frá Fagurlistasafninu í Bordeaux glöddu augu gesta og næstu sýningar safnsins á verkum CoBrA sem verður opnuð 10. maí.

Í fréttatilkynningu safnsins segir: „Í listsögulegu samhengi má tengja þá Jóhann Briem og Jón Engilberts sem báðir komu fram á 4. áratug síðustu aldar við tvær greinar expressjónisma sem var ríkjandi í evrópskri myndlist á millistríðsárunum. Annars vegar þann sem á rætur í germanskri hefð sem Jóhann Briem komst í kynni við á námsárunum í Þýskalandi og hins vegar til hins formræna og munúðarfulla franska expressjónisma sem Jón kynntist hjá Axel Revold í Noregi í bland við tilfinningalegan expressjónisma Edvards Munch.“

Á fjórða áratug síðustu aldar voru skil í íslenskri myndlist. Landslagsmálverkið hafði haldið stöðu sinni frá því borgaraleg myndlist varð til í lok nítjándu aldar, en samfélagsleg átök í kjölfar kreppu og vaxandi þéttbýlismyndun leiddu af sér ný viðhorf og myndefni. Yngri kynslóð listamanna, Jóhann Briem og Jón Engilberts þeirra á meðal í myndlistinni, tekst á við þau með ýmsum hætti. Ný myndefni og viðfangsefni spretta fram: maðurinn við vinnu sína, þorpið, gatan, bakgarðurinn, vinnustaðir og nánasta umhverfi listamannsins urðu viðfangsefni í fyrsta sinn í íslenskri listhugsun. Litur og form fær endurskoðað gildi sem byggir fyrst og fremst á tilfinningalegri upplifun geranda þar sem liturinn fékk aukna merkingu. Verk vöktu nýjar spurningar hjá njótanda um tjáningarmáta listamanns og um leið um hans eigin lestur. Margir listamanna voru róttæklingar, svo sem Jón Engilberts, og gætti þess oft í vali hans á myndefni.

Í tengslum við báðar sýningarnar eru gefnar út bækur um hvorn listamann eins og tíðkast. Æsa Sigurjónsdóttir, listfræðingur skrifar um Jón Engilberts en Halldór Björn Runólfsson, listfræðingur og forstöðumaður Listasafns Íslands, skrifar um Jóhann Briem. Báðar eru prýddar fjölda litmynda af verkum þeirra og Ólafur Kvaran, listfræðingur og fráfarandi forstöðumaður Listasafnsins, annast myndaritstjórn. Sýningastjóri er Harpa Þórsdóttir listfræðingur en hún hefur að undanförnu unnið við að safna nýjum upplýsingum um verk í eigu almennings eftir listamennina í gagnabanka safnsins um íslenska myndlist. Sýningarhönnuður er Ívar Valgarðsson myndlistarmaður og uppsetningu sýninganna önnuðust Helgi Hjaltalín, Anna Hallin, Olga Bergmann og Pétur Örn Friðriksson. Sýningin stendur í nær sjö vikur, frá 9. mars til 29. apríl. Leiðsögn um sýningarnar verður alla þriðju- og föstudaga í hádeginu kl. 12.10 – 12.40 og á sunnudögum kl. 14.00 verður leiðsögn í fylgd sérfræðinga. Nánari grein fyrir fræðsludagskrá í tengslum við sýningarnar verður á heimasíðu Listasafns Íslands, www.listasafn.is

pbb@frettabladid.is

## Jón Engilberts


JÓN ENGILBERTS

Jón Engilberts (1908-1972) stundaði listnám hjá Stefáni Eiríkssyni útskurðarmeistara í Bröttugötu, og Guðmundi Thorsteinssyni – Muggi, á unga aldri. Hann fór síðan til náms, fyrst í Danmörku og síðar Noregi á árunum 1927-1933. Jón nam við Teknisk Selskabs skole og Listaakademíuna í Kaupmannahöfn árið 1928-1931, og hélt þar sína fyrstu einkasýningu 1929 en ári seinna tók hann þátt í mótmælasýningunni í Landakoti þar sem ungir listamenn sýndu róttækar myndir af félagslegum toga. Síðar færði Jón sig til Óslóar þar sem hann naut leiðsagnar Axels Revold til 1933 en sá sami hafði verið nemandi Matisse í París.

Í umfjöllun Listasafnsins segir: „Dvölin í Ósló hafði áhrif á litaspjald málarans sem varð þyngra og heitara auk þess að formin voru mörkuð með dökkri útlínu sem jafnframt er burðargrind verkanna … en myndhugsun hans byggði á klassískri hefð. Jón varð síðar einn helsti fulltrúi fígúratífs expressjónisma á 5. áratugnum á Íslandi en frá upphafi ferils hans má greina átök milli dramatískrar túlkunar og ljóðrænnar. … Viðfangsefnin voru oft alþýðufólk til sjávar og sveita. Stíll hans einkenndist af kraftmikilli pensilsskrift, munúðarfullum og ástríðuþrungnum litaskala.“

Jón var mikilvirkur á sviði grafíklistar en hann lagði einkum fyrir sig tréristu sem rekja má til kynna hans af verkum Edvard Munch. Jón var í Grafisk Kunstnersamfund í Danmörku og einn af stofnendum félagsins Íslensk grafík 1954. Hann var félagi í danska sýningarhópnum Kammeraterne sem lögðu áherslu á myndefni af félagslegum toga og Jón einn af stofnendum Kommúnistaflokks Íslands.

Jón flutti heim til Íslands með fjölskyldu sína árið 1940 en tveimur árum síðar flutti hann inn í hús sitt Englaborgina. Með sýningu á verkum Jóns Engilberts nú er reynt að leggja áherslu á sérstöðu hans í íslenskri myndlist en talsvert hefur verið skrifað um líf hans og list í gegnum tíðina og ber að nefna viðtalsbók hans og Jóhannesar Helga, Hús málarans, sem komið hefur út í tveimur útgáfum, endurminningabók konu hans, Tove Engilberts, Eins manns kona, og ítarlega bók þeirra Ólafs Kvaran og Baldurs Óskarssonar um listamanninn.

Verk Jóns þóttu á sínum tíma djörf og voru oft umdeild. Straumhvörf verða í list Jóns á sjöunda áratugnum er hann í takt við tímann endurnýjar samband sitt við litina er hann tók að leita til sjálfsprottinnar tjáningar að hætti Cobra-manna þar sem hann beitti kraftmiklum pensilsstrokum og óbeislaðri tjáningu.

Yfirlitssýning á verkum Jóns Engilberts var síðast haldin í Listasafni Íslands árið 1975. Um 43 olíumálverk, 14 teikningar og 15 tréristur eru á sýningunni í sölum 1 og 2.




~~3.990,-~~ **2.990,-**
Tvö bindi

# STÓRI
## BÓKAMARKAÐURINN
Perlunni **1. – 11. mars**



OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 10-18




~~4.690,-~~ **938,-**




~~2.980,-~~ **890,-**




DYNAMO REYKJAVIK




~~4.480,-~~ **1.490,-**




~~3.990,-~~ **1.490,-**




~~4.980,-~~ **1.790,-**




~~2.990,-~~ **1.399,-**




~~4.680,-~~ **1.790,-**




~~2.480,-~~ **690,-**




~~1.290,-~~ **890,-**



~~4.900,-~~ **1.980,-**




~~12.980,-~~ **4.990,-**




~~4.290,-~~ **990,-**




~~8.990,-~~ **3.980,-**

MATREIÐSLUBÓK
ÍSLENSKA LÝÐVELDISINS
**50 stk. á sælkeraverði**



~~5.990,-~~ **2.990,-**

# Stöðugt bætast við nýir titlar!

Bækurnar rjúka út á Stóra bókamarkaðinum og sífellt bætast við nýir titlar. Vantar þig ævisögur, ástarsögur, þjóðlegan fróðleik, barnabækur, teiknimyndasögur, ljóðabækur, matreiðslubækur, handbækur eða hentugar gjafabækur? Þú getur valið úr yfir 10.000 titlum.



## Svalaðu þorstanum!

Allir sem koma á Stóra bókamarkaðinn fá **Kristal Sport** frítt svo lengi sem birgðir endast. Svalandi drykkur sem inniheldur vítamín, steinefni og sölt en skartar fáum hitaeiningum.

**Bókamarkaður Félags íslenskra bókaútgefenda**

Auglýstar bækur fást á meðan birgðir endast.




FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!

Sunnudagur 11. mars kl:17 örfá sæti laus
Sunnudagur 18. mars kl:17 örfá sæti laus
Sunnudagur 25. mars kl:17 örfá sæti laus

Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ

Miðasala í síma 555 2222
eða á www.midi.is
www.abbababb.is



GIANNI SCHICCHI
SUOR ANGELICA
Giacomo Puccini

**ÓPERUSTÚDÍÓ ÍSLENSKU ÓPERUNNAR:** Systir Angelica og Gianni Schicchi eftir Puccini
**Frumsýning fim. 21. mars kl. 20**
2. sýn. sun. 25 mars kl. 20- 3. sýn. þri. 27. mars kl. 20
4. sýn. fim. 29. mars kl. 20 - **LOKASÝNING**
*Þátttakendur eru nemendur í tónlistarskólum í söng og hljóðfæraleik*

**CAVALLERIA RUSTICANA - FRUMSÝNING Á ANNAN Í PÁSKUM**
Mánud. 9. apríl (annar í páskum) kl. 17.00 - **FRUMSÝNING**
2. sýn. mið. 11. apríl kl. 20 - 3. sýn. lau. 14. apríl kl. 20 - 4. sýn. sun. 15. apríl kl. 17

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

GLITNIR
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




**Stóra sviðið kl. 20:00**

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 11/3 kl. 14:00 uppselt, sun. 18/3 kl. 14:00 uppselt og kl. 17:00 **nokkur sæti laus**, sun. 25/3 kl. 14:00 **örfá sæti laus,** aukasýning kl. 17.00, sun. 1/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus.** sun. 15/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 22/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus**. Sýningum lýkur í apríl!

**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
2. sýn. í kvöld fös. 9/3 **örfá sæti laus**, 3. sýn. lau. 10/3 **örfá sæti laus,** 4. sýn. mið. 14/3 uppselt, 5. sýn. fim. 15/3 uppselt, 6. sýn. fös. 16/3 **örfá sæti laus,** 7. sýn. lau. 17/3 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. lau. 24/3 **nokkur sæti laus**.
Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt gegn framvísun Námukortsins.

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker
Sun. 11/3 örfá sæti laus, mán. 12/3 uppselt, þri. 13/3 uppselt.
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR!
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir skólanema gegn framvísun skólaskírteinis.

**ÍMYNDUNARVEIKIN** eða Þögn Molières eftir Molière/Macchia.
**Franskur gestaleikur með íslenskum texta.**
Fim. 22/3 **örfá sæti laus,** fös. 23/3.

**Kúlan**

**PÉTUR OG ÚLFURINN** - **Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs.**
Lau. 10/3 kl. 13:30 **örfá sæti laus** og 15:00 **örfá sæti laus,** sun. 11/3 kl. 13:30 **örfá sæti laus** og 15:00 **örfá sæti laus,** lau. 17/3 kl. 13:30 **nokkur sæti laus** og kl. 15:00 **nokkur sæti laus,** sun. 18/3 kl. 13:30 **nokkur sæti laus** og 15:00 **nokkur sæti laus**.
Síðustu sýningar!

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**

**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00. Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga. Upplýsingar í miðasölusíma.**



„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR

**ÓFAGRA VERÖLD**
Í kvöld kl. 20
Síðasta sýning

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Lau 10/3 kl. 20 Lau 17/3 kl. 20
Fös 23/3 kl. 20 Lau 31/3 kl. 20

**MEIN KAMPF**
Sun 18/3 kl. 20 AUKAS.
Síðasta sýning

**EILÍF HAMINGJA**
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 11/3 kl. 22 Sun 18/3 kl. 20
Sun 25/3 kl. 20 Sun 1/4 kl. 20

**LADDI 6-TUGUR**
Lau 10/3 kl. 14 UPPS. Fim 15/3 kl. 20 UPPS.
Fös 16/3 kl. 21 UPPS. Lau 24/3 kl. 20 UPPS.
Lau 24/3 kl. 22:30 UPPS. Lau 31/3 kl. 14 UPPS.
Mið 4/4 kl. 20 UPPS. Mið 4/4 kl. 22:30
Fim 5/4 kl. 20 Sun 15/4 kl. 14
Mán 16/4 kl. 21 Fim 19/4 kl. 14
Fim 19/4 kl. 17 Fim 19/4 kl. 21 UPPS.
Fös 27/4 kl. 20 UPPS. Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS.

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Þri 13/3 kl. 20 150.sýning!
Þri 20/3 kl kl. 20 Allra síðasta sýning

**SÖNGLEIKURINN ÁST**
Í samstarfi við Vesturport
Lau 10/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPS.
Sun 11/3 kl. 20 Lau 17/3 kl. 20
Fim 22/3 kl. 20 Fös 23/3 kl. 20
Fim 29/3 kl. 20 Fös 30/3 kl. 20

**DAGUR VONAR**
Í kvöld kl. 20 UPPS. Fim 15/3 kl. 20 UPPS.
Fös 16/3 kl. 20 UPPS. Lau 24/3 kl. 20 UPPS.
Sun 25/3 kl. 20 Mið 18/4 kl. 20
Fim 19/4 kl. 20 Fim 26/4 kl. 20

**SÖNGLEIKURINN GRETTIR**
Mið 28/3 kl. 20 FORSÝNING MIÐAVERÐ 1.500
Fim 29/3 kl. 20 FORSÝNING UPPSELT
Fös 30/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Sun 1/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Lau 14/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 11/3 kl.14 Sun 18/3 kl. 14
Sun 25/3 kl. 14 Síðustu sýningar

**KILLER JOE**
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Í kvöld kl. 20 Lau 10/3 kl. 20
Mið 14/3 kl. 20 Fim 22/3 kl. 20

**KARÍUS OG BAKTUS**
Sun 11/3 kl.13, 14, 15 UPPS.
Sun 18/3 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 25/3 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 1/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 15/4 kl. 13,14,15 UPPS.
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 UPPS.
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

**FEBRÚARSÝNING Íd**
Sun 11/3 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 18/3 kl. 20 5.sýning Blá kort
Síðustu sýningar

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ


# Hugvísindaþing hefst í dag

Hugvísindaþing hefst síðdegis í dag í Aðalbyggingu Háskólans og stendur í tvo daga. Að því standa, eins og undanfarin ár, Hugvísindastofnun, ReykjavíkurAkademían og guðfræðideild. Þinginu er ætlað að bregða ljósi á ýmis viðfangsefni sem unnið er að á skika hugvísinda í landinu, bæði lítil álitaefni og stór. Er þeim raðað í klasa og verða flutt erindi í litlum hópum í húsnæði háskólans. Þinghaldið hefst kl. 13.00 í dag og verður þingað til kl. 16.30, með kaffihléi kl. 14.30-15.00. Á morgun hefst þinghald kl. 12.00 og stendur til kl. 16.30. Kaffihlé verður kl. 14.00-14.30. Að þingi loknu verður boðið upp á léttar veitingar. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Eru menn hvattir til að mæta ef þeim þykir eitthvað af umræðuefnunum áhugavert. Dyggir styrktaraðilar Hugvísindaþings eru Edda útgáfa, Veröld, JPV útgáfa, danska sendiráðið og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Í dag verður þingað í sjö stofum. Kennir þar margra grasa þó reynt sé að stilla saman efnum sem á einhvern hátt ríma. Í fjórum stofum verður þingað fyrir kaffi í dag og þremur á eftir. *Úr ólíkum áttum* er yfirskrift sem geymir framlag þeirra Jóns Viðars Jónssonar, leikhúsfræðings og gagnrýnanda, en hann spyr: Er leikritið Straumrof víxlspor eða lykilverk á ferli Halldórs Kiljans Laxness? Síðan ræðir Bergljót S. Kristjánsdóttir prófessor spurninguna: „Viltu að ek höggvi þig langsum eður þversum?“ en þar koma við sögu teiknimyndapersónan Stebba stælgæ sem birtist í Tímanum upp úr 1960 .

Í sömu mund koma menn saman og ræða *forna texta*, forsagnarefni í íslenskum heimildum, nauðsyn nýrrar útgáfu á brotunum úr Vita sancti Thorlaci, og þá Gunnar og Njáll, „hvártveggi er blauðr“: karlmennska og tilvistarkreppa á miðöldum.

Þriðji hópurinn talar um *trú og heim*: Bjarni Randver Sigurvinsson, Róbert H. Haraldsson og Orri Vésteinsson leggja sitt til málanna. Það er skammt frá trúfræðinni yfir í málfræðina: *Slóðir tungunnar* eru reifaðar í fjórðu málstofu: Margrét Jónsdóttir spyr Hvers kyns? Katrín Axelsdóttir talar um lýsingarorðið sem fór sínar eigin leiðir, og Jón Axel Harðarson fjallar um skiptingu frumgermönsku í norðvesturgermönsku og austurgermönsku.

Fjórða stofan geymir guðfræðinga sem eru að þreifa fyrir sér í listasögu: Pétur Pétursson talar um dultrú og þjóðernishyggju í verkum Einars Jónssonar. Hjalti Hugason ræðir trúarstef og pólitík í kveðskap Snorra Hjartarsonar og loks mun Gunnlaugur A. Jónsson spjalla um Paradísarmissi í nokkrum helfararkvikmyndum.

Eftir kaffihlé verður málstofa um *Gunnar Gunnarsson* þar sem Jón Karl Helgason ræðir Vikivaka í bókmenntasögulegu samhengi, og Jón Yngvi Jóhannsson talar um samband Gunnars Gunnarssonar við dönsku þjóðina á stríðstímum. Síðust í málstofutali þessu er sú sem helguð er *húmanismanum* og er í höndum Sigurðar Péturssonar, Ásdísar G. Sigmundsdóttur og Torfa K. Stefánssonar Hjaltalín.Á laugardegi hefst þinghaldið kl. 12: *Sjálfsvitund og sagnavitund Vestur-Íslendinga, persónuvernd í upplýsingasamfélagi Félag íslenskra fræða* og önnur mál, *karlremba og umræðuhefð, Ísland og Danmörk* eru þá til umræðu fyrir kaffi meðal annars. Eftir kaffi verður málstofa á vegum Ritsins um *innflytjendur*. Rætt verður um *kvennabaráttu á krossgötum, bókagerð á Helgafellsklaustri á fjórtándu öld* og *Tómas postula*.

**- pbb**


**AUÐUR STYRKÁRSDÓTTIR** Ræðir um kvennabaráttuna 1907.


**JÓN VIÐAR JÓNSSON** Talar um Straumrof.


**ÚLFHILDUR DAGSDÓTTIR** Spjallar um líkama.

# *Galdrakarlar, tröll og krakkar*

Á morgun kl. 15 er komið að árlegum fjölskyldutónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói en þá verður lokið upp dyrum að ævintýralegum heimi trölla, galdrakarla og annarra kynjavera. Strákústar taka upp á því að dansa eftir misheppnaða galdratilraun lærisveins, Dimmalimm leikur á flautu, uglan hans Harry Potter tekur flugið, næturdrottningin syngur aríu og galdramaður af Ströndum mun kveða niður draug.

Stjórnandi á tónleikunum er Bernharður Wilkinson en með sveitinni koma einnig fram ungur flautuleikari, Björg Brjánsdóttir, sem er aðeins tæplega 14 ára gömul en kemur nú í annað sinn fram með hljómsveitinni. Auk þess syngur Guðrún Ingimarsdóttir sópransöngkona aríu Næturdrottningarinnar eftir Mozart. Kynnir á tónleikunum er kamelljónið Skúli Gautason.

Síðdegis á morgun heldur kammertónleikaröð Sinfóníunnar, sem kennd er við Kristal, áfram í Listasafni Íslands. Í eldlínunni á morgun verða Sigurgeir Agnarsson sellóleikari, Una Sveinbjarnardóttir fiðluleikari og Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari. Á efnisskránni eru Píanótríó eftir Ludwig van Beethoven, Metamorphoses fyrir píanótríó eftir Hafliða Hallgrímsson og Tríó í G-dúr fyrir píanó, fiðlu og selló eftir Claude Debussy. Tónleikarnir hefjast stundvíslega kl. 17.

**- khh**


**LÍFLEGT Í HÁSKÓLABÍÓI** Í vikunni hefur fjöldi grunnskólabarna heimsótt Sinfóníuhljómsveit Íslands og kynnt sér starf hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





Gamanleikritið
BAR PAR
Leikstjóri: Gunnar I. Gunnsteinsson
–eftir Jim Cartwright
Aðalhlutverk:
Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir
Steinn Ármann Magnússon
Næstu Sýningar:
Föst. 9. mars kl. 20
– Örfá sæti laus
Sun. 18. mars kl. 20
Miðasala á Nasa
frá kl. 13-16
einnig á www.nasa.is
og www.midi.is
Carlsberg Léttöl NASA
Einn Carlsberg fylgir miðanum næstu 10 sýningar!

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Unaðslegar stundir
með spennandi fjögurra rétta kvöldverði á aðeins 3.900.- allar helgar í janúar, febrúar og mars
rauða húsið restaurant Eyrarbakka

Rauða Húsið · Sími: 483-3330
Búðarstíg 4 · 820 Eyrarbakka
www.raudahusid.is

# Rætt um Lindgren


**RITHÖFUNDURINN LINDGREN** Rætt verður um áhrif Astridar Lindgren á barnamenningu fyrr og nú á ráðstefnu í Gerðubergi.

Ráðstefna um barnabókmenntir og barnamenningu verður haldin í menningarmiðstöðinni Gerðubergi á morgun. Ráðstefnan er að þessu sinni tileinkuð Astrid Lindgren og framlagi hennar til barnamenningar fyrr og nú.

Sérstakur gestur ráðstefnunnar er Helena Gomér sem er yfirmaður barnadeildarinnar Rum för Barn í Menningarhúsi Stokkhólmsbúa. Hún býr að mikilli reynslu á sviði barnamenningar bæði úr leikhús- og kvikmyndaheiminum, auk þess sem hún vann við að koma á fót barnamenningarhúsinu Junibacken, sem tileinkað er Astrid Lindgren og sænskum barnabókmenntum. Í fyrirlestri sínum miðlar hún af reynslu sinni og síðan mun Ragnheiður Gestsdóttir, fundarstjóri ráðstefnunnar og talsmaður Samtaka um barnamenningarstofnun, leiða umræður.

Silja Aðalsteinsdóttir og Sigþrúður Gunnarsdóttir fjalla um líf og rithöfundarferil Lindgren og Katrín Jakobsdóttir heldur fyrirlestur sem hún kallar „Villta barnið og siðmenningin“ þar sem hún fjallar um eina af frægustu söguhetjum skáldkonunnar, Línu langsokk.



Ráðstefnan er haldin í samstarfi við Borgarbókasafn Reykjavíkur, Félag skólasafnakennara, IBBY á Íslandi, Síung, Skólasafnamiðstöð Reykjavíkur og Upplýsingu - Félag bókasafns- og upplýsingafræða.

Dagskráin hefst kl. 10.30 á morgun og er aðgangur ókeypis.

# Fáðu þér bara sæti


**FRUMSTÆÐ EN HEIMILISLEG SÆTI** Verk Hlyns Hallssonar í galleriBOXi er notendavænt og þægilegt að sjá.

Myndlistarmaðurinn Hlynur Hallsson opnar sýninguna LJÓS - LICHT - LIGHT í galleriBOXi á Akureyri kl. 16 á morgun. Verkið sem Hlynur setur upp í galleriBOXi samanstendur af borði og sætum sem gerð eru á afar einfaldan hátt úr froðuplastplötum og gæruskinni. Froðuplastið er tilbúið efni sem gjarnan er notað til einangrunar en gæruskinnið er náttúruleg afurð sem er einnig gjarnan notuð til einangrunar eða öllu heldur sem fóður í ýmsar flíkur. Froðuplastið er framleitt hjá Plastási á Akureyri en gærurnar koma frá Skinnaiðnaði sem nú er búið að flytja til austurhluta Evrópu. Hlynur hefur sett upp svipuð verk í Hannover og Vín og nú stendur yfir sýning hans hjá Kuckei+Kuckei í Berlín. Sýningargestir geta fengið sér sæti og hvílt lúin bein, spjallað saman eða horft hver á annan. Fólk getur blaðað í skrám frá sýningum sem Hlynur hefur haldið eða tekið þátt í. Einnig er hægt að ferðast í huganum til fjarlægra landa ef mann langar heldur til þess, sitjandi á þessum frumstæðu en hlýlegu bekkjum. Á vegginn hefur Hlynur úðað skilaboð sem hægt er að útleggja á ýmsa vegu.

Á sama tíma og sýningin í galleriBOXi verður opnuð opnar Hlynur einnig sýningu á www.veggverk.org á vegg á mótum Glerárgötu og Strandgötu á Akureyri.


**GERÐUBERG**
www.gerduberg.is



Laugardaginn 10. mars kl. 10:30-14:00
**Húmor og hugrekki!**
Ráðstefna um barnabókmenntir og -menningu í minningu Astrid Lindgren
- Katrín Jakobsdóttir, Sigþrúður Gunnarsdóttir og Silja Aðalsteinsdóttir halda fyrirlestra um skáldkonuna og sögupersónur hennar.
- Helena Gomér frá Kulturhuset í Stokkhólmi miðlar af reynslu sinni af því að setja upp Rum för Barn og Junibacken.



Laugardagur 10. mars kl. 14:00
**Óður til íslenskrar náttúru**
Guðlaug I. Sveinsdóttir opnar sýningu á málverkum og vefnaði í Boganum.
Allir velkomnir!



**RÚRÍ Tími - Afstæði - Gildi**
Sýning frá glæstum listferli
Listaverk, ljósmyndir og myndbönd af gjörningum, skúlptúrum og innsetningum
Sjá www.ruri.is



**Vissir þú...**
...að í Gerðubergi er góð aðstaða fyrir ráðstefnur, námskeið, fundi og móttökur
Sjá nánari upplýsingar á www.gerduberg.is

Sýningarnar eru opnar virka daga frá kl. 11 -17 og um helgar frá kl. 13 - 16
Gerðuberg • sími 575 7700


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MARS**

6 7 8 **9** 10 11 12

**Föstudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 22.00 Hljómsveitin **Hvanndalsbræður** leggur land undir fót og heldur tónleika í **Þjóðleikhúskjallaranum**. Með í för verða þeir **Kristinn Ingi Pétursson** og **Pétur Hallgrímsson.** Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi, skemmtilega tónlist, grín og góða happadrættisvinninga. Húsið opnar kl. 22

### OPNANIR

☐ 18.00 Myndlistarmennirnir **Thomas Anderson** og **Kári Svensson** opna sýningu í **Listasafni Reykjanesbæjar** í **Duushúsum**. Málverk Kára eru litsterk og kraftmikil og sýna á áhrifaríkan hátt birtingarmyndir náttúrunnar í Norður-Atlantshafi. Thomas sýnir hins vegar skúltptúra af manninum, hinum nakta og viðkvæma manni sem án allrar sýndarmennsku kemur fram eins og hann er. Skúlptúrarnir eru afar persónulegir og kímnin ekki langt undan. Sýningin er opin alla daga frá kl. 13-17.30 og stendur til 22. apríl.

### FYRIRLESTRAR

☐ 20.00 Kynningafundur um **Waldorfsskóla** og uppeldisfræðina sem býr þar að baki. Fyrirlesturinn er á ensku og flytjandi er Hollendingurinn **Michiel Rietveld**. Fyrirlesturinn er haldinn í sal **Rósarinnar**, **Bolholti 4**, 4. hæð t.v.

### SÝNINGAR

☐ 12.00 Árleg ljósmyndasýning **Blaðaljósmyndarafélags Íslands** stendur yfir í **Gerðarsafni** í **Kópavogi**. Á sama stað má sjá sérstaka sýningu á ljósmyndum sex ljósmyndara sem ber yfirskriftina Kárahnjúkar.

☐ 14.00 Myndlistarmaðurinn **Spessi** sýnir ljósmyndir sínar í **DaLí** gallery á Akureyri.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

☐ 13.00 Nú stendur yfir sýning **Kristínar Guðmundsdóttiur Barnslegar minningar + löstur mannsins** á **Café Karólínu** á Akureyri. Sýningin samanstendur af textaverkum á glasamottur og veggi. Verkin sem skiptast í tvo hluta, annars vegar minningar barns um aðvaranir þeirra eldri og svo hins vegar syndir þeirra eldri og hvernig hægt sé að forðast þær.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


**Roof Tops**
**Föstudags- og laugardagskvöld**
**Vegna fjölda áskorana endurtökum við leikinn**
ARI JÓNS: söngur, trommur
SVENNI GUÐJÓNS: söngur, hljómborð
FINNBOGI KJARTANS: söngur, bassi
GÚI RINGSTED: söngur, gítar
SIGGI PEREZ: söngur, saxafónn, slagverk
KRINGLU KRÁIN




KORN


GRINDERMAN

## Í SPILARANUM

**Grinderman** - Grinderman
**!!!** - Myth Takes
**Marnie Stern** - In Advance Of The Broken Arm
**Patrick Wolf** - The Magic Position
**Korn** - Unplugged

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# *33 atriði staðfest*

Alls hafa 33 atriði verið staðfest á tónlistarhátíðina Aldrei fór ég suður sem verður haldin á Ísafirði um páskana. „Við ætluðum að fækka atriðum í ár en þau voru öll svo geðveik sem sóttu um þannig að það var ekki hægt að segja nei,“ segir Mugison sem hefur skipulagt hátíðina undanfarin ár.

„Við höfum fengið 80 til 90 umsóknir og þær eru ennþá að berast, þótt við séum eiginlega búin að fylla í öll „slott“.

Hátíðin hefur hingað til verið haldin á laugardegi en í þetta sinn hefur föstudeginum langa verið bætt við dagskrána. Á meðal þeirra sem koma fram verða Blonde Redhead, franski raftónlistarmaðurinn Charlie, Lay Low, Æla, Bloodgroup, Jan Mayen, Ham, Mínus, Benny Crespo´s Gang, Dóri DNA og að sjálfsögðu Mugison, sem verður með stærra band með sér en venjulega.

Á síðasta ári voru 26 atriði á dagskrá hátíðarinnar í stað 33 núna og því er ljóst að Aldrei fór ég suður verður stærri en nokkru sinni fyrr.

Hátíðin verður í þetta sinn haldin í skemmu við Ísafjarðarhöfn en hingað til hefur hún verið haldin í Edinborgarhúsinu sem er nokkuð smærra í sniðum. „Þetta er meira niðri á bryggju þannig að það verður auðvelt fyrir fólk að kæla sig á milli atriða,“ segir Mugison, sem reiknar með stórskemmtilegri hátíð.


**MUGISON** Tónlistarmaðurinn Mugison kemur fram á Aldrei fór ég suður ásamt 32 öðrum hljómsveitum og listamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**> Plata vikunnar**
The Arcade Fire - Neon Bible
★★★★
„Óvænt en jafnframt hrífandi plata og oft á tíðum snilldarlega útfærð. Langbesta platan það sem af er ári sem þó byrjar vel.“
SHA



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

## *Eitthvað nýtt og ferskt*

Ég er einn af þeim tónlistaráhugamönnum sem þurfa að heyra eitthvað nýtt og ferskt reglulega. Leitin að einhverju sem maður hefur ekki heyrt áður ber mann út um víðan völl bæði í tíma og rúmi. Japanskt hip-hop, Suðurríkja-soul frá sjöunda áratugnum, afrískt fönk, brasilískt post-pönk eða dancehall frá Jamaíka eru til dæmis allt spennandi akrar að plægja. Það var mikil sköpunargleði í danstónlistinni fyrir fáum árum, en nú hefur hægst á henni og menn þar eru farnir að horfa um öxl og endurvinna rétt eins og í rokkinu.



Það er ekki margt merkilegt að gerast í bresku rokki, en önnur bresk tónlist heldur áfram að blómstra. Nýjasta afbrigðið er kallað dubstep. Það hefur þróast upp úr stefnum eins og reggí, dub, trip-hoppi, garage og drum & bass, en einnig má heyra áhrif frá þýsku rafdubbi að hætti Stefans Betke í Pole. Rætur dubsteppsins liggja í Suður-London og forsprakkar stefnunnar eru meðal annars El-B, Skream, Zed Bias og Kode 9. Sá síðastnefndi heldur úti plötufyrirtækinu Hyperdub sem er mjög vaxandi á senunni og gaf út meistaraverkið Burial með samnefndum listamanni seint á síðasta ári.

Burial-platan hefur slegið rækilega í gegn og dregið athyglina að dubsteppinu. Hún hefur verið hlaðin lofi af fjölmörgum tónlistarmiðlum og var meðal annars valin besta plata ársins 2006 af því framsækna nördatímariti Wire. Burial fer nýjar leiðir bæði í töktum og hljómi og nær að skapa mjög áhrifamikla stemningu sem er stundum næstum því draugaleg. Mögnuð plata sem nær manni endanlega þegar maður hlustar á hana á góðum styrk í heyrnartólum. Til að gera fyrirbærið ennþá meira spennandi er Burial dulnefni og enginn veit hver eða hverjir standa á bak við gerð plötunnar. Burial-platan er nýkomin í íslenskar plötubúðir þannig að það er um að gera að tékka á henni strax, á meðan dubsteppið er enn sjóðheitt.






# Undrablanda frá Japan

**Japanskar stelpur í indíheiminum virðast bera með sér óendanlegan persónusjarma og hæfileika. Steinþór Helgi Arnsteinsson er að minnsta kosti agndofa.**


OOIOO

Japan hefur ætíð verið okkur meira en lítið framandi land. Vestræn hljómsveit sem hefur innanborðs japanska stelpu vekur þannig umsvifalaust athygli, enda þarna komið eitthvað framandi, eitthvað öðruvísi. Undanfarið hafa einmitt japanskar stúlkur í hinum ýmsu hljómsveitum verið algjörir senuþjófar. Raddir þeirra eru yfirleitt ofurtærar og blíðar þannig að auðvelt er að láta dáleiðast af þeim, auk þess sem almennur þokki þeirra er undraverður, svo ekki sé talað um tónlistarlega hæfileika.

### Sigurvegarar í fyrra

Hljómsveitirnar Cansei og Asobi Seksu sendu báðar frá sér plötur í fyrra og má vel telja þær með betri plötum ársins. CSS er reyndar frá Brasilíu en aðalheilinn á bakvið hana er Lovefoxxx sem heitir réttu nafni Luísa Matsushita og er hálf japönsk. Persónutöfrar hennar eru einfaldlega ótrúlegir eins og sést kannski best á tónleikaupptökum með sveitinni. Þær fregnir bárust einnig fyrir stuttu að sólóskífa væri væntanleg með stúlkunni þar sem engir aðrir en Timbaland og Nigel Godrich verða við stjórntækin.

Í Asobi Seksu má finna hina saklausu en beittu Yuki Chikudate en rödd hennar á einstaklega vel við shoegaze-skotið rokk Asobi Seksu. Platan Citrus er algjör demantur sem of lítið fór fyrir á síðasta ári.

### Sigurvegarar í ár

Ný plata með hljómsveitinni Blonde Redhead, 23, er væntanleg í næsta mánuði en sveitin sjálf mun einmitt spila hér á landi um svipað leyti. Allir þeir sem hafa orðið vitni að tónleikum sveitarinnar vita hvers konar sjarmatröll Kazu Makino er. Skrækur rómur hennar setur sterkan svip á hljóm sveitarinnar auk þess sem hún virðist gædd afar miklum tónlistarhæfileikum. Fyrir stuttu kom einnig út ný plata með hljómsveitinni Deerhoof að nafni Friend Opportunity. Þar er enn önnur japönsk stúlka, Satomi Matsuzaki, á bak við hljóðnemann. Hún er kannski sú nördalegasta af japönsku stúlkunum en söngur hennar og krafturinn á bakvið spilamennskuna er einstakur. Deerhoof er reyndar yfirhöfuð frábær hljómsveit og væri gaman að fá hana á Airwaves í framtíðinni.

### Sigurvegarar alltaf

Að lokum verður að minnast á japönsku hávaðarokksveitina OOIOO sem er skipuð fjórum stúlkum. Hugsuðurinn á bak við þá sveit er trommari hinnar goðsagnakenndu Boredoms, Yoshimi P-We (Flaming Lips á að hafa nefnt plötuna Yoshimi Battles the Pink Robots eftir honum), en OOIOO gaf meðal annars út plötuna Taiga í fyrra. OOIOO spilar ákaflega ókvenlegt rokk (í almennri merkingu þeirrar skilgreiningar) og halda þær sig við óhefðbundið, torfmeltanlegt en skapandi og einstaklega svalt hávaðarokk.

Japanskar stúlkur eru kannski ekki þær alalgengustu í vestrænni tónlist en þar sem þær skjóta upp kollinum bera þær af. Sömu sögu er reyndar ekki að segja af karlkyninu frá sama landi, hvar eru þeir eiginlega? Man ekki eftir mörgum í svipinn, að minnsta kosti engum sem er eins áberandi og stúlkurnar í fyrrnefndum sveitum.


CSS


DEERHOOF


BLONDE REDHEAD

## BRENNSLAN KIKI-OW

„Að mínu mati eiga allir blanddiskar að vera sumarlegir. Þótt það sé bara gluggaveður núna iða ég öll í skinninu því ég veit að sumarið er að koma,“ segir Kiki-Ow um brennsluna sína.

**1. Sweet Emotion - Aerosmith**
„Þetta minnir mig á myndina Dazed and Confused og þá tilfinningu að klára skólann og komast í sumarfrí. Ég og vinir mínir spiluðum þetta mikið í sveitinni þar sem ég ólst upp.“

**2. Hold You - GusGus**
„Þetta er uppáhaldslagið mitt með GusGus. Ég dýrka röddina í Earth og hef dansað fáránlega mikið við þetta undanfarna morgna.“

**3. Lovely Day - Bill Withers**
„Ég get ekki hugsað mér yndislegra lag. Það er ekki hægt að vera annað en glaður þegar maður hlustar á það.“

**4. Mr. Loverman - Shabba Ranks**
„Ég verð að koma einhverjum 90´s lögum að. Þetta er algjör klassík.“

**5. Higher Than the Sun - Primal Scream**
„Screamadelica var gefin út þegar ég var ástfangin í fyrsta sinn og fór í BBQ-veislur þar sem lögin voru spiluð í botn.“

**6. Everything She Wants (Remix) - Wham!**
„Þetta er meistaraverk, í alvörunni. Ég held að þetta sé eitt gáfulegasta popplag sem hefur verið samið.“

**7. I Wanna Be Your Lover - Prince**
„Prince er hið heilaga gral. Þetta lag er fyrsti smellurinn hans af plötunni 1979 og eitt af mínum uppáhaldslögum.“

**8. Haiti - The Arcade Fire**
„Minn fyrrverandi í Bretlandi vinnur hjá plötufyrirtæki og hann sagði mér að hlusta á þessa nýju hljómsveit sem hann átti að koma á framfæri. Þetta lag minnir mig á sumarið í Norður-London.“

**9. Your Mother´s Got a Penis - Goldie Lookin' Chain**
„Þetta er örugglega besta grínlag allra tíma. Það er svo margt rangt við þetta lag, sem gerir það einmitt svona gott.“

**10. Bump - Spank Rock**
„Ég get engan veginn setið kyrr þegar ég hlusta á þetta lag. Ég held að ég eigi eftir að minnast sumarsins 2007 með því að hlusta á þessa plötu.“


**KIKI-OW** Sumarið er í fyrirrúmi í brennslunni hjá Kiki-Ow. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Spila í Danmörku

Hljómsveitin Nilfisk frá Stokkseyri er á leiðinni í afmælis- og tónleikaferð um Danmörk í apríl. Næstkomandi laugardag verða fjögur ár liðin síðan sveitin var formlega stofnuð og af því tilefni heldur hún tónleika á Draugabarnum á Stokkseyri í kvöld. Mun allur ágóðinn renna í reisuna til Danmerkur. Hljómsveitin We Space frá Selfossi kemur einnig fram.

„Við verðum í Kaupmannahöfn og förum líka um allt Jótland að spila,“ segir gítarleikarinn Víðir Björnsson. „Við verðum á stað sem heitir Skarfurinn, þar sem við spiluðum í fyrra. Við vorum í skóla á Jótlandi í fyrra og förum í tónleikaferð áður en við komum heim. Við ætlum að byrja tónleikaferðina í gamla skólanum okkar. Það verður svona „reunion“ fyrir alla sem voru í skólanum,“ segir hann. Lærðu allir meðlimir Nilfisk hljóðtækni í skólanum. - fb



**MEÐ GROHL** Nilfisk á Stokkseyri með Dave Grohl, forsprakka Foo Fighters og fyrrum trommara Nirvana.

# Þórir ferðast um Ítalíu

Tónlistarmaðurinn Þórir ætlar í tónleikaferð um Ítalíu í apríl. Þar mun hann spila einsamall á níu tónleikum á níu dögum. „Það verður mjög gaman enda hef ég aldrei komið til Ítalíu,“ segir Þórir, sem er að vinna að sinni þriðju plötu sem er væntanleg í sumar. „Þetta gengur hægt og bítandi,“ segir hann um plötuna, sem hann tekur upp sjálfur.

Að sögn Þóris er ekki að vænta mikilla breytinga frá fyrri plötum nema kannski að hljómurinn verður stærri en áður, með fleiri hljóðfærum.

„Öll lögin eru útsett eins og fyrir hljómsveit. Það verða trommur, bassi, píanó, selló og allt mögulegt í þessum lögum. Þetta verður kannski líflegri plata en síðustu tvær,“ segir hann.

Þórir spilar sjálfur á hljóðfærin á plötunni en á tónleikum fær hann aðstoð frá félögum sínum úr rokksveitinni Gavin Portland, Hildi Kristínu úr Rökkurró og Ólafi Arnalds. Spilaði hann með Ólafi á tónleikum í Þýskalandi í desember síðastliðinum. „Við spiluðum á fimm eða sex tónleikum. Það gekk ótrúlega vel og þeir voru vel sóttir.“

Gavin Portland, sem spilaði óvænt á tvennum tónleikum hér heima um síðustu helgi, er um þessar mundir að bóka tónleikaferðalag um Evrópu sem verður farið í júní.

Vonast er til að fyrsta plata sveitarinnar, sem fékk fádæma góðar undirtektir fyrir síðustu jól, komi út erlendis áður en Evrópútúrinn hefst. - fb



**ÞÓRIR** Tónlistarmaðurinn Þórir Georg Jónsson er að vinna að sinni þriðju plötu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## NÝJAR PLÖTUR



**ÓLÖF ARNALDS**
**Við og við**
★★★★
Gríðarlega vel heppnuð plata sem inniheldur undurfögur lög með ævintýralegum blæ.
SHA

**KLAXONS**
**Myths of the Near Future**
★★★★★
Frumraun Klaxons er stórkostlegur árekstur hljóðheima. Grípandi, beitt og tilraunakennd rokkplata sem á án efa eftir að setja þessa sveit í fremstu röð nýrra breskra sveita.
BÖS

**EMILIE SIMON**
**Végétal**
★★★★
Þessi nýjasta plata hinnar frönsku Emilie Simon er vel lukkuð og heillandi, full af léttleikandi rafpoppi og hljómfögrum söng.
TJ

**THE VIEW**
**Hats Off to the Buskers**
★★★
Frumraun The View hljómar kunnuglega, enda er allt gert til þess að reyna að endurskapa hispurslausa stemningu rokksins á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar. Sæmilegasta frumraun sem vinnur á við hverja hlustun.
BÖS

**LADY SOVEREIGN**
**Publick Warning**
★★★
Frumsmíð dvergvöxnu ensku rappstelpunnar sem Jay-Z féll fyrir er fersk og skemmtileg þó að lögin séu misjöfn að gæðum.
TJ

**ÓLAFUR ARNALDS**
**Eulogy for Evolution**
★★★
Mínímalískt tónverk sem hefur að geyma mörg furðu heillandi stef. Vantar þó á nokkrum stöðum almennilegan punkt yfir i-ið.
SHA

**NORAH JONES**
**Not Too Late**
★★★★
Fín plata sem sýnir að Norah Jones er ekki bara einstök söngkona. Hún er líka vaxandi laga- og textahöfundur.
TJ


OPIÐ HÚS
Á MORGUN, 10. MARS
KL. 12:00-16:00, OFANLEITI 2, ALLIR VELKOMNIR

Komdu og hittu nemendur, kennara, námsráðgjafa og annað starfsfólk skólans og kynntu þér það nám sem er í boði.

Kynning á háskólanámi STOFA 131B
Kl. 13:00 Lögfræði
Þórður S. Gunnarsson, forseti lagadeildar
Kl. 13:30 Viðskiptafræði
Þorlákur Karlsson, forseti viðskiptadeildar
Kl. 14:00 Stærðfræði og stærðfræði/kennslufræði
Einar Steingrímsson, prófessor í stærðfræði
Kl. 14.30 Kennslufræði
Inga Dóra Sigfúsdóttir, forseti kennslufræði- og lýðheilsudeildar
Kl. 15:00 Íþróttafræði
Viðar Halldórsson, lektor í íþróttafræði

Kynning á tækni- og verkfræðideild STOFA 101
Kl. 13.00 Tölvunarfræði
Luca Aceto, sviðsstjóri tölvunarfræðisviðs
- Tölvunarfræði
- Hugbúnaðarverkfræði
- Kerfisfræði
Kl. 13.30 Verkfræði
- Heilbrigðisverkfræði, Haraldur Auðunsson, sviðsstjóri heilbrigðistæknisviðs
- Rekstrarverkfræði, Hlynur Stefánsson, sviðsstjóri fjármála- og rekstrarsviðs
- Fjármálaverkfræði, Hlynur Stefánsson, sviðsstjóri fjármála- og rekstrarsviðs
- Hátækniverkfræði, Ásgeir Þór Eiríksson, sviðsstjóri hátækni- og rafmagnssviðs
Kl. 14.00 Tæknifræði
Ingunn Sæmundsdóttir, sviðsstjóri bygginga- og véltæknisviðs
- Byggingartæknifræði
- Vél- og orkutæknifræði
- Rafmagnstæknifræði
Kl. 14:30 Iðnfræði
Ingunn Sæmundsdóttir, sviðsstjóri bygginga- og véltæknisviðs og Kristín Ágústsdóttir, deildarfulltrúi
- Byggingariðnfræði
- Véliðnfræði
- Rafiðnfræði
Kl. 15.00 Frumgreinar
Málfríður Þórarinsdóttir, sviðsstjóri frumgreinasviðs

Kynning á meistaranámi STOFA 231B
Kl. 13.00 Meistaranám í viðskiptadeild
- Alþjóðaviðskipti, Margrét Jónsdóttir, forstöðumaður alþjóðaviðskiptanámsins
- Fjármál, Jón Þór Sturluson, forstöðumaður meistaranáms í fjármálum
- Reikningshald og endurskoðun, forstöðumaður meistaranáms í fjármálum
Kl. 13.30 MBA
Finnur Oddsson, forstöðumaður MBA-námsins
Kl. 14.00 Meistaranám í lögfræði
Guðmundur Sigurðsson, prófessor í lögfræði
Kl. 14.30 Meistaranám í tölvunarfræði
Björn Þór Jónsson, forstöðumaður meistaranáms í tölvunarfræði
Kl. 15.00 Meistaranám í byggingarverkfræði og byggingartæknifræði
Ingunn Sæmundsdóttir, forstöðumaður meistaranáms í verkfræði og tæknifræði
Kl. 15.30 Meistaranám í lýðheilsufræði
Inga Dóra Sigfúsdóttir, forseti kennslufræði- og lýðheilsudeildar

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY
OFANLEITI 2 • KRINGLAN 1 • HÖFÐABAKKI 9
SÍMI: 599 6200 • www.hr.is







# Mills vill milljón á dag

**Heather Mills hefur sett fram kröfur um háar greiðslur úr búi fyrrum eiginmanns síns, Pauls McCartney. Málið er í hnút því Paul neitar öllum slíkum tilboðum.**

Skilnaður sir Paul McCartney og Heather Mills virðist ekki ætla að ganga ljúflega fyrir sig. Eins og kom fram í fjölmiðlum fyrir nokkrum mánuðum gengu fúkyrði og ásakanir um ofbeldi og kúgun þeirra á milli en öldurnar lægði eftir sameiginlega ákvörðun um að fara með málið fyrir dómstóla. Deilurnar risu þó á ný og það andar köldu milli hjónakornanna fyrrverandi.

Mills hefur sett fram kröfu um að bítillinn fyrrverandi greiði henni milljón á dag, sömu upphæð og knattspyrnukappinn Wayne Rooney fær frá Manchester United á hverjum degi. Mills hefur jafnframt boðist til að flýta fyrir málsmeðferðinni en það kosti McCartney rúmar fjörutíu milljónir punda sem samsvarar fimm milljörðum íslenskra króna. Sir Paul hefur hafnað báðum þessum tilboðum. „Þetta eru ótrúlegar kröfur,“ hefur breska blaðið The Sun eftir nánum vini bítilsins.

Vonast hafði verið til að hvorki Paul né Heather þyrftu að mæta fyrir dómara en samkvæmt götublaðinu hafa þau bæði látið sjá sig í réttarsal Lundúna þrívegis. Heimildarmenn innan herbúða McCartneys segja Paul ekki sætta sig við það mat sem fram hefur farið á eignum hans en samkvæmt lista The Sunday Times yfir ríkustu menn Bretlands eru auðævi McCartneys metinn á 115 milljarða íslenskra króna. „Paul er ekki svona ríkur, þetta er algjört ofmat á ríkidæmi hans. Paul á í mesta lagi 500 milljónir punda,“ hefur The Sun eftir vini bítilsins.

Fjandskapurinn milli Mills og McCartneys virðist hafa aukist með hverjum degi, þau hittast ekki þegar Beatrice kemur til þeirra og samkvæmt The Sun má telja líklegt að réttarhöldin dragist verulega á langinn, jafnvel fram á næsta ár.



**HEATHER MILLS** Krefst þess að McCartney borgi sér fjörutíu milljónir punda ef hann vill flýta skilnaðinum.



**PAUL McCARTNEY** Telur kröfur fyrrverandi eiginkonu sinnar vera fáránlegar.

# Robbie heim til mömmu



**ROBBIE OG JAN** Söngvarinn skráði sig af meðferðarheimili og fór heim til mömmu.

Söngvarinn Robbie Williams skráði sjálfan sig af meðferðarheimili þrátt fyrir að eiga enn eftir viku af fjögurra vikna dagskrá. Hundsaði söngvarinn ráð lækna um að halda áfram og flaug rakleiðis heim til Englands þar sem hann vildi vera með móður sinni, Jan. Robbie Williams skráði sig í meðferð hinn 13. febrúar, á afmælisdaginn sinn, en hann var orðinn háður svefn- og þunglyndislyfjum, auk þess sem koffínneysla hans var komin úr böndunum.



**VERSLA FYRIR DRENG** Katie Holmes og Tom Cruise sáust á dögunum eyða tugþúsundum dollara í húsgögn inn í drengjaherbergi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# *Tom og Katie sögð eiga von á öðru barni*

Hjónakornin Katie Holmes og Tom Cruise sáust á dögunum kaupa barnahúsgögn fyrir tugþúsundir dollara í West Hollywood. Húsögnin voru þó varla ætluð Suri, dóttur hjónanna, því þau voru greinilega ætluð strákum. Parið keypti meðal annars blátt barnarúm og blá sængurföt, en samtals versluðu þau fyrir andvirði þriggja milljóna íslenskra króna.

Katie Holmes snýr bráðlega aftur til vinnu eftir fæðingarorlof sitt, og því er útlit fyrir að vinnutörnin gæti orðið stutt í þetta sinnið. Það er þó ekki víst að Katie beri barn undir belti, því hjónin hafa áður lýst yfir áhuga á ættleiðingum.





## Nokkur mikilvæg atriði um póstkassa og bréfalúgur

Samkvæmt byggingareglugerð nr. 441/1998, grein 80.2 með síðari breytingum, eiga bréfalúgur að vera minnst 2,5 x 26 cm að stærð í 1 til 1,2 metra hæð frá gólfi. Sama gildir um einstaka póstkassa.

Póstkassar og bréfalúgur eiga að vera á eða við útihurðir á ein-, tví- eða fjölbýlishúsum. Þar sem fleiri en þrjár íbúðir hafa sameiginlegan aðgang verða húseigendur að setja upp póstkassasamstæður. Póstkassasamstæður skulu festar á vegg þannig að neðsta bréfarifa sé að lágmarki 70 cm frá gólfi og efsta bréfarifa ekki ofar en 175 cm frá gólfi.

Gætið þess að bréfberar eigi ávallt greiða leið að bréfalúgum og póstkössum, næg lýsing sé og póstkassar tæmdir reglulega.

Þjónustuver | sími 580 1200 | postur@postur.is | www.postur.is


# Sálfræðingur til bjargar keppendum

Það er ekki ofsögum sagt að mikið hafi gengið á í X-Factor á Stöð 2. Framleiðendur þáttanna brugðu á það ráð að fá Jóhann Inga Gunnarsson íþróttasálfræðing til að blása nýjum baráttuanda í brjóst keppenda eftir taugatrekkjandi kvöld að undanförnu. Einungis sex keppendur standa eftir og spennan magnast því með hverju kvöldi.

Eins og áhorfendur heima í stofu sáu felldu bæði Halla Vilhjálmsdóttir og Einar Bárðarson tár þegar Alan var sendur heim í síðustu viku.

Það var tilfinningaþrungin stund og mátti glöggt sjá að aðrir í salnum áttu ákaflega bágt með sig.

Verður vægast sagt forvitnilegt að fylgjast með dómurum og kynni þegar úrslitin í kvöld verða tilkynnt rétt fyrir ellefu.



**GYLFI**
Starman
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: DAVID BOWIE
SÍMANÚMER: 900 9001
HÓPUR: ELLÝ



**GÍS**
It's All Coming Back to Me
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: CELINE DION
SÍMANÚMER: 900 9002
HÓPUR: PALLI



**INGA**
Unchained Melody
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: Í ÚTGÁFU LEEANN RIMES
SÍMANÚMER: 900 9003
HÓPUR: EINAR



**GUÐBJÖRG**
Express yourself
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: MADONNA
SÍMANÚMER: 900 9004
HÓPUR: ELLÝ



**HARA**
Voulez-Vouz
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: ABBA
SÍMANÚMER: 900 9005
HÓPUR: PALLI



**JÓGVAN**
Home
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: MICHAEL BUBBLE
SÍMANÚMER: 900 9006
HÓPUR: EINAR

# Frábær tilboð

## Fáanlegt í Smáralind, Kringlu og á Akureyri

### Enox 32" LCD sjónvarp

- 32" LCD sjónvarp
- HD Ready
- Upplausn 1366x768
- Svartími 8ms
- Skerpa 1000.1
- Textavarp 1000 síðna minni
- 2 x scart, HDMI, RCA tengi
- 2 x 30w magnari







**Akai HD 26" LCD sjónvarp**
• Upplausn: 1366x768 punktar • Progressive scan • Skerpa: 600:1 og svartími: 12ms • Birtustig: 500 cd/m2 • Digital comb filter og noise filter • Fjölkerfa DVD spilari • Spilar DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD • Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG • 16w nicam stereó hljóðkerfi • 2 scart (með RGB), Component, SVHS og heyrnartólstengi • Digital coax útgangur • VGA og DVI tengi (styður XGA) • Borðstandur fylgir




**United HD 27" LCD sjónvarp**
• Upplausn 1280x720 punktar • Progressive scan
• HD ready • 2x6w nicam stereó hljóðkerfi
• 2 scart, HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi
• VGA tengi • Textavarp • Fjarstýring
• Borðstandur fylgir




**Philips HD 20" LCD sjónvarp**
• Upplausn: 640x480 punktar • Crystal clear og progressive Scan
• Skerpa: 500:1 og svartími: 16ms
• Sjónsvið (H/V): 160/120° og birtustig: 450 cd/m2
• 20w stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround
• Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
• DVI-i tengi (styður VGA, XGA) • Borðstandur fylgir




**Philips HD 42" LCD sjónvarp**
• Upplausn: 1366x768 punktar • Digital crystal clear og Progressive scan • HD ready • Skerpa 800:1 og svartími: 8ms
• Sjónsvið (H/V): 176/176° og birtustig: 550 cd/m2
• Ljósskynjari og active control - minnkar glampa
• 2 x 30w nicam stereó hljóðkerfi • 2 scart, 2 HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
• Textavarp með 500 síðna minni • Borðstandur fylgir




**Philips HD 37" LCD sjónvarp**
• Upplausn: 1366x768 punktar • Digital crystal clear og progressive scan • HD ready • Skerpa: 1.200:1 og svartími: 8ms • Sjónsvið (H/V): 176/176° og birtustig: 500 cd/m2
• Ljósskynjari og active control - minnkar glampa • 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi • 2 scart, HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • PC tenging í gegnum HDMI
• Borðstandur fylgir




**Dantax HD 32" LCD sjónvarp**
• Upplausn: 1366x768 punktar
• Progressive scan
• Skerpa: 1.000:1 og svartími: 8ms
• Sjónsvið (H/V): 178/178° og birtustig: 550 cd/m2
• Nicam stereó hljóðkerfi
• 2 x scart (með RGB), HDMI, Component og heyrnartólstengi
• Borðstandur fylgir

Gildir til 15. mars eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## Nýtt í bíó

FEITASTA GRÍNMYND ÁRSINS! EDDIE MURPHY EDDIE MURPHY
Hefur þú einhvern tímann gert mjög stór mistök?
NORBIT
FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA

JIM CARREY – the number 23 – Þú flýrð ekki sannleikann

THE LAST KING OF SCOTLAND ★★★★ D.Ö.J. KVIKMYNDIR.COM

SVALASTA SPENNUMYND ÁRSINS – GHOST RIDER

FRUMSÝNING – PETER O'TOOLE – VENUS – ÓSKARSVERÐLAUNATILNEFNING BESTI LEIKARI Í AÐALHLUTVERKI – FRÁ LEIKSTJÓRA NOTTING HILL

SÍÐUSTU SÝNINGAR – LITTLE MISS SUNSHINE – PAN'S LABYRINTH – FRÉTTABLAÐIÐ

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| NORBIT | kl. 3.20, 5.40, 8 og 10.20 |
| NORBIT SÝND Í LÚXUS | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| THE NUMBER 23 | kl. 8 og 10.15 B.I. 16 ÁRA |
| THE LAST KING OF SCOTLAND | kl. 5.20, 8 og 10.35 B.I. 16 ÁRA |
| GHOST RIDER | kl. 8 og 10.30 B.I. 12 ÁRA |
| ANNA & SKAPSVEIFLURNAR ÍSL. TAL | kl. 3.40 og 4.30 STUTTMYND |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 5.40 |

MIÐASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGANN Á midi.is

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| VENUS | kl. 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| THE LAST KING OF SCOTLAND | kl. 5.30, 8 og 10.35 B.I. 16 ÁRA |
| NOTES ON A SCANDAL** | kl. 6 og 8 B.I. 12 ÁRA |
| PAN'S LABYRINTH ** | kl. 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| LITTLE MISS SUNSHINE ** | kl. 10 B.I. 7 ÁRA |
| THE PURSUIT OF HAPPYNESS ** | kl. 5.30 og 8 |

** SÍÐUSTU SÝNINGAR

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| NORBIT | kl. 6, 8 og 10 |
| SMOKIN' ACES | kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| GHOST RIDER | kl. 6 B.I. 12 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu
midi.is
BÍÓ.IS – allt á einum stað



Sími 553 2075 – LAUGARÁSBÍÓ – bara lúxus

FEITASTA GRÍNMYND ÁRSINS – EDDIE MURPHY EDDIE MURPHY – Hefur þú einhvern tímann gert mjög stór mistök? – NORBIT – FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA
Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10

SMOKIN' ACES – BEN AFFLECK – RAY LIOTTA – ANDY GARCIA – RYAN REYNOLDS – ALICIA KEYS – Hörku hasarmynd frá leikstjóra Narc
kl. 5.45, 8 og 10.15 b.i. 16

JIM CARREY – the number 23
Sýnd kl. 6, 8 og 10 b.i. 16

KIRIKOU
Sýnd kl. 4 (450 kr) ÍSL TAL

ARTÚR
Sýnd kl. 4 ÍSL TAL

www.laugarasbio.is
MIÐASALA OPNAR KL. 3:30


## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Hugh Grant** var í góðum félagsskap á frumsýningu myndar sinnar Music and Lyrics í Stokkhólmi í fyrradag. 700 konur sáu myndina með leikaranum í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Grant skildi nýlega að skiptum við **Jemimu Khan** og virtist líka kvennafansinn vel. Hann hélt svo út á lífið í Stokkhólmi.

# Valentino þeytir skífum í afmæli

Slóvenski plötusnúðurinn Valentino Kanzyani þeytir skífum á Nasa í kvöld í tilefni af tveggja ára afmæli techno.is. Valentino kemur fram með þrjá plötuspilara og spilar það ferskasta í danstónlistinni um þessar mundir. Einnig koma fram Exos og Plugged, sem áttu toppsæti árslista techno.is árið 2006 með endurhljóðblöndun sinni af laginu Kokaloca með Dr. Mister and Mr. Handsome.

„Valentino er einn af þeim allra bestu í Evrópu. Hann er búinn að ferðast um allan heim og hefur verið mjög áberandi upp á síðkastið. Við notuðum tækifærið og fluttum hann inn því hann er uppáhaldsplötusnúður techno.is. Við vildum gera þetta spes fyrir okkur út af afmælinu,“ segir Addi Exos.



**VALENTINO KANZYANI** Slóvenski plötusnúðurinn þeytir skífum á Nasa í kvöld.

Eitt af sérkennum Valentino sem plötusnúður er að samkeyra tvö lög í einu þannig að við hverja skiptingu hljómi ávallt tvö lög. Hann spilar jafnan á öllum stærstu techno-hátíðum heimsins. Forsala miða fer fram í All Saints. Miðaverð er 1.000 krónur í forsölu en 1.500 við inngang. - fb


Síðustu forvöð að sjá eina rómuðustu kvikmynd Íslandssögunnar
Sýnd í Háskólabíó og Sam-bíóunum Álfabakka.



FORELDRAR

"Nýtt viðmið í íslenskri kvikmyndagerð"
Fréttablaðið
★★★★

"Frábær mynd sem hver Íslendingur ætti að sjá."
kvikmyndir.com
★★★1/2

"Gæfuspor í íslenskri kvikmyndamenningu."
Morgunblaðið
★★★★


## Ráðstefna um hefðbundnar og óhefðbundnar lækningar á astma og ofnæmi,

laugardaginn 10. mars kl. 14.00.

**Dagskrá:**

*Setning – Sigurður Þór Sigurðsson, læknir og stjórnarmaður í Astma- og ofnæmisfélaginu*
*Acupuncture – Nálastungur við astma og ofnæmi – Ólöf Einarsdóttir*
*Munu kínverskar lækningajurtir verða hluti af „vestrænni læknisfræði.“ – Ari Axelsson, læknir og stjórnarmaður í Astma- og ofnæmisfélaginu*
*Jurtalyf, astmi og ofnæmi – Kolbrún Björnsdóttir, grasalæknir*
*Nýjungar í meðferð á astma og ofnæmi - María Gunnbjörnsdóttir, læknir*
*Buteyko aðferðin gegn astma – Monique van Oosten, sjúkraþjálfari og buteyko þjálfari*
*Hefðbundnar og óhefðbundnar lækningar, tvær leiðir að sama markmiði? – Unnur Steina Björnsdóttir, sérfræðingur í lyflækningum, ofnæmis- og ónæmissjúkdómum*

ao

***Ráðstefnan verður haldin í Norræna Húsinu og er öllum opin.***

ao

**Astma- og ofnæmisfélagið**


PLAYSTATION 3
BT – Lendir 23. mars í BT!

VILTU FYRSTA EINTAKIÐ?
SENDU SMS BTC PS3 Á NÚMERIÐ 1900 SVARAÐU EINNI SPURNINGU UM PLAYSTATION OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
AÐALVINNINGURINN
PS3 + 23”SONY LCD + LEIKIR FYRIR PS3 SPILAÐU Í BESTU GÆÐUM!
12. HVER VINNUR!
FULLT AF AUKAVINNINGUM: PSP TÖLVUR · SONY ERICSSON FARSÍMAR · PS2 TÖLVUR · TÖLVULEIKIR
BÍÓMIÐAR Á TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES · DVD MYNDIR · FULLT FULLT AF PEPSI OG MARGT FLEIRA!
Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið. * Aðalvinningur er dregin úr öllum innsendum SMS skeytum.







Frönsk- Kvikmyndahátíð 3.Mars Til 1. Apríl — Háskólabíó

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| BLOOD & CHOCOLATE | kl. 5:50-8:10-10:30 | B.i.12 | TELL NO ONE | kl 17:40 – 20:00 |
| BREAKING AND EN... | kl. 10:40 | B.i.12 | PARIS, JE T'AIME | kl 22:20 |
| LETTERS FROM IW... | kl. 8 | B.i.16 | MON PETIT DOIGT | kl.17:45 |
| PERFUME | kl. 8 | B.i.12 | LE POULPE | kl.20:00 |
| DREAMGIRLS | kl. 5:30 | B.i.7 | LA DENTELLIERE | kl.22:15 |
| BABEL | kl. 10:40 | B.i.16 | FORELDRAR | kl. 6 |

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BLOOD & CHOCOLATE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | B.i.12 | ALPHA DOG | kl. 5:50 - 8 | B.i.16 |
| MUSIC & LYRICS | kl. 3:40 - 5:50 - 8 -10:20 | Leyfð | THE BRIDGE TO TER... | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð |
| MUSIC & LYRICS VIP | kl. 3:40 - 5:50 - 8 -10:20 | | VEFURINN HEN... M/- Ísl tal | kl. 3:40 | Leyfð |
| SMOKIN ACES | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | B.i.16 | FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| BREAKING AND ENTERING | kl. 10:20 | B.i.12 | SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| HANNIBAL RISING | kl. 8 - 10:20 | B.i.16 | | | |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| NORBIT | kl. 3:40 - 5:50 - 8 -10:20 | Leyfð | |
| MUSIC & LYRICS | kl. 5:50 - 8 - 10:40 | Leyfð | DIGITAL |
| BLOOD DIAMOND | kl. 8 | B.i.16 | DIGITAL |
| THE BRIDGE TO T... M/- Ísl tal | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð | |
| VEFURINN HENN... M/- Ísl tal | kl. 3:40 | Leyfð | DIGITAL |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NUMBER 23 | kl. 8 - 10 | B.i. 16 |
| MUSIC AND LYRICS | kl. 5:50 - 8 | Leyfð |
| BRIDGE TO TERABITHIA | kl. 6 | Leyfð |
| GHOST RIDER | kl. 10:10 | B.i. 12 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MUSIC & LYRICS | kl. 6 - 8 - 10 | Leyfð |
| THE BRIDGE TO TERE... | kl. 6 | Leyfð |
| BLOOD & CHOCOLATE | kl 8 - 10 | B.i.12 |

www.SAMbio.is 575 8900 www.SAMbio.is


# Tónleikar í Stokkhólmi

Tónleikaferð bresku hljómsveitarinnar The Police um Evrópu hefst í Stokkhólmi 29. ágúst. Sveitin mun ferðast um Bretland, Tékkland, Austurríki, Holland, Þýskaland og Spán á tónleikaferð sinni, sem er sú fyrsta síðan hún lagði upp laupana fyrir 23 árum.



**THE POLICE** Sting og félagar í Police spila í Stokkhólmi í lok ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Líklegt er að The Police spili einnig í Belgíu, Danmörku, Ítalíu og Sviss á tónleikaferðinni.

# *Illugi sigraði Bryndísi*

Bryndís Sveinsdóttir, blaðamaður og nemi, var Illuga Jökulssyni, hinu þekkta spurningaljóni, engin fyrirstaða í fjórða þætti Meistarans á Stöð 2 sem var í gærkvöldi. Illugi náði forystu snemma í þættinum og hélt henni allt til enda. Og sigraði með miklum yfirburðum eða 25 gegn 8 stigum Bryndísar.

Illugi hefur greinilega lært af reynslunni, en hann tók þátt í Meistaranum í fyrra. Honum var boðið að velja stóru spurninguna í ljósi öruggrar forystu sinnar. Og með réttu svari hefði hann getað unnið sér inn væna fúlgu. En misst forystuna niður í fimm stig ella. Illugi afþakkaði enda fór hann flatt á slíkum æfingum í fyrstu þáttaröðinni. Eftir frammistöðu Illuga núna má ljóst vera að hann verður andstæðingum sínum erfiður viðureignar.

Með sigrinum er Illugi kominn í átta liða úrslit ásamt þeim Helga Árnasyni, Páli Ásgeiri Ásgeirssyni og Magnúsi Lúðvík Þorlákssyni. Næsta viðureign er svo á milli hinna mjög svo fjölfróðu Sigurðar G. Tómassonar og Björns Guðbrands Jónssonar. - jbg



**ILLUGI JÖKULSSON**

# Á leiðinni til Texas

Hljómsveitirnar Lada Sport og Mammút munu spila á tónleikahátíðinni South by South West í Texas á næstunni. Til að hita upp fyrir ferðina og til að fá hjálp við fjármögnun ætla sveitirnar að halda tónleika á Grandrokki í kvöld.

Tónleikarnir í Texas verða þeir fyrstu sem Lada Sport heldur erlendis. „Fyrir okkur er þetta frábært. Einn meðlimur er meira að segja að fara í fyrsta skipti frá Íslandi, þannig að fyrsta utanlandsferðin hans er tónleikaferð,“ segir trommari Lödu Sport, Haraldur Leví Gunnarsson. Upptökur eru hafnar á fyrstu stóru plötu sveitarinnar og er hún væntanleg í búðir í júní. „Tónleikarnir hérna heima verða síðustu tónleikarnir okkar á Íslandi þangað til platan kemur út en í sumar ætlum við að spila á fullu. Síðan förum við vonandi út aftur, kannski í haust,“ segir Haraldur.



**LADA SPORT** Hljómsveitin Lada Sport spilar á Grandrokki í kvöld ásamt Mammút.

Miðaverð á tónleikana í kvöld er 500 krónur og opnar húsið klukkan 23.00. - fb



**VIÐ SAMA HEYGARÐSHORNIÐ** Lindsay Lohan er enn iðin við kolann í næturlífinu og lætur bíða eftir sér í vinnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Árangurslítil meðferð

Lindsay Lohan, sem er nýkomin úr meðferð, hefur snúið aftur til fyrri starfa. Leikkonan hefur lítið dregið úr ferðum sínum á skemmtistaðina í Englaborginni og þykir mörgum nóg um.

Heimildarmaður af tökustað myndarinnar I Know Who Killed Me, sem Lohan vinnur nú að, segir að hún sé enn við sama heygarðshornið og hafi látið samstarfsfólk sitt bíða eftir sér í marga klukkutíma. „Þegar hún kom loksins sagðist hún þurfa að leggja sig. Lohan kom ekki út úr hjólhýsinu sínu í fimm klukkutíma, en svo kastaði hún upp og fór svo strax heim,“ sagði heimildarmaðurinn, sem var heldur óhress með hegðun leikkonunnar.





TILBOÐ 2 FYRIR 1

Viðskiptavinir Glitnis fá tvo miða á verði eins ef greitt er með greiðslukorti Glitnis.

Gildir til og með 16. mars

Gildir ekki í lúxus VIP og ekki á önnur tilboð

GLITNIR

FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN ER OKKAR VERKEFNI

AF HVERJU EKKI HASARMYND MEÐ ZERO RÓMANTÍK?

www.ZERO.is

## > Hannes ekki enn löglegur

Hannes Þ. Sigurðsson er ekki enn orðinn löglegur leikmaður norska úrvalsdeildarliðsins Viking eins og forráðamenn liðsins höfðu vonast til. FIFA sendi í gær svar við beiðni félagsins að gefa grænt ljós á félagaskiptin þar sem Hannes hefur þegar spilað með tveimur félögum á þessu almanaksári FIFA. Egil Östenstad, yfirmaður íþróttamála hjá Viking, sagði í gær við heimasíðu félagsins að viðbrögð FIFA þýði að málið haldi áfram. Hann er enn vongóður. „Við höfum mikla trú á því að þetta mál leysist í tæka tíð."



**sport**

sport@frettabladid.is

HANNES JÓN JÓNSSON: HEFUR GERT ÞAÐ GOTT MEÐ ELVERUM Í NORSKU ÚRVALSDEILDINNI

# Norska deildin betri en ég bjóst við

Handknattleiksmaðurinn Hannes Jón Jónsson hefur verið atkvæðamikill með liði sínu, Elverum, í norsku úrvalsdeildinni. Hann er með flest mörk í leik að meðaltali af öllum leikmönnum í deildinni, 9,6 mörk.

„Ég er sáttur við mitt framlag og hef smollið vel inn í liðið. Það er líka mikið af Íslendingum hér sem gerir þetta auðveldara," sagði Hannes. Auk hans eru Alex Stefánsson þjálfari, Ingimundur Ingimundarson, Sigurður Ari Stefánsson og Hörður Flóki Ólafsson í Elverum. Sá síðastnefndi er reyndar meiddur og verður líklega ekki meira með á tímabilinu.

Hann lék í Danmörku í fyrra en þar áður með ÍR hér heima þar sem hann er uppalinn. „Ég er líka mjög feginn að hafa losnað frá Ajax í Danmörku," sagði Hannes. „Ég var ósáttur við margt hjá því liði."

Elverum er sem stendur í 9. sæti norsku úrvalsdeildarinnar þegar þrjár umferðir eru eftir. Átta efstu liðin komast í úrslitakeppni sem hefst að deildakeppninni lokinni.

„Við vorum í fallsæti lengi vel en höfum verið að klifra upp deildina. Ég tel að við eigum góðan möguleika á að komast í úrslitakeppnina en aðeins þrjú stig eru í liðið í fimmta sætið."

Hann segir að norska deildin sé lakari en sú danska. „Það kom mér samt á óvart hversu góð norska deildin er. Hún er ekki jafn hröð og sú danska en maður þarf að vera sterkari hér."

Fyrir stuttu birti félagið frétt á heimasíðu sinni um að Hannes hafi verið valinn í íslenska landsliðið. Það reyndist ekki rétt.

„Þeir voru einfaldlega of fljótir á sér. Þeir hafa ekki verið með of mikið af landsliðsmönnum í gegnum tíðina. Það sem gerðist var að HSÍ sendi fax á félagið til að tilkynna að það væri verkefni fram undan og svo gæti farið að ég yrði valinn. Þetta gera þeir með gríðarmörg félög og fjarri sannleikanum um að ég sé kominn í íslenska landsliðið."



Hann hefur þó mikinn metnað fyrir því að komast þangað. „Jú, auðvitað. Ég verð alltaf svekktur þegar liðið er valið, eins og maður á að vera. Þetta er ákveðin gulrót og gefur manni spark í rassinn."

Elverum á næst leik í norsku úrvalsdeildinni á sunnudaginn.

---

Leikmannamál KR:

## Óvissa með Dalibor

**FÓTBOLTI Teitur Þórðarson, þjálfari KR, greindi frá því í pistli sínum á heimasíðu KR í gær að alls væri óvíst með það hvort Dalibor Pauletic yrði áfram í herbúðum KR í sumar. Dalibor æfir með liðinu af fullum krafti þessa dagana eftir að hafa verið lengi meiddur framan af vetri.**

**Markvörðurinn efnilegi Atli Jónasson er að öllum líkindum á leið til Reynis í Sandgerði að láni en Atli gerði nýverið þriggja ára samning við KR. Teitur segir í pistli sínum að Atli fái nauðsynlega reynslu hjá Reyni, reynslu sem sé nauðsynleg svo hann geti orðið að góðum Landsbankadeildarmarkverði.**

**Svo eru þeir Björgólfur Takefusa og Guðmundur Reynir Gunnarsson farnir að æfa á ný með KR en þeir hafa báðir verið lengi frá vegna meiðsla. Teitur segir þó að þeir verði að fara hægt í sakirnar til að byrja með.**

- hbg

Umhverfisvænt ársþing:

## SSÍ sparaði pappírinn

**SUND** Ársþing Sundsambands Íslands sem var haldið í 55. sinn dagana 2 til 3. mars var örugglega umhverfisvænasta þing sérsambands frá upphafi því SSÍ bryddaði upp á nýjung og þingið var að mestu pappírslaust.

Þingfulltrúar fengu þinggögnin afhent á svokölluðum USB-lykli og öllum breytingum var hlaðið jafnóðum inn á þá. Þetta framtak þeirra hjá SSÍ er til mikillar fyrirmyndar og mæltist þetta vel fyrir. Nú er að sjá hvort önnur sérsambönd útfæri þetta nýstárlega framtak SSÍ á sínum þingum.

- óój

# Formaður dómaranefndar kallaði þjálfara ÍBV bjána

**Það sló í brýnu með Guðmundi Erlendssyni, formanni dómaranefndar HSÍ, og Einari Jónssyni, þjálfara ÍBV, eftir leik HK og ÍBV á miðvikudag. ÍBV hefur kært framkomu Guðmundar til aganefndar og dómstóls HSÍ.**

**HANDBOLTI** Það gekk mikið á eftir leik HK og ÍBV í DHL-deild kvenna sem fram fór í Digranesi á miðvikudagskvöld. HK sigraði leikinn með þriggja marka mun, 33-30, og þjálfara ÍBV, Einari Jónssyni, var heitt í hamsi eftir leikinn. Hann gekk að dómurunum og tjáði þeim að dómgæslan hefði ekki verið boðleg. Ef hún hefði verið í lagi hefði ÍBV unnið leikinn.

Að því loknu lamdi hann hraustlega í ritaraborðið og minntu tilþrif Einars um margt á Jón Hjaltalín Magnússon, fyrrum formann HSÍ, sem lamdi eftirminnilega í ritaraborð er Ísland var að leika erlendis á sínum tíma. Einar uppskar rautt spjald fyrir vikið.

Er hann var á leið til búningsherbergja mætti hann Guðmundi Erlendssyni, formanni dómaranefndar HSÍ, og sló í brýnu á milli þeirra er Einar ítrekaði kvartanir sínar vegna dómgæslunnar við Guðmund.

„Hann kallaði mig bjána. Sagði mér að líta í spegil og þá sæi ég hvers lags bjáni ég væri. Hann var alveg brjálaður og stjakaði við mér og sagði mér að þegja. Hann ætlaði í mig og þetta hefði hugsanlega endað illa ef okkur hefði ekki verið stíað í sundur," sagði Einar sem þvertekur fyrir að hafa verið með svívirðingar í garð Guðmundar. „Alls ekki. Ég sagði honum þó að hann ætti ekkert erindi með að kalla mig bjána og segja mér að þegja."

Enginn eftirlitsmaður var á leiknum og Guðmundur var aðeins sem áhorfandi í húsinu.

„Hann sagðist ekki vera að starfa á leiknum og því hefði hann fullan rétt til þess að segja það sem hann vildi. Það er reyndar áhugavert að hann skuli ekki taka að sér eftirlitsstarf fyrst hann var á staðnum og er nú formaður dómaranefndar. Hann gerir víst ekkert nema fá borgað fyrir það.

Fyrst hann var ekki að sinna eftirlitsstörfum þá hafði hann engan rétt á að hanga í kringum búningsklefana og það rífandi kjaft. Þessi framkoma er til háborinnar skammar," sagði Einar reiður en hann segist vera búinn að fá upp í kok af lélegri dómgæslu í vetur. Hann segir engu líkara en verið sé að reyna að dæma ÍBV niður.

Margítrekaðar tilraunir voru gerðar til þess að ná sambandi við Guðmund í gær en hann sá sér ekki fært að svara símtölum Fréttablaðsins. ÍBV hefur kært framkomu Guðmundar til HSÍ.

henry@frettabladid.is



**ÓSÁTTUR** Einar Jónsson, þjálfari ÍBV, segir framkomu Guðmundar Erlendssonar, formanns dómaranefndar HSÍ, í Digranesi á miðvikudag til háborinnar skammar. Einar segir Guðmund hafa kallað sig bjána og sagt sér að þegja. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**SÁRT** Það fylgir því mikill sársauki að fara úr axlarliði. NORDIC PHOTOS/GETTY

Meiðsli hjá Manchester:

## Silvestre fór úr axlarliðnum

**FÓTBOLTI** Mikael Silvestre, franski varnarmaðurinn í liði Manchester United, spilar ekki fleiri leiki á tímabilinu eftir að hann fór úr axlarliði í leiknum gegn Lille á miðvikudagskvöldið.

Silvestre lenti mjög illa eftir skallaeinvígi og var borinn út af og fluttur beint upp á sjúkrahús. Silvestre er enn einn leikmaðurinn sem United missir í meiðsli á síðustu dögum. Patrice Evra meiddist á æfingu fyrir leikinn, Louis Saha er frá næstu fjórar vikurnar, Ole Gunnar Solskjær kemur ekki aftur fyrr en 31. mars og Darren Fletcher verður ekkert meira með á tímabilinu.

- óój

Íslenska kvennalandsliðið:

## Sjö breytingar á byrjunarliðinu

**FÓTBOLTI Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari kvennalandsliðsins, tilkynnti í gær byrjunarliðið fyrir leikinn gegn Írum á Algarve Cup í dag.**

**Sjö breytingar eru á liðinu og Anna Björg Björnsdóttir spilar sinn fyrsta landsleik í dag.**

**Liðið er svona: Guðbjörg Gunnarsdóttir, Erna B. Sigurðardóttir, Guðný Óðinsdóttir, Katrín Jónsdóttir, Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, Erla Steina Arnardóttir, Dóra Stefánsdóttir, Dóra María Lárusdóttir, Rakel Logadóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir og Anna Björg Björnsdóttir.**

- hbg


10% vaxtaauki!



spron
www.spron.is


Víkingar fá Bjarna Þórð Halldórsson að láni frá Fylki og hann fyllir skarð Ingvars Kale hjá liðinu:

# Betra að vera hér en á bekknum hjá Fylki

**FÓTBOLTI** Knattspyrnumarkvörðurinn Bjarni Þórður Halldórsson var í gær lánaður frá Fylki til Víkings út sumarið. Bjarni Þórður fær það verðuga verkefni að leysa Ingvar Þór Kale af hólmi en Ingvar lék stórkostlega fyrir Víking síðasta sumar. Ingvar er meiddur og getur ekkert leikið í sumar.

„Ég vildi fá að spila og ég þurfti að fara í Víking til að fá að spila," sagði Bjarni Þórður. Var honum þá sagt að hann fengi ekki byrjunarliðssæti hjá Fylki í sumar? „Já, eiginlega. Ég vil spila og það er betra að fá tækifæri til þess hér en að vera á bekknum hjá Fylki."

Bjarni Þórður hefur verið meiddur ansi lengi og það var einmitt vegna þessara meiðsla að Fylkir fékk Fjalar Þorgeirsson til félagsins. Fjalar hefur síðan eignað sér markvarðarstöðuna með frammistöðu sinni á meðan Bjarni hefur verið að koma sér í form.

„Ég þarf að komast í mitt gamla form. Það er eins gott að ég standi mig vel og fái að spila því markvörðurinn sem er fyrir er sprækur," sagði Bjarni sem gerir sér grein fyrir því að það verður eitthvað að gera næsta sumar. „Það er bara skemmtilegt. Annars finnst mér vörnin mjög öflug hjá liðinu og vonandi missum við ekki Höskuld."

Bjarni varð að framlengja samning sinn við Fylki um eitt ár til að komast í lán en hann hefði annars orðið samningslaus eftir sumarið. Nýi samningurinn gildir til ársins 2008.

„Það kemur í ljós síðar hvað verður og nú er hugurinn hjá Víkingi þar sem ég vil standa mig," sagði Bjarni. Hann leikur væntanlega sinn fyrsta leik fyrir félagið í kvöld gegn FH í Lengjubikarnum verði hann kominn með leikheimild.

Ungur drengur að nafni Magnús Þór Magnússon hefur staðið á milli stanganna í síðustu leikjum og hann fékk á sig mark af um 60 metra færi gegn Fylki á dögunum.

- hbg



**BJARNI ÞÓRÐUR** Fær tækifæri til að sanna sig aftur með Víkingi í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLARSTJÓRINN




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



**BARÁTTA** Blikarnir Heiðrún Hauksdóttir og Telma Björk Fjalarsdóttir í baráttunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Iceland Express-deild kvenna:

# Dramatík í fallbaráttunni

**KÖRFUBOLTI** Það er nóg að gerast í fallbaráttu Iceland Express-deildar kvenna því tvö neðstu liðin unnu bæði óvænta sigra í vikunni. Breiðablik vann 82-75 útisigur á ÍS á mánudagskvöldið og Hamar vann 86-82 heimasigur á Keflavík á miðvikudagskvöldið.

Fyrir leikina höfðu bæði lið tapað öllum 28 leikjum sínum á móti liðunum í fjórum efstu sætunum. Eftir sigur Blikanna urðu Hamarsstúlkur að vinna Keflavík sem er í 2. sæti deildarinnar og hafði aðeins tapað þremur leikjum í deildinni. Liðin mætast því í algjörum úrslitaleik í Smáranum í næstu viku. - óój

Bikarkeppni yngri flokka:

# Níu úrslitaleikir í DHL-höllinni

**KÖRFUBOLTI Bikarhelgi yngri flokka körfunnar fer fram í DHL-höllinni um helgina og þar mun efnilegasta körfuboltafólk landsins spila til úrslita í bikarkeppni níu flokka. Fjölnismenn eiga flest lið eða fimm, öll í karlaflokki, en Haukar eiga aftur á móti lið í öllum fjórum kvennaflokkunum.**

**Bæði félög eru að setja með þessu met en Fjölnismenn eru það öflugir að í úrslitaleik 10. flokks eru þeir öruggir með bikarinn því þar spila a- og b-lið félagsins. A-liðið er 10. flokkurinn en B-liðið er að spila upp fyrir sig og spilar einnig til úrslita í 9. flokki.**

**KR-ingar eru gestgjafar bikarúrslitahelgarinnar annað árið í röð og bjóða upp á glæsilega umgjörð á öllum leikjunum.** - óój



**VILL ÞJÁLFA KARLA** Anja Andersen vill komast að á Spáni eða í Þýskalandi. NORDIC PHOTOS/GETTY

Anja Andersen:

# Sækist eftir að þjálfa karlalið

**HANDBOLTI** Anja Andersen er ein litríkasta konan sem hefur komið fram í kvennahandboltanum í heiminum og þá bæði sem leikmaður og þjálfari. Anja varð að hætta að spila vegna hjartagalla árið 1999 en hefur síðustu ár þjálfað lið Slagelse með góðum árangri.

Nú vill hún breyta til og fá að þjálfa karlalið. Andersen hefur fengið tilboð um að þjálfa kvennalið utan Danmerkur en hún bíður eftir tilboði um að þjálfa karlalið og vill þá helst komast að í Þýskalandi eða á Spáni.

„Ég gæti tekið við karlaliði í Danmörku en spænsku liðin eru mest spennandi kosturinn í augnablikinu," segir hin ákveðna Andersen sem varð bæði heims- og ólympíumeistari með danska landsliðinu á sínum tíma. - óój

Iceland Express-deild kvenna í gær:

# Haukar tryggðu Keflavík annað sætið

**KÖRFUBOLTI** Haukar tryggðu Keflavík annað sætið með því að vinna 89-73 sigur á Grindavík í Iceland Express-deild kvenna í gær. Haukaliðið, sem var búið að tryggja sér deildarmeistaratitilinn, tók við bikarnum eftir leikinn en þetta er annað árið í röð sem Haukaliðið er með heimavallarréttinn út alla úrslitakeppnina.

Grindavík hefði þurft að vinna tvo síðustu leikina sína og treysta á að Keflavík tapaði fyrir Haukum svo að þær fengju heimavallarréttinn í undanúrslitaeinvíginu á móti Keflavík en það tókst þeim ekki. Haukaliðið tók frumkvæðið strax frá byrjun og vann leikinn sannfærandi þökk sé frábærri frammistöðu Ifeomu Okonkwo sem var með 26 stig, 15 fráköst, 5 stolna bolta og 4 varin skot í leiknum. Fyrirliðinn Helena Sverrisdóttir skoraði 13 stig og gaf 13 stoðsendingar en hún lék í aðeins 24 mínútur þar sem hún var veik en harkaði af sér og spilaði leikinn.

Tamara Bowie (26 stig, 13 fráköst) og Ingibjörg Jakobsdóttir (17 stig, 5 stoðsendingar) voru bestar í liði Grindavíkur sem þarf að sætta sig við 3. sætið í deildinni. - óój



**KUNNUGLEG STELLING** Þær Helena Sverrisdóttir og Pálína Gunnlaugsdóttir halda áfram að lyfta bikurum fyrir Hauka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Nemanja bjargaði Fjölni

**Fjölnir vann sjö stiga sigur, 94-87, á Tindastól í leik upp á líf og dauða fyrir félagið. Hinn veiki Nemanja Sovic skoraði 41 stig í leiknum og tók 13 fráköst.**

**KÖRFUBOLTI** Nemanja Sovic átti frábæran leik í sjö stiga sigri Fjölnis, 94-87, á Tindastól í lokaumferð Iceland Express-deildar karla. Það bjargaði Grafarvogsliðinu frá falli þar sem deildarmeistarar Njarðvíkinga unnu Þór í Þorlákshöfn. Það eru því Þór og Haukar sem falla í 1. deildina.

Nemanja, sem hefur verið með Fjölni öll þrjú ár þess í úrvalsdeildinni, gaf allt sitt í leikinn þrátt fyrir að leika sárlasinn. Sovic, sem hefur oft verið fjarri sínu í besta í vetur, bætti fyrir það svo um munaði í gær með 41 stigi, 13 fráköstum og frábærri skotnýtingu.

„Ég skuldaði strákunum og Fjölni þetta. Þeir gáfu mér tækifæri á að koma til Íslands og ég er rosalega ánægður með að hafa náð að spila vel og halda Fjölni í deildinni. Þetta var samt liðsheildin sem lagði grunninn að þessum sigri og það skiluðu allir sínum hlutverkum vel," sagði Nemanja.

„Ég er mjög veikur en var að vonast til að geta hjálpað eitthvað til," sagði Nemanja sem sagði engum frá veikindum sínum. „Ég ætlaði að spila þennan leik sama hvað gengi á," sagði Nemanja og bætti við: „Við erum búnir að vera svo óheppnir í vetur og áttum þá inni að upplifa svona kvöld."

Fjölnisliðið var með frumkvæðið allan leikinn en byrjunin í seinni hálfleik þegar liðið skoraði 20 stig gegn 4 lagði grunninn að sigrinum þó að spennan hafi haldist allt til leiksloka.

„Við erum með unga og öra stráka og það er stressandi og taugastrekkjandi að berjast í neðri hlutanum, sérstaklega fyrir lið sem er með svona unga stráka í lykilhlutverkum. Mér fannst við spila vel þrátt fyrir að ákvarðanirnar hafi oft ekki verið skynsamlegar. Menn voru bara á tánum og það skein út úr hverju andliti að menn ætluðu sér að klára þennan leik," sagði Bárður Eyþórsson, þjálfari Fjölnis, eftir leikinn. Bárður vissi ekkert af því að Nemanja hafði verið veikur.

„Hann var í búningi og það er það sem skiptir máli. Ef hann spilar svona veikur þá mætti hann vera veikur í allan vetur," sagði Bárður í léttum tón. „Ég heyrði að Þór hafi verið yfir allan tímann gegn Njarðvík þannig að kannski var þetta bara í örlögunum að við myndum vera uppi. Þetta lið á heima í efstu deild, það sér það hver maður. Við erum með unga stráka og á næsta ári verðum við ennþá betri," sagði Bárður.

ooj@frettabladid.is



**LÉTTIR** Bárður Eyþórsson, þjálfari Fjölnis, fagnaði áframhaldandi sæti í Iceland Express-deildinni innilega með lærisveinum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## ÚRSLIT

*Iceland Express-deild karla:*

| | |
|---|---|
| FJÖLNIR-TINDASTÓLL | 94-87 |

**Stig Fjölnis:** Nemanja Sovic 41 (13 fráköst), Kareem Johnson 15 (16 fráköst), Níels Páll Dungal 12, Hörður Axel Vilhjálmsson 11 (12 stoðsendingar), Hjalti Þór Vilhjálmsson 8 (6 fráköst), Árni Ragnarsson 7 (11 fráköst, 4 stoðsendingar).

**Stig Tindastóls:** Svavar Birgisson 17 (8 fráköst, 5 stoðs.), Milojica Zekovic 15 (8 fráköst), Gunnlaugur Elsuson 15 (7 fráköst), Lamar Karim 15, Ísak Einarsson 11 (9 stoðsendingar), Helgi Rafn Viggósson 10, Vladimir Vujovic 4.

| | |
|---|---|
| KR-GRINDAVÍK | 92-96 |

**Stig KR:** Jeremiah Sola 20, Tyson Patterson 19, Fannar Ólafsson 19, Brynjar Þór Björnsson 16, Skarphéðinn Ingason 8, Darri Hilmarsson 5, Steinar Kaldal 3, Edmund Azemi 2.

**Stig Grindavíkur:** Páll Axel Vilbergsson 27, Jonathan Griffin 23, Þorleifur Ólafsson 16, Páll Kristinsson 11, Adam Darboe 10, Björn Brynjólfsson 7.

| | |
|---|---|
| ÞÓR Þ.-NJARÐVÍK | 86-91 |
| HAUKAR-HAMAR/SELFOSS | 72-92 |
| SKALLAGRÍMUR-ÍR | 87-102 |

**Stig Skallagríms:** Jovan Zdravevski 36, Darrell Flake 14, Axel Kárason 7, Dimitar Karadzovski 7, Hafþór Gunnarsson 7, Finnur Jónsson 6, Pétur Sigurðsson 5, Pálmi Sævarsson 3.

**Stig ÍR:** Keith Vassell 17, Ómar Sævarsson 17, Sveinbjörn Claessen 15, Nate Brown 13, Steinar Arason 11, Hreggviður Magnússon 9, Fannar Helgason 9, Lýður Vignisson 7.

| | |
|---|---|
| KEFLAVÍK-SNÆFELL | 81-86 |

**LOKASTAÐAN:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. NJARÐVÍK | 22 | 20 | 2 | 1922:1735 | 40 |
| **2. KR** | **22** | **17** | **5** | **1955:1713** | **34** |
| 3. SNÆFELL | 22 | 17 | 5 | 1817:1623 | 34 |
| **4. SKALLAG.** | **22** | **16** | **6** | **2036:1901** | **32** |
| 5. GRINDAVÍK | 22 | 12 | 10 | 1945:1844 | 24 |
| **6. KEFLAVÍK** | **22** | **12** | **10** | **1981:1899** | **24** |
| 7. ÍR | 22 | 10 | 12 | 1879:1888 | 20 |
| **8. HAMAR/SEL.** | **22** | **8** | **14** | **1670:1792** | **16** |
| 9. TINDAST. | 22 | 6 | 16 | 1919:2106 | 12 |
| **10. FJÖLNIR** | **22** | **5** | **17** | **1821:1982** | **10** |
| 11. ÞÓR Þ. | 22 | 5 | 17 | 1811:2009 | 10 |
| **12. HAUKAR** | **22** | **4** | **18** | **1789:2053** | **8** |

*Iceland Express-deild kvk:*

| | |
|---|---|
| HAUKAR-GRINDAVÍK | 89-73 |

*UEFA-bikarinn:*

| | |
|---|---|
| NEWCASTLE-AZ ALKMAAR | 4-2 |

Grétar Rafn Steinsson var í byrjunarliði AZ og skoraði sjálfsmark á 8. mínútu.

*Royal League:*

| | |
|---|---|
| FC KÖBENHAVN-HELSINGBORG | 3-1 |
| BRÖNDBY-OB | 2-1 |

Grindavík náði fimmta sætinu af Keflavík með afar góðum útivallarsigri á KR:

# Grindvíkingar geta unnið hvaða lið sem er

**KÖRFUBOLTI** Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, var ósáttur við sína menn eftir fjögurra stiga tap, 96-92, fyrir Grindavík í gær. Hann hrósaði hins vegar Grindvíkingum hástert.

„Það er allt annað að sjá til þessa liðs nú heldur en þeir voru lengi vel í vetur. Í svona stuði geta þeir unnið hvaða lið sem er í deildinni," sagði Benedikt.

KR hélt öðru sætinu þrátt fyrir tapið þar sem ÍR vann Skallagrím í Borgarnesi. KR mætir því ÍR í fjórðungsúrslitum úrslitakeppninnar. Grindavík náði með sigrinum fimmta sæti deildarinnar af Keflavík sem tapaði á heimavelli fyrir Snæfelli. Grindavík mætir því Skallagrími en Keflavík fer í Stykkishólminn.

„Við ætluðum að vinna þennan leik til að halda öðru sætinu. Ég er engan veginn sáttur við hvernig við spiluðum þennan leik. Stemmningin og andrúmsloftið fyrir leikinn hjá okkur var þannig að við ættum bara að vinna leikinn. Það bitnaði stórlega á varnarleiknum. Ef við ætlum okkur að verða Íslandsmeistarar verðum við að spila vörn í 40 mínútur alla leiki," bætti Benedikt við. „2. sætið í deildinni er ásættanlegt en þar til bikararnir koma í hús verð ég ekki ánægður."

KR byrjaði betur í leiknum og lék þétta vörn. Það entist ekki lengi og fljótlega fóru mistök að gera vart við sig í sóknarleiknum. Sjálfstraust gestanna jókst og var gríðarlega mikil barátta í liðinu.

Grindavík var yfir í hálfleik og náði undirtökunum í leiknum í þriðja leikhluta. En það reyndist erfitt að verja forystuna gegn KR sem náði forystunni aftur um leið og Páll Axel Vilbergsson lenti í villuvandræðum.

Jafnt var á öllum tölum þar til skammt var til leiksloka en það fékk á heimamenn þegar Fannar Ólafsson fékk sína fimmtu villu. Páll Axel skoraði svo gríðarlega mikilvæga þriggja stiga körfu þegar mínúta var til leiksloka og með því var sigurinn tryggður.

„Við höfum verið á línunni hvort við teljumst í hópi með betri eða verri liðum deildarinnar og þessi sigur mun hjálpa okkur fyrir komandi átök," sagði Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur.

„Þetta virðist vera að smella hjá okkur og strákarnir hafa gaman af þessu. Við eigum gríðarlega góða leikmenn eins og Pál Axel en aðalmálið er að liðsheildin öll er að vinna saman. Það hefur okkur vantað í vetur."

Allt Grindavíkurliðið átti góðan dag í gær. Páll Axel reyndist drjúgur á ögurstundu og þá átti Þorleifur Ólafsson stórgóðan leik. Brynjar Þór Björnsson átti góða spretti hjá KR, sem og Fannar Ólafsson. - esá



**PÁLL OG FÉLAGAR UNNU** Páll Kristinsson Grindvíkingur sækir hér að Jeremiah Sola, leikmanni KR. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# 5 FALDUR

BÓNUSVÍDEÓ FYRIR KL. 18:40 Á MORGUN

**35**

**milljónir!**

Nú er potturinn fimmfaldur
og stefnir í **35 milljónir.**

Lottó

TAKTU NÝJUSTU MYNDIRNAR OG GRÍPTU LOTTÓ Í LEIÐINNI




**BÓNUSVÍDEÓ**

*Leigan í þínu hverfi*

# Íslenskir afreksíþróttamenn andlega sterkir

**Dr. Remco Polman, íþróttasálfræðingur við Hull-háskólann, mun rannsaka íslenska íþróttamenn á næstunni. Bolton er það knattspyrnulið sem nýtir sér helst aðstoð íþróttasálfræðinga á Englandi. Það gerir einnig stjóri liðsins.**

**ÍÞRÓTTIR** Dr. Remco Polman íþróttasálfræðingur er kominn hingað til Íslands á vegum Háskólans í Reykjavík og hann hélt athyglisverðan fyrirlestur þar í gær um streitu og streitustjórnun. Hann mun halda svipaðan fyrirlestur í höfuðstöðvum ÍSÍ í hádeginu í dag.

Það færist sífellt í vöxt að íþróttamenn og íþróttalið notfæri sér þjónustu íþróttasálfræðinga enda hefur það sýnt sig að andlega hliðin verður að vera í lagi rétt eins og sú líkamlega ef árangur á að nást í íþróttum.

„Þegar ég tala við þjálfara spyr ég þá venjulega hversu mikill hluti af þjálfuninni sé til að styrkja andlegu hliðina. Líklegt svar er eitt prósent eða ekkert. Skilningur á íþróttasálfræði er sífellt að aukast og fleiri sækjast eftir því að fá fólk eins og mig til starfa,“ sagði Polman sem hefur unnið með alls kyns íþróttamönnum, allt frá golfurum upp í hjólreiðamenn.

Knattspyrnulið á Englandi hafa ekki sóst eins mikið eftir því að fá íþróttasálfræðinga til liðs við sig eins og margar aðrar íþróttir. Að sögn Polmans er það helst Bolton Wanderers sem nýtir sér aðstoð íþróttasálfræðinga og sá sem hefur helst þjónustað félagið er fyrrum nemandi Polmans.

„Bolton er til mikillar fyrirmyndar og þeir hafa sýnt fram á hvernig hægt sé að nýta íþróttasálfræðinga hvað best. Það eru nokkrir íþróttasálfræðingar í vinnu hjá þeim. Þeir vinna meðal annars mikið með knattspyrnustjóranum Sam Allardyce. Þar er lögð mikil áhersla á hvernig hann kemur fram við leikmenn sína. Sam er mjög ánægður með afraksturinn. Hugmyndin að því að setja Sam í stúkuna í fyrri hálfleik er til að mynda komin frá sálfræðingunum. Þjálfarar gera of mikið af því að hoppa upp og niður hliðarlínuna. Við trúum frekar á að treysta leikmönnum þegar út á völlinn er komið. Sam fær síðan tölfræði og annað í hálfleik og þá getur hann lagt línurnar upp á nýtt,“ sagði Polman en hann segir það geta verið erfitt fyrir íþróttasálfræðinga að vinna með knattspyrnuliðum. Betri leið sé að fara frekar með hugmyndafræði sína í gegnum stjórana sem síðan nota aðferðir sálfræðinganna á leikmenn sína.



**DR. REMCO POLMAN** Þaulreyndur íþróttasálfræðingur sem ætlar að kynna sér íslenska íþróttamenn. Hann er með fyrirlestur í höfuðstöðvum ÍSÍ í hádeginu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Polman segir að erfiðustu íþróttamennirnir til að vinna með séu kvenmenn í hópíþróttum enda sé oftar en ekki sérstakt andrúmsloft og aðstæður í kringum slík lið. Þeir sem þurfi á mestri hjálp íþróttasálfræðinga að halda séu aftur á móti efnilegir íþróttamenn sem standa á tímamótum sem geta skorið úr um hvort þeir nái árangri eða haldi áfram að vera efnilegir.

Polman mun nota tímann á Íslandi til þess að leggja spurningalista fyrir íslenska íþróttamenn. Knattspyrnulið í karla- og kvennaflokki fá spurningalista sem og íslensku afreksmennirnir sem eru á ÍSÍ-styrkjum. Polman segist lítið vita um íslenska íþróttamenn en hefur ákveðnar hugmyndir um þá.

„Ég þekki eitthvað til þeirra sem spila fótbolta í Englandi sem og í Hollandi. Mér sýnist sem þeir séu mjög sterkir andlega og þeir leika af hörku. Þess utan virðast þeir margir hverjir vera snoðaðir sem gerir þá að meiri baráttumönnum,“ sagði Polman og hló. „Það verður áhugavert að sjá hvaða niðurstöður ég fæ úr þessari könnun.“ henry@frettabladid.is



**ALEX SÁ UM ARSENAL** Brasilíumaðurinn Alex var besti maður vallarins í leik PSV og Arsenal. NORDIC PHOTO/GETTY

Meistaradeildin í fótbolta:

## Chelsea-maður sá um Arsenal

**FÓTBOLTI** Brasilíumaðurinn Alex, sem tryggði PSV Eindhoven sæti í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar með því að skora jöfnunarmarkið gegn Arsenal, er í raun leikmaður Chelsea því hann er í láni hjá PSV. „Ég held að Chelsea-menn verði mjög ánægðir með sinn mann,“ sagði Ronald Koeman, þjálfari hollenska liðsins, eftir leikinn.

Chelsea keypti þennnan 24 ára gamla varnarmann árið 2004 en gerði strax saming um að hann myndi spila tvö ár til viðbótar í Hollandi. „Alex vann þetta fyrir PSV, sem eru kannski smá ýkjur en hann hélt vörninni saman, bjargaði margoft og var með mikla yfirburði í loftinu,“ sagði Arsene Wenger sem nýtti tækifærið til að skjóta á Chelsea.

„Chelsea á peninga til að kaupa bestu leikmennina, það er ekkert nýtt. Ég þekki ekki reglurnar og hann er ekki eini leikmaður Chelsea sem er í þessari stöðu,“ sagði Wenger. - óój

Íslandmót liða í borðtennis:

## Víkingar vörðu meistaratitilinn

**BORÐTENNIS Víkingar eru Íslandsmeistarar í 1. deild karla í borðtennis en liðið fékk fullt hús stiga eftir að hafa unnið KR 6-1 í lokaumferðinni.**

**Þetta er í 14. sinn í röð sem Víkingur vinnur titilinn en liðið er skipað þeim Matthíasi Stephensen, Magnúsi K. Magnússyni, Kristjáni Jónassyni og Tryggva Áka Péturssyni.** - óój



**KÁTUR** Ronald Koeman fagnaði góðum árangri sinna manna í PSV Eindhoven. NORDIC PHOTOS/GETTY

Meistaradeildin í fótbolta:

## Sögulegt hjá Koeman

**FÓTBOLTI** Hollenski þjálfarinn Ronald Koeman setti met þegar hann stýrði PSV Eindhoven til sigurs gegn Arsenal í 16 liða úrslitum Meistaradeildarinnar í fótbolta á miðvikudagskvöldið.

Koeman var þar með fyrstur til að koma þremur félögum í átta liða úrslit Meistaradeildarinnar en hann stýrði Ajax þangað 2003 og Benfica fór undir hans stjórn í 8 liða úrslitin í fyrra. PSV náði 1-1 jafntefli við Arsenal í seinni leik liðanna á Emirates-vellinum og komst því áfram á 1-0 sigri í fyrri leiknum í Hollandi.

Koeman kann greinilega vel á ensk lið því Benfica sló Liverpool og Manchester United út í fyrra og Ajax skildi Arsenal eftir í riðlakeppninni fyrir fjórum árum en þá voru engin 16 liða úrslit. - óój

Dwight Yorke á tímamótum:

## Hættur í landsliðinu

**FÓTBOLTI Trinídad-búinn Dwight Yorke hefur ákveðið að leggja landsliðsskóna á hilluna og ætlar þess í stað að einbeita sér að því að hjálpa liði sínu Sunderland að vinna sér sæti í ensku úrvalsdeildinni.**

**Yorke hefur skorað 26 mörk í 59 landsleikjum fyrir Trínídad og Tóbagó, þar á meðal tvö þeirra gegn Íslendingum fyrir ári síðan. Yorke var í aðalhlutverki í liðinu á HM í Þýskalandi síðasta sumar.**

**„Það hefur verið mjög ánægjulegt og mikill heiður að spila með og vera fyrirliði landsliðs Trinídad og Tóbagó og ég vona að ég hafi átt þátt í velgengni liðsins,“ sagði Yorke.** - óój








**GUÐJÓN** Hér í ungmennalandsliðsleik gegn Andorra. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Guðjón Baldvinsson enn til reynslu hjá Álasundi:

## Hef fengið mikið lof

**FÓTBOLTI** Guðjón Baldvinsson, leikmaður Stjörnunnar, hefur þessa vikuna dvalist á La Manga á Spáni með norska úrvalsdeildarliðinu Álasund sem Haraldur Freyr Guðmundsson leikur einnig með.

Hann lék fyrri hálfleikinn gegn HamKam fyrr í vikunni og segir að sér hafi gengið vel.

„Ég veit ekki annað en að mér hafi gengið vel. Ég hef fengið mikið lof en á von á því að þetta komi betur í ljós eftir leik sem við eigum á morgun. Ég verð ekki í byrjunarliðinu en sýnist á öllu að ég fái eitthvað að spila,“ sagði Guðjón nokkuð léttur við Fréttablaðið í gær.

Hann var ekki nema tvær mínútur að næla sér í gult spjald fyrir tæklingu í leiknum gegn HamKam. „Ég var fullákafur,“ viðurkennir hann. „Ég hefði örugglega fengið að spila meira ef ég hefði ekki verið með þetta spjald á bakinu.“

Guðjón hefur gerst víðförull í vetur og haust og æft hjá mörgum félögum, til að mynda Lilleström í Noregi og Fortuna Düsseldorf í Þýskalandi.

Þá var hann einnig lengi orðaður við Bodö/Glimt í Noregi en það datt upp fyrir. - esá



**ÓSÁTTUR** Kobe Bryant er alltaf í mjög strangri gæslu. NORDIC PHOTOS/GETTY

Kobe Bryant hjá Lakers:

## Lætur enn hnefana tala

**KÖRFUBOLTI** Kobe Bryant er aftur kominn í eins leiks bann fyrir að slá til andstæðings í leik í NBA-deildinni í körfubolta. Bryant sló nú til Marko Jaric hjá Minnesota þegar 58 sekúndur voru eftir í 107-117 tapi Lakers í tvíframlengdum leik.

Bryant var líka dæmdur í bann í lok janúar fyrir að slá til Manu Ginobili í liði San Anontio Spurs. Kobe er annar stigahæsti leikmaður NBA-deildarinnar með 29,2 stig að meðaltali í leik og það er ljóst að mótherjar Lakers leggja ofurkapp á að pirra hann og koma honum úr jafnvægi. - óój

# HELGAR TILBOÐ



1.790

Gus Gus
Forever



1.790

Air
Pocket Symphony



1.790

Arcade Fire
Neon Bible




1.790

Korn
MTV unplugged




1.790

Mýrin
úr kvikmynd (Mugison)




1.790

Amy Winehouse
Back to Black

YFIR 200 TITLAR AF TÓNLIST Á 999



999

Damien Rice
9




999

Toggi
Puppy



999

Mars Volta
Amputechture

ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

S·K·Í·F·A·N

**KRINGLUNNI • SMÁRALIND • LAUGAVEGI**

## > MATT LEBLANC



Vinurinn Matt LeBlanc er fæddur í Massachusetts árið 1967. Móðir hans er ítölsk en faðirinn á ættir að rekja til Írlands, Bretlands, Þýskalands og Frakklands. Eftir að Matt útskrifaðist úr menntaskóla fór hann í Flórída þar sem hann starfaði sem fyrirsæta. Síðar flutti hann til New York og hóf nám í leiklist. Matt giftist Missy McKnight árið 1998 og á með henni eina dóttur. Þau skildu í október á síðasta ári. Matt varð frægur fyrir túlkun sína á Joey Tribbiani í þáttunum Friends og hélt áfram eftir endalok Friends með þættina Joey sem sýndur verður í dag á Stöð 2 kl. 15.25.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS TEITSSON LÝSIR LEIKNUM

# *Skyttan tæmir hlaupið gegn Tankinum*



Meistaradeild Evrópu í fótbolta er furðulegt fyrirbæri. Stór hluti hennar er útsláttarkeppni, þannig að hún er í rauninni ekki deild. Við gætum eins talað um heimsmeistaradeildina sem haldin er á fjögurra ára fresti. Sum lönd eiga fjögur lið í keppninni, eins og England þangað til Arsenal datt út í fyrrakvöld, þannig að ekki komast aðeins meistarar í Meistaradeildina, eins og heyrðist í auglýsingu um árið. Svo eru lið frá Ísrael aufúsugestir eins og í Eurovision þannig að ekki takmarkast valið við Evrópu. Merkilegt.

Þá er ekkert eftir nema sjálfur fótboltinn en það eru gömul sannindi að í þeirri íþrótt er ekkert gefið nema spjöldin. Í gamla daga var talið að boltinn væri hnöttóttur og leikurinn níutíu mínútur en það hefur síðan verið hrakið. Nú vitum við líka að leikurinn snýst ekki bara um að koma boltanum oftar í net andstæðinganna en sitt eigið, heldur er einnig mikilvægt að setja leiksýningu á svið fyrir dómarann, grípa sér um höfuð við hvert tækifæri og komast í snertingu við náttúruna með því að velta sér upp úr grasinu eins og á Jónsmessunótt. Listrænt og vistvænt.

Orðaforði knattspyrnuheimsins er sömuleiðis margbrotinn. Til dæmis skoraði Svíinn Henrik Larsson ágætt skallamark fyrir Manchester United og sögðu þá lýsendur að boltinn „bara rynni af pönnunni á honum“. Sjálfsagt gerir Henrik dúndrandi góðar kjötbollur heima í Helsingjaborg. Einn leikmanna Arsenal fékk umsögnina „Hann tæmir hlaupið vel“, sem ég skildi ekki almennilega þar til ég tengdi það við gælunafn Arsenal, sem er Skytturnar. Hjá mótherjunum, PSV frá Eindhoven í Hollandi, vakti brasilíski varnarmaðurinn Alex sérstaka athygli enda skoraði hann bæði mörk leiksins, sem lauk með 1-1 jafntefli. Það fylgdi sögunni að Alex væri jafnan kallaður „Tankurinn“, sem þýðir að öllum líkindum að hann sé helltur fullur fyrir hvern leik. Hann er reyndar eins og skriðdreki á velli en það kemur málinu ekkert við.

## EKKI MISSA AF



▶ **23.25 Úr borg í sveit** RÚV



▶ **20.00 Sirkus Rvk.** SIRKUS



▶ **22.00 The Silvia Night Show** SKJÁREINN



▶ **22.00 Mystic River** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.30 X-Factor** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Snillingarnir** (25:28)
**18.25 Ungar ofurhetjur** (17:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Gettu betur** Að þessu sinni eigast við lið Menntaskólans við Sund og Menntaskólans í Reykjavík. Spyrill er Sigmar Guðmundsson, spurningahöfundur og dómari Davíð Þór Jónsson, Helgi Jóhannesson stjórnar útsendingu og dagskrárgerð er í höndum Andrésar Indriðasonar.
**21.20 Bridgehjónin** (Mr. and Mrs. Bridge) Bandarísk bíómynd frá 1990 um íhaldssaman lögfræðing, konu hans og börn þeirra uppkomin sem hafa nútímalegri sýn á lífið en foreldrarnir. Leikstjóri er James Ivory og meðal leikenda eru Paul Newman, Joanne Woodward, Blythe Danner og Margaret Welsh.
▶**23.25 Úr borg í sveit** (Town & Country) Bandarísk bíómynd frá 2001. Þekktur arkitekt í New York á erfitt með að ákveða hvaða stefnu hann á að taka í lífinu og allt gengur á afturfótunum hjá honum. Meðal leikenda eru Warren Beatty, Diane Keaton, Andie MacDowel, Garry Shandling, Jenna Elfman, Goldie Hawn og Charlton Heston.
**01.05 Forfallakennarinn 3** (The Substitute 3: Winner Takes All) Bandarísk spennumynd frá 1999. Málaliði hefnir dóttur vinar síns eftir að henni er misþyrmt. Leikstjóri er Robert Radler og meðal leikenda eru Treat Williams, David Jensen. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**02.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.10 I Heart Huckabees**
**08.00 Les triplettes de Belleville**
**10.00 Ocean´s Twelve**
**12.05 Airheads**
**14.00 Les triplettes de Belleville**
**16.00 Ocean´s Twelve**
**18.05 Airheads**
**20.00 I Heart Huckabees** Aðalhlutverk: Dustin Hoffman, Isabelle Huppert, Jason Schwartzman.
▶**22.00 Mystic River**
**00.15 Bad Apple**
**02.00 Below**
**04.00 Mystic River**

## STÖÐ 2

**07.20 Grallararnir**
**07.40 Tasmanía**
**08.00 Oprah**
**08.45 Í fínu formi 2005**
**09.00 Bold and the Beautiful**
**09.20 Forboðin fegurð**
**10.05 Amazing Race** (7:14)
**10.50 Whose Line Is it Anyway?**
**11.15 Sisters** (5:7) (e)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Valentína**
**13.55 Valentína**
**14.40 The Apprentice**
**15.25 Joey - NÝTT** (5:22)
**15.50 Titeuf**
**16.13 Kringlukast**
**16.38 Justice League Unlimited**
**17.03 Litlu Tommi og Jenni**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 The Simpsons** (5:22) (e)
**20.05 The Simpsons - NÝTT** (10:22)
▶**20.30 X-Factor** (16:20)
Í kvöld harðnar keppnin til muna en aðeins 6 keppendur munu stíga á svið og keppast um X-factor titilinn.
**21.45 Punk´d** (7:16)
Í kvöld lendir grínarinn DJ Qualls úr Road Trip í óvæntum aðstæðum og Macy Gray fær að finna til tevatnsins.
**22.10 X-Factor - úrslit símakosninga**
**22.40 The Hitchhiker´s Guide To the Galaxy**
Aðalhlutverk. Warwick Davis, Anna Chancellor, Bill Bailey. 2005. Litið hrædd.
**00.30 Thirteen**
**02.05 The Frighteners**
**03.50 Balls of Steel** (6:7)
**04.25 The Simpsons** (5:22) (e)
**04.50 The Simpsons - NÝTT** (10:22)
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Entertainment Tonight** (e)
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Fashion Television** (e)
▶**20.00 Sirkus Rvk**
**20.30 Dr. Vegas**
**21.15 South Park** (e)
9.serían um Cartman, Kenny, Kyle, Stan og lífið í South Park en þar er alltaf eitthvað furðulegt í gangi.
**21.45 American Dad 3** (e)
Þriðja serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum. Frábærar teiknimyndir frá höfundum Family Guy þar sem aðalsöguhetjan er Stan Smith og fjölskylda hans. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa m.a kaldhæðin geimvera og þýskumælandi fiskur.
**22.10 Britney and Kevin. Chaotic**
**23.05 Chappelle´s Show** (e)
Önnur serían af þessum vinsælum gamanþáttum þar sem Dave Chappelle lætur allt flakka.
**23.35 Tuesday Night Book Club - NÝTT** (e) Í þáttunum Tuesday Night Book Club fáum við að fylgjast með hópi af húsmæðrum sem hittast öll þriðjudagskvöld í saumaklúbbi. Þar ræða þær allt á milli himins og jarðar og upplýsa vandamál sín sem og ánægju, hvort sem um er að ræða kynlíf eða fjölskylduvandamál.
**00.25 Entertainment Tonight** (e)
Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur.
**00.55 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla.** Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place** (e)
**10.30 Óstöðvandi tónlist**
**13.15 European Open Poker** (e)
**14.45 Vörutorg**
**15.45 Skólahreysti** (e)
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Still Standing** (e)
**20.00 Fyndnasti Maður Íslands 2007** (1.5) Íslenskir grínistar fá tækifæri til að láta ljós sitt skína. Haldnar verða fjórar undankeppnir og þeir bestu komast áfram í úrslitin, sem fara fram í byrjun apríl.
**21.00 Survivor. Fiji** (5.14)
Þetta er 14. keppnin og nú fer hún fram á Fiji-eyjum í Suður-Kyrrahafi. Að þessu sinni hefja 19 einstaklingar leikinn og eins og venjulega þá mun ýmislegt koma á óvart. Þættirnir eru sýndir innan við sólarhring eftir að þeir eru frumsýndir í Bandaríkjunum.
▶**22.00 The Silvia Night Show** (5:8)
Skærasta stjarna Íslendinga, Silvía Nótt, er orðin alþjóðleg súperstjarna eftir að hafa slegið í gegn í Eurovision.
**22.30 Everybody Loves Raymond**
**22.55 European Open Poker** (3:16)
**00.25 Beverly Hills 90210** (e)
**01.10 Melrose Place** (e)
**01.55 House** (e)
**02.45 Vörutorg**
**03.45 Tvöfaldur Jay Leno** (e)
**05.25 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**14.00 Man. City - Wigan** (frá 3. mars)
**16.00 Newcastle - Middlesbrough** (frá 3. mars)
**18.00 Upphitun**
**18.30 Portsmouth - Chelsea** (frá 3. mars)
**20.30 Bolton - Blackburn** (frá 4. mars)
**22.30 Juventus - Piacenza** (frá 4. mars)
**00.30 Dagskrárlok**


X FACTOR

**Í beinni í kvöld kl. 20:30**



HARA – VOULEZ-VOUS - ABBA (HAM ÚTG.)
900-9005/SMS X 5 Í NÚMERIÐ 1918



GYLFI – STARMAN - DAVID BOWIE
900-9001/SMS X 1 Í NÚMERIÐ 1918



GÍS – IT´S ALL COMING BACK TO ME
900-9002/SMS X 2 Í NÚMERIÐ 1918



GUÐBJÖRG – EXPRESS YOURSELF - MADONNA
900-9004/SMS X 4 Í NÚMERIÐ 1918



INGA – UNCHAINED MELODY - LEE ANN RIMES
900-9003/SMS X 3 Í NÚMERIÐ 1918



JOGVAN – HOME - MICHAEL BUBBLE
900-9006/SMS X 6 Í NÚMERIÐ 1918

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

Esso

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.30

**X-Factor**



Slagurinn á sviðinu í Vetrargarðinum heldur áfram í beinni útsendingu í kvöld. Nú eru aðeins sex keppendur eftir en í síðasta þætti var Alan sendur heim í tárvotri athöfn sem lét engan ósnortinn. Það fer að styttast í úrslitaþáttinn og dómararnir gera stöðugt meiri kröfur til keppenda sinna. Hver verður sendur heim í kvöld?

### VIÐ MÆLUM MEÐ FYNDNASTA MANNI ÍSLANDS 2007

**SKJÁREINN 20.00**



Í þáttunum fá íslenskir grínistar tækifæri til að láta ljós sitt skína. Haldnar verða fjórar undankeppnir og þeir bestu komast áfram í úrslitin, sem fara fram í byrjun apríl. Hver keppandi fær að hámarki 10 mínútur til að sanna sig. Öllum er heimilt að taka þátt nema fyrrum sigurvegurum keppninnar, sem koma fram í gestahlutverkum ásamt öðrum þekktum íslenskum grínistum. Kynnar keppninnar eru Radíusbræður, grínistarnir Davíð Þór Jónsson og Steinn Ármann Magnússon.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**Séra** Sigurður Jónsson flytur.
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Óskastundin
**09.50** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Snorrabraut 7
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Flakk
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Lög unga fólksins
**19.30** Óvissuferð - allir velkomnir
**20.10** Síðdegi skógarpúkanna
**21.05** Sögumenn: Ég held að leiðinlegt fólk sé skemmtilegra en skemtilegt fólk.
**22.15** Lestur Passíusálma
**22.21** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**15.30 UEFA cup leikir** (Newcastle - AZ Alkmaar)
**17.10 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**17.35 Gillette World Sport 2007** Íþróttir í lofti, láði og legi. Fjölbreyttur þáttur þar sem allar greinar íþrótta eru teknar fyrir. Þáttur sem sýndur hefur verið í áraraðir við miklar vinsældir.
**18.05 Spænski boltinn - upphitun**
**18.35 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**19.05 FA Cup - Preview Show 2007**
**19.35 Coca Cola deildin** (Birmingham - Derby) Útsending frá leik Birmingham City og Derby County í Coca Cola deildinni í knattspyrnu.
**21.35 World Supercross GP 2006-2007** (Edwards Jones Dome)
**22.25 Football and Poker Legends**
**00.00 NBA deildin** (Philadelphia - LA Lakers)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

## DR 1

**6.00** Den lille prinsesse **6.10** Peter Pedal **6.30** Gnotterne **7.00** Magnus og Myggen **7.15** Rubbadubbers **7.30** DR1 Dokumentaren - Pokerhajerne **8.30** Børneblæksprutten **8.45** Ungdomsprogram **9.00** Viften **9.30** Attention Mobning **10.00** DR-Derude i Kina **10.35** Og vinderen er! **11.00** TV Avisen **11.10** Task Force **11.35** Grøn glæde **12.00** Rabatten **12.25** Aftenshowet **13.20** Herlufsholm **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Flemmings Helte **14.30** Boogie Listen **15.30** F for Får **15.35** SvampeBob **16.00** Max **16.30** Hunni*show **16.45** Den lille prinsesse **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Hiv stikket ud med Master Fatman **20.00** TV Avisen **20.30** Stepmom **22.30** Enlig pige søger

## NRK 1

**8.30** V-cup alpint **9.00** Siste nytt **9.05** V-cup alpint **10.00** Siste nytt **10.05** V-cup alpint **10.30** Newton **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Møre og Romsdal **11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Eide og Morris - eit matprogram **12.15** V-cup alpint **13.00** Siste nytt **13.05** V-cup alpint **13.30** V-cup kombinert **13.50** V-cup kombinert **14.00** Siste nytt **14.05** V-cup kombinert **14.50** Creature Comforts: hvordan har vi det? **15.00** Siste nytt **15.03** VG-lista Topp 20 **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** VG-lista Topp 20 **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Franklin **17.15** Mekke-Mikkel **17.25** Pingvinen Jasper **17.30** Lure Lucy **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Først & sist **21.15** Politiagentene **22.00** Kveldsnytt **22.15** Seks fot under **23.10** Historien om Barry White

## SVT 1

**8.30** Samtal med **8.45** Great thinkers of our time **9.15** Extra **9.40** Born Wild **9.45** Vet hut! **10.15** Garage guld **10.45** UR-val **11.00** Rapport **11.05** Mitt i naturen **13.05** Argument **14.05** Disneydags **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Wild Kids **17.00** Höjdarna **17.30** Tillbaka till Vintergatan **18.00** Amigo **18.30** Rapport **19.00** Så ska det låta **20.00** Kill Bill: Vol. 2 **22.15** Rapport **22.25** Kulturnyheterna **22.35** Nöjesnytt: Melodifestivalen 2007 **23.05** Stockholm live **23.35** Allt under kontroll


100% FJÁRMÖGNUN

Nýr Chevrolet **Kalos**
á aðeins **19.890,-** á mán.*

100% fjármögnun
Engin útborgun
Í erlendri mynt, vextir 4,27%
3 ára ábyrgð

*m.v. 84 mánaða bílasamning (í erlendri mynt, vextir 4,27%)




Chevrolet **Kalos**
frá GM **stærsta bílaframleiðanda í heimi**
**Verð: 1.369.000,-**

DYNAMO REYKJAVÍK

**Engin útborgun…**
**…og þú ert kominn á nýjan bíl!**

Kalos

**Vertu klár** – engin útborgun fyrir nýjan bíl

**Þú færð nýjan bíl úr kassanum með 100% fjármögnun** og borgar aðeins **19.890 kr.** á mánuði. Bíllinn, sem er hluti af evrópulínu Chevrolet, er með **3ja ára ábyrgð** og Chevrolet gæðastimplinum. **Vertu því klár**, komdu og kynntu þér málið. Við erum á Tangarhöfðanum og tökum vel á móti þér.

Bílabúð Benna | Tangarhöfða 8-12 | Sími 590 2000 | www.benni.is | Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00

**Umboðsmenn:** Bílahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala austurlands, Egilsstöðum.

CHEVROLET

## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Ég vil verða heimsmeistari í suður-amerískum samkvæmisdönsum.“*

Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur, spurður um framtíðardraum í Pressunni 1989. „Þetta hefur sjálfsagt verið á þeim árum þegar það var alltaf verið að spyrja mann heimskulegra spurninga og maður gaf heimskuleg svör. Suður-ameríkskir dansar finnst mér einhver ömurlegasta hreyfing sem hugsast getur,“ segir hann nú.

# Þorvaldur leitar að nýrri Sódómu

„Ég er eiginlega að biðja hljómsveitir og tónlistarmenn um að senda mér lagasmíðar sínar, helst tilbúnar til útgáfu sem gætu þá heyrst í kvikmyndinni,“ útskýrir Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, höfundur og stjórnandi tónlistarinnar í kvikmyndinni Astrópíu, sem leitar nú logandi ljósi að nýjum smellum fyrir myndina. „Astrópía á að gerast í nútímanum og því verður tónlistin að endurspegla þann samtíma,“ bætir hann við.

Sjálfur veit tónlistarmaðurinn hversu gott auglýsingagildi það hefur fyrir hljómsveit ef lag hennar hljómar í kvikmynd. Lagið Stopp með Todmobile sem hljómaði í Veggfóðri um árið varð einhver stærsti smellur sveitarinnar á tónleikum og þá má ekki gleyma Sódómu Sálarinnar í samnefndri kvikmynd. Þeir Þorvaldur og Stefán Hilmarsson hafa reyndar tekið saman höndum og samið lag sem að öllum líkindum verður einkennislag myndarinnar. „Og þó. Það er hörð samkeppni um þann titil en lagið verður á góðum stað í myndinni, því er ekki að neita.“

Þorvaldur fór nýlega til Búlgaríu þar sem hann tók upp tónverk sérstaklega samið fyrir myndina. Mikla athygli vakti að hljóðverið sem tónlistarmaðurinn starfaði í hafði verið gefið af sjálfum Adolf Hitler en nú segist Þorvaldur vera kominn á ögn „léttari“ slóðir. „Þarna opnast ágætis gluggi fyrir þær hljómsveitir sem ekki hafa hlotið náð fyrir augum stóru útgefendanna en vilja koma sér á framfæri,“ útskýrir Þorvaldur og fyrir áhugasama má benda þeim á að senda smelli sína á Reykjavík Music Production á Nýbýlavegi 18 eða mp3-útgáfur á veffangið studio@reykjavikmp.com.

- fgg



**STEFÁN HILMARSSON** Semur texta og syngur lag eftir Þorvald sem væntanlega verður auðkenni kvikmyndarinnar á öldum ljósvakans.



**ÞORVALDUR BJARNI** Leitar að nýjum og ferskum hljómsveitum fyrir kvikmyndina Astrópíu.





**LÁRÉTT** 2 slitrótt tal 6 í röð 8 örn 9 ónn 11 persónufornafn 12 vera séður 14 telja 16 rás 17 lúsaegg 18 niður 20 kyrrð 21 nabbi.

**LÓÐRÉTT** 1 land í asíu 3 samtök 4 fregnir 5 arr 7 ákafur 10 til sauma 13 persónufornafn 15 frumeind 16 espa 19 tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 tafs, 6 aá, 8 ari, 9 ofn, 11 ég, 12 sjást, 14 álíta, 16 æð, 17 nit, 18 suð, 20 ró, 21 arða.

**LÓÐRÉTT:** 1 laos, 3 aa, 4 frétti, 5 sig, 7 áfjáður, 10 nál, 13 sín, 15 atóm, 16 æsa, 19 öð.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Hitaveitu Suðurnesja.
2. 800 krónur.
3. Guðbjörg Hildur Kolbeins, lektor í fjölmiðlafræði við HÍ.







FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is


ÞORBJÖRN BRODDASON: ORÐIN STANDA ÞÓTT FÆRSLAN FJÚKI

# Deilt um meint fermingarklám

„Hún hlýtur að hafa séð að sér. Hún er búin að taka færsluna niður. Það segir allt sem segja þarf,“ segir Eva Dögg Sigurgeirsdóttir, markaðsstjóri Smáralindar.

Doktor Guðbjörg Hildur Kolbeins, stundakennari í fjölmiðlafræði við Háskóla Íslands, sendi í gær umboðsmanni barna erindi og vill meina að unga stúlkan sem er á forsíðu fermingarbæklings Smáralindar sé í „velþekktri stellingu úr klámmyndum“. Lýsingar Guðbjargar á bloggi sínu, í tengslum við myndina, voru með þeim hætti að engin leið er fyrir borgaralegt blað að vitna í þær. Guðbjörg Hildur tók skrifin út af síðu sinni í gær.

Faðir fyrirsætunnar ungu segir hins vegar í samtali við Fréttablaðið að foreldrarnir hafi ekki enn náð utan um þetta mál. En verði ljóst að lektor við Háskóla Íslands hafi gerst sekur um meiðyrði um 14 ára barn sé líkast til ástæða til að athuga það betur.

Viðbrögðin létu ekki á sér standa í Smáralindinni og Eva Dögg segist aldrei hafa upplifað annað eins í tengslum við störf sín. Blaðið uppurið og öll voru þau jákvæð í garð Smáralindar og lét fólk í ljósi mikla vandlætingu á túlkun Guðbjargar að sögn Evu Daggar.

Þorbjörn Broddason, prófessor í fjölmiðlafræði við HÍ, segir í samtali við Fréttablaðið alla vita að bloggið, þessi einkafjölmiðill, sé útbreiddari en nokkur annar fjölmiðill.

„Hver einasta nettengda tölva í heiminum hefur aðgang að þessari síðu. Upplag upp á milljóna hundruð. Um leið er þessi óhemju útbreiddi fjölmiðill algerlega í höndum eiganda síns sem getur kippt því til baka sem sett hefur verið þangað inn.“

Aðspurður hvernig þetta horfi við fjölmiðlafræðinni þegar frumheimild sé kippt út sem svo mjög er vitnað til segir hann Guðbjörgu Hildi, eins og alla bloggara, taka þá áhættu að skrifin séu afrituð. „Bloggarinn hlýtur að gera sér grein fyrir því að ekkert hefur verið fjarlægt endanlega. Hver sem er getur birt þetta aftur eftir að hafa afritað og haft opið áfram.“

Þorbjörn segist telja að Guðbjörg hafi einhverjar meiningar með því að fjarlægja skrifin. Aðspurður hvort teljist saknæmt það sem látið er flakka á netinu bendir Þorbjörn á næsta símanúmer sem er lagadeildarinnar. En hans mat er að ef menn hafa viðhaft eitthvað saknæmt með orðum sínum á netinu sé það ekkert búið þótt færslan hafi verið fjarlægð.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir tókst ekki að ná í Guðbjörgu Hildi til að tjá sig um hvað olli því að hún tók skrifin niður, hvað þá af hverju hún setti þau upp. En skilaboð hennar til blaðamanns voru á þá leið að hún hefði tekið þá ákvörðun að ræða þetta mál ekki „frekar“ við fjölmiðla þann daginn.

jakob@frettabladid.is



**ÞORBJÖRN BRODDASSON** Blogg er útbreiddur fjölmiðill og það sem eitt sinn hefur verið sett þar inn hverfur ekki svo glatt.



**GUÐBJÖRG HILDUR KOLBEINS** Vildi ekki tjá sig um málið í gær.




**FORSÍÐAN UMDEILDA** Foreldrar fyrirsætunnar ungu skoða nú hvort Guðbjörg Hildur hafi gerst sek um meiðyrði.



**EVA DÖGG SIGURGEIRSDÓTTIR** Aldrei fengið eins mikil viðbrögð við nokkru sem hún hefur gert og Fermingarblaðið er uppurið.

# X-Factor sýndur í Færeyjum

Færeyingurinn Jógvan Hansen hefur vakið mikla athygli fyrir frammistöðu sína í X-Faktor og eins og Fréttablaðið hefur áður sagt frá ríkir sannkallað Jógvans-æði í Færeyjum. Vinsældir hans í heimalandinu hafa nú náð nýjum hæðum því færeyska ríkissjónvarpið hefur keypt sýningarréttinn á þeim sex þáttum sem eftir eru.

„Það er sannkölluð útrás hjá Stöð 2,“ segir Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, og hlær. „En þetta sýnir þann mikla áhuga sem Færeyingar hafa á sínum manni og er ekki síður mikil viðurkenning fyrir Saga film, sem framleiðir þáttinn. Þetta er í fyrsta sinn að mér vitandi sem innlend framleiðsla er seld á annan markað.“ Þátturinn verður þó ekki sýndur í beinni útsendingu í Færeyjum heldur nokkrum dögum eftir að hann er sýndur hér.

Jógvan hefur gengið vel í keppninni fram að þessu, ávallt fengið góða umsögn dómara og aldrei þurft að verma tvö neðstu sætin sem allir keppendurnir óttast.

- bs



**PÁLMI GUÐMUNDSSON** Segir þetta mikla viðurkenningu fyrir Saga film.



**JÓGVAN HANSEN** Hefur aldrei verið vinsælli í Færeyjum.




Ertu að spá í bílakaup?

# VIÐ FJÁRMÖGNUM ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!

Glitnir Fjármögnun býður trausta ráðgjöf og fjölbreyttar lausnir fyrir bílakaupendur. Við sníðum þjónustuna að þínum þörfum og hjálpum þér þannig að eignast draumabílinn.

Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á **www.glitnirfjarmognun.is** eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4420.

## HVAÐ ÞARF ÉG AÐ GREIÐA?

Dæmi um mánaðargreiðslu af 1 milljón króna bílasamningi til 7 ára.

| Samsetning | Gengisáhætta | Mánaðargreiðsla* |
|---|---|---|
| 100% ISK | Engin | 15.611 kr. |
| 34% ISK, 33% CHF, 33% JPY | Meðal | 14.690 kr. |
| 50% CHF, 50% JPY | Mikil | 14.226 kr. |

*M.v. Gullvildarkjör og gengi 02.03.07

GLITNIR

FJÁRMÖGNUN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



**Krónikan**

ÁSKRIFTATILBOÐ

Frítt út mars!

S. 414 9400 » kronikan.is







**BAKÞANKAR**

KRISTÍNAR SVÖVU TÓMASDÓTTUR

## Í bíó

Ég vann í tvö ár í kvikmyndahúsi með skóla. Það var að flestu leyti mjög óspennandi upplifun, en átti sín móment. Stundum gat ég hlustað heilt kvöld á Gufuna. Einu sinni heyrði ég viðtal við búfræðikennara sem tókst að vitna sex sinnum í Halldór Laxness á tuttugu mínútum, þar á meðal sagði hann „lífið er saltfiskur“.

**STUNDUM** reyndi maður í illgirni sinni og skemmtanaþörf að gera viðskiptavinina vandræðalega. Mér er minnisstætt þegar franska myndin Baissez-moi var sýnd. Titillinn var þýddur beint og bókstaflega yfir á íslensku: Ríddu mér. Stutt og laggott nafn, en bíógestir áttu í ótrúlegum vandræðum með hann. Maður sá hvernig það braust um í þeim þar sem þeir stóðu fyrir framan miðasöluna: Hvort á ég að basla við þessa helvítis frönsku, eða nota íslenska nafnið?

**JÁ,** ég ætla að fá einn miða á... Bass ... Bess ... Bassesmuoa ...
Fyrirgefðu?
Einn miða á ... á ... (lækkar röddina) ... Ríddu mér.
Fyrirgefðu, ég heyri ekki alveg.
Ég ætla að fá einn miða á þarna frönsku myndina!

**SVO** var spurning hversu lengi miðasöludaman hélt út án þess að fá hláturskast. Ég bið lesendur að dæma okkur ekki hart. Afgreiðslustörf geta verið lýjandi.

**SÚ** vinsæla mynd Ríddu mér var reyndar kærkomin undantekning frá þeirri reglu að í íslenskum bíóhúsum eru allir erlendir titlar auglýstir á ensku. Hver man ekki eftir þýsku myndinni Downfall? Spænsku myndinni Pan´s Labyrinth? Frönsku myndinni A Very Long Engagement? Nú lái ég fólki það ekki að geta ekki borið fram hinn ógnvænlega franska titil Un long dimanche de fiançailles, það get ég ekki heldur og á þó að baki sjö menntaskólakúrsa í frönsku. En það er ástæða til að hafa áhyggjur af málþroska þess fulltíða Íslendings sem ekki getur borið fram þýðinguna Trúlofunin langa.

**KANNSKI** er þetta bara hluti hins lága menningarstigs sem íslensk bíóhús virðast vera á, þar sem til dæmis þykir eðlilegt að rukka aukalega fyrir það að myndir byrji á réttum tíma og séu ekki klipptar í sundur í dramatískum þögnum. Ég vil ekki trúa því að einhverjum yfir tólf ára finnist hallærislegt að nota íslenskan titil á erlendri bíómynd. Það þurfa ekki allar þýðingar að vera eins og Koppafeiti.

**ÞETTA** er ekki einu sinni spurning um málvernd, þetta er bara spurning um að vera töff.





